Sþ. 928. Skýrsla

um menntamálaráðuneytið, stofnun þess, verksvið, skipulag og störf.

Menntamálaráðuneytið,
Reykjavík, 2. maí 1978.

Hér með sendist háttvirtu Alþingi skýrsla um menntamálaráðuneytið, stofnun þess, verksvið, skipulag og störf. Hún er tekin saman í ráðuneytinu að fengnum upplýsingum frá mörgum aðilum.

Tilgangurinn með skýrslunni er að veita nokkra yfirsýn um hið fjölþætta starfssvið menntamálaráðuneytisins. Hér er þó einungis stiklað á stóru. Um sitt hvað hefði mátt geta, sem hér er ekki nefnt, og ítarlegar hefði mátt skýra frá ýmsu, sem einungis er drepið á. Skýrslan er unnin á mjög skömmum tíma og ber hún þess óhjákvæmilega nokkur merki.

Skýrslan fjallar að mestu leyti um starfsemi ráðuneytisins árin 1974 — 1978, en engin glögg tímamörk eru þó dregin. Starf ráðuneytisins er samfellt og sumt af því, sem unnið er á þessu árabili á rætur miklu lengra aftur í tímann.

Mismikið er í skýrslunni um hina ýmsu starfsþætti. Þannig er um grunnskólalöggjöfina og framkvæmd hennar vísað að mestu til skýrslu, sem lögð var fyrir Alþingi 12. apríl 1978 um það efni. Um framhaldsskólastigið er það að segja, að hinn 29. apríl 1978 var lagt fyrir Alþingi endurskoðað frumvarp til laga um framhaldsskóla og fylgja ítarlegar upplýsingar í athugasemdum við frumvarpið. Um skólarannsóknir hefur verið tekin saman yfirlitsskýrsla og verður hún birt á næstunni og send skólum. Eru þar margháttaðar upplýsingar fyrir skólamenn og aðra. Í fyrra mánuði gaf ráðuneytið út í þriðja sinn bókina „Nám að loknum grunnskóla“, sem veitir nemendum vitneskju um helstu námsleiðir að loknu skyldunámi. Skrá um starfandi skólastjóra og kennara skólaárið 1977/78 hefur verið tekin saman og mun hún væntanlega birtast í nýrri útgáfu af Ríkishandbók Íslands sem er í smíðum. Árið 1971 gáfu Efnahagsstofnunin og menntamálaráðuneytið út sameiginlega „Tölur um menntamálaútgjöld hins opinbera og skólahald 1946—1971“. Í ráðuneytinu hafa verið teknar saman hliðstæðar upplýsingar fyrir árin 1971—1976 og eru þær birtar í skýrslunni. Ennfremur má nefna, að menntamálaráðuneytið hefur við og við að undanförnu gefið út „Fréttabréf“, sem sent er skólum og öðrum stofnunum sem undir það heyra, svo og sendiráðum Íslands, erlendum sendiráðum í Reykjavík og fjölmiðlum.

Góð upplýsingamiðlun um hið víðtæka starf sem unnið er á vegum menntamálaráðuneytisins er æskileg. Er þess vænst að þessi skýrsla og sú útgáfustarfsemi, sem nefnd er hér að framan, reynist gagnleg.

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

Til
forseta sameinaðs Alþingis,
Alþingi.

## Stofnun ráðuneytisins, skipulag, verkefni og starfsreglur.

Stofnun menntamálaráðuneytisins á rætur að rekja til ársins 1944.Þegar Ólafur Thors myndaði 2. ráðuneyti sitt 21. október 1944 fór menntamálaráðherra stjórnarinnar, Brynjólfur Bjarnason, þess fljótlega á leit, að hann fengi sérstakan starfsmann til þess að vinna að afgreiðslu menntamála, er hann fór með, en þau voru þá afgreidd í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Alllöngu eftir að þessari hugmynd var fyrst hreyft ákváðu þeir forsætisráðherra og menntamálaráðherra, að sá starfsmaður, sem síðan 1939 hafði verið ritari og síðan 1941 fulltrúi hjá forsætisráðherra skyldi einnig starfa fyrir menntamálaráðherra, en málaflokkurinn tilheyrði eftir sem áður dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Stefán Jóh. Stefánsson myndaði stjórn sína 4. febrúar 1947. Þá um sumarið var atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skipt í tvö ráðuneyti og um leið ákváðu forsætisráðherra og menntamálaráðherra, sem þá var Eysteinn Jónsson, að koma því fyrirkomulagi, sem ríkt hafði um afgreiðslu mála fyrir forsætisráðherra og menntamálaráðherra, á fastari grundvöll en verið hafði. Var þá ákveðið að forsætis- og menntamálaráðuneyti skyldu framvegis starfa undir sama ráðuneytisstjóra og var þeirri skipan komið á 1. júní 1947.

Í fjárlögum fyrir árið 1948 var síðan í fyrsta sinn veitt fé til forsætis- og menntamálaráðuneytisins.

Þessi skipan hélst í 23 ár eða til 1. janúar 1970, er forsætis- og menntamálaráðuneytinu var skipt í tvö ráðuneyti samkvæmt heimild í lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands.

Í 7. gr. laga nr. 5 frá 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, voru svofelld ákvæði:

1. Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við þetta.
2. Fjármálaeftirlit skóla skal vera í deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast ákvæði IV. kafla laga nr. 49/1967, um skólakostnað, í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er brjóta kunna í bága við þetta.
3. Fræðslumyndasafn ríkisins skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast lög nr. 54/1961 í samræmi við það, svo og önnur ákvæði er kunna að brjóta í bága við þetta.
4. Íþróttafulltrúi skal vera starfsmaður í menntamálaráðuneytinu og breytast íþróttalög, nr. 49/1956, til samræmis við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.
5. 1. mgr. 28. gr. V. kafla laga nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, orðist svo: Menntamálaráðherra skipar bókafulltrúa ríkisins og skal hann vera starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

Með auglýsingu nr. 78/1971 var ákveðið að framangreindar skipulagsbreytingar, aðrar en þær, sem greinir í 3. tölulið, skyldu koma til framkvæmda þá þegar, en áður hafði fjármálaeftirlit skóla verið lagt niður (1. ágúst 1970) og menntamálaráðuneytið tekið við verkefnum þess.

Samkvæmt reglugerð nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands, fer menntamálaráðuneytið með málefni er varða:

1. Kennslu og skóla, þ. á m. Háskóla Íslands, menntaskóla, gagnfræðastigsskóla og barnaskóla. Enn fremur kennaraskóla, tækniskóla, sjómannaskóla, vélskóla, hótel- og veitingaskóla, iðnfræðsluskóla, húsmæðraskóla, verslunarskóla, tón-

listarskóla, myndlistarskóla, leiklistar- og listdansskóla, heyrnleysingjaskóla, blindraskóla, svo og aðra skóla og námsstofnanir, sem ekki eru sérstaklega falin öðru ráðuneyti. Almenna fræðslustarfsemi, þ. á m. námsflokka og bréfaskóla. Lánasjóð íslenskra námsmanna og námsstyrki þ. á m. styrki til erlendra námsmanna. Ríkisútgáfu námsbóka. Fræðslumyndasafn ríkisins.

2. Vísindastarfsemi, fræðistörf og rannsóknastofnanir, sem ekki ber undir önnur ráðuneyti, þ. á m. Náttúrufræðistofnun Íslands. Tilraunastöð háskólans í meinafræði, stonun Árna Magnússonar á Íslandi, Rannsóknaráð ríkisins og Vísindasjóð.
3. Söfn, þ. á m. Landsbókasafn, Háskólabókasafn, almenningsbókasöfn, lestrarfélög, Þjóðminjasafn, byggðasöfn, Þjóðskjalasafn, héraðsskjalasöfn, náttúrugripasöfn, Listasafn Íslands, Listasafn Einars Jónssonar, Ásgrímssafn og önnur listasöfn.
4. Listir. Þjóðleikhús, leikfélög og aðra leiklistarstarfsemi, Sinfoníuhljómsveit Íslands og aðra tónlistarstarfsemi. Listsýningar og aðra listkynningu innan lands og utan. Listamannalaun. Menntamálaráð Íslands. Rithöfundasjóð Íslands, stuðning við bókmenntir og útgáfustarfsemi. Kvikmyndir.
5. Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp).
6. Höfundarétt.
7. Mannanöfn, bæjanöfn, örnefni, íslenska málnefnd.
8. Félagsheimili og félagsheimilasjóð.
9. Æskulýðsstarfsemi. Æskulýðssamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, íþróttir Íþróttasamband Íslands, Íþróttasjóð. Aðra félagsstarfsemi á sviði menningarmála, þ. á. m. Kvenfélagasamband Íslands.
10. Vernd barna og ungmenna, Barnaverndarráð Íslands og barnaverndarnefndir.
11. Náttúruvernd, minjar og þjóðgarða, aðra en Þingvelli.
12. Fuglafriðun og fuglaveiðar. Dýravernd. Friðun hreindýra og eftirlit með þeim.
13. Skemmtanaskatt, annað en innheimtu.

Í sambandi við setningu reglugerðarinnar um Stjórnarráð Íslands var ákveðið, að engin breyting yrði á samstarfi einstakra ráðuneyta við þær erlendar stofnanir, sem þau hafa haft bein samskipti við. Í þessu felst, að því er menntamálaráðuneytið varðar, að það fer með málefni, sem varða norræna og alþjóðlega samvinnu á sviði menningarmála, þ. á m. Menningarsjóð Norðurlanda (Nordisk kulturfond). Norræna húsið í Reykjavík Norrænu eldfjallastöðina og aðrar samnorrænar menningarstofnanir, Menningarmálaráð Evrópuráðsins (Concil for Cultural Co-operation) og undirnefndir þess, Alþjóða fræðslumálaskrifstofuna (International Bureau of Education) í Genf, Bernarsambandið, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) o. fl., svo og framkvæmd menningarmálasamninga við önnur ríki.

Í 23. gr. laga nr. 63 frá 12 maí 1970, um skipan opinberra framkvæmda, segir að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins taki við starfsemi byggingadeildar menntamálaráðuneytisins. Í byggingadeild ráðuneytisins hefur síðan verið m. a. arkitekt á sérstökum samningi og um hríð einnig verkfræðingur, en byggingaeftirlit fluttist í hina nýju stofnun.

Hinn 7. maí 1971 var gefin út auglýsing (nr. 79/1971) um verkefni, skipulag og starfsreglur menntamálaráðuneytisins og deildaskipan þess komið í fastara form en áður. Hafa verið gerðar á henni breytingar, sbr. auglýsingu nr. 193/1974, um stofnun verk- og tæknimenntunardeildar, sbr. einnig auglýsingu nr. 256/1974 varðandi fræðslustjóra samkvæmt grunnskólalögum, o. fl., svo og nú nýgerða breytingu um stofnun íþrótta- og æskulýðsmáladeildar.

Í lögum um Stjórnarráð segir að ráðuneyti hafi eftirlit með starfrækslu stofnana, sem undir þau heyra, og eignum á vegum þeirra stofnana.

Ennfremur segir þar, að ráðuneytisstjóri stýri ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra, en starfsdeild stýri deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.

Í framangreindri auglýsingu um verkefni, skipulag og starfsreglur menntamálaráðuneytisins er tekið fram, að hver deild hafi samstarf við aðrar deildir ráðuneytisins eftir því sem verkefni gefa tilefni til, að við öll störf í ráðuneytinu beri að hafa ríkt í huga, að ráðuneytið er ein heild og deildaskipting þess einungis vinnutilhögun, en ekki um að ræða sjálfstæðar einingar.

Starfslið ráðuneytisins vinni að verkefnum allra hinna ýmsu deilda eftir þörfum, auk þeirra sérverkefna, sem hverri deild eru ætluð, eftir því sem hentar heildarstarfinu og ráðuneytisstjóri ákveði. Hann geti fært verkefni milli deilda og fjölgað eða fækkað verkefnum einstakra deilda og starfsmanna eftir því sem hentar og sjálfur annast að einhverju eða öllu leyti hver þau verkefni, sem hann ákveður.

Fræðslustjórar samkvæmt grunnskólalögum nr. 63/1974 heyra beint undir ráðuneytisstjóra, en ekki neina sérstaka deild.

Ráðuneytisstjóri heldur svo oft sem hann telur þurfa fundi með deildarstjórum og/eða öðrum starfsmönnum um störf deilda og málefni, sem varða fleiri en eina deild eða eru stefnumótandi og kunna að skapa fordæmi.

Afgreiðslur, sem ráðherra undirritar, undirritar ráðuneytisstjóri með honum, en aðrar afgreiðslur skulu undirritaðar af ráðuneytisstjóra og meðundirritaðar af hlutaðeigandi deildarstjóra eða þeim starfsmanni öðrum, er afgreiðslu málsins hefur annast. Öll bréf skulu merkt upphafsstöfum þeirra, sem hafa samið þau og vélritað, svo og tilvísun í skjalasafn ráðuneytisins.

Þetta eru hinar almennu reglur um vinnutilhögun í ráðuneytinu. Deilda- og verkaskipting er í höfuðatriðum þessi:

## Almenn skrifstofa.

Verkefni:

Að halda bréfum, símskeytum og öðrum skjalagögnum, sem ráðuneytinu berast eða samritum af skjölum, sem það sendir, í röð og reglu og skrá þau samkvæmt skráningarkerfi ráðuneytisins, sbr. bókina „Skjalasafn menntamálaráðuneytisins", annast að bréfa- og símskeytasamrit ráðuneytisins séu bundin inn árlega, annast eyðublaða og sérprentanasafn, sjá um póstsendingar og gera skilagrein um burðargjöld.

Að annast vélritun á íslensku og erlendum málum eftir handriti eða hermi (diktafóni), semja og vélrita bréf um ýmis efni, annast ljósritun, sjá um útvegun bréfsefna og eyðublaða o. fl. Annast „telex"-þjónustu ráðuneytisins.

## Byggingadeild.

Verkefni:

Deildin skal fylgjast með nýjungum heima og erlendis í gerð skólahúsa og búnaði þeirra og stuðla að þróun skólabyggingamála á þann hátt að til heilla horfi um bætta náms- og kennsluaðstöðu og nýting fjármuna, sem til skólamannvirkja og búnaðar þeirra er varið. Deildin semur reglur (norm) um stærð skólamannvirkja, kennslustofa og annars skólarýmis og segir fyrir um gerð bygginga og efnisval og athugar og endurskoðar teikningar skólamannvirkja áður en ráðuneytið staðfestir þær. Hún skal vera með í ráðum um gerð samninga um bygging skólamannvirkja og um staðarval fyrir þau, bæði með tilliti til nemendaáætlunar, samgangna og annars þess, sem eðlilegt er að taka tillit til. Deildin starfar með fjármála- og áætlanadeild að gerð árlegrar framkvæmdaáætlunar og langtímaáætlunar um skólamannvirki.

## Fjármála- og áætlanadeild.

Verkefni:

Áætlanagerð um rekstrar- og stofnkostnað skóla og annarra stofnana, sem undir ráðuneytið heyra, til notkunar við gerð fjárlagatillagna ráðuneytisins, og einnig gerð langtímaáætlunar um þörf fyrir skólamannvirki. Gerð árlegrar framkvæmdaáætlunar um skólabyggingar strax að samþykktum fjárlögum hverju sinni, innan ramma fjárveitinga í fjárlögum og/eða annarra lögheimilaðra fjárframlaga og framlaga mótaðila. Hagræn menntaáætlunargerð. Nemendafjöldaáætlun. Endurskoðun og úrskurðun skólakostnaðarreikninga, bæði að því er varðar rekstrar- og stofnkostnað. Undirbúningur að samningagerð um stofnkostnaðarframkvæmdir.

## Greiðslu- og bókhaldsdeild:

Verkefni:

Frá þessari deild fari allar greiðslur og greiðslufyrirmæli ráðuneytisins í hvaða formi sem er. Deildin annast bókhald og reikningsskil ráðuneytisins, sér um að ekki sé farið umfram fjárlagaheimildir í greiðslum, nema annarra fullgildra heimilda sé þá aflað, sér um að fullgildar heimildir séu fyrir hverri greiðslu og að þær séu í samræmi við lög, samninga, reikninga og áritanir þeirra, sem til þess hafa umboð að ákveða greiðslur. Deildin annast bókhald ráðuneytisins í því formi, að jafnan séu tiltækar upplýsingar um hvað hafi verið greitt til hvers eins og hvað sé ógreitt af heimiliðu fé. Bókhald og fylgiskjöl skulu vera í því formi og þeirri röð og reglu, að dagleg endurskoðun ríksendurskoðunar sé auðveld og skal endurskoðun fara fram jafnóðum. Deildin gerir yfirlitsskýrslur um framkvæmd samkvæmt fjárlagaliðum ráðuneytisins og sér um að undirbúa svör við athugasemdum, sem fram kunna að koma frá Ríkisendurskoðun eða yfirskoðunarmönnum Alþingis. Deildin gerir greiðsluáætlun ráðuneytisins fyrir hvert ár þegar að samþykktum fjárlögum og sér um að fylgt sé samþykktum greiðsluáætlunum annarra deilda ráðuneytisins. Deildin skal annast reikningshald og reikningsskil sjóða, sem ráðuneytið hefur í sinni umsjá eða sjá um að reikningar séu samdir, endurskoðaðir og birtir, ef bankastofnun hefur verið falið reikningshald.

## Grunnskóladeild.

Verkefni:

Málefni, er varða skyldunámsskóla og forskóla, sem eigi hafa sérstaklega verið falin öðrum deildum. Skólastjóra- og kennararáðningar fyrir skyldunámsskóla og framhaldsdeildir. Prófverkefni, prófdómarar. Kennaranámskeið, orlof kennara og framhaldsnám. Heilsuvernd í skólum. Heyrnleysingjaskóli, blindrakennsla, kennsla afbrigðilegra nemenda.

## Háskóla- og alþjóðadeild.

Verkefni:

Málefni Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands svo og allra skóla á menntaskólastigi. Tækniskóli Íslands. Vísindastarfsemi, fræðistörf og rannsóknastofnanir, þ. á m. Náttúrufræðistofnun Íslands, Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum, Handritastofnun Íslands, Rannsóknaráð ríkisins og Vísindasjóður. Námsstyrkir, innlendir og erlendir, Lánasjóður ísl. námsmanna og námskynning. Norrænt og alþjóðlegt menningarsamstarf, þ. á m. Menningarsjóður Norðurlanda (Nordisk kulturfond), Norræna menningarmálanefndin (Nordisk kulturkommission), Norræna húsið í Reykjavík og aðrar samnorrænar menningarstofnanir, Menningarmálaráð Evrópuráðsins (Council for Cultural Co-operation) og undirnefndir þess, Alþjóðafræðslumálaskrifstofan (International Bureau of Education) í Genf, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), svo og framkvæmd menningarmálasamninga við önnur ríki. Félagsheimili og félagsheimilasjóður. Íslensk málnefnd.

## Íþrótta- og æskulýðsmáladeild.

Verkefni:

Íþróttamál, þ. á m. skólaíþróttir, Íþróttakennaraskóli Íslands, Íþróttasjóður, samskipti við Íþróttasamband Íslands, Æskulýðsráð ríkisins. Æskulýðs- og tómstundastarfsemi þ. á m. Æskulýðssamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og önnur félagsstarfsemi á sviði íþrótta- og æskulýðsmála þ. á m. í skólum.

## Safna- og listadeild.

Verkefni:

Höfundaréttur, Bernarsambandið. Lögfræðilegar álitsgerðir. Barnaverndarmál, þ. á m. Barnaverndarráð Íslands og barnaverndarnefndir. Skemmtanaskattur (annað en innheimta). Kvenfélagasamband Íslands. Launa-, kjara- og réttindamál. Þjóðleikhús, leikfélög og önnur leiklistarstarfsemi. Listsýningar og önnur listkynning, innan lands og utan. Menntamálaráð Íslands og menningarsjóður. Leiklistar-, sönglistar- og listdansskólar. Kvikmyndamál. Mannanöfn, bæjanöfn, örnefni. Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp). Sinfóníuhljómsveit Íslands. Tónlistarskólar og önnur tónlistarstarfsemi. Rithöfundasjóður Íslands. Stuðningur við bókmenntir og útgáfustarfsemi. Listamannalaun. Náttúruverndarmál, mengunarmál sem undir ráðuneytið falla, minjar og þjóðgarðar (aðrir en Þingvellir), þ. á m. Geysissvæðið í Haukadal. Fuglafriðun og fuglaveiðar, dýravernd, friðun hreindýra og eftirlit með þeim. Söfn, þ. á m. Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn, almenningsbókasöfn, lestrarfélög, skólabókasöfn, Þjóðminjasafn, byggðasöfn, Þjóðskjalasafn, héraðsskjalasöfn, náttúrugripasöfn, Listasafn Íslands, Listasafn Einars Jónssonar, Ásgrímssafn og önnur listasöfn.

## Skólarannsóknadeild.

Verkefni:

Rannsóknir á námi og kennslu. Tilraunastarfsemi í kennslumálum. Námsskrárgerð og endurskoðun námsefnis. Ríkisútgáfa námsbóka. Gerð menntunaráætlunar. Rannsókn og stöðlun prófa. Námseftirlit og námsmat. Sérkennsla, sálfræðiþjónusta. Sérfræðilegar ráðleggingar og leiðbeiningar í skólastarfi, m. a. um gerð stundaskráa, skipun í bekkjadeildir, lengd námsstunda, fjöldi nemenda í bekkjadeildum. Við undirbúning skólahúsnæðis skal haft samráð við skólarannsóknadeild, svo sem um gerð kennslustofa, kennsluáhöld, skólabókasöfn og hvað eina er lýtur að hinu innra starfi skólanna.

## Verk- og tæknimenntunardeild.

Verkefni:

Málefni, er varða verk- og tæknimenntun á grunnskólastigi. Iðnfræðsla, iðnskólar, vélskólar, stýrimannaskólar, Fiskvinnsluskóli, hjúkrunarskólar, húsmæðraskólar, verslunarskólar, Hótel- og veitingaskóli Íslands, Myndlista- og handíðaskóli, Hússtjórnarkennaraskóli Íslands, Fósturskóli Íslands. Kennararáðningar við framangreinda skóla og orlof kennara sömu skóla. Fræðsla fullorðinna, námsflokkar, bréfaskólar, kvöldskólar, námskeið, sjónvarps- og útvarpskennsla. Starfsfræðsla og leiðbeiningar um starfsval og samstarf við aðila vinnumarkaðarins til eflingar verkmenntun, sem nýtist í atvinnulífinu. Dagvistunarstofnanir, sumardvalarheimili barna og sumarbúðir.

## Ráðherrar.

Frá endurreisn lýðveldisins 1944 hafa þessir verið menntamálaráðherrar:

Dr. Einar Arnórsson frá 16. desember 1942 til 21. september 1944.

Dr. Björn Þórðarson forsætisráðherra fór með menntamál frá 21. september 1944 til 21. október 1944.

Brynjólfur Bjarnason frá 21. október 1944 til 4. febrúar 1947.
Eysteinn Jónsson frá 4. febrúar 1947 til 6. desember 1949.
Bjarni Benediktsson frá 6. desember 1949 til 14. mars 1950.
Björn Ólafsson frá 14. mars 1950 til 11. september 1953.
Bjarni Benediktsson frá 11. september 1953 til 24. júlí 1956.
Dr. Gylfi Þ. Gíslason frá 24. júlí 1956 til 14. júlí 1971.
Magnús Torfi Ólafsson frá 14. júlí 1971 til 28. ágúst 1974.
Vilhjálmur Hjálmarsson frá 28. ágúst 1974 og síðan.

**Starfslið.**

Starfsmenn menntamálaráðuneytisins eru þegar þetta er ritað:

**Ráðuneytisstjóri:**

Birgir Thorlacius.

**Deildarstjórar:**

1. Knútur Hallsson í safna- og listadeild og jafnframt skrifstofustjóri í ráðuneytinu.
2. Árni Gunnarsson í háskóla- og alþjóðadeild.
3. Hörður Lárusson í skólarannsóknadeild.
4. Indriði H. Þorláksson í byggingadeild.
5. Sigurður Helgason í grunnskóladeild.
6. Torfi Ásgeirsson í fjármála- og áætlanadeild.
7. Sigurður Briem í greiðslu- og bókhaldsdeild.
8. Stefán Ólafur Jónsson í verk- og tæknimenntunardeild.
9. Þorsteinn Einarsson í íþrótta- og æskulýðsmáladeild.

**Fulltrúar:**

1. Bjarni Gunnarsson, 2. Björn Magnússon, 3. Elín Skarphéðinsdóttir, 4. Erlingur Bertelsson, 5. Guðný Helgadóttir, 6. Hákon Torfason, 7. Jón Guðmar Jónsson, 8. Knútur Þorsteinsson, 9. Kristinn Hallsson, 10. Kristín Hallgrímsdóttir, 11. Magnús Magnússon (sérkennslufulltrúi), 12. Ólöf Sighvatsdóttir, 13. Reynir G. Karlsson (æskulýðsfulltrúi), 14. Runólfur Þórarinsson, 15. Sigríður Thorlacius, 16. Sigurður Eyjólfsson, 17. Svandís Skúladóttir, 18. Valgerður Vilhjálmsdóttir (skjalavörður), 19. Þórunn Bragadóttir, 20. Örlygur Geirsson.

**Aðrir starfsmenn:**

1. Alda Jónsdóttir, 2. Elísabet Waage, 3. Guðrún Erlendsdóttir, 4. Guðrún Jónsdóttir, 5. Herdís Ólafsdóttir*, 6. Hörður Óskarsson, 7. Jóna Hildur Kristjánsdóttir, 8. Lára Biering, 9. Lára I. Lárusdóttir, 10. Lilja Kolbeins*, Maggý Valdimarsdóttir*, 12. Ragnheiður Jónasdóttir, 13. Rakel Jónsdóttir, 14. Sigríður Þórðardóttir, 15. Sóley Brynjólfsdóttir*, 16. Þóra R. Sigurðardóttir, 17. Þórveig Þormóðsdóttir, 18. Þyrí Jónsdóttir, 19. Bifreiðarstjóri ráðherra: Ágúst Kjartansson.

* Annast símavörslu fyrir allt stjórnarráðið.

**Námsstjórar** (ráðnir til ákveðins tíma):

1. Anna Kristjánsdóttir (stærðfræði), 2. Guðmundur Harðarson (íþróttir), 3. Guðmundur Ingi Leifsson (samfélagsfræði), 4. Guðmundur Þorsteinsson (umferðarfræðsla), 5. Hrólfur Kjartansson (eðlisfræði og líffræði), 6. Hörður Bergmann

(danska), 7. Indriði Gíslason (íslenska), 8. dr. Ingimar Jónsson (íþróttir), 9. Jacqueline Hannesson (enska), 10. Njáll Sigurðsson (tónmennt), 11. Ólafur Proppé (námsmat), 12. Reynir Bjarnason (líffræði), 13. Sigurður Pálsson (kristinfræði), 14. Þórir Sigurðsson (mynd- og handmennt).

**Sérfræðilegir ráðunautar:**

Andri Ísaksson, prófessor, Dr. Wolfgang Edelstein, Guðmundur Þór Pálsson, arkitekt.

## Húsnæði.

Á fimmtíu ára afmæli Stjórnarráðs Íslands árið 1954 samþykkti ríkisstjórnin tillögu frá þremur ráðuneytisstjórum um að minnast þessara tímamóta með því:

„að láta semja og gefa út vandað rit um stofnun og störf Stjórnarráðsins nefnt tímabil og

að ákveða byggingu nýs stjórnarráðshúss og skipa nefnd, er undirbúi og stýri framkvæmdum í málinu í samráði við ríkisstjórnina og eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum eða á annan hátt."

Bygging þessi átti að vera fyrir allt Stjórnarráðið.

Verkefni samkvæmt fyrri lið tillögunnar, samning og útgáfa sögu Stjórnarráðsins, var myndarlega af hendi leyst með riti Agnars Kl. Jónssonar, er út kom í tveimur bindum árið 1969.

Síðari hluti tillögunnar, þótt samþykktur væri og byrjunarfjárframlag veitt, hefur ekki komið til framkvæmda.

Öll ráðuneytin voru í fyrstu í Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, en fluttust þaðan hvert af öðru, uns nú er þar einungis forsætisráðuneyti og skrifstofa forseta Íslands.

Menntamálaráðuneytið flutti í októbermánuði 1968 úr Stjórnarráðshúsinu að Hverfisgötu 4—6 og hefur haft aðsetur þar síðan, auk þess sem það hefur á leigu húsnæði í Ingólfsstræti 5 (4. hæð) fyrir hluta af starfsemi skólarannsóknadeildar.

Nú hafa verið fest kaup á húseigninni Laugavegi 166 í Reykjavík. Húsið er fimm hæðir, flatarmál alls 5094 $m^2$. Fyrsta og önnur hæð eru keyptar handa Ríkisútgáfu námsbóka, en hinar hæðirnar þrjár handa Stjórnarráðinu (sbr. heimild í fjárlögum 1978) með það fyrir augum að menntamálaráðuneytið fái þær til umráða. Kaup á 1. og 2. hæð fóru fram 30. desember 1977, en kaupsamningur um 3., 4. og 5. hæð var gerður 15. febrúar 1978.

Húsið sjálft þarfnast mikillar viðgerðar og 3., 4. og 5. hæð eru óinnréttaðar.

Kaupverð er alls 259 milljónir króna. Greiðist helmingur þess á 12 mánuðum. Hinn hlutinn greiðist á 5 árum með 13% ársvöxtum.

## Fjárlög og ríkisreikningur.

Um 15—16% af heildarútgjöldum fjárlaga fara til verkefna á sviði menntamálaráðuneytisins. Það er því ekki ófróðlegt að bera saman fjárlög og ríkisreikning, þ. e. hvernig haldnar hafa verið áætlanir fjárlaga. Nú er þess að geta, að við undirbúning fjárlaga hverju sinni eru ýmsar fjárhæðir að áliti menntamálaráðuneytisins áætlaðar of lágt miðað við reynslu.

Yfirlit um árin 1974—77 hvert um sig fer hér á eftir:

| | Fjárlög með breyt. | Reikningur | Reikn. fjárv. | Umfram heimild % |
|---|---|---|---|---|
| **Árið 1974:** | | | | |
| Fjárhæðir í millj. kr. | | | | |
| 100 Æðsta stjórn ríkisins (forseti, Alþingi, ríkisstjórn og Hæstiréttur) | 213,4 | 327,4 | 114,0 | 53,4 |
| 101 Forsætisráðuneyti | 353,0 | 420,2 | 67,2 | 19,0 |
| 102 Menntamálaráðuneyti | 5 526,5 | 6 591,6 | 1 065,1 | 19,3 |
| 103 Utanríkisráðuneyti | 323,2 | 424,1 | 100,9 | 31,2 |
| 104 Landbúnaðarráðuneyti | 1 495,7 | 2 241,8 | 746,1 | 49,9 |
| 105 Sjávarútvegsráðuneyti | 794,9 | 882,7 | 87,8 | 11,0 |
| 106 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 1 633,8 | 2 374,5 | 740,7 | 45,3 |
| 107 Félagsmálaráðuneyti | 1 567,1 | 1 627,6 | 60,5 | 3,9 |
| 108 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | 11 153,1 | 13 060,0 | 1 906,9 | 17,1 |
| 109 Fjármálaráðuneyti | 1 892,9 | 2 467,8 | 574,9 | 30,4 |
| 110 Samgönguráðuneyti | 4 639,8 | 4 837,4 | 197,6 | 4,3 |
| 111 Iðnaðarráðuneyti | 859,6 | 1 876,6 | 1 017,0 | 118,3 |
| 112 Viðskiptaráðuneyti | 1 535,1 | 3 787,3 | 2 252,2 | 146,7 |
| 113 Hagstofa Íslands | 26,6 | 32,5 | 5,9 | 22,2 |
| 114 Ríkisendurskoðun | 30,4 | 41,2 | 10,8 | 35,5 |
| 115 Fjárlaga- og hagsýslustofnun | 20,9 | 15,2 | ÷5,7 | ÷27,3 |
| Alls | 32 066,0*) | 41 007,9 | 8 941,9 | 27,9 |

*) (Fjárlög 29 402,1 + breytingar 2 663,9 = 32 066,0)

| | Fjárlög með breyt. | Reikningur | Reikn. fjárv. | Umfram heimild % |
|---|---|---|---|---|
| **Árið 1975:** | | | | |
| 00 Æðsta stjórn ríkisins | 339,7 | 499,3 | 159,6 | 47,0 |
| 01 Forsætisráðuneyti | 680,3 | 970,0 | 289,7 | 42,6 |
| 02 Menntamálaráðuneyti | 7 814,8 | 8 603,0 | 788,2 | 10,1 |
| 03 Utanríkisráðuneyti | 532,1 | 671,7 | 139,6 | 26,2 |
| 04 Landbúnaðarráðuneyti | 2 172,9 | 2 812,5 | 639,6 | 29,4 |
| 05 Sjávarútvegsráðuneyti | 2 354,6 | 2 470,3 | 115,7 | 4,9 |
| 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 2 345,1 | 3 313,4 | 968,3 | 41,3 |
| 07 Félagsmálaráðuneyti | 2 397,5 | 2 533,3 | 135,8 | 5,7 |
| 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | 16 209,3 | 18 562,7 | 2 353,4 | 14,5 |
| 09 Fjármálaráðuneyti | 1 949,4 | 2 090,4 | 141,0 | 7,2 |
| 10 Samgönguráðuneyti | 5 932,2 | 6 916,0 | 983,8 | 16,6 |
| 11 Iðnaðarráðuneyti | 1 681,7 | 1 593,5 | ÷88,2 | ÷5,2 |
| 12 Viðskiptaráðuneyti | 3 808,7 | 5 652,6 | 1 843,9 | 48,4 |
| 13 Hagstofa Íslands | 39,8 | 42,7 | 2,9 | 7,3 |
| 14 Ríkisendurskoðun | 42,2 | 49,2 | 7,0 | 16,6 |
| 15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun | 741,8 | 1 796,1 | 1 054,3 | 142,1 |

| Árið 1976: | Fjárlög með breyt. | Reikningur | Reikn. fjárv. | Umfram heimild % |
|---|---|---|---|---|
| 00 Æðsta stjórn ríkisins | 355,1 | 547,5 | 192,4 | 54,2 |
| 01 Forsætisráðuneyti | 1 230,7 | 1 225,9 | ÷4,0 | ÷0,4 |
| 02 Menntamálaráðuneyti | 9 746,3 | 11 392,2 | 1 645,9 | 16,9 |
| 03 Utanríkisráðuneyti | 755,1 | 917,1 | 162,0 | 21,5 |
| 04 Landbúnaðarráðuneyti | 2 869,6 | 3 725,1 | 855,5 | 29,8 |
| 05 Sjávarútvegsráðuneyti | 1 823,0 | 2 057,3 | 234,3 | 27,4 |
| 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 3 590,1 | 4 535,1 | 945,0 | 26,3 |
| 07 Félagsmálaráðuneyti | 3 225,6 | 3 227,3 | 1,7 | 0,0 |
| 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | 19 832,6 | 22 633,0 | 2 800,4 | 30,2 |
| 09 Fjármálaráðuneyti | 2 759,3 | 2 901,4 | 142,1 | 5,1 |
| 10 Samgönguráðuneyti | 7 238,7 | 7 945,1 | 706,4 | 9,8 |
| 11 Iðnaðarráðuneyti | 1 723,7 | 1 638,0 | ÷85,7 | ÷5,0 |
| 12 Viðskiptaráðuneyti | 5 041,1 | 5 241,6 | 200,5 | 4,0 |
| 13 Hagstofa Íslands | 53,0 | 55,4 | 2,4 | 4,5 |
| 14 Ríkisendurskoðun | 61,1 | 63,8 | 2,7 | 4,4 |
| 15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun | 1 688,1 | 2 401,9 | 713,8 | 42,3 |

| Fjárhæðir í millj. kr.<br>Árið 1977 | Gjöld reiknings og fjárlaga með breytingum árið 1977<br>Fjárlög með breytingum | Reikningur | Reikn. fjárv. m. kr. | umfram heimild % |
|---|---|---|---|---|
| 00 Æðsta stjórn ríkisins | 556,2 | 804,8 | 248,6 | 44,7 |
| 01 Forsætisráðuneytið | 1 740,0 | 1 799,9 | 59,9 | 3,4 |
| 02 Menntamálaráðuneytið | 13 460,6 | 15 995,2 | 2 534,6 | 18,8 |
| 03 Utanríkisráðuneytið | 1 020,6 | 1 303,8 | 283,2 | 27,7 |
| 04 Landbúnaðarráðuneytið | 4 845,6 | 5 870,3 | 1 024,7 | 21,1 |
| 05 Sjávarútvegsráðuneytið | 2 161,8 | 2 582,0 | 420,2 | 19,4 |
| 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 5 307,0 | 7 066,9 | 1 759,9 | 33,2 |
| 07 Félagsmálaráðuneytið | 3 947,7 | 4 699,9 | 752,2 | 19,1 |
| 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið | 29 562,3 | 34 561,0 | 4 998,7 | 16,9 |
| 09 Fjármálaráðuneytið | 6 011,5 | 4 276,5 | 1 735,0 | ÷28,9 |
| 10 Samgönguráðuneytið | 9 324,4 | 10 413,8 | 1 088,4 | 11,7 |
| 11 Iðnaðarráðuneytið | 2 846,1 | 3 233,1 | 387,0 | 13,6 |
| 12 Viðskiptaráðuneytið | 5 897,2 | 6 645,7 | 748,5 | 12,7 |
| 13 Hagstofa Íslands | 69,3 | 77,7 | 8,4 | 12,1 |
| 14 Ríkisendurskoðun | 83,4 | 99,6 | 16,2 | 19,4 |
| 15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun | 2 319,3 | 3 392,1 | 1 072,8 | 46,3 |

## Nefndir.

Á vegum menntamálaráðuneytisins starfa margar nefndir. Ástæðulaust er að telja þær upp hér þar sem fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, gefur árlega út yfirlit um stjórnir, nefndir og ráð ríkisins og vísast til þeirrar bókar.

Fjöldi nefnda og greiðslur til þeirra sætir stundum gagnrýni.

Hjá ráðuneyti sem hefur jafn fjölþætt starfssvið og menntamálaráðuneytið, þá væri óhyggilegt að kveðja menn ekki saman í nefndir og vinnuhópa til að fjalla um ýmis mál. Það er stefna ráðuneytisins að leita samráðs við fjölmarga aðila um lausn margvíslegra verkþátta og því er nefndaformið mjög mikið notað og hefur í flestum tilvikum gefist allvel. Má þar t. d. nefna samstarfsnefndir þær sem ráðuneytið hefur

komið á samkvæmt menntaskólalögum og grunnskólalögum og samstarfsnefndir sem myndaðar hafa verið um háskólamálefni og milli ráðuneytis og skólastjóra- og kennarasamtaka. Allar hafa nefndir þessar orðið til mikils gagns. Þá er og algengt að ráðuneytið skipi nefndir til þess að semja lagafrumvörp og reglugerðir.

Nefndir verða að teljast eðlilegt form til að leysa af hendi ýmis verkefni í lýðræðisþjóðfélagi, en vitanlega tekst misjafnlega til um störf þeirra eins og annarra.

Til fróðleiks fer hér á eftir yfirlit úr nefnda-skýrslu fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar fyrir árið 1976 um fjölda nefnda og nefndarmanna og kostnað í því sambandi á vegum ráðuneytanna hvers um sig. Þremur síðustu dálkum yfirlitsins hefur menntamálaráðuneytið bætt við:

**Fjöldi nefnda og nefndarmanna 1976 og kostnaður, yfirlit eftir ráðuneytum.**

| | Heildar-fjöldi nefnda 1976 | Heildar-fjöldi nefndar-manna | Nefnda-þóknun þús. kr. | Annar kostnaður þús. kr. | Kostnaður samtals þús. kr. | Meðaltals-þóknun hverrar nefndar þús. kr. | Meðaltals-þóknun hvers nefnd-armanns þús. kr. | Heildar-kostnaður að meðaltali við hverja nefnd þús. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Forsætisráðuneyti | 18 | 108 | 6 373 | 4 056 | 10 429 | 354 | 59 | 579 |
| Menntamálaráðuneyti | 124 | 614 | 20 690 | 4 932 | 25 622 | 167 | 34 | 207 |
| Utanríkisráðuneyti | 7 | 26 | 1 941 | 204 | 2 146 | 277 | 75 | 307 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 25 | 125 | 7 988 | 3 331 | 11 319 | 320 | 64 | 453 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 23 | 170 | 16 460 | 196 | 16 656 | 716 | 97 | 724 |
| Dóms- og kirkjumálaráðun. | 44 | 225 | 7 089 | 1 177 | 8 266 | 161 | 32 | 188 |
| Félagsmálaráðuneyti | 17 | 88 | 7 448 | 2 081 | 9 529 | 438 | 85 | 561 |
| Heilbrigðis- og tryggingam.rn. | 45 | 223 | 13 523 | 5 832 | 19 355 | 301 | 61 | 430 |
| Fjármálaráðuneyti | 29 | 144 | 18 462 | 1 289 | 19 750 | 636 | 128 | 681 |
| Samgönguráðuneyti | 25 | 132 | 5 408 | 2 455 | 7 863 | 216 | 41 | 314 |
| Iðnaðarráðuneyti | 56 | 275 | 20 394 | 510 | 20 903 | 364 | 74 | 373 |
| Viðskiptaráðuneyti | 12 | 72 | 6 694 | – | 6 694 | 557 | 93 | 557 |
| Hagstofa Íslands | 1 | 4 | 319 | – | 319 | 319 | 80 | 319 |
| Fjárm.rn. og fjárl. og hags.st. | 6 | 26 | 1 755 | 583 | 2 338 | 390 | 68 | 390 |
| Samtals | 432 | 2 232 | 134 545 | 26 646 | 161 190 | | | |

Af þessu yfirliti má þegar sjá tvennt: menntamálaráðuneytið hefur á þessum tíma langflestar nefndir á sínum vegum (124) með langflestum nefndarmönnum (614). Hins vegar eru greiðslur að meðaltali til hverrar nefndar um 167 þús. kr. og að meðaltali til hvers nefndarmanns um 34 þús. kr.

Menntamálaráðuneytið, ásamt dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sker sig úr að því leyti að kostnaður er miklu lægri á hverja nefnd og hvern nefndarmann en hjá öðrum ráðuneytum. Fyrir utan þetta er kostnaður við nefndirnar annar en laun og nemur hann hjá menntamálaráðuneytinu um 5 milljónum króna árið 1976. Að þessum kostnaði viðbættum er kostnaður við hverja nefnd einnig hlutfallslega miklu lægri að því er menntamálaráðuneytið (og dóms- og kirkjumálaráðuneytið) varðar, en hjá öðrum ráðuneytum, sbr. yfirlitið.

### Útgáfustarfsemi.

Menntamálaráðuneytið hefur gefið út ýmis upplýsingarit, auk mikils fjölda sérprentana af lögum og reglugerðum. Að því er varðar rit um námsefni og annað á sviði skólarannsóknadeildar vísast til skrár í skýrslu menntamálaráðherra til Alþingis 12. apríl 1978 um framkvæmd grunnskólalaga (bls. 56—69). Af öðrum ritum má nefna:

1) Félagsheimili, leiðbeiningar um bygging þeirra og rekstur (1950).
2) Um Hólakirkju, leiðsögn um kirkju og kirkjugripi (1950).

3) Bókasafnsrit I. Myndunar- og skráningarstörf. Afgreiðsla. Bókaval (1952).
4) Nýyrði I. (1953).
5) Nýyrði III, landbúnaður (1955).
6) Nýyrði IV, flug (1956).
7) Um Grafarkirkju, leiðsögn um kirkju og kirkjugripi (1954).
8) Keldur á Rangárvöllum (1956).
9) A Modern Icelandic reader for foreign students. With notes in English (1957).
10) Seven Icelandic Short Stories (1960). (Gefin út með styrk frá Evrópuráðinu).
11) An Anthology of Icelandic Poetry (1969). (Gefin út með styrk frá Evrópuráðinu).
12) Námsstyrkir og námslán (1. útg. 1959, 2. útg. 1971).
13) Nám að loknum grunnskóla (1. og 2. útg. 1977, 3. útg. 1978).
14) Skrá um starfandi skólastjóra og kennara 1976/77 (og um mörg undanfarin ár).
15) Ávana- og fíknilyf og efni (1972).
16) Almennt bóknám í iðnskólum. Athugun á námskrá, námsefni og kennslu 1968—1974 (1976). (Fjölritað)
17) Skipting landsins í skólahverfi (tillögur skv. 16. gr. grunnskólalaga) (1975). (Fjölritað)
18) Tölur um menntamálaútgjöld hins opinbera og skólahald 1946—1971 (1971). (Gefið út í félagi við Efnahagsstofnunina).
19) Skýrsla menntamálaráðherra til Alþingis 1978 um framkvæmd grunnskólalaga og undirbúning undir níu ára skólaskyldu, skv. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 63 frá 21. maí 1974, um grunnskóla.
20) Álitsgerð stafsetningarnefndar (1974). (Fjölrituð).
21) Ráðstefna um íslenska stafsetningu 30. október 1976. (Umræður) (Fjölritað).
22) Könnun á þörf fyrir dagvistarheimili á Fáskrúðsfirði og Selfossi, gerð að tilhlutan menntamálaráðuneytisins (1977). (Fjölrituð).
23) Teikningar að leikskólum, dagheimilum og skóladagheimilum (1974—1977).
24) Félagsstörf í skólum, ýmsar hugmyndir og leiðbeiningar (1975).
25) Félagsstörf, leiðbeiningar fyrir byrjendur í félagsstörfum (1977).
26) Félagsmálanámskeið I. (1. útg. 1974, 2. útg. 1975).

Auk þess hafa verið gefnar út fjölritaðar álitsgerðir margra nefnda sem starfað hafa á vegum ráðuneytisins.

Þá hefur síðan 22. ágúst 1974 verið gefið út „Fréttabréf frá menntamálaráðuneytinu". Eru komin út 26 bréf.

Ritaskrá þessi er ekki tæmandi.

## Ýmsar styrkveitingar.

Fyrst var veitt fé á rekstrarlið menntamálaráðuneytisins en árið 1977 sem sérstök fjárveiting.

Þessir styrkir hafa verið veittir til funda- og ráðstefnuhalds heima og erlendis, listkynningar utan lands og innan, kynnis- og námsferða og vegna ýmissa rannsóknarferða, námskynningar og vinnumiðlunar skólafólks o. fl.

Heildarfjárhæð, sem greidd hefur verið hvert ár tímabilið 1974—1977 er sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Árið 1974 | kr. | 6 895 065.00 |
| Árið 1975 | — | 9 749 511.00 |
| Árið 1976 | — | 10 000 032.00 |
| Árið 1977 | — | 18 136 142.00 |
| Alls þetta fjögurra ára tímabil | kr. | 44 780 750.00 |

## Háskóli Íslands.

Árbók Háskóla Íslands fyrir háskólaárin 1973—74, 1974—75 og 1975—76 er nýlega komin út, en þar er að finna mikinn fróðleik um starfsemi háskólans þau þrjú ár sem árbókin tekur til. Eintak af bókinni hefur verið sent öllum alþingismönnum.

Nokkrar veigamiklar breytingar hafa verið gerðar á lögum um Háskóla Íslands á síðustu árum. Með lagabreytingu árið 1975 var stjórnsýsla háskólans styrkt með stofnun embættis kennslustjóra og ákvæði sett um meðferð rektorsembættis í forföllum rektors. Samtímis var tekin í lög heimild að stofna til námsbrauta er veiti sérhæfða menntun til háskólaprófs, þegar svo stendur á að náminu verður ekki komið fyrir innan háskóladeildar. Árið 1976 var samþykkt lagabreyting sem fól m.a. í sér aukna aðild stúdenta að rektorskjöri, háskólaráði og stjórn deilda. Samtímis var stofnuð ný háskóladeild, félagsvísindadeild, er kom í stað námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum, jafnaframt því að sálarfræði, uppeldisfræði og bókasafnsfræði voru fluttar úr heimspekideild í hina nýju deild. Loks var gerð veigamikil breyting á prófdómarafyrirkomulagi, þar sem skipun prófdómara við skrifleg próf var að meginreglu felld niður og dregið með því stórlega úr kostnaði við próf í háskólanum.

Viðamiklar breytingar hafa verið gerðar á reglugerðarákvæðum um ýmsar deildir háskólans og er í sumum tilvikum um að ræða gagngera endurskoðun á námsskipan. Í þeim efnum hefur gætt þróunar í þá átt að námið sé skipulagt í skilgreindum námsþáttum, sem metnir eru til eininga, jafnframt því að aukið sé valfrelsi um námsþætti, m. a. milli deilda að nokkru marki.

Nýlega var lokið við heildarendurskoðun á reglugerð fyrir Háskóla Íslands og er þar um að ræða mikið og þarft samræmingarverk. Núgildandi reglugerð er að stofni til frá 1958 en hefur verið breytt margsinnis síðan. Eftir umfjöllun í háskólanum verður frumvarp að hinni nýju reglugerð lagt fyrir menntamálaráðuneytið ásamt tillögum um lagabreytingar sem jafnframt þurfa að ná fram að ganga.

Nokkrar nýjar námsleiðir hafa verið opnaðar í Háskóla Íslands á síðustu árum. Haustið 1973 hófst kennsla í hjúkrunarfræði á sérstakri námsbraut innan vébanda læknadeildar. Reglugerðarákvæði um námið voru sett haustið 1976 og fyrstu nemendurnir með B.S.-próf í hjúkrunarfræðum brautskráðust vorið 1977. Kennsla í haffræði í verkfræði- og raunvísindadeild hófst háskólaárið 1974—75, er skipaður var prófessor í greininni samkvæmt fjárveitingu í fjárlögum 1974. Kennsla til B. A.-prófs í uppeldisfræði samkvæmt skipulegri námsáætlun hófst haustið 1975. Námsbraut í sjúkraþjálfun, í tengslum við læknadeild, var sett á stofn haustið 1976. Sama haust var opnuð námsleið í reiknifræði í verkfræði- og raunvísindadeild og í endurskoðun í viðskiptadeild. Enn var haustið 1976 stofnað til B.A.-náms í kristnum fræðum í guðfræðideild. Kennsla í matvælafræði hófst í verkfræði- og raunvísindadeild haustið 1977. Er stefnt að því, að á því sviði verði unnt að ljúka tvenns konar prófum, fullnaðarprófi í matvælaverkfræði og B.S.-prófi í matvælafræði.

Fyrir liggja tillögur um kennslu í félagsráðgjöf og fjölmiðlun, en ekki verður að svo komnu fullyrt um hvenær unnt reynist að stofna til náms í þessum greinum.

Það hefur færst í vöxt á síðari árum, að rannsóknastarfsemi sem fram fer á vegum Háskóla Íslands, m. a. sem annar meginþáttur í starfi fastra kennara, sé fenginn skipulagsgrundvöllur í sérstökum rannsóknastofnunum á vegum viðkomandi háskóladeilda. Stofnanir af þessu tæi sem reglur hafa verið settar um á tímabilinu eru Líffræðistofnun (1974), Lagastofnun (1974), Guðfræðistofnun (1975) og Verkfræðistofnun (1977). Þá hefur verið sett á fót sérstök Reiknistofnun (1976), en sú starfsemi fór áður fram innan vébanda Raunvísindastofnunar Háskólans. Reglugerð um Mannfræðistofnun Háskóla Íslands var sett sumarið 1974.

Fjöldi skráðra nemenda í Háskóla Íslands hefur á tímabilinu verið sem hér segir:

15. júlí 1974 2 438, 15. júlí 1975 2 611, 15. júlí 1976 2 795, 15. júlí 1977 2 818, 13. febrúar 1978 2 755.

Athyglisvert er hve litlar breytingar hafa orðið á heildartölu nemenda 2—3 síðustu ár, ekki síst borið saman við þá fjölgun sem varð næsta áratug á undan. Þess ber að geta, að síðasta talan er ekki alveg sambærileg vegna breyttra skráningarhátta. Að því er varðar aðsókn að einstökum deildum á þessu tímabili, hefur aukningin verið mest í verkfræði- og raunvísindadeild, eða úr 421 í 605. Veruleg aukning er einnig í viðskiptadeild. Mikil aðsókn er í hina nýju félagsvísindadeild, en hún er að hluta á kostnað heimspekideildar vegna flutnings sálarfræði, uppeldisfræði og bókasafnsfræði milli deilda. Svipaður fjöldi nemenda er í heilbrigðisgreinum 1974 og 1978 (læknisfræði, tannlæknisfræði, lyfjafræði lyfsala, hjúkrunarfræði, sjúkraþjálfun) eða tæplega 500. Fækkað hefur í læknisfræði, en tvær síðasttöldu greinarnar eru nýjar og þess vegna er aukning þar. Aðsókn að guðfræðideild er ámóta 1974 og 1978, en veruleg fækkun hefur orðið í lagadeild og einkum í heimspekideild, sem skýrist að hluta með flutningi greina yfir í félagsvísindadeild eins og áður getur.

Með lagabreytingu árið 1972 voru reglur um inngöngu í Háskóla Íslands rýmkaðar á þá lund að heimilt er, að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, að veita viðtöku umsækjendum sem lokið hafa öðru námi en stúdentsprófi. Árið 1974 varð samkomulag um það í háskólaráði að beita þessu heimildarákvæði á frjálslegan hátt með ákveðnum reglum um mat á skólagöngu og starfsreynslu. Árlega er nú 10—20 einstaklingum veittur aðgangur að Háskóla Íslands með þessum hætti, þ. e. flestum sem sækja, enda hafa þeir fullnægt settum skilyrðum.

Nú í vetur hefur stúdentaskrá með upplýsingum um námsferil nemenda í háskólanum verið unnin í tölvu. Nokkurra byrjunarörðugleika hefur gætt í þessu verki, en vonir standa til að úr þeim rætist.

Fjöldi þeirra sem brautskráðst hafa með lokaprófi frá háskólanum árin 1974—1977 er sem hér segir:

1974 264, 1975 238, 1976 328, 1977 343.

Hér fer á eftir yfirlit um fjölgun stöðuheimilda við Háskóla Íslands frá árinu 1973 til ársins 1978. Miðað er við heimildir í fjárlögum. Í því sambandi ber sérstaklega að vekja athygli á að á þessu tímabili hefur fullnaðarmenntun verkfræðinga við Háskóla Íslands komið til framkvæmda, en það hefur haft í för með sér nauðsyn á allmörgum nýjum kennarastöðum við deildina.

01. **Yfirstjórn:**

1 kennslustjóri.
1 deildarfulltrúi.
1 fulltrúi.
1 gjaldkeri.
2½ ritari.
1 símavörður.
Stöðugildi 1978 eru 20½.

02. **Guðfræðideild:**

1 dósent/lektor.
Stöðugildi 1978 eru 7½.

03. **Læknadeild með námsbrautum í hjúkrunarfræði og sjúkraþjálfun:**

1 prófessor.
3 dósentar/lektorar.
2 dósentar/lektorar í 50% starfi.
9 dósentar/lektorar í 37% starfi.
1⅓ námsbrautastjórar.
Stöðugildi 1978 eru 44,2.

04. **Tannlæknadeild:**

÷2 kennarar á prófessorslaunum.
+2 lektorar/dósentar.
+1 lektor/dósent í 50% starfi.
÷3 lektorar/dósentar í 37% starfi.
Stöðugildi 1978 eru 15.

05. **Lyfjafræði lyfsala:**

1 lektor/dósent.
Stöðugildi 1978 eru 2.

06. **Lagadeild:**

÷1 prófessor.
+1 lektor/dósent.
Stöðugildi 1978 eru 9.

07. **Viðskiptadeild:**

Engin breyting.
Stöðugildi 1978 eru 10,4.

08. **Heimspekideild:**

÷1 prófessor.
+5 lektorar/dósentar.
Stöðugildi 1978 eru 30,4.

09. **Verkfræði- og raunvísindadeild:**

8 prófessorar.
10 dósentar/lektorar.
1½ tækjavörður.
Stöðugildi 1978 eru 57,5.

10. **Félagsvísindadeild:**

4 lektorar/dósentar.
Stöðugildi 1978 eru 13.

11. **Bókasafn:**

½ bókavörður.
1 ritari.
Stöðugildi 1978 eru 9½.

12. **Íþróttakennsla:**

1 baðvörður.
Stöðugildi 1978 eru 3.

13. **Rekstur fasteigna:**

1 húsvörður.
Stöðugildi 1978 eru 5.

15. **Mannfræðistofnun:**

Stöðugildi 1978 er 1. Stofnunin var ekki til 1973.

16. **Reiknistofnun:**

Stöðugildi 1978 eru 6½. Fluttist frá Raunvísindastofnun 1977 með 5½ stöðugildi.

(Yfirlit þetta tekur ekki til Raunvísindastofnunar Háskólans.)

**Húsnæðismál.** Ekki hefur verið ráðist í nýbyggingar á háskólalóðinni á tímabilinu, en 2. áfangi húss fyrir verkfræði- og raunvísindadeild var tekinn í notkun og leysti úr brýnni þörf. Að öðru leyti hefur verið brugðist við húsnæðisvandanum með því að leigja húsnæði, en jafnframt unnið að skipulagsmálum og gerð byggingaráætlunar til langs tíma. Ýmsar breytingar hafa og verið gerðar á húsnæði háskólans til þess að fullnægja breyttum þörfum og bráðabirgðahúsnæði reist. Verður nú vikið stuttlega að einstökum þáttum þessa máls.

**Skipting nýbyggingafjár.** Árið 1975 var gerð áætlun um skiptingu nýbyggingafjár Háskóla Íslands milli háskólalóðar og lóðar Landsspítalans, þar sem gert var ráð fyrir því, að í hlut væntanlegra bygginga á háskólalóð kæmu 20% af umráðafé 1976, 30% 1977 og 60% 1978—80, en hitt rynni til bygginga fyrir læknadeild og tannlæknadeild á lóð Landspítalans.

**Skipulag háskólalóðar.** Árið 1975 og 1976 vann finnski arkitektinn Alvar Aalto að skipulagshugmynd fyrir háskólalóðina. Hún hefur um eins árs skeið verið til umfjöllunar hjá borgaryfirvöldum og mun niðurstöðu þeirra að vænta alveg á næstunni.

**Byggingaráætlun 1978—1986.** Í nóvember 1977 samþykkti háskólaráð einróma byggingaráætlun fyrir árin 1978—1986, að því er háskólalóðina varðar, og forgangsröðun bygginga á lóðinni. Hefur þessi áætlun verið kynnt ráðuneytum og fjárveitinganefnd. Mikil nauðsyn er af háskólans hálfu talin á því, að hafist verði handa um framkvæmdir á næsta ári við bygging kennsluhúsnæðis á háskólalóðinni, enda búa ýmsar deildir við mikil þrengsli.

**Framkvæmdir á Landspítalalóð.** Sérstök yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð hefur gert tillögur um fyrsta húsið, sem reisa á neðan Hringbrautar fyrir tannlæknadeild og grunngreinar læknadeildar o. fl. Samkvæmt fyrrnefndri áætlun um skiptingu nýbyggingarfjár er gert ráð fyrir að byggingasjóður háskólans leggi um 500 millj. kr. til byggingarinnar árin 1976—1980, en áætlaður heildarkostnaður með tækjabúnaði er um 2600 millj. kr. skv. áætlun yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð. Mikils fjár er því þörf til viðbótar, ef endar eiga að ná saman. Vinna er fyrir nokkru hafin við undirstöður hússins, en þess er að vænta að nú í vor verði teknar frekari ákvarðanir um framkvæmdaáfanga.

**Nýtt leiguhúsnæði** er sem hér segir: Tjarnarbær, sem notaður er fyrir fjölmennustu fyrirlestra, einkum í forspjallsvísindum, efnafræði og stærðfræði, íbúðarhús við Sóleyjargötu og Smyrilsveg fyrir félagsvísindadeild (kennaraherbergi, lestraraðstöðu nemenda), viðbótarhúsnæði að Grensásvegi fyrir líffræði, Íþróttahús Jóns Þorsteinssonar fyrir sjúkraþjálfun, húsnæði að Suðurlandsbraut fyrir hjúkrunarfræði og í Sigtúni fyrir nokkrar greinar í læknadeild. Samningar um þetta húsnæði renna flestir út árin 1981—1982.

Meðal **breytinga á húsnæði** má nefna nýinnréttingu á hluta aðalbyggingar háskólans í þágu stjórnsýslu og ýmissa kennslu- og rannsóknagreina, svo og breytingar á húsi Raunvísindastofnunar og gamla Loftskeytastöðvarhúsinu á Melunum, sem nú er notað í þágu verkfræði- og raunvísindadeildar.

**Bráðabirgðahúsnæði.** Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landsspítalalóð hefur látið reisa tvö bráðabirgðahús á lóðinni, sem bætt hafa úr brýnni þörf kennslu og rannsókna í meinafræði og sýklafræði. Reist hefur verið bráðabirgðahús úr timbri yfir Reiknisstofnun.

Á árinu 1976 voru fyrstu íbúðirnar í hinum nýju hjónagörðum fyrir háskólastúdenta teknar í notkun. Bygging hússins er á vegum Félagsstofnunar stúdenta, sem fær fé til starfsemi sinnar af skráningargjöldum auk nokkurs framlags í fjárlögum. Til byggingar hjónagarðanna hefur Alþingi veitt allmikið fé til minningar um dr. Bjarna Benediktsson, forsætisráðherra, og Sigríði Björnsdóttur konu hans og dótturson þeirra, en auk þess veitti Háskóli Íslands sérstakt framlag til byggingarinn-

ar. Fyrir dyrum stendur nauðsynleg og kostnaðarsöm viðgerð á hinum eldri stúdentagörðum, og hefur sérstök athugun á fjármögnunarleiðum farið fram á vegum ráðuneyta menntamála og fjármála í samráði við Félagsstofnun stúdenta.

Rekstur Happdrættis Háskóla Íslands og Háskólabíós hefur gengið vel. Hagnaður af happdrættinu er enn sem fyrr meginstoð undir byggingaframkvæmdum í þágu háskólans. Árið 1977 nam hagnaðurinn samkv. bráðabirgðauppgjöri um 330 m.kr.

Frá upphafi þessa áratugar hefur verið gerð árleg áætlun um ráðstöfun framkvæmdafjár úr byggingasjóði háskólans, en í hann renna happdrættistekjur (að undanskildu einkaleyfisgjaldi sem lögum samkvæmt fellur til byggingasjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna) auk framlags í fjárlögum þegar því er að skipta. Af fé byggingasjóðs eru fjármagnaðar nýbyggingar, tækjakaup, viðhaldsframkvæmdir o. fl.

Sjóðamál Háskóla Íslands hafa verið rækilega endurskipulögð á tímabilinu. Hætt hefur verið lánveitingum úr sjóðum og minnstu sjóðirnir hafa verið sameinaðir í sjóðasafn. Sáttmálasjóður hefur eflst og stendur hann nú að miklu leyti undir þátttöku kennara í erlendum ráðstefnum. Háskólasjóður (tekjur af utansafnaðafólki og prófgjöld) styður menningarstarfsemi, svo sem kór og hljómleikahald, innan skólans.

Haldið er uppi góðu sambandi við ýmsa erlenda skóla og kennarar og embættismenn háskólans sækja erlendar ráðstefnur í þeim mæli er fjárhagurinn leyfir. Náin samvinna hefur tekist við nokkra erlenda háskóla, m. a. er nú verið að gera samkomulag við háskólann í Karlsruhe í Þýskalandi um framhaldsmenntun verkfræðinga.

## Raunvísindastofnun Háskólans.

Raunvísindastofnun Háskólans heyrir undir verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands og er rannsóknavettvangur fastráðinna kennara deildarinnar á þeim sviðum sem starfsemi stofnunarinnar tekur til. Stofnunin fæst einkum við undirstöðurannsóknir í raunvísindum og skiptist í fimm rannsóknastofur: eðlisfræðistofu, efnafræðistofu, jarðvísindastofu, reiknifræðistofu og stærðfræðistofu. Í lok ársins 1977 var fjöldi kennara með rannsóknaaðstöðu við stofnunina 26, en sérfræðingar ráðnir til rannsóknarstarfa voru 18.

Ný reglugerð um stofnunina tók gildi 1. janúar 1976 og fól í sér nokkrar breytingar á skipulagi, m. a. stofnun sérstakrar framkvæmdastjórastöðu. Í byrjun árs 1977 var reikniþjónusta skilin frá Raunvísindastofnuninni og falin sérstakri stofnun, Reiknistofnun Háskólans.

**Rannsóknaverkefni** Raunvísindastofnunar Háskólans árin 1974—77 voru fjölbreytt, og verður hér aðeins tæpt á nokkrum þeirra. Nefna má þróun mælitækja til staðarákvörðunar með aðstoð gerfitungla. Geta skip og flugvélar búin þessum tækjum notað siglingatungl til að ákvarða stað sinn með um 30 m nákvæmni óháð vindi og veðrum. Ennfremur tæki til að mæla þykkt jökla og snjóa með rafsegulbylgjum.

Stofnunin hóf þátttöku í alþjóðasamvinnu um segulhvolfsrannsóknir, sem standa munu til ársloka 1979. Sérstök áhersla verður lögð á mælingar í norður- og suðurljósabeltunum og samanburð við mælingar í gervitunglum. Vegna legu Íslands verður landið einhver mikilvægasti staðurinn í þessari rannsóknaráætlun.

Lokið var heildarriti um tvívetnismælingar og notkun þeirra til rannsókna á streymi heits og kalds vatns um berggrunn landsins.

Komið var upp landsneti skjálftamæla til að fylgjast með gosbelti landsins og hættulegustu skjálftasvæðunum. Unnið var að rannsókn á tjóni af völdum stórra landskjálfta og tillögum til að draga úr slíku tjóni með breyttum byggingaháttum og aðgerðum á sviði almannavarna. Stofnunin tók ríkan þátt í rannsókn á jarðhræringum og umbrotum á Kröflusvæði, í Kelduhverfi og Mývatnssveit. Unnið var að

rannsókn á gossögu Eldgjár og Kötlu. Uppvíst varð m. a. um stórgos í Kötlu á 6. tug 14. aldar, sem lagði byggð miðsvæðis í Mýrdal í eyði um skeið.

Tilraunir voru gerðar með bræðslu bergs og líkt eftir hegðun storknandi bergkviku við ýmis skilyrði. Athugun stofnunarinnar á leiðum til að virkja hraunhita í Vestmannaeyjum leiddi til þess að lögð var í tilraunaskyni hitaveita í sjúkrahús bæjarins og hús í nágrenni þess. Góð reynsla er fengin af þessari tilraun og er nú stefnt að hitun alls bæjarins með þessum hætti.

Gerð var frumathugun á því hve mikið heparín megi vinna úr lungum og görnum nautgripa, sauðfjár og hvala. Heparín er verðmætt lyf, sem hindrar blóðstorknun. Í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins var unnið að rannsókn á kjarnasýrum í fiskholdi og næringarástandi sjávarfiska, tilraunum til nýtingar á rækjuúrgangi til fiskfóðurgerðar, athugun á efnafræðilegum ástæðum fyrir næringarrýrnun próteina við hitun og rannsókn á nokkrum næringarskortssjúkdómum laxfisks. Samvinna var við Hafrannsóknastofnun um rannsókn á efnum í svifiausn á hafsvæðunum umhverfis Ísland, áhrif ferskvatnsrennslis og framburðar af landi á efnabúskap landgrunnssvæðanna og athugun á næringarsöltum og súrefnisdreifingu í hafinu umhverfis Íslands.

Athuguð voru áhrif fæðu, streitu og nikótíns á efnasamsetningu og efnaskipti hjartavöðva. Rannsökuð var efnasamsetning íslenskra og erlendra matvæla með tilliti til næringarefna, fjörefna, steinefna, rotvarnarefna, litarefna, næringarsnauðra fylliefna og úrgangsefna af lífrænum og ólífrænum uppruna.

Meðal rannsóknarverkefna í reiknifræðum var gerð haglíkans könnun á tekjudreifingu á Íslandi, athugun á skattkerfum, gerð reiknilíkans af þorskveiðum, hóprannsókn Hjartaverndar, könnun á tóbaksneyslu, mannerfðafræðirannsóknir, þróun skráavinnslukerfa og forritunarmála og bilanagreining í tölvukerfum.

Stærðfræðistofa vann að ýmsum rannsóknarverkefnum í hreinni stærðfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði og veitti ráðgjöf um stærðfræðileg efni, m. a. um hagnýtingu stærðfræðitækni í vatnafræði.

### Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum.

Starfsemi tilraunastöðvarinnar hélt áfram með líku sniði og áður árin 1974—1977. Starfsfólki fjölgaði lítillega. Nýjar heimildir fengust til ráðningar sníkjudýrafræðings, aðstoðarmanna í lífefnafræði og sníkjudýrafræði og læknaritara. Þá var einnig samþykkt á fjárlögum ársins 1978 ný heimild til ráðningar sérfræðings í fisksjúkdómum. Ekki voru allar stöðuheimildir fullnýttar á tímabilinu. Erfiðlega hefur gengið að finna veirufræðing og sérmenntaðan dýralækni til rannsóknastarfa á tilraunastöðinni.

Haldið var áfram rannsóknum á ýmsum búfjársjúkdómum, einkum hæggengum veirusýkingum í sauðfé, visnu, mæði og riðu. Til rannsókna á visnu í samvinnu við vísindamenn við Johns Hopkins-háskóla í Baltimore hlaut tilraunastöðin styrk frá National Institutes of Health í Bandaríkjunum til 5 ára árið 1973 og nemur hann um 33 þúsund dölum á ári. Rannsóknir þessar beinast einkum að því að kanna hvern þátt ónæmisvörun eigi í því að framkalla vefjaskemmdir í visnu. Starfsmenn tilraunastöðvarinnar taka og þátt í samnorrænum rannsóknum á mæði í sauðfé en að þeim standa einnig vísindastofnanir í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Til mæðirannsókna á Íslandi veita rannsóknaráð landbúnaðarvísinda í Noregi og Danmörku styrk sem nemur 6 milljónum ísl. króna á ári. Rannsóknirnar á Keldum beinast meðal annars að því að finna bóluefni sem kynni að koma að gagni í baráttu við þennan sjúkdóm.

Allvíðtækar rannsóknir á efnaskiptasjúkdómum mjólkurkúa fóru fram á þessu tímabili og hafinn var undirbúningur að mælingu á seleni í íslensku fóðri og vefjum húsdýra. Gerðar voru athuganir á ýmsum öðrum snefilefnum sem talið er að geti haft áhrif á heilbrigði húsdýra. Ýmsar athuganir á sníkjudýrum í sauðfé, nautgripum og vatnafiskum voru gerðar. Rannsóknir á sníkjudýrum í nautgripum voru

liður í samnorrænni rannsóknasamvinnu um þetta verkefni og tengdust að nokkru beitarrannsóknum á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og fleiri aðila.

Af öðrum verkefnum má nefna tannlos í sauðfé, kregðulungnabólgu í sauðfé, smitandi nýrnaveiki í laxfiskum, fituefnaskipti í hrossum, kóbaltmælingar á grasi, ónæmisathuganir á garnaveiki og ensymathuganr vegna búfjársjúkdóma.

Framleiðslu bóluefnis og sermis við búfjársjúkdómum var haldið áfram með líku sniði og áður, en auk þess fluttist framleiðsla bráðapestarbóluefnis að Keldum árið 1975 en hún hafði áður farið fram í Rannsóknarstofu háskólans við Barónsstig.

Framkvæmdum við hitaveitulögn að tilraunastöðinni var lokið ársbyrjun 1977.

## Landsbókasafn Íslands.

Deildir Landsbókasafns eru sem hér segir, og er í svigum nefnd tala starfsmanna, eins og hún er nú, en á eftir verður gerð grein fyrir aukningu starfsliðs á tímabilinu:

Stjórnardeild (2½ staða)
Þjóðdeild (5 stöður)
Handritadeild (2⅔ staða)
Flokkunar- og skráningardeild (6 stöður)
Bókbandsstofa (3½ staða)
Myndastofa (1 staða)

Húsvarsla (staða húsvarðar auk fólks við símavörslu og hreingerningu).

Á umræddu skeiði (1974—1978) hefur stjórnardeild bæst ½ staða, þjóðdeild ein staða, handritadeild ⅔ staða og bókbandsstofu ½ staða.

Auk þess hefur verið veitt árlega fé til að lausráða aðstoðarfólk, einkum til salgæslu og umsjónar með bókageymslum utan safns, og samsvarar sú fjárveiting um það bil einni stöðu.

Um starfsemi einstakra deilda verður að vísa að mestu til skýrslna um hana í Árbók safnsins, svo langt sem þær ná.

Sú breyting varð á tímabilinu á útgáfu árbókar, að skrá sú um íslensk rit eins árs í senn, er fylgt hefur henni, var nú skilin frá og hefur verið gefin út í sérstöku hefti frá árinu 1975 (Íslensk bókaskrá 1974—). Útgáfu árbókar var hins vegar haldið áfram, Árbók 1975—, og eru þar nú birtar auk skýrslu landsbókavarðar um starfsemi liðins árs nokkrar greinar um íslenska bókfræði, bókmenntir o. fl. Áskrifendur að henni eru nú á þriðja hundraði, en Íslenskri bókaskrá er einkum varið til bókaskipta og send í því skyni víða um lönd.

Vinna að Íslenskri bókaskrá, þ. e. ritum íslenskra manna, öllum sem kunn eru á tímabilinu 1534—1844, lá niðri að mestu nokkur ár, en var tekin upp að nýju haustið 1976. Veitti Seðlabanki Íslands safninu einnar milljón króna styrk á því ári, er létti undir með safninu en liðsskortur olli því, að ekki reyndist unnt að sinna sem skyldi jafnbrýnu þjóðbókasafnshlutverki og hér um ræðir. Vonir standa til, að fyrrnefndum áfanga verði lokið í þessari hríð.

Frumvarp það til laga um skylduskil safna, er lagt var fram á vorþinginu 1974, dagaði þá uppi og enn á næstu þingum, uns það var samþykkt nokkuð breytt vorið 1977. Samkvæmt því er skyldueintökum fækkað í fjögur, en voru áður í sumum tilvikum flest tólf. Til málamiðlunar var í lokagerð frumvarpsins fellt inn ákvæði um ríkisstyrkta útgáfu, heimild til handa landsbókaverði að óska afhendingar allt að tíu eintökum slíkra rita og fái Amtsbókasöfnin í Stykkishólmi og á Seyðisfirði og Bókasafn Ísafjarðar eitt eintak af hverju, en þessi söfn nutu áður fullra prentskila. Landsbókasafn getur sjálft varið til bókaskipta þeim eintökum, er það fær með þessum hætti.

Samskrá um erlendan ritauka íslenskra rannsóknabókasafna kom út á tímabilinu með líku sniði og áður, en söfnum þeim, er leggja til efni í skrána, hefur fjölgað úr 9 í 13 á árunum 1974—77.

Landsbókasafn hefur í nánu samstarfi við Háskólabókasafn unnið nú í nokkur ár að undirbúningi samskrár um erlend tímarit í íslenskum bókasöfnum og stofnunum. Skráin verður gefin út á vegum Landsbókasafns innan skamms, og verða í henni talin um 6 500 tímarit varðveitt alls í 86 bókasöfnum og stofnunum. Skrá þessi mun leggja grundvöll að frekari samvinnu um öflun og not erlendra tímarita, þegar heildaryfirlit fæst nú loks um tímaritakostinn.

Fjölmargar sýningar hafa verið haldnar á vegum Landsbókasafns í anddyri Safnahússins, auk þess sem nokkurt efni hefur verið léð til sýninga utan safnsins.

Landsbókavörður átti 1974—75 sæti í samnorrænni nefnd, er falið var að gera tillögur um framtíðarsamvinnu á Norðurlöndum á sviði rannsóknarbókasafna og upplýsingaþjónustu. Hann hefur frá því í ársbyrjun 1977 verið annar tveggja fulltrúa af Íslands hálfu í stjórn NORDINFO, norrænnar stofnunar, er hafa skal forgöngu um samvinnu þessa.

Unnið hefur verið stöðugt á því skeiði, sem hér um ræðir, að þjóðarbókhlöðumálinu. Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra heimilaði 2. október 1974, að haldið yrði áfram teiknivinnu og öðrum undirbúningi undir byggingu bókhlöðunnar á þeim grundvelli, sem þegar hafði verið lagður. En málið hafði tafist um hríð, m. a. vegna samninga um Birkimelslóðina við Reykjavíkurborg.

Endanlegt samkomulag náðist snemma á árinu 1977 og var staðfest í bréfi menntamálaráðherra til borgarstjóra 28. febrúar og svarbréfi hans 16. mars 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra tók fyrstu skóflustungu að þjóðarbókhlöðu 28. janúar 1978. Gert er ráð fyrir, að jarðvinnu ljúki 1. maí, en síðar verði boðinn út annar áfangi verksins.

Miklar vonir eru bundnar við hina nýju byggingu, að takast megi að ljúka henni á skaplegum tíma, svo að Landsbókasafn, Háskólabókasafn og Þjóðskjalasafn fái svo skjótt sem framast er kostur úrbætur í húsnæðisþröng sinni, en Þjóðskjalasafn mun fá allt Safnahúsið til sinna þarfa, þegar Landsbókasafn flyst í þjóðarbókhlöðu.

## HÁSKÓLABÓKASAFN

### 1. Starfslið.

Dr. Björn Sigfússon lét af störfum háskólabókavarðar við upphaf þess tímabils, sem yfirlit þetta tekur til, en Einar Sigurðsson tók við því starfi 1. okt. 1974.

1. sept. 1974 voru fastir starfsmenn 8½. Ritari bættist við í fullu starfi 1. nóv. 1975, svo að 9½ starfsmaður er nú í föstu starfi.

Á þessu tímabili hafa margir aðrir starfað í safninu lengri eða skemmri tíma í senn. Svaraði sú vinna 1974 um tveimur heilsársstörfum, en 1977 þremur. — Mannafli hefur því aukist úr sem svarar 10½ starfsmanni 1974 í 12½ starfsmann 1977. Það hlutfall er óbreytt í apríl 1978.

### 2. Bókaöflun.

Aðföng hafa verið sem hér segir (keyptar bækur og tímarit, svo og gjafir, en þær eru mismunandi miklar frá einu ári til annars):

| | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 |
|---|---|---|---|---|---|
| Bindi ..................... | 6 545 | 5 670 | 4 470 | 4 697 | |
| Bókakaupafé (þús. kr.) .... | 3 859 | 6 175 | 7 512 | 7 722 | 9 000 (fjárv.) |

Vegna hækkana á verði bóka erlendis og gengisfalls íslensku krónunnar hefur raungildi bókakaupafjár farið hríðminnkandi þetta tímabil, og horfir til neyðarástands í þeim efnum á árinu 1978.

### 3. Bókband.

Safnið hefur ekki bókbindara á sínum vegum og sækir því alla bókbandsvinnu út fyrir safnið.

| | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi bundinna eintaka ...... | 700 | 422 | 562 | 525 | |
| Bókbandskostnaður (þús. kr.) | 1 125 | 1 015 | 1 849 | 2 688 | 4 540 (fjárv.) |

### 4. Útlán.

Samanlögð útlán aðalsafns og útibúa hafa verið sem hér segir:

1974 12 558, 1975 13 256, 1976 13 822, 1977 15 419.

Einnig hafa millisafnalán aukist verulega, einkum pöntun ljósrita af tímaritsgreinum erlendis frá.

### 5. Samskrár.

Safnið lagði ásamt öðrum bókasöfnum til efni í Samskrá um erlendan ritauka íslenskra rannsóknarbókasafna og hefur síðan 1974 tekið mjög virkan þátt í undirbúningi að Samskrá um erlend tímarit í íslenskum bókasöfnum, sem tekur til 80—90 safna og stofnana og er nú nálega tilbúin til útgáfu.

### 6. Lestrarhúsnæði.

Fjöldi lessæta á vegum Háskólans var við lok hvers árs sem hér segir (tölur í svigum tákna fjölda bygginga, þar sem lessæti eru):
1974 731 (12) 1975 711 (12) 1976 822 (15) 1977 822 (15) 1978 822 (15) (áætlað)

### 7. Safndeildir.

Safndeildir, sem teljast útibú frá Háskólabókasafni, voru 12 árið 1974, en 17 í apríl 1978. Sérsöfn þessi eru mjög sundurleit bæði að umfangi og aðbúnaði. Mörg þeirra eru í lestrar- eða kennsluhúsnæði, sem leigt hefur verið eða keypt til bráðabirgða. Önnur hafa á sér varanlegra snið, svo sem safndeild í nýbyggingu verkfræði- og raunvísindadeildar (VRD), sem upp var sett á árinu 1976. Sú safndeild leysir þó ekki allar bókasafnsþarfir viðkomandi greina til frambúðar, enda var safnrýmið skert þegar áður en flutt var í það.

### 8. Rými fyrir bækur, spjaldskrár og starfslið.

Í aðalsafni hefur verið rýmkað um starfslið og þá þætti, sem lúta að almennri safnþjónustu, — og hefur það verið á kostnað bóka- og lesrýmis þar. Tölur um lessæti og dreifingu þeirra eru hér að ofan, en bókum hefur verið fundið rými á eftirfarandi hátt:

1) við flutning í útibú; á þessu tímabili munar þar mest um safndeild í nýbyggingu VRD;
2) við flutning bókakassa í kjallara og á háaloft nokkurra háskólabygginga;
3) með uppsetningu geymslusafns, en í sept. 1977 var tekið á leigu um 115 ferm. geymsluhúsnæði að Höfðabakka 9, þar sem bókum er komið fyrir á aðgengilegan hátt.

### 9. Upplýsingaþjónusta.

Snemma árs 1975 skipaði Rannsóknaráð ríkisins nefnd til að kanna og leggja á ráðin um skipulag upplýsingaþjónustu hér á landi. Háskólabókasafn átti aðild að nefndinni, og kom álit hennar út um mitt ár 1976 undir heitinu Skipulag upplýsingamála á Íslandi. Í okt. 1977 stóð Rannsóknaráð fyrir sýningu og ráðstefnu til kynn-

ingar á upplýsingaþjónustu, og tók safnið mjög virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd hvors tveggja. Á þessu ári verður hafin starfræksla upplýsingaþjónustu á vegum Rannsóknaráðs, og eru líkur til að Háskólinn muni ljá henni húsnæði innan vébanda safndeildar VRD. Þar yrði þá komið fyrir útstöð (terminal) með beinu sambandi við tölvubanka (data bases) erlendis.

### 10. Fjölþjóðlegt samstarf.

Starfsmenn safnsins hafa svo sem kostur hefur verið sótt fundi og ráðstefnur á sérsviði sínu innanlands og utan. Hér verður nefnt hið helsta.

Háskólabókavörður sótti á vegum menntamálaráðuneytis ráðstefnu um málefni bókasafna, skjalasafna og upplýsingaþjónustu, sem UNESCO gekkst fyrir í París 23.—27. sept. 1974, og skilaði hann ráðuneytinu skýrslu um ráðstefnuna.

Þórir Ragnarsson bókavörður sótti norræna ráðstefnu um upplýsingamál í Kaupmannahöfn 9.—11. júní 1976.

1. janúar 1977 var sett á fót samvinnustofnun Norðurlandaþjóða um málefni rannsóknarbókasafna og upplýsingaþjónustu, NORDINFO, og er háskólabókavörður varamaður landsbókavarðar í stjórn hennar. Með tilstyrk stofnunarinnar halda samtök rannsóknarbókavarða á Norðurlöndum, NVBF, ráðstefnu í Reykjavík 18.—23. júní 1978. Fundarstaður er Háskóli Íslands, en háskólabókavörður er formaður undirbúningsnefndar. Ráðstefnuna munu sækja 150—160 manns.

### 11. Niðurlag.

Á tímabili því, sem hér um ræðir, hefur verið kappkostað að styrkja hina innri starfsemi safnsins og efla tengslin við notendur þess, m. a. með útgáfu leiðarvísis og annarra hjálpargagna og skipulegri notendafræðslu. Öll slík viðleitni ber þó minni árangur en skyldi vegna þeirrar miklu dreifingar á starfseminni, sem hlotist hefur af húsnæðiseklu aðalsafnsins. Það þætti t. d. hvarvetna fráleitt, að aðalsafn háskóla hefði svo til engin lessæti innan sinna vébanda.

Hér hefur einnig orðið að grípa til stofnunar fleiri smárra safnútibúa en æskilegt er, slíkar safndeildir koma aldrei að öllu leyti í stað þjónustu aðalsafns, heldur eru henni til fyllingar og styrktar, þegar vel tekst til. Eðlilegt jafnvægi milli þessara þátta næst því ekki fyrr en byggt hefur verið öflugt miðsafn. Sú stefna var mörkuð fyrir æðilöngu að leysa þann vanda með þjóðbókasafnsbyggingu. Upphaf framkvæmda við hana 28. janúar 1978 er því langmerkasti áfangi í bókasafnsmálum Háskóla Íslands á þessu tímabili.

## ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Fast starfslið safnsins er hið sama og verið hefur allt frá 1964 hvað fjölda snertir, þjóðminjavörður, fimm safnverðir og skrifstofustúlka, en viðgerðarmaður bættist við 1975.

Starfsemin innan safnhússins er í megindráttum hin sama ár frá ári, skráning safngripa, viðgerðir og ýmiss konar umönnun, en eins og húsrými safnsins er háttað hafa ekki verið tök á neinni tilbreytni í sýningarsölum, sem bíða verður þangað til Listasafnið flytur í eigið húsnæði. Safnið hefur haft sérsýningar í Bogasal, 1975 sýninguna „Safn Sigurðar málara“, 1976 iðnminjasýningu og í upphafi ársins 1978 sýninguna „Íslensk kirkjulist“.

Safnauki er talsverður frá ári til árs, yfirleitt rúmlega 100 færslur í aðfangabók auk efnis, sem þjóðháttadeild berst.

Fornleifarannsóknir hafa einkum verið í Álftaveri, þar sem rannsakaður var síðmiðaldabær, og lauk rannsókninni 1976. 1977 var svo hafin rannsókn á fornum rústum á Hrafnseyri, sem haldið verður áfram.

Unnið hefur verið að viðgerðum gömlu bygginganna eftir því sem fé hefur hrokkið til. Gömlu húsin á Keldum á Rangárvöllum hafa öll hlotið gagngera viðgerð,

svo og Víðimýrarkirkja og stórviðgerðir eru í gangi í gömlu bæjunum í Laufási og Glaumbæ. Af nýjum verkefnum á þessu sviði skal nefna Selið í Skaftafelli, sauðahús í Þykkvabæjarklaustri og Sjávarborgarkirkju í Skagafirði, og er viðgerð lokið á sauðahúsinu og langt komið á Selinu. — Hitalögn hefur verið lögð í bæinn á Bustarfelli.

Viðgerð Viðeyjarstofu miðar hægar en skyldi, en á hverju ári er unnið fyrir þá upphæð, sem veitt er til hússins. Liggur nú næst fyrir að taka til við nýlagningu gólfa.

Annar helmingur Nesstofu var keyptur og afhentur safninu haustið 1976, en viðgerð getur ekki hafist meðan hinn helmingurinn er enn í einkaeign.

Að auki hefur safnið styrkt og haft hönd í bagga með viðgerðum ýmissa bygginga sem það á þó ekki sjálft og má nefna Norska húsið í Stykkishólmi, Möðruvallakirkju í Eyjafirði, Þingeyrakirkju, Mosfellskirkju í Grímsnesi og Kálfatjarnarkirkju.

Byggðasöfnin hljóta margs kyns stuðning Þjóðminjasafnsins og má nefna hálf gæslulaun og þriðjun byggingarkostnaðar. Í Dalasýslu var opnað safn vorið 1977 en ekki önnur á tímabilinu.

Í málum sjóminjasafns hefur það helst gerst, að safnað hefur verið ýmsum sjóminjum víða, þar á meðal gömlum bátum, sem síðan hefur verið gert við svo að þeir varðveitist til frambúðar.

Á vegum húsfriðunarnefndar hafa á þessu tímabili verið friðlýst eftirtalin hús: Bókhlaða, Félagshús og húsið Klausturhólar í Flatey. Bessastaðastofa, kirkjan og önnur heimahús á Bessastöðum og Grundarkirkja í Eyjafirði. Þá var húsafriðunarsjóður stofnaður árið 1975 og voru veittir úr honum viðgerðarstyrkir árin 1976 og 1977.

## ÖRNEFNASTOFNUN ÞJÓÐMINJASAFNS

### 1. Örnefnasöfnun.

Höfuðverkefni Örnefnastofnunar á síðustu árum hefur verið örnefnasöfnun, bæði frumskráning örnefna og þó einkum endurskoðun eldri örnefnaskráa. Á tímabilinu frá 1. sept. 1974 til 31. mars 1978 var einkum unnið að örnefnaskráningu í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Snæfellsnessýslu, Barðastrandarsýslu, Strandasýslu, Múlasýslum og Árnessýslu, en auk þess hafa örnefni verið skráð víðs vegar í öðrum sýslum, eftir því sem kostur hefur verið á. Hvergi er þó lokið örnefnaskráningu, enda er verkefnið þess eðlis, að seint eða aldrei verður því fulllokið. Veldur því m. a., að nær endalaust má bæta við upplýsingum og fróðleik um örnefnin og auka þannig skrárnar og endurbæta og hefur stofnunin lagt aukna áherslu á skráningu upplýsinga um örnefni, m. a. með því að senda út spurningalista í því skyni. Á árinu 1977 var samin ný gerð fjölritaðra Leiðbeininga um örnefnaskráningu.

Að örnefnasöfnun og -skráningu hafa unnið undir stjórn forstöðumanns safnvörður í hálfu starfi, örnefnasafnari í fullu starfi frá 1976, auk lausráðins fólks, lausráðins örnefnasafnara í hálfu starfi frá hausti 1977, 2—3 lausráðinna sumarvinnumanna, sem m. a. hafa ferðast út um land til örnefnasöfnunar, og lausráðins vélritara í 60—90% starfi. Að auki hafa margir einstaklingar víðs vegar um land skráð örnefni fyrir stofnunina á einstökum jörðum og öðrum landsvæðum.

Ætlunin er að koma upp fullkomnu seðlasafni örnefna úr fornbréfum og öðrum prentuðum og óprentuðum heimildum, og var byrjað á því verki fyrir fimm árum. Því miður varð þetta verk að sitja á hakanum á umræddu tímabili, þar sem ekki þótti fært annað en einbeita starfskröftum að því að bjarga frá glötun örnefnum, sem gamalt fólk geymir sér í minni.

Af tilefni aldarafmælis landnáms Íslendinga í Nýja-Íslandi í Manitoba árið 1975 lét Örnefnastofnun vestur-íslenskan stúdent skrá íslensk örnefni í Nýja-Íslandi, og urðu þau 832 talsins. Naut stofnunin nokkurs styrks frá Manitobaháskóla til þessa verks.

## 2. Gerð örnefnauppdrátta.

Unnið var að gerð örnefnauppdrátta einstakra jarða á tilteknum svæðum, einkum í Reykjavík, Mosfellssveit, Landbroti, Holtum, Landsveit og Biskupstungum. Á stofnunin nú á fjórða hundrað slíka örnefnauppdrætti. Að þessu verki hafa einkum unnið lausamenn að sumarlagi, í sumum tilvikum í samvinnu við aðra aðilja, svo sem Reykjavíkurborg og Mosfellshrepp.

## 3. Örnefnarannsóknir og samvinna við erlendar örnefnastofnanir og aðra rannsóknaraðilja.

Forstöðumaður Örnefnastofnunar hélt á tímabilinu áfram örnefnarannsóknum víðs vegar um land. Birtar hafa verið á þessum tíma eftirfarandi sérrannsóknir hans:

1) Lúdent (í Afmælisriti til Björns Sigfússonar, Rvk. 1975).
2) Nafnbreytingar á Íslandi (í Ortnamn och samhälle, Uppsala 1976).
3) Af Sturlum og Stöðlum (í Afmælisriti helguðu Kristjáni Eldjárn, Rvk. 1976).

Örnefnastofnun hefur tekið virkan þátt í samstarfi norrænna þjóða um örnefnarannsóknir og önnur málefni, sem varða starfsemi örnefnastofnana. Forstöðumaður, sem á sæti í Norrænu samstarfsnefndinni um nafnarannsóknir (NORNA), tók á umræddu tímabili þátt í fundum nefndarinnar og ráðstefnum: 1) ráðstefnu um örnefni og þjóðfélag í Helsingfors 1975, þar sem hann flutti erindi um nafnbreytingar á Íslandi, 2) ráðstefnu um örnefnavernd og nýjar nafngiftir í Helsingfors 1977, þar sem hann flutti erindi um nýnefni og örnefnavernd á Íslandi. Enn fremur sótti hann 7. norræna nafnfræðingaþingið í Sandefjord í Noregi 1976, þar sem hann flutti fyrirlestur um hugarflug og veruleika í íslenskum örnefnum. Loks flutti hann erindi á ráðstefnu í Lundúnaháskóla 1975 um mannanöfn í íslenskum örnefnum og örnefni í íslenskum mannanöfnum.

Norræna samstarfsnefndin um nafnarannsóknir hefur nýlega hleypt af stokkum rannsóknaráætlun um efnið örnefni og þjóðfélag, og tekur Örnefnastofnun þátt í henni. Tekin eru til athugunar hér á landi verkefnin örnefni og samgöngur og örnefni og trúarbrögð, og veitti Vísindasjóður styrk til rannsóknarinnar s. l. haust.

Árlega hefur verið samin skrá um ritsmíðar um íslensk örnefni til birtingar í alþjóðatímariti um nafnfræði, Onoma, og bæði ritaskrá og yfirlit um starfsemi Örnefnastofnunar til birtingar í tímaritinu Namn och bygd.

## 4. Húsbúnaður, tæki og bókasafn.

Stofnunin var á tímabilinu efld nokkuð að húsbúnaði og tækjum. Smíðaðar voru nýjar bókahillur og ljósborð með teiknibúnaði, nýjar ritvélar voru keyptar og rakatæki og bætt aðstaða til kaffihitunar. Unnið var jafnt og þétt að því að efla bókasafn stofnunarinnar, en það er sérsafn um íslenska og germanska nafnfræði og byggðasögu. Einnig var blaðaúrklippusafn stofnunarinnar um íslenska nafnfræði og byggðasögu aukið.

## 5. Þjónusta við stofnanir og einstaklinga.

Örnefnastofnun innti af höndum allmikið starf fyrir Örnefnanefnd, annaðist m. a. bréfaskriftir og veitti umsækjendum um nýnefni upplýsingar. Enn fremur voru lesin yfir örnefni á nýjum kortum, sem Landmælingar Íslands gefa út, og mörgum innlendum aðiljum veittar upplýsingar um örnefni, t. d. í sambandi við landamerkjamál og útgáfu byggðasögurita. Svarað var mörgum fyrirspurnum erlendra fræðimanna um íslensk örnefni. Í gestabók Örnefnastofnunar rituðu 799 innlendir og erlendir gestir nöfn sín á tímabilinu.

### 6. Kynningarstarf.

Á sögusýningu Þjóðhátíðarnefndar haustið 1974 sá Örnefnastofnun um sérstaka deild um íslensk örnefni, og var þar jafnframt kynnt örnefnasöfnun og önnur starfsemi Örefnastofnunar. Gefinn var út prentaður tvíblöðungur um björgun íslenskra örnefna til dreifingar á sýningunni og síðar.

## ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands hefur ekki tekið miklum stakkaskiptum á nefndu árabili, enda óhægt um vik að koma á stórvægilegum breytingum, þar sem safninu er mjög þröngur stakkur skorinn vegna húsnæðisskorts, sem um langt skeið hefur verið tilfinnanlegur og kreppir sífellt meira að. Hefur safnið þó á leigu allmikið geymslurými á Laugavegi 178, en nú er það húsnæði óðum að fyllast, svo að tímabært er að verða, að safnið tryggi sér meira geymslurými á hentugum stað.

Verður nú vikið að starfsmönnum safnsins og verkum þeirra.

Þjóðskjalavörður vinnur mest að daglegri stjórn safnsins og svarar þeim skriflegum erindum, sem safninu berast. Auk þess hefur hann lagt nokkra vinnu í útgáfu safnsins á Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar, sem vonandi sér brátt fyrir endann á. Einnig hefur hann farið yfir vélrit manntalsins 1801, sem vikið verður að hér á eftir.

Auk þjóðskjalavarðar starfa við safnið fimm háskólamenntaðir skjalaverðir. Vinna þeir aðallega að röðun og skrásetningu skjala hinna eldri embætta eða stjórnarstofnana. Þannig hefur dr. Aðalgeir Kristjánsson undanfarið ár unnið að röðun og skrásetningu skjala í „dönsku sendingunni“ frá 1928, fyrst skjala kansellísins, sem lokið er fyrir nokkru, og síðan rentukammersins, sem er miklu fyrirferðarmeira og á enn alllangt í land. Björk Ingimundardóttir vinnur að röðun og skrásetningu skjalasafns landfógeta, en Gunnar Sveinsson gerir sams konar skil skjalasafni amtmanns yfir vesturamti. Júníus Kristinsson vann í fyrstu að röðun skjalasafns sáttanefnda og klausturumboða, en síðustu árin hefur hann einkum unnið að frágangi á ýmsum bréfasöfnum og einkaskjölum (personalia), en af þeim hefur safnið eignast talsvert, og eru sum þeirra harla markverð. Einnig hefur Júníus á síðastliðnu ári og fram að þessu unnið að því að gera nákvæmt eftirrit aðalmanntalsins 1801, en Ættfræðifélagið hyggst nú gefa út þetta merka manntal. Hefur þjóðskjalavörður borið vélritun Júníusar saman við frumrit. Sigfús Haukur Andrésson hefur undanfarið unnið að röðun og skrásetningu ýmiss konar verslunarskjala, sem eru í vörslu safnsins.

Fyrir utan vélritun útsendra bréfa safnsins hefur Áslaug Thorlacius aðstoðarmaður mörg undanfarin ár unnið að vélritun aðalmanntala safnsins, en svo var komið, að frumritum þeirra var stór hætta búin vegna ofnotkunar. Hafa eftirtalin aðalmanntöl nú verið vélrituð (en að vísu sum löngu fyrir það tímabil, sem hér er fjallað um, eða allt frá árinu 1960): 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890, 1901, 1920 og 1930. Hafa þessi vélrituðu manntöl reynst mjög þægileg í notkun og komið í veg fyrir frekara slit á frumritunum en orðið er. Á síðast liðnu ári hóf Áslaug að vélrita gamlar kirkjubækur. Eru þessar vélrituðu bækur bundnar inn jafnóðum og vélritun þeirra er lokið og þær teknar í notkun á lestrarsal.

Hér skal því skotið inn, að einnig hefur nokkuð af gömlum kirkjubókum verið ljósmyndað, og eru hin ljósmynduðu eintök notuð á lestrarsal, þótt þau séu dálítið óþjál í notkun vegna pappírsins, sem í þeim er. Þá eru einnig míkrófilmur kirkjubóka notaðar í þeim tveimur lesvélum, sem hafðar eru á lestrarsal, en nokkrum örðugleikum er bundið að koma þar fyrir fleiri lesvélum. Nokkrar kirkjubækur hafa verið ljósritaðar, en brýna nauðsyn ber til, að bæði söfnin hér í húsinu eignist mjög fullkomna ljósritunarvél, sem getur ljósritað báðum megin á hentugan og endingargóðan pappír.

Guðrún Þórðardóttir skrifstofumaður hefur unnið við afgreiðslustörf í safninu síðan á árinu 1975.

Í viðgerðarstofu Safnahússins, sem lýtur stjórn Þjóðskjalasafns, en vinnur fyrir bæði söfnin að jöfnu, er unnið þjóðþrifastarf undir stjórn Vigdísar Björnsdóttur, sem er þar ein í fullu starfi, en í hálfu starfi vinna þar Áslaug Jónsdóttir, Ingibjörg Þorleifsdóttir og Kristjana Kristjánsdóttir. Er mikil nauðsyn á að hlúa sem best má verða að starfsemi viðgerðarstofunnar, því að hún er ómissandi þáttur í rekstri safna nú á dögum. Ég vil ekki láta hjá líða að benda á það hér, að nauðsynlegt er, að í hinni fyrirhuguðu þjóðarbókhlöðu verði séð fyrir góðu húsrými og fullkominni aðstöðu fyrir viðgerðarstarfsemi í þeirri stofnun, svo að Þjóðskjalasafnið geti setið eitt að því starfi, sem unnið er í viðgerðarstofunni hér í Safnahúsinu. Víst er um það, að verkefni mun ekki þrjóta í Þjóðskjalasafni einu.

Þá skal drepið nokkuð á útgáfumál safnsins. Safnið á orðið þó nokkurt efni í skrár, sem mætti gefa út, ef fé og starfskraftar væri fyrir hendi. Þó er bót í máli, að sumt af þessu efni hefur verið vélritað og liggur hér frammi til afnota fyrir þá, sem leita fanga hér í safninu. Þessi gögn létta skjalavörðum og afgreiðslumanni mjög alla leit í skjalageymslum safnsins. Sumar þessar skrár kæmu þó fræðimönnum að enn meiri notum, ef þær væru prentaðar.

Árið 1973 var hafin fjölrituð útgáfa á Skrá um skjalasöfn sýslumanna og sveitarstjórna. Var það fyrsta og er ennþá eina verkið í flokki, sem nefndur er Bráðabirgðaskrár Þjóðskjalasafns. Urðu þessar skjalaskrár alls fjögur bindi, og stóð útgáfa þeirra fram á árið 1975, þó að ártalið 1973 standi raunar á öllu verkinu.

Áður hefur verið lauslega drepið á útgáfu Bréfabókar Þorláks biskups Skúlasonar. Það verk er unnið fyrir fé, sem Jórunn Jónsdóttir, fyrrum ráðskona á Vífilsstöðum, gaf til minningar um látinn son sinn, Ingvar Stefánsson skjalavörð, árið 1972. Sjálf féll Jórunn frá árið 1976 og hafði þá arfleitt Þjóðskjalasafnið að fjögurra herbergja íbúð sinni í Eskihlíð 6 B. Eru þessar gjafir Jórunnar varla undir 12 milljón króna virði á núverandi verðlagi. Gjafir þessar eru gefnar með því skilyrði einu, að þær verði notaðar til að gefa út heimildarrit úr skjölum safnsins, og er ætlast til, að skjöl um sögu Hólastóls sitji í fyrirrúmi fyrst um sinn.

Sem fyrr greinir, verður þess varla langt að bíða, að Bréfabók Þorláks biskups komi út. Þess er að vænta, að hin fyrri gjöf Jórunnar standi undir útgáfu þeirrar bókar (skuldabréf að nafnverði kr. 200 þús., útgefin 1968, 2. flokkur). Íbúðin, sem um var getið, er nú í leigu. Vafalítið mundi það verða óhagkvæmt að reka hana þannig til lengdar, og mæli ég þess vegna með því, að hún verði seld svo fljótt sem auðið er og andvirði hennar verðtryggt, meðan því er óráðstafað.

Safninu ber skylda til að nýta vel þessar rausnarlegu gjafir. Útgáfa heimildarrita eykur ekki aðeins veg og virðingu safnsins, heldur er hún einnig mikilsverður stuðningur við sagnfræðistarfsemi í landinu. Þó að sagnfræðingar verði jafnan að vinna meira og minna úr óprentuðum heimildum, er það mikill léttir og flýtisauki að hafa sem flestar heimildir útgefnar með tilheyrandi skrám. Mikið er um það rætt í hópi sagnfræðinga, að nú sé alltof lítið unnið að útgáfu heimildarrita og jafnvel minna en fyrir nokkrum áratugum, þegar fjárhagur þjóðarinnar var miklu bágbornari.

Framangreindar höfðingsgjafir mundu fljótlega ganga til þurrðar, ef þær ættu að standa bæði undir prentunarkostnaði og allri undirbúningsvinnu, sem er tímafrek og því ærið dýr. Þess vegna fór ég fram á það, er ég gerði tillögur mínar um fjárveitingu til safnsins fyrir árið 1978, að einum manni yrði aukið við starfslið safnsins og honum væri ætlað það verkefni að vinna að útgáfu heimildarrita. Um frekari rökstuðning fyrir þeirri málaleitan skal vísað til fjárlagatillagnanna. Vil ég nota þetta tækifæri til að minna á þessa þörf safnsins.

Þó að þröngt sé um Þjóðskjalasafn Íslands og margra úrbóta sé þörf, tel ég, að margt hafi verið vel unnið við safnið, miðað við aðstæður, frá 1974 og fram á þennan dag.

## Héraðsskjalasöfn.

Héraðsskjalasöfn eru starfandi á eftirtöldum stöðum og hljóta þau flest nokkurn ríkisstyrk:

Reykjavík (Borgarskjalasafn Reykjavíkur),
Borgarnesi,
Ísafirði,
Hvammstanga,
Blönduósi,
Sauðárkróki,
Akureyri,
Húsavík,
Egilsstöðum.

Auk þess er byrjað að safna skjölum til slíkra safna á Akranesi,í Stykkishólmi, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum.

## Listasafn Íslands.

Á þessu tímabili voru sýningardagar í safninu 794 og sýningargestir alls 80 623.

Sérsýningar á vegum safnsins voru 13, 11 í húsakynnum þess en 2 erlendis.

Á tímabilinu bættust safninu 381 listaverk, þar af fékk safnið 283 að gjöf, en keypti 98.

Önnur fræðslu- og kynningarstarfsemi á vegum safnsins:

1) 9 námshópar, þar af 1 fyrir kennara í myndmenntum.
2) 10 fræðsluerindi, 3 í safninu sjálfu og 7 úti á landsbyggðinni.
3) 14 kvikmyndasýningar (um listfræðileg efni) fyrir almenning í safninu.

Byggingarnefnd var skipuð af menntamálaráðherra í desember 1975. Byggingarnefndarteikningar voru tilbúnar 1977 og lagðar fyrir byggingarnefnd Reykjavíkurborgar og síðan lagðar fram aftur lítið breyttar með tilliti til eldvarnarsjónarmiða.

Þær voru síðan samþykktar á fundi byggingarnefndar 30. mars s.l.

Á árinu 1976 var hafist handa við frágang utanhúss að Fríkirkjuvegi 7, og er nú fullgengið frá þaki og útveggjum. Unnið er nú að framkvæmdum innanhúss.

Safnið gerir sér vonir um að sem fyrst verði hægt að hefja framkvæmdir við grunn nýbyggingar.

## Ásgrímssafn.

Fjöldi sýningargesta á ári þetta tímabil hefur verið 3 — 4 þúsund nema árið 1976, þá kom fátt gesta, enda safninu lokað í nokkra mánuði á árinu vegna heiðurssýningar á verkum Ásgríms á Kjarvalsstöðum í tilefni af aldarafmæli hans. Sýningin var haldin á vegum Reykjavíkurborgar. 24 — 25 þúsund gestir munu hafa komið á þá sýningu.

Þrjár sýningar voru hvert ár nema árið 1976, þ. e. sumarsýning, haustsýning og skólasýning.

Nokkrar sýningar á verkum Ásgríms voru haldnar úti á landi, svo sem í Borgarnesi, á Selfossi, Akranesi, Ísafirði, í Vestmannaeyjum, Neskaupstað og á Höfn í Hornafirði. Þá lánaði og safnið nokkrar myndir á farandsýningu sem Listasafn A. S. Í. sendi til Vestfjarða sumarið 1977.

Þá er þess að geta að safnið hefur gefið út og selt jólakort á hverju ári um langt skeið.

Nokkrar viðgerðir hafa farið fram á Ásgrímssafni á þessu tímabili.

**Listasafn Einars Jónssonar, sjá bls. 90.**

**Fræðslumyndasafn ríkisins.**

1) Starfsemi safnsins hefur verið nálega óbreytt þetta tímabil, en þó farið nokkuð vaxandi í þröngum ramma húsakynna og óbreytts starfsliðs.
2) Á tímabilinu voru teknar úr umferð um 400 gamlar og úreltar kvikmyndir, en um 500 nýjar bættust við. Er þetta allgóð endurnýjun og eintakafjöldi kvikmynda nú yfir 2 000.
3) Safnið hefur reynt að kaupa allar íslenskar kvikmyndir eftir efnum, en hefur lítið bolmagn haft til frekari stuðnings við íslenska kvikmyndagerð.
4) Útlán kvikmynda hafa aukist um 40—50%. Heildartala áhorfenda hefur aukist úr ca. 600 000 í ca. 700 000 á ári.
5) Safnið hefur gefið út tvo skyggnuflokka, um Dalasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Það hefur gefið út nýja kvikmyndaskrá og eina viðaukaskrá.
6) Safnið hefur kynnt sér notkun myndsegulbanda í skólum og keypt myndsegulbandstæki. Aðstæður eða efni til að hagnýta slík tæki í skólunum virðast þó enn ekki vera fyrir hendi hér á landi.

**Kvikmyndamál.**

Í fjárlögum 1978 er veitt 1 milljón króna til innlendrar kvikmyndagerðar. Í fjárlögum 1977 voru samtals veittar 600 þús. kr. í sama skyni.

Nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins hefur samið frumvarp til laga um kvikmyndasjóð og kvikmyndasafn. Frumvarpið hefur verið lagt fyrir Alþingi. Í því er gert ráð fyrir 30 millj. kr. fjárveitingu til kvikmyndasjóðs og 5 millj. kr. til safnsins.

Standa vonir til, að lögfesting þessa frumvarps verði vísir að markvissum opinberum stuðningi við íslenska kvikmyndagerð.

**Kvikmyndaeftirlit.**

Kvikmyndaeftirlitið starfar samkv. 7. kafla reglugerðar um vernd barna og ungmenna frá 9. júní 1970, sbr. barnaverndarlög. Skoðaðar eru um 230 kvikmyndir á ári, en hverja mynd skoða að minnsta kosti tveir starfsmenn eftirlitsins.

Kvikmyndirnar eru skoðaðar í hverju einstöku kvikmyndahúsi og aldurstakmörk sem skoðunarmenn setja, eru yfirleitt miðuð við 12—14 eða 16 ára aldur eftir mati samkv. reglugerð. Skoðunarmenn útfylla eyðublöð útgefin af menntamálaráðuneytinu eftir hverja skoðun og er óheimilt að sýna opinberlega kvikmynd hvort heldur er hér í Reykjavík eða úti á landi, nema eyðublað fylgi. Ber ráðamönnum viðkomandi kvikmyndahúss að sjá um að þessum aldurstakmörkunum sé framfylgt. Það er síðan í verkahring lögreglustjóraembættisins í Reykjavík og barnaverndarnefnda úti á landi að fylgjast með að fyrirmælunum sé hlýtt.

Falli kvikmynd undir það sem teljast má klámmynd, kalla skoðunarmenn til lögregluyfirvöld. Fulltrúar frá embætti lögreglustjóra skoða þá kvikmyndina og dæma um hvort opinberar sýningar á henni falli undir ákveðna grein hegningarlaga. Þeir banna þó ekki sýningar, en gera forráðamönnum viðkomandi kvikmyndahúss viðvart um að sýningar á myndinni geti varðað við hegningarlög.

Fulltrúi kvikmyndaeftirlitsins sótti ráðstefnu á síðasta ári sem kvikmyndaeftirlit á Norðurlöndum gekkst fyrir. Slíkar ráðstefnur eru haldnar annað hvert ár og var hún að þessu sinni haldin í Osló. Samstarf við slíkar stofnanir hjá nágrannaþjóðunum hlýtur að vera gagnlegt þar sem á þeim vettvangi er fjallað um þau sömu vandamál varðandi kvikmyndaeftirlit og við okkur blasa.

Við kvikmyndaeftirlit starfa nú Erlendur Vilhjálmsson fyrrv. deildarstjóri, Hulda Valtýsdóttir og Jón Gissurarson fyrrv. skólastjóri.

### Almenningsbókasöfn.

Ný lög hafa verið gefin út um almenningsbókasöfn (nr. 50/1976), svo og ný reglugerð.

Eitt helsta nýmæli laganna er, að stofn- og rekstrarkostnaður almenningsbókasafna greiðist nú eingöngu af sveitarfélögum.

Í reglugerðinni er gert ráð fyrir nánu samstarfi skólabókasafna og almenningsbókasafna, eftir því sem hentar og við getur átt á hverjum stað.

Í ráðuneytinu hefur starfað bókafulltrúi, er annast hefur málefni almenningsbókasafnanna. Starfssvið þessa fulltrúa mun breytast með tilkomu hinna nýju laga og reglugerðar og mun aðallega lúta að eftirliti og leiðbeiningum og samræmingu á störfum skóla- og almenningsbókasafna. Ennig gera lögin ráð fyrir ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna.

### Náttúrugripasöfn.

Náttúrugripasöfn eru starfandi á eftirtöldum stöðum og hljóta þau nokkurn ríkisstyrk.

Akureyri,
Borgarnesi,
Húsavík,
Neskaupstað og
Vestmannaeyjum.

## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

### Sýningar.

Þjóðleikhúsið hefur á þessu tímabili haft 42 frumsýningar. 18 þessara viðfangsefna hafa verið eftir íslenska höfunda. Íslensku verkefnin eru reyndar fleiri, ef dansar, samdir fyrir leikhúsið eða íslenska dansflokkinn, eru taldar með, en dansflokkurinn hefur auk ofangreindra 42 frumsýninga verið með 4 ballettkvöld í leikhúsinu og í samvinnu við það. Af hinum 42 verkefnum eru hins vegar 3 ballettar, 4 óperur og óperettur, þar af ein íslensk. Auk þess hafa verið erlendir gestaleikir 7 sinnum á þessu tímabili og 5 verkefni leikársins 1973—4 voru einnig sýnd á þessu tímabili. Verkefnin hafa þannig samtals verið 58 á tímabilinu.

Eins og áður segir voru 18 íslensk leikverk flutt á þessum 4 árum, þar af 17 frumflutt. Á hverju ári hafa verið eitt eða fleiri verkefni ætluð börnum sérstaklega, þar af tvívegis verið brúðuleiksýningar. Íslensk verk hafa verið eftir Halldór Laxness, Jökul Jakobsson, Odd Björnsson, Guðmund Steinsson, Erling E. Halldórsson, Véstein Lúðvíksson, Kjartan Ragnarsson, Pétur Gunnarsson o. fl. Erlendu verkin voru m. a. eftir Sófókles, Shakespeare, Ibsen, Gorki, Tennessee Williams, Beckett, Molière, Peter Handke, Feydeau, Athayde o. fl.

Samtals hafa verið 1 363 sýningar frá hausti 1974 til 1. apríl þ. á. og tala áhorfenda 458 854.

### Leikferðir

Leikhúsið hefur árlega farið í leikferðir innanlands á þessum tíma og stundum oft á ári. Eftirtalin leikrit hafa verið sýnd utan Reykjavíkur á umræddu tímabili: Brúðuheimilið, Hvernig er heilsan?, Herbergi 213, Ínúk, Ímyndunarveikin, Milli himins og jarðar, Nótt ástmeyjanna, Fröken Margrét, Grænjaxlar, Á sama tíma að ári, auk ýmissa danssýninga. Þá hafa ýmsir listamenn hússins starfað sem gestir með áhugaleikflokkum þennan tíma.

Leikhúsið hefur haft sýningar í 21 landi á þessum fjórum árum. Vega þar drýgst ferðir með hópverkið Ínúk, sem sýnt var á árunum 1974—77 á öllum Norðurlöndunum í Þýskalandi, Frakklandi, Póllandi, Sviss, Spáni, Júgóslavíu, Hollandi og

5 Suður-Ameríkuríkjum, Venezuela, Brasilíu, Guatemala, Costa Rica og Panama. Leikflokkurinn kom fram á leiklistarhátíðum í Nancy, Wroclaw, Caracas, Sao Paulo og Björgvin og í Leikhúsi þjóðanna árið 1976, en sýningar voru að því sinni haldnar í Belgrad.

Sumarið 1975 fór stór flokkur frá leikhúsinu, leikarar, kórsöngvarar og einsöngvarar til Vesturheims og kom fram með sérstaka dagskrá, Þótt þú langförull legðir, eða hluta úr henni 16 sinnum á Íslendingaslóðum í Kanada og Bandaríkjunum.

Loks var farin leikför um páskaleytið 1976 til Færeyja og ferðast um eyjarnar með leikritið Lúkas eftir Guðmund Steinsson og kabarettinn Litlu fluguna.

## Almennt um starfsemina

Það fjögurra ára tímabil, sem hér um ræðir, hefur einkennst af þenslu og meiri umsvifum. Þessar breytingar gerðu vart við sig þegar á árinu 1973 og leikárið 1973—4. Á útmánuðum 1973 var fyrsta hópvinnuverkefnið, Furðuverkið, frumsýnt. Frumsýningin var í Grindavík, en áður hafði Þjóðleikhúsið aldrei haft frumsýningu utan Reykjavíkur. Íslenski dansflokkurinn tók til starfa í maí 1973, en hann starfar samkvæmt ráðherrabréfi þar að lútandi innan vébanda leikhússins, þó að hann hafi nokkra sérstaka fjárveitingu. Litla sviðið var vígt í janúar 1974 og vorið eftir hófust utanfarir að marki. Allt þetta hefur sett svip sinn á starf leikhússins undanfarin ár og aukið fjölbreytni. Jafnframt hefur verið traustari aðsókn að sýningum á stóra sviðinu, svo sem lesa má úr aðsóknartölum.

Leikárið 1969—70 voru sýningar 208 og fjöldi áhorfenda 75 958. Leikárið á eftir, 1970—71, var sýningafjöldi 229 og áhorfendur 87 833. Leikárið 1974—5 voru sýningar hins vegar 397 og áhorfendur 119 363. 1975—6 voru 394 sýningar og 134 090 áhorfendur og 1976—77 319 sýningar og 121 678 áhorfendur. Hinn 1. apríl 1978 er tala áhorfenda á yfirstandandi leikári orðin 83 723 og fjöldi sýninga 253. Sýningar lágu þó niðri um þriggja vikna skeið vegna verkfalla.

Heildarreikningur leikhússins fjárhagsárið (almanaksárið) 1975 sýndi niðurstöðutöluna 287.8 milljónir en hlutfall milli framlaga úr ríkissjóði og eigin tekna var þá 63% — 37%. Árið 1976 voru samsvarandi tölur 331.9 milljónir — 60% — 40% og 1977 544.1 milljón — 66.2% — 33.8%.

## Íslenski dansflokkurinn

Íslenski dansflokkurinn hóf starfsemi sína í maímánuði 1973.

Hingað til lands kom ballettkennarinn og „koreógrafinn" Alan Carter í byrjun mars sama ár og hóf þá þegar að æfa, velja og byggja upp verkefni fyrir væntanlegan dansflokk. Fyrstu dansararnir fengu greidd laun frá 1. maí 1973.

Fyrsta sýning flokksins var í Borg í Grímsnesi 17. maí 1973, síðan var sýnt í Borgarnesi, Stykkishólmi, Hellissandi og Aratungu. Flokkurinn frumsýndi svo 1. júlí 3 nýja balletta eftir Alan Carter í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi og sýndi þar allan þann mánuð. Næst tóku dansararnir þátt í sýningu Þjóðleikhússins á Leðurblökunni sem var frumsýnd á annan í jólum 1973, sýningar voru einnig á þrem fyrstu ballettunum í æfingasal leikhússins og í nokkrum skólum í janúar og febrúar 1974.

Á skemmtun Danskennarasambands Íslands í Háskólabíói í mars 1974 frumsýndi dansflokkurinn frumsaminn ballett eftir Alan Carter „Tilbrigði" við tónlist eftir Brahms, annar ný ballett var gerður fyrir sjónvarpið um sama leyti „Eldtröllin" og var sá ballett sýndur með nokkurri viðbót á nemendasýningu Listdansskóla Þjóðleikhússins þá í maí. Á listahátíð 1974 sýndi flokkurinn aftur Tilbrigði og frumsýndu einnig „Höfuðskepnurnar" við tónlist eftir Áskel Másson, en þá var Sveinbjörg Alexanders gestur.

Í september 1974 var farið í sýningarferð um landið og í desember sama ár voru sýndir aftur í Þjóðleikhúsinu ballettarnir Tilbrigði og Höfuðskepnurnar ásamt ein-

um nýjum Svart og Hvítt, einnig tók dansflokkurinn þátt í sýningu Þjóðleikhússins á óperunni Þrymskviðu eftir Jón Ásgeirsson.

Í febrúar 1975 var frumsýndur ballettinn Coppelia, en eftir þær sýningar hætti Alan Carter störfum hjá Íslenska dansflokknum. Í maí sama ár dansaði flokkurinn ballett, sem unninn hafði verið í hópvinnu, Vor um veröld alla á nemendasýningu Listdansskólans ásamt 3 stuttum dönsum, einnig samda af dönsurunum sjálfum. Sjónvarpið tók upp um vorið dansþátt unninn af dönsurunum sjálfum og aftur um haustið annan þátt, sömuleiðis saminn af dönsurunum sjálfum.

Í desember 1975 og janúar 1976 voru nokkrar skólasýningar um sögu og þróun listdansins; á þessum tíma tók flokkurinn líka þátt í sýningum leikhússins á óperunni Carmen. Í febrúar var svo ballettsýning undir stjórn Alexanders Bennett, sem þá var ráðinn um nokkurra mánaða skeið, þá var líka frumsýndur ballett Unnar Guðjónsdóttur Úr borgarlífinu, við tónlist Þorkels Sigurbjörnssonar.

Á nemendasýningu Listdansskólans í apríl dansaði flokkurinn Ungverska dansa samda af Ingibjörgu Björnsdóttur og Nönnu Ólafsdóttur, á listahátíð sama ár voru Ungversku dansarnir sýndir aftur ásamt tveim nýjum ballettum „Kerran“ og „Valsar“ eftir Kenneth Tillson, hann samdi einnig ballett við tónlist Ravel's „La Valse“ og var hann sýndur að Kjarvalsstöðum við undirleik Halldórs Haraldssonar og Gísla Magnússonar.

Haustið 1976 var Natalia Konjus ráðin til starfa með flokknum og var í nóvember sýning undir hennar stjórn á nokkrum atriðum úr vel þekktum ballettum auk styttri dansa. Síðan voru sýningar í Njarðvíkum og nokkrum skólum í Reykjavík. Í mars 1977 var frumsýndur ballettinn Ys og þys út af engu eftir Natalia Konjus.

Í júní 1977 tóku tveir dansarar flokksins þátt í ballettkeppni í Moskvu, og í september fór annar dansari flokksins á norðurlandamót í Óðinsvéum og dansaði þar frumsaminn sólódans.

Ballettkennarinn Yuri Chatal var ráðinn til flokksins og í nóvember á s.l. ári setti hann saman listdanskynningu, sem var farið með í nokkra skóla og á annan í jólum var frumsýndur ballettinn Hnotubrjóturinn undir stjórn Yuri Chatal. Í mars 1978 voru sýndir tveir nýir ballettar eftir Yuri Chatal ásamt ballett eftir Jochan Ullrich undir stjórn Sveinbjargar Alexanders. Dansararnir taka nú þátt í sýningu Þjóðleikhússins á Kátu ekkjunni eftir Franz Lehar.

Fyrir utan þessa upptalningu hefur Íslenski dansflokkurinn sett saman og sýnt stutt atriði fyrir ýmis félagasamtök og skemmtanir, einstakir dansarar hafa tekið þátt í öðrum sýningum leikhússins og ýmsum þáttum í sjónvarpinu og einnig hjá Leikfélagi Reykjavíkur.

## LEIKLISTARSKÓLI ÍSLANDS

A. Skólinn hóf starfsemi sína 1. október 1975 og var til bráðabirgða í gamla Búðaðarfélagshúsinu og Iðnskólanum gamla, í eigu Reykjavíkurborgar.

Í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga um skólann tók hann við þeim nemendum, sem þegar höfðu hafið nám í skólum S.Á.L. og leikhúsanna. Þetta voru samtals 42 nemendur í fjórum bekkjardeildum. Tvær þessara bekkjardeilda eru þegar útskrifaðar, 1976 12 nemendur og 1977 9 nemendur, og á komandi vori útskrifast hinar tvær bekkjardeildirnar, 20 nemendur. Tveir þessara upprunalegu nemenda hættu námi fyrir skólalok. Skólinn tók ekki inn nýja nemendur fyrr en s. l. haust (8 nemendur), þannig að skólinn mun ekki útskrifa nemendur aftur fyrr en vorið 1981.

B. Á árinu 1976 óskaði Reykjavíkurborg eftir því, að skólinn skilaði húsnæðinu, en samningar tókust um, að skólinn skilaði í árslok sama ár norðurendanum (gamla Iðnskólanum) en fengi í staðinn afnot af hluta Miðbæjarskólans, en rýmdi síðan allt húsnæðið sumarið 1978. Í samráði við ráðuneytið var auglýst eftir húsnæði og aðeins eitt tilboð barst um leiguhúsnæði í húsi, sem er í byggingu að Skipholti 31. Erindið var lagt fyrir ráðningarnefnd s. l. haust og

er svars hennar að vænta nú á næstunni. Húsnæði það, sem skólinn hefur starfað í, er mjög óhentugt og hefur þurft að leita eftir húsnæði annars staðar til að leysa brýnustu vandræðin, en nú verður vonandi fundin lausn á þeim vanda.

C. Strax á fyrsa ári hóf skólinn samstarf við aðra skóla á Norðurlöndum og á þingi skólanna vorið 1977, sem haldið var í Reykjavík, voru stofnuð formleg samtök þessara skóla og samstarf þeirra er þegar farið að bera árangur. Leiklistarskóli Íslands hefur notið góðs af þessu samstarfi, m. a. fengið kennara að láni frá öðrum skólum og ýmsa aðra aðstoð við uppbyggingu kennslunnar.

D. Frá upphafi hefur skólastjórinn verið eini fastráðni starfsmaðurinn við stofnunina, en nú s. l. haust fékkst heimild fyrir hálfri stöðu ritara og hefur þegar verið óskað eftir að skólinn fái heimild fyrir fullri þeirri stöðu. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár samþykkti fjárveitinganefnd fyrir sitt leyti að veita heimild fyrir þrem kennarastöðum við skólann (í fullt starf), en enn skortir samþykki ráðningarnefndar fyrir þessum stöðum. Allir kennarar skólans hafa því verið stundakennarar, sem hafa haft aðalatvinnu sína annars staðar. Þetta hefur haft í för með sér gífurleg skipulagsvandamál og án þess að vanmetið sé á nokkurn hátt fórnfúst starf kennaranna, hefur þetta komið í veg fyrir að kennslan þróaðist sem skyldi. Breyting á ráðningu kennara er því höfuðforsenda þess að hægt verði að þróa kennsluna.

E. Tillaga að reglugerð fyrir skólann hefur verið samin og lögð fyrir ráðherra nú nýverið og hafist hefur verið handa um gerð námsskrár fyrir skólann.

F. Stofnun Leiklistarskóla Íslands markar þáttaskil í menntun íslenskra leikara og þeirri þróun verður að fylgja eftir með bættri aðstöðu fyrir starfið.

## BANDALAG ÍSLENSKRA LEIKFÉLAGA

Í október 1974 urðu þær breytingar hjá bandalaginu, að Sveinbjörn Jónsson, er verið hafði framkvæmdastjóri þess frá stofnun 1950, lét af störfum en við tók Helga Hjörvar. Skrifstofan, er verið hafði í Garðastræti 21 um alllangt skeið, var jafnframt flutt að Skólavörðustíg 12.

Starfsemi bandalagsins og aðildarfélaga þess má greina í leiksýningar, námskeiðahald, rekstur þjónustumiðstöðvar, útgáfustarfsemi og norrænt og alþjóðlegt samstarf.

### Leiksýningar.

Verkefnafjöldi aðildarfélaga 1973—1977:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Leikárið | 1973—1974 | voru | þau | 30 |
| — | 1974—1975 | — | — | 47 |
| — | 1975—1976 | — | — | 54 |
| — | 1976—1977 | — | — | 50 |

Leikárið 1976—1977 voru íslensk verkefni orðin tæplega helmingur leikinna verka en höfðu áður verið að meðaltali einn þriðji. Á umræddu árabili hafa auk þess nokkur íslensk og erlend leikrit verið frumflutt af aðildarfélögum og er það nýmæli.

### Námskeið.

Haustið 1974 hóf bandalagið þá nýbreytni að skipuleggja námskeiðahald hjá hinum einstöku félögum. Þó að sú starfsemi hafi ekki notið styrks af opinberri hálfu, hefur hún orðið ótrúlega umfangsmikil, eða samtals 33 námskeið víðsvegar um land á árunum 1974—1977. Rétt er að vekja athygli á því, að þessi námskeið hafa ekki síður verið sótt af kennurum á grunnskólastigi.

Sumarið 1975 hófst svo sameiginlegt námskeiðahald bandalagsfélaganna. Fyrsta námskeiðið var fyrir áhugaleikstjóra og hafa nú verið haldin eitt til tvö námskeið árlega síðan.

Loks hófst samvinna milli bandalagsins og Þjóðleikhússins árið 1975 um skipulagningu tækninámskeiða (ljósabeiting, förðun, leikmyndagerð) fyrir áhugaleikara og voru námskeiðin haldin í Þjóðleikhúsinu.

Aðalfundir bandalagsins eru nú haldnir árlega og auk aðalfundarstarfa jafnan tekið fyrir eitthvert brýnt mál, er snertir öll félögin.

1975 — rekstrarörðugleikar bandalagsfélaganna vegna söluskattsinnheimtu.

1976 — samanburður á rekstri einstakra félaga.

1977 — verkefnaval.

**Rekstur þjónustumiðstöðvar.**

Bandalagið hefur nú á þessum fjórum árum aukið þjónustu sína við aðildarfélögin og felst hún nú í: hárkolluleigu, sölu á farða, sölu á handritum, sölu á ljósabúnaði ýmiss konar og búningaleigu, en uppistaða búningasafns bandalagsins er gjöf frá Þjóðleikhúsinu. Leikárið 1973—1974 nam þessi sala kr. 173 855 en árið 1977 var hún kr. 1 269 229. Einnig annast bandalagið milligöngu um útvegun leikstjóra og leiðbeinenda.

Aðildarfélög bandalagsins eru nú 71 og hafa 19 félög gengið í bandalagið frá því í október 1974.

Í stjórn bandalagsins eru nú: Jónína Kristjánsdóttir, Keflavík, formaður, Magnús Guðmundsson, Neskaupstað, varaformaður, Sigurður Grétar Guðmundsson, Kópavogi, ritari, meðstjórnendur: Sigríður Karlsdóttir, Selfossi og Trausti Hermannsson, Ísafirði.

**Leiklistarblaðið.**

Haustið 1974 hófst útgáfa fréttabréfs, er upphaflega var hugsað sem tengiliður milli félaganna. Leiklistarblaðið kemur nú út mánaðarlega og er eina blaðið sem gefið er út um leiklistarmál hér á landi.

**Nordisk amatörteaterråd.**

Í mars 1970 hófu Íslendingar þátttöku í norrænu samstarfi áhugamanna og árið 1974 var formaður bandalagsins, Jónína Kristjánsdóttir kosin í stjórn NAR (Nordisk amatörteaterråd) þar sem hún á enn sæti. Þátttaka í þessu samstarfi hefur verið mjög þýðingarmikil fyrir okkur og hafa Íslendingar tekið virkan þátt í námskeiðum NAR:

1973 fóru 15 þátttakendur til Noregs á námskeiðið „Ungdom, kunst, samfunn."

1974 fóru 10 þátttakendur til Danmerkur á námskeiðið „Klovnen og mimen i det moderne teater."

1976 voru 11 þátttakendur í Reykholti á brúðuleikhúsnámskeiði.

1977 voru 13 þátttakendur í Noregi á námskeiðinu „Musikteater".

Næsta námskeið verður haldið á Höfn í Hornafirði í sumar.

Mörg leikfélög hafa einnig fengið styrki frá NAR til ferða um Norðurlönd eða til að fá gesti þaðan:

Leikfélag Keflavíkur til Færeyja með Kjarnorku og kvenhylli, Litli leikklúbburinn, Ísafirði, til Gautaborgar með Koppalogn, Litli leikklúbburinn, Ísafirði, til Færeyja með Pilt og stúlku, Litli leikklúbburinn, Ísafirði, til Bergen með Sabínu. Leikfélag Húsavíkur til Askov með þætti úr Gullna hliðinu, Leikfélag Húsavíkur til Gladsakse með Ég vil auðga mitt land, Leikfélag Seltjarnarness til Álandseyja með Geimfarann og ráðgerir Skagaleikflokkurinn, Akranesi, ferð til Næstved með Höfuðbólið og hjáleiguna.

Til Íslands hafa komið:

Bagsværd Amatör Scene frá Danmörku til Húsavíkur, Brage Dramaten frá Finnlandi til Seltjarnarness, NTO teaterstudio frá Svíþjóð til Ísafjarðar, Húsavíkur, Nes-

kaupstaðar, Selfoss og Seltjarnarness. Nexö frá Bornholm er væntanlegt til Húsavíkur nú í vor.

Einnig hefur bandalagið eftir mætti tekið þátt í ráðstefnum, sem haldnar hafa verið í tengslum við aðalfund NAR. Mat á starfi áhugamanna frá Íslandi sést best á því að á síðasta aðalfundi var framkvæmdastjóri bandalagsins, Helga Hjörvar, einróma kosinn formaður og er hún þriðji maðurinn sem gegnir þeirri stöðu á 11 ára ferli NAR.

International Amateur Theatre Association (IATA).

Bandalagið tekur einnig þátt í alþjóðasamstarfi áhugamanna og einnig á þeim vettvangi hefur starf íslenskra áhugaleikfélaga vakið verðskuldaða athygli og á fulltrúi Íslands, Jónas Árnason, sæti í 12 manna ráði samtakanna. Með veru í þessum samtökum eru möguleikar á að fylgjast með starfi sams konar félaga um heim allan og námskeiðahaldi þeirra og hefur bandalagið í nokkur skipti sent þátttakendur á námskeið ITATA.

### Ríkisútvarpið.

Frá hausti 1974 til þessa dags hefur þetta borið hæst í málefnum Ríkisútvarpsins:

1. Á árinu 1975—76 tókst að greiða halla á rekstri stofnunarinnar, sem nam um 200 milljónum króna skuld við Landsbanka Íslands, ennfremur að greiða niður erlendar skuldir vegna viðhalds og uppbyggingar dreifikerfis, en tolltekjur voru orðnar óverulegar framan af þessu tímabili og fjarri því að fullnægja nauðsynlegri uppbyggingu og viðhaldi á dreifikerfinu.

   1976 var hætt að dreifa lit á myndsegulböndum. Þannig gátu þeir, sem áttu litsjónvarpstæki náð nokkru af dragskrárefni í litum. Árið 1977 var tæknibúnaði í stúdíói sjónvarps breytt í lit og samtímis óx innflutningur litsjónvarpstækja mjög, en það hafði í för með sér aukningu tolltekna til framkvæmda fyrir dreifikerfi. Skipaði ráðherra nefnd til þess að gera áætlun um styrkingu og aukningu í dreifikerfi, og skilaði hún áliti 3. desember 1976. Helstu framkvæmdir auk nokkurra nýrra stöðva og endurnýjunar á eldri stöðvum, sem voru úr sér gengnar, er örbylgjukerfi, og nær það nú frá Reykjavík norður um land allt austur á Gagnheiði, en er þó ekki að fullu lokið, og mun bæta og tryggja truflanalausar sendingar útvarps og sjónvarps til fjarlægari staða landsins. Liggur nú fyrir ný og umfangsmikil áætlun um frekari dreifingu, sem unnið verður eftir á þessu ári.

2. Undirbúningi að byggingu útvarpshúss hefur verið haldið áfram af auknum krafti eftir að tekist hafði að afla fjár í byggingarsjóð, en það hafði verið tekið að láni í rekstur 1973 og 1974. Er nú undirbúningi húsbyggingar lokið og verður hægt að bjóða út fyrsta áfanga byggingarinnar á næstu vikum.

### Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Þegar litið er yfir starf Sinfóníuhljómsveitar Íslands á undanförnum fjórum árum sést, að viðfangsefni hennar hafa aukist að mun, tónleikagestum fjölgað og farið hefur verið inn á ný svið, sem miða að því að ná til víðari hlustendahóps.

Aðalviðfangsefni hljómsveitarinnar hefur ætíð verið hinir reglubundnu tónleikar hennar, sem haldnir eru hálfsmánaðarlega í Háskólabíói. Til þeirra tónleika hefur verið reynt að vanda eftir föngum, fengnir hljómsveitarstjórar og einleikarar erlendis frá, sem getið hafa sér gott orð fyrir listflutning sinn, en jafnframt hefur þess verið gætt að gefa innlendu listafólki tækifæri að koma fram með hljómsveitinni. Má í því sambandi geta þess að á þessu tímabili, sem hér um ræðir, hafa innlendir hljómsveitarstjórar stjórnað rúmlega helmingi þeirra tónleika, sem haldnir hafa verið og innlendir einleikarar verið u. þ. b. 60%. Mörgum hættir til að álíta að áskriftartónleikar hljómsveitarinnar séu eina viðfangsefni hennar, en því fer fjarri. Frá upphafi hefur hljómsveitin m. a. staðið að allskyns kynningartónleikum fyrir börn og skólafólk.

Tónleikaferðir út á land hafa verið liður í starfi hljómsveitarinnar, sem ekki hefur verið unnt að sinna nema að mjög takmörkuðu leyti vegna kostnaðar, en undanfarinn áratug hefur hljómsveitin þó farið árlega í tónleikaferðir í nærliggjandi sveitir. Á þessu starfsári var samt sem áður ráðist í það að fara með hljómsveitina hringferð um landið og er það í fyrsta sinn að slík hringferð er farin. Það er skemmst af að segja, að hringferð þessi sannaði að fólk úti á landsbyggðinni metur að verðleikum lifandi tónlistarflutning. Hvar sem hljómsveitin kom og lék var húsfyllir og fólk bað þess, að hljómsveitin heimsækti landsbyggðina hið bráðasta aftur. Á þessu starfsári var ennfremur farin fyrsta tónleikaferð hljómsveitarinnar út fyrir landsteinana og urðu Færeyjar fyrir valinu. Í Færeyjum voru haldnir sex tónleikar fyrir troðfullu húsi í hvert sinn og við frábærar undirtektir.

Á undanförnum tveim árum hefur hljómsveitin leikið þrjú íslensk tónverk inn á hljómplötu til útgáfu og dreifingar hérlendis og erlendis. Aðeins eitt þeirra er þegar komið á markað, en það er Sögusinfónía Jóns Leifs, sem gefin var út á síðasta ári. Hlaut hljómplatan lof í erlendum músiktímaritum, bæði þótti tónverkið athyglisvert og leikur hljómsveitarinnar góður. Með hljómplötu þessari hefur orðið vart áhuga fyrir íslenskri tónlist og spurningar vaknað hví ekki heyrðist meira frá Íslandi á þessu sviði. Hin tvö verkin, sem hljómsveitin hefur þegar hljóðritað til plötuútgáfu eru fiðlukonsert eftir Leif Þórarinsson og flautukonsert eftir Atla Heimi Sveinsson.

Á s. l. fjórum árum hefur hljómsveitin frumflutt 17 íslensk tónverk, sem hefðu varla verið samin, ef hér væri ekki starfandi sinfóníuhljómsveit. Mörg þessara verka hafa verið tekin til flutnings erlendis, bæði í tónleikasölum og í erlendum útvarpsstöðvum. Hljómsveitin hefur mikilvægu hlutverki að gegna á listahátíðum þeim, sem haldnar eru hér annaðhvert ár. Fyrir tveim árum voru haldnir hér Norrænir músikdagar og í fyrra vou kynnt verk ungra tónskálda á Norðurlöndum undir yfirskriftinni Ung Nordisk Musik. Báðir þessir tónlistarviðburðir vöktu athygli og umtal á Norðurlöndum fyrir það hve vel þótti til takast.

Í yfirliti þessu hefur verið stiklað á því helsta, sem hljómsveitin hefur fengist við á undanförnum fjórum árum, en þó ekki allt tínt til eins og t. a. m. þátttaka í flutningi söngleikja í Þjóðleikhúsinu, útitónleikar á Lækjartorgi, leikur hljómsveitarinnar við setningu móta og ráðstefna, alls konar aukatónleikar og skemmtitónleikar. Einn stærsti liðurinn í starfi hljómsveitarinnar hefur frá upphafi verið hljóðritanir á alls konar efni fyrir útvarp og lítils háttar fyrir sjónvarp. Hafa hljóðritanir þessar margar verið sendar til erlendra útvarpsstöðva.

Þrátt fyrir hið fjölbreytta starf, sem hljómsveitin leysir af hendi og hér hefur verið tíundað, eru mikilvægir liðir, sem hljómsveitin þyrfti einnig að vinna að. Má þar benda á heimsóknir á sjúkrahús og elliheimili, tónleika á vinnustöðum, sem tíðkast um allan heim og hafa þótt einn áhrifaríkasti þátturinn í tónlistarvakningu almennings, heimsóknir í skóla og hljóðfærakynningar, sem eru nauðsynlegar til að vekja áhuga æskunnar á tónlist, en í slíkar heimsóknir þykir best henta að senda fámennari hóp tónlistarmanna.

### Höfundaréttarmál.

Menntamálaráðuneyti til ráðgjafar í höfundaréttarmálum er svonefnd höfundaréttarnefnd. Eiga m. a. sæti í henni fulltrúar frá samtökum höfunda og listflytjenda og Ríkisútvarpi. Formaður nefndarinnar er dr. Gaukur Jörundsson prófessor.

Nefndin hefur samið ýmsar reglugerðir og reglur, sem höfundalög nr. 73/1972 gera ráð fyrir, svo og fjallað um önnur stjórnvaldsákvæði, sem ráðuneytið hefur gefið út á þessu sviði. Meðal þessara verkefna má nefna:

Reglugerð um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum, reglur um þóknun til höfunda vegna opinbers flutnings bókmenntaverka og tónverka við guðsþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir.

Reglur um gerðardóm skv. 57. gr. höfundalaga.

Reglugerð um sjóðstofnun skv. 47. gr. höfundalaga. Skipulagsskrá fyrir tónmenntasjóð kirkjunnar. Reglur um löggildingu Rithöfundasambands Íslands. Samþykktir fyrir Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda.

Nefndin hefur unnið að undirbúningi undir fullgildingu að aðild Íslands að Parísargerð Bernarsáttmálans, sem er umfangsmikið verk og margþætt. Mikið verk er og fyrir höndum í sambandi við hliðstæðan undirbúning undir fullgildingu að síðustu gerð Genfarsáttmálans.

Ráðuneytið hefur tekið þátt í norrænu samstarfi í höfundaréttarmálum, þ. á m. í þeirri lögfræðilegu athugun, er nú fer fram í tilefni af norrænni könnun á möguleikum á sjónvarps- og útvarpssendingum um gervihnetti.

Formaður höfundaréttarnefndar hefur sótt fundi formanna þeirra nefnda, er fjalla um endurskoðun á norrænni höfundaréttarlöggjöf. Ráðuneytið hefur á ýmsan annan hátt leitast við að fylgjast með og taka þátt í hinu víðtæka norræna og alþjóðlega samstarfi, sem fram fer um þessar mundir í höfundaréttarefnum.

## Starfslaun listamanna.

Um úthlutun starfslauna fer eftir reglum, sem ráðuneytið setti 1969. Skulu launin miðuð við byrjunarlaun menntaskólakennara og veitt eftir umsóknum til þriggja mánaða hið skemmsta, en til eins árs hið lengsta. Úthlutunina annast þriggja manna nefnd. Skulu eiga sæti í henni forseti Bandalags ísl. listamanna, formaður úthlutunarnefndar listamannalauna, en formaður er skipaður af ráðuneytinu án tilnefningar. Frá því að starfslaun hafa verið upp tekin hafa þau verið veitt 44 listamönnum.

Fjárveitingar til starfslauna hafa á undanförnum árum verið sem hér greinir:

| | |
|---|---|
| 1974 | kr. 2 500 000 |
| 1975 | — 3 300 000 |
| 1976 | — 3 300 000 |
| 1977 | — 4 300 000 |
| 1978 | — 6 530 000 |

Úthlutun fyrir 1978 fer fram í maímánuði.

## Launasjóður rithöfunda.

Um launasjóðinn gilda lög nr. 29/1975 og reglugerð nr. 232/1976. Í þeim segir, að árstekjum sjóðsins skuli varið til að greiða íslenskum rithöfundum starfslaun samkvæmt byrjunarlaunum menntaskólakennara. Rétt til greiðslu úr sjóðnum eiga íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita. Þá er og heimilt að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.

Starfslaun eru veitt eftir umsóknum. Höfundur, sem sækir um og hlýtur starfslaun í þrjá mánuði eða lengur, skuldbindur sig til að gegna ekki fastlaunuðu starfi meðan hann nýtur starfslauna. Tveggja mánaða starfslaun skulu einungis veitt vegna verka, sem birst hafa á næsta almanaksári á undan, og þeim fylgir eigi kvöð um að gegna ekki fastlaunuðu starfi.

Úthlutun úr sjóðnum hefur farið fram þrisvar sinnum.

1976. Fjárveiting nam kr. 21 700 000 og var úthlutað 203 mánaðarlaunum til 67 höfunda.

1977. Fjárveiting nam kr. 32 759 000 og var úthlutað 293 mánaðarlaunum til 93 höfunda.

1978. Fjárveiting nam kr. 47 181 000 og var úthlutað 248 mánaðarlaunum til 86 höfunda.

## Rithöfundasjóður Íslands.

Árið 1976 voru sett ný lög um almenningsbókasöfn og vænkaðist hagur Rithöfundasjóðs Íslands verulega við setningu þeirra. Í 11. grein laganna segir svo: „Ríkissjóður greiðir árlega 12 milljónir króna í Rithöfundasjóð Íslands fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í þeim söfnum sem þessi lög gilda um. Þessi fjárhæð skal endurskoðuð árlega til samræmis við verðlag, sbr. 8. gr.“.

Í 14. gr. laganna segir ennfremur: „Ákvæði um fjárframlög koma til framkvæmda á þremur árum frá 1. jan. 1976 að telja“.

Í fjárlögum ársins 1977 voru kr. 8 milljónir til Rithöfundasjóðs en á fjárlögum ársins 1978 er fjárhæðin kr. 18 451.000.00.

Reglugerð var sett um Rithöfundasjóð Íslands árið 1977. Stjórn hans skipa þrír menn skipaðir til þriggja ára í senn.

## Listkynning í skólum.

Frá árinu 1975 hefur ráðuneytið staðið fyrir farandsýningu á stórum hluta Sögusýningarinnar Ísland — Íslendingar, sem sett var upp á Kjarvalsstöðum í Reykjavík 1974 í tilefni 11. alda búsetu á Íslandi. Efni sýningarinnar var skipt í 3 smærri sýningar og sent skólum.

„Sýning I.“ fór fyrst til skólanna á Laugarvatni og síðan áfram austur um land. „Sýning II.“ fór fyrst að Reykjaskóla í Hrútafirði og fór þaðan um Norðurland, en sýning III.“ fór til Ísafjarðar og síðan til skóla á Vesturlandi.

Sýningarnar hafa farið nokkuð hægar yfir en ráð var fyrir gert, því að um leið og sýning er sett upp í skóla og saga landsins kynnt, þá hafa skólarnir sjálfir látið nemendur sína safna myndefni um skóla sinn og sögu héraðs eða heimastöðva, sem sýnt var um leið.

Nú er ein sýning í skólum Borgarfjarðar og önnur á Snæfellsnesi. Eftirlit og umsjón með sýningunum hafa fræðslustjórar haft í samráði við ráðuneytið.

Eftir að sýningum lýkur á Vesturlandi má segja að flestir skólar, sem aðstöðu hafa til sýninga hafi fengið sýningarefnið.

Ráðuneytið hefur einnig haft frumkvæði að því að safna teikningum skólabarna í því skyni að stofna til farandsýningar. Nefnd var skipuð til framkvæmda. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að aðsenda efnið væri að of litlum hluta sýningarhæft og því horfið frá fyrirhugaðri farandsýningu. Þó var ákveðið að senda lítinn hluta teikninganna á sýningu í Armeníu. Búið er að sýna myndirnar í nokkrum borgum armenska lýðveldisins. Hefur komið fram beiðni frá barnamyndasafninu í Erevan, höfuðborg Armeníu, en í því safni eru teikningar eftir börn frá 70 þjóðlöndum, að fá til varðveislu nokkrar myndanna frá Íslandi.

Ráðuneytið hefur beðið áðurgreinda nefnd að kanna möguleika á að koma upp sýningu barnateikninga í stað þeirrar, sem ekki tókst að koma af stað.

Um aðrar kynningar í skólum er það helst, að Lúðvík Kristjánsson flutti erindi um Jón Sigurðsson forseta, Skólahljómsveit Kópavogs sá um kynningu á hljóðfærum lúðrasveita og leik þeirra. Pétur Pétursson sagði frá heimsókn Gaimards til Íslands um miðja síðustu öld og sýndi teikningar. Skólahljómsveitin og Pétur Pétursson hafa heimsótt á annan tug skóla á Reykjavíkursvæðinu.

Fjárveiting til listkynningar í skólum er kr. 400 000.00, sem ekki nægir til að unnt sé að skipuleggja listkynningar í öllum skólum landsins. Hefur ráðuneytið þó stuðlað að heimsóknum skólabarna til Reykjavíkur. Þeir hópar sem komið hafa eru m. a. frá Neskaupstað, N-Þingeyjarsýslu, Grímsey, Strandasýslu og Patreksfirði. Hafa börnunum verið sýnd söfn og farið í heimsóknir í Þjóðleikhúsið og Sjónvarpið og víðar. Einnig hafa listafélög skóla fengið fjárstuðning við listkynningastörf sín.

## Tónlistarskólar

Tónlistarskólar hafa starfað í tæp 50 ár hérlendis. Hafa þeir ávallt verið reknir sem einkaskólar eða sjálfseignarstofnanir.

Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla voru fyrst sett árið 1963. Þar var ákveðið, að ríkissjóður og viðkomandi sveitarfélög styrktu rekstur skólanna að ⅔ hlutum, en skólagjöld stæðu undir ⅓ hluta rekstrarkostnaðarins. Fjölgaði tónlistarskólum mjög á næstu árum. Hins vegar reyndist svo, að hlutur skólagjalda varð sífellt stærri, því að áætlanir um fjárstyrk frá ríki og sveitarfélögum voru gerðar hálfu ári áður en styrkárið hófst og gilti síðan án breytinga allt fjárhagsárið. Var því eina leiðin að hækka skólagjöld til að mæta stöðugt hækkandi rekstrarkostnaði og þá aðallega launum. Eru þess dæmi að skólagjöld þurftu að mæta 75% rekstrarkostnaðar.

Menntamálaráðuneytið skipaði árið 1973 nefnd til að kanna leiðir til úrbóta og gera tillögur um breytingu framangreindra laga. Nefndin samdi frumvarp til laga er lagt var fram á Alþingi árið 1974. Lögin voru samþykkt árið 1975.

Helstu breytingar urðu þær:

1) að styrkur ríkis og sveitarfélaga skal nema launum og launakostnaði kennara og skólastjóra skólanna, en sá hluti kostnaðar var um 80% af heildarrekstrarkostnaði.
2) Að sveitarfélög skyldu hafa vald til að hafna eða samþykkja stofnun tónlistarskóla, því að styrkur frá ríkissjóði er bundinn samþykki frá viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarfélög inna af hendi launagreiðslurnar, en ríkissjóður endurgreiðir 50% til þeirra.

Árangur varð strax sá, að tónlistarskólar losnuðu undan erfiðustu verðsveiflum á rekstri og skólagjöld þurftu ekki að standa undir jafnháu kostnaðarhlutfalli og áður. Sveitarfélög urðu virkari aðili að skólarekstrinum. Nú eru starfandi 45 tónlistarskólar á landinu á um 60 kennslustöðum. Nemendur eru yfir 5000, kennarar um 500.

Menntamálaráðuneytið hefur nýlega skipað nefnd til að skipuleggja og samræma störf og kennslu tónlistarskólanna í landinu. Á nefndin m. a. að semja námsskrár fyrir öll hljóðfæri, tónfræði, tónheyrn, hljómfræði, söng o. s. frv.

Æskilegt er að nemendur geti stundað hérlendis framhaldsnám í tónlist. Hæfir kennarar eru fyrir hendi. Að nema erlendis er langflestum óviðráðanlegt vegna kostnaðar.

Um framtíðarstefnu er það að segja að stefna þarf að sem nánustum tengslum tónlistarfræðslunnar og skólakerfis landsins. Tónlistarnám gæti eðli sínu samkvæmt skipst í grunnskólanám, framhaldsskólanám og háskólanám.

## Menntamálaráð Íslands og Menningarsjóður.

Hinn 1. september 1974 sátu í Menntamálaráði þeir er kjörnir voru af Alþingi árið 1971. Hinn 21. desember 1974 kaus Alþingi þá er nú sitja í Menntamálaráði en þeir eru: Kristján Benediktsson, Jón Sigurðsson, Baldvin Tryggvason, Matthías Jóhannessen og Björn Th. Björnsson. Á fyrsta fundi, er núverandi Menntamálaráð hélt hinn 22. janúar 1975, var Kristján Benediktsson kjörinn formaður, Baldvin Tryggvason varaformaður og Jón Sigurðsson ritari. Gils Guðmundsson er skipaður framkvæmdastjóri, en fékk launalaust leyfi frá störfum framkvæmdastjóra hinn 1. ágúst 1973. Þá tók Höskuldur Frímannsson við störfum hans og gengdi því þar til ritari Menntamálaráðs Jón Sigurðsson tók við störfum framkvæmdastjóra 1. apríl 1975, sem hann gengdi til 1. júní 1977, er Hrólfur Halldórsson tók við störfum hans og er hann settur til 1. júní 1978. Á meðan Jón var framkvæmdastjóri gengdi Áslaug Brynjólfsdóttir störfum ritara í Menntamálaráði. Á vegum Menningarsjóðs og Bókaútgáfu Menningarsjóðs voru á föstum launum árið 1974 8 starfsmenn, 1975 6 starfs-

menn, 1976 5 starfsmenn og 1977 4 starfsmenn og er svo í dag. Auk þess hefur lausráðið starfsfólk verið fengið til starfa á mestu annatímum bókaútgáfunnar.

Samkvæmt fjárhagsáætlunum Menningarsjóðs voru gjöld og tekjur eins og hér á eftir greinir.

| | Tekjur: | Gjöld: |
|---|---|---|
| 1974 | 9 820 000 | 9 820 000 |
| 1975 | 11 520 000 | 11 520 000 |
| 1976 | 16 754 000 | 16 754 000 |
| 1977 | 22 600 000 | 22 600 000 |
| áætlun 1978 | 30 800 000 | 30 800 000 |

Tekjur og gjöld Bókaútgáfu Menningarsjóðs

| | Tekjur: | Gjöld: |
|---|---|---|
| 1975 | 26 345 000 | 25 310 000 |
| 1976 | 32 496 000 | 30 707 000 |
| 1977 | 55 127 000 | 51 990 000 |

Árið 1974 veitti Menningarsjóður samtals kr. 4 660 000 í styrki, er skiptast þannig: Kr. 960 000 í dvalarstyrki til listamanna, kr. 400 000 til tónlistarstarfsemi, kr. 700 000 í list um landið, kr. 1 000 000 til kvikmyndagerðar, kr. 800 000 til annars menningarstarfs og kr. 800 000 til vísinda og fræðimanna.

Árið 1975 veitti Menningarsjóður samtals kr. 4 560 000.00 er skiptast þannig: Kr. 960 000.00 í dvalarstyrki til listamanna, kr. 500 000.00 til tónlistarstarfsemi, kr. 1 000 000.00 til kvikmyndagerðar, kr. 1 300 000.00 til annars menningarstarfs og kr. 800 000.00 til vísinda og fræðimanna.

Árið 1976 veitti Menningarsjóður samtals kr. 4 900 000.00 er skiptast þannig: Kr. 1 200 000.00 í dvalarstyrki til listamanna, kr. 500 000.00 til tónlistarstarfsemi, kr. 1 000 000.00 til kvikmyndagerðar, kr. 1 400 000.00 til annars menningarstarfs og kr. 800 000.00 til vísinda og fræðimanna.

Árið 1977 veitti Menningarsjóður samtals kr. 6 010 000.00 er skiptast þannig: Kr. 1 600 000.00 í dvalarstyrki til listamanna, kr. 600 000.00 til tónlistarstarfsemi, kr. 1 500 000.00 til kvikmyndagerðar, kr. 1 510 000.00 til annars menningarstarfs og kr. 800 000.00 til vísinda og fræðimanna.

Fjöldi útgáfubóka Bókaútgáfu Menningarsjóðs og Hins íslenska þjóðvinafélags var árið 1974 14 bækur, 1975 10 bækur, 1976 13 bækur og 1977 12 bækur. Auk þess sá Bókaútgáfa Menningarsjóðs um útgáfu bóka fyrir ýmsa aðila t. d. Háskóla Íslands, Stofnun Árna Magnússonar, Menntaskólann í Reykjavík. Öll dreifing á bókum fyrrnefndra stofnana fer í gegnum Bókaútgáfu Menningarsjóðs. Árið 1978 er gert ráð fyrir útgáfu 12—14 bóka, þar á meðal er Kortasaga Íslands seinna bindi, sem er stórt verkefni í íslenskri bókaútgáfu, einnig er verið að vinna að nýrri endurskoðaðri útgáfu íslenskrar orðabókar eftir Árna Böðvarsson.

### Náttúruverndarráð.

Náttúruverndarráð, sem kosið var á náttúruverndarþingi 1975, hefur lokið störfum, en nýtt ráð var kosið á þriðja Náttúruverndarþingi í aprílmánuði.

Á liðnu starfstímabili hefur verið unnið áfram að friðlýsingu svæða, gerð skrár um náttúruminjar og að ýmsum verkefnum í þjóðgörðum til verndar, svo og stuðnings við útivist og náttúruskoðun. Í Skaftafelli hefur þannig verið unnið að friðun, m. a. með girðingaframkvæmdum, svo og gerð gangstíga.

Í Jökulsárgljúfrum hefur verið unnið að skipulagningu á umferð og dvalarstöðum ferðamanna. Í tillögum er gert ráð fyrir akvegi í vesturjaðri þjóðgarðsins og aðaltjaldsvæði í Ásbyrgi. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á þessu ári við bæði þessi verkefni.

Reglugerð var sett samkvæmt lögum um Mývatn og Laxá, sbr. tillögur Náttúruverndarráðs og heimamanna. Unnið er að yfirliti um náttúrufar og minjar til að byggja á frekari verndun svæðisins. Rannsóknastöð er starfrækt við Mývatn.

Unnið hefur einnig verið að stefnumótun, aðgerðum til verndar, svo og stuðnings við útivist á fjölsóttum friðlöndum, svo sem á Hornströndum, í Vatnsfirði, við Herðubreið, í Hvannalindum, á Lónsöræfum, á Hveravöllum auk þess sem ráðið studdi hliðstæðar aðgerðir í Landmannalaugum, Þórsmörk og fleiri stöðum, þar sem formleg friðlýsing er væntanleg síðar.

Ráðið þá að gjöf ríflega landspildu við Hvítárgljúfur, frá Gullfossi að Brattholti, og lét girða hana.

Eftirtalin 20 svæði voru friðlýst á starfstímabilinu:

Lónsöræfi, Esjufjöll í Breiðamerkurjökli, Kringilsárrani, Vestmannsvatn, Búðahraun, Ástjörn við Hafnarfjörð, Helgustaðanáma, Díma í Lóni, Askja í Dyngjufjöllum, Reykjanesfólkvangur, Dyrhólaey, Flatey á Breiðafirði, Salthöfði í Öræfum, Miklavatn í Skagafirði, Hrísey í A.-Barð., Kattarauga, Teigarhorn, Háalda í Öræfum, Hrútey í Blöndu, Álfaborg í Bakkagerði.

Þá hefur ráðið samþykkt 2. útgáfu náttúruminjaskrár, og eru á henni 150 svæði, sem ráðið telur að vernda þurfi. Náttúruverndarráð hefur á grundvelli 29. greinar náttúruverndarlaga fylgst náið með mannvirkjagerð í landinu. Samstarfsnefndir starfa að vegagerðamálum í öllum landshlutum. Þá er starfandi samstarfsnefnd Náttúruverndarráðs og Iðnaðarráðuneytis um orkumál, en svonefnd verkefnisráð hafa verið sett á fót þar sem rannsókn hefur reynst þörf við einstakar virkjanir eða verksmiðjur. Unnið er að yfirliti um vatna- og jarðhitasvæði landsins og vernd þeirra, svo og að könnun á stöðum, sem henta til iðnrekstrar.

Unnið hefur verið að fræðslumálum, m. a. í samvinnu við áhugamannasamtök. Þá hefur ráðið starfað með Norðurlandaþjóðum og Evrópuráðinu að sameiginlegum viðfangsefnum. Sérstakt átak var gert til kynningar á votlendi og útilífi í samvinnu við áhugamannasamtök og stofnanir, sem láta sig þau mál varða.

Ísland gerðist aðili að alþjóðlegum sáttmála um votlendisvernd (Ramsar-sáttmálinn) og gekk hann í gildi fyrir Ísland í aprílmánuði.

Fjárveiting til Náttúruverndarráðs árið 1978 nemur 70.1 millj. kr.

## Fuglafriðun og fuglaveiðar.

Á undanförnum árum hafa ráðuneytinu öðru hverju borist ýmis tilmæli, einkum frá samtökum bænda, um að lög nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun yrðu endurskoðuð eða að sumum greinum laganna yrði breytt, svo að auðveldara yrði að fækka svokölluðum vargfuglum. Í lok janúarmánaðar 1977 skipaði ráðherra þriggja manna nefnd til að endurskoða lögin. Nefnd þessi hefur fyrir nokkru lokið við að semja frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun og afhent það ráðherra. Hann hefur þegar lagt það fyrir Alþingi það sem nú situr, 99. löggjafarþing, til kynningar.

## Friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

Sumarið og haustið 1975 var leyft að fella samtals 1100 hreindýr samkvæmt reglum sem ráðuneytið gaf þá út, en það gefur slíkar reglur út árlega.

Alls veiddust 725 dýr þetta ár.

Sumarið og haustið 1976 var leyft að veiða um 1200 hreindýr og voru þá veidd 1010 dýr. Sumarið 1977 var veiðikvótinn hækkaður verulega og var leyft að veiða 1555 dýr en þá veiddust samtals um 1000 dýr. 30 sveitarfélög höfðu þá aðild að hreindýraveiðum og er einn hreindýraeftirlitsmaður í hverjum hreppi.

Talning hreindýra hefur farið fram árlega um nokkurra ára skeið, þó ekki sumarið 1977.

Hafa talningarmenn áætlað dýrin um 4000 áður en veiðitíminn hefst, en talningin er framkvæmd þannig, að mestu leyti, að teknar eru ljósmyndir af dýrunum úr flugvél og síðan talið eftir þeim.

Almennt er talið að fækka þurfi hreindýrum þar sem gróður sé víða farinn að láta verulega á sjá bæði vegna beitar og traðks dýranna. Á undanförnum árum hefur verið sótt um fjárveitingu til Alþingis til vísindalegra rannsókna varðandi hreindýrastofninn, einkum þó vegna rannsókna á sumarhögum dýranna á hálendi Austurlands, svo sem vegna gróðurbreytinga eða gróðurskemmda. Fjárveiting hefur hins vegar ekki fengist.

## Dýravernd.

Dýraverndarnefnd hefur verið ráðuneytinu til ráðuneytis í dýraverndarmálum á þessu tímabili eins og áður og vinnur nú að endurskoðun laga um dýravernd.

## Æskulýðsmál.

Í lögum um æskulýðsmál nr. 24/1970 eru ákvæði um stofnun Æskulýðsráðs ríkisinc. Skal ráðið skipað fimm mönnum og jafnmörgum til vara og er skipunartími þess tvö ár.

Í upphafi markaði Æskulýðsráð ríkisins sér þá stefnu að reka ekki á eigin vegum umfangsmikla starfsemi, heldur leggja áherslu á að örva starfsemi þeirra aðila, er að æskulýðsmálum vinna, með því að hafa frumkvæði að beinum og óbeinum stuðningi hins opinbera við þá og stuðla að því að nánara samstarf takist með þeim.

Starf ráðsins hefur því beinst fyrst og fremst að upplýsinga- og gagnasöfnun um æskulýðsmál; fundum og ráðstefnum varðandi samstarf og samræmingu félagsstarfs í æskulýðsfélögum, skólum og á vegum sveitarfélaga; og síðast en ekki síst þjálfun og fræðslu leiðbeinenda og félagsforystufólks í æskulýðsstarfi.

Fastir fundir ráðsins hafa flestir farið fram í menntamálaráðuneytinu, og frá því í ágúst 1974 til apríl 1978 urðu þeir alls 65.

## Störf æskulýðsfulltrúa í menntamálaráðuneytinu.

Samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga um æskulýðsmál nr. 24/1970 skal menntamálaráðherra, að fengnm tillögum Æskulýðsráð ríkisins, ráða æskulýðsfulltrúa til 5 ára í senn. Skal fulltrúinn annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið og gegna öðrum þeim störfum að æskulýðsmálum, er ráðherra felur honum.

Hinn 1. september 1971 var Reynir G. Karlsson ráðinn æskulýðsfulltrúi og síðan endurráðinn, að fenginni tillögu Æskulýðsráðs ríkisins, hinn 1. september 1976 til næstu 5 ára.

Starf æskulýðsfulltrúa greinist, eins og áður segir, í tvo meginþætti, þ. e. umsjón og framkvæmd þeirra málefna, er Æskulýðsráð ríkisins lætur sig varða, og framkvæmd þeirra verkefna er menntamálaráðherra og ráðuneyti fela honum sérstaklega. Málefni þau, sem hér um ræðir, tengjast að sjálfsögðu á ýmsan hátt, en í frásögn þessari af starfi æskulýðsfulltrúa verður gengið út frá áðurnefndri skiptingu á starfi hans í framkvæmdastjórn fyrir Æskulýðsráð ríkisins og störf að æskulýðsmálum á vegum menntamálaráðuneytisins.

## Framkvæmdastjórn Æskulýðsráðs ríkisins.

Meðal helstu viðfangsefna, er Æskulýðsráð ríkisins fól æskulýðsfulltrúa að vinna að á þessu kjörtímabili, voru:

I. Undirbúningur fastra funda ráðsins, ritun fundargerða o. s. frv.

II. Undirbúningur og þátttaka í framkvæmd eftirfarandi funda og ráðstefna.

1. Ráðstefna um störf og stefnu Æskulýðsráðs ríkisins að Munaðarnesi 1.—2. mars 1975.

2. Ráðstefna um æskulýðsmál í samvinnu við æskulýðssamtök á Norðurlandi og Fjórðungssamband Norðlendinga að Laugum 21.—22. júní 1975.
3. Ráðstefna um störf og stefnu Æskulýðsráðs ríkisins í Ölfusborgum 24.—25. janúar 1976.
4. Fundur með fulltrúum landssamtaka æskulýðsfélaga í Tjarnarbúð, Reykjavík, 22. maí 1976.
5. Fundur með fulltrúum æskulýðsstarfs sveitarfélaga að Hótel Esju, Reykjavík, 30. apríl 1976.
6. Ráðstefna Norrænu æskulýðsráðanna að Hótel Sögu, Reykjavík, 12.—15. júní 1976.
7. Fundur um æskulýðsmál í Reykjavík og nærliggjandi sveitarfélögum að Hótel Loftleiðum 19. október 1976.
8. Fundur um bindindismál að Hótel Loftleiðum 1. febrúar 1977.
9. Ráðstefna um störf og stefnu Æskulýðsráðs ríkisins í Ölfusborgum 19. febr. 1977.
10. Fundur með fulltrúum landssamtaka æskulýðsfélaga í Tjarnarbúð, Reykjavík, 14. maí 1977.
11. Ráðstefna um æskulýðsmál að Núpi í Dýrafirði 11.—12. júní 1977.
12. Fundur um störf og stefnu Æskulýðsráðs ríkisins í Tryggvaskála, Selfossi, 14. janúar 1978.
13. Fundur með fulltrúum æskulýðsstarfs sveitarfélaga að Hótel Esju, Reykjavík, 4. febrúar 1978.
14. Fundir með fulltrúum Æskulýðsráðs Akureyrar og æskulýðssamtaka á Akureyri 10.—12. mars 1978.
15. Fundur með fulltrúum sveitarfélaga á Norðurlandi í bæjarstjórnarsalnum á Akureyri 12. mars 1978.

Á öllum þessum fundum og ráðstefnum flutti æskulýðsfulltrúi inngangserindi.

### III. Fræðslumál.

Æskulýðsráð ríkisins hefur frá upphafi lagt áherslu á fræðslu og þjálfun forystumanna og leiðbeinenda í æskulýðsstarfi.

Í samvinnu við æskulýðssamtökin hefur ráðið þannig stuðlað að yfirgripsmiklu átaki í fræðslumálum samtakanna og hefur sú starfsemi mælst vel fyrir og orðið víða til eflingar félagsstarfsemi, þá eru og ekki síður mikilvæg þau tengsl sem myndast hafa með æskulýðsráði og félagsforystufólki og skólamönnum víða um landið með tilliti til áframhaldandi samstarfs.

Fyrrgreind félagsmálanámskeið eru nú alls orðin 260 og þátttakendur 5600.

Meðal helstu verkefna æskulýðsfulltrúa hefur því verið að undirbúa og annast framkvæmd námskeiða fyrir leiðbeinendur og útgáfa námsefnis fyrir slík námskeið.

Á þessu kjörtímabili fól ráðið æskulýðsfulltrúa að vinna að eftirfarandi verkefnum varðandi þessi mál:

1. Ráðstefna um félagsmálafræðslu fyrir leiðbeinendur í félagsmálastarfi 21.—22. september 1974.
2. Námskeið fyrir leiðbeinendur á félagsmálanámskeiðum æskulýðssamtaka haldin:

   í Gagnfræðaskóla Akureyrar 25.—27. jan. 1975,
   í Gagnfræðaskólanum á Ísafirði 1.—3. nóv. 1975,
   að Flúðum í Árnessýslu 31. okt.—2. nóv. 1976,
   í Ármúlaskóla í Reykjavík 14.—15. nóv. 1976,
   í Ármúlaskóla í Reykjavík 21.—22. nóv. 1977.

3. Ráðstefna um námsefni framhaldsnámskeiða (félagsmálanámskeið II) að Laugarvatni 7.—9. apríl 1978.

4. Endurskoðun námsefnis fyrir félagsmálanámskeið I.
5. Söfnun gagna varðandi samningu námsefnis fyrir félagsmálanámskeið II.

**IV. Undirbúningur að gerð fjárlagatillagna Æskulýðsráðs ríkisins.**

Æskulýðsráð ríkisins hefur hlotið fjárveitingar á fjárlögum sem hér segir:

1972 kr. 700 000,00., 1973 kr. 1 000 000, 1974 kr. 1 800 000, 1975 kr. 2 400 000, 1976 kr. 2 400 000, 1977 kr. 4 100 000, 1978 kr. 5 500 000.

Þó að Æskulýðsráð ríkisins hafi frá upphafi lagt áherslu á frumkvæði æskulýðssamtaka í félagsstarfi ungs fólks og veitt öllu ráðstöfunarfé sínu beint eða óbeint til þeirra, verður það að sjálfsögðu forsenda þess að æskulýðsráð geti í framtíðinni sinnt hlutverki sínu, svo að við verði unað, að fjárveitingar til ráðsins verði verulega auknar.

**V. Erlendar ráðstefnur.**

Æskulýðsfulltrúi mætti fyrir hönd ráðsins á: Ráðstefnu Æskulýðsráða Norðurlanda í Osló 1.—3. júní 1975. Ráðstefnu Æskulýðsráðs Noregs í Osló 9.—11. maí 1976. Ráðstefnu um æskulýðsheimili í Helsingfors 16.—20. maí 1976.

Æskulýðsráð ríkisins átti einnig fulltrúa á: Ársfundi Dansk Ungdoms Fællesråd 22.—23. maí 1976. Ráðstefnu Æskulýðsráða Norðurlanda í Stokkhólmi 1.—3. júní 1977.

Tengsl Æskulýðsráðs ríkisins við samsvarandi aðila á Norðurlöndum eru mjög mikilvæg og hefur gagnsemi þeirra þegar komið greinilega fram, einkum er varðar fræðslu- og skipulagsmál.

**VI. Samning skýrslna um störf Æskulýðsráðs ríkisins.**

Við lok hvers starfstímabils Æskulýðsráðs hefur æskulýðsfulltrúa verið falið að semja starfsskýrslu ráðsins og liggja nú frammi þrjár slíkar skýrslur, þ. e. fyrir árin 1971—'73, 1972—'75 og 1975—'77.

**VII. Útgáfa fréttabréfs Æskulýðsráðs ríkisins.**

Gefin hafa verið út árlega að jafnaði tvö eintök af fréttabréfi ráðsins, og því dreift fyrst og fremst til stjórnvalda, fjölmiðla og æskulýðssamtaka.

**Störf á vegum menntamálaráðuneytisins.**

Helstu verkefni, er menntamálaráðuneytið fól æskulýðsfulltrúa að vinna að á þessu kjörtímabili, voru eftirfarandi:

**I. Félagsmálafræðsla.**

1. Útgáfa á leiðbeiningum við félagsstörf í skólum.
2. Útgáfa á leiðbeiningum fyrir byrjendur í félagsstörfum, sem ætlaðar eru til notkunar við félagsmálanámskeið í 6. bekk grunnskóla.
3. Umsjón með fræðslu um félags- og tómstundamál í Kennaraháskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands.
4. Undirbúningur og framkvæmd námskeiða í félagsstörfum fyrir kennara, en haldin hafa verið 9 slík námskeið í öllum landsfjórðungum.
5. Umsjón með fræðslufundum með kennurum er annast félagsstarfsemi í skólum og félagsmálafræðslu.

## II. Starf í nefndum.

Æskulýðsfulltrúi átti sæti í eftirtöldum nefndum á kjörtímabilinu:

1. Nefnd til að semja reglugerð um framkvæmd félagsmála í grunnskóla.
2. Nefnd til að velja námsefni og gera starfsáætlun að því er tekur til félagsmálafræðslu í skólum og félögum.
3. Nefnd til að athuga og gera tillögur um húsnæðisþörf fyrir félagsstörf nemenda í grunnskóla.
4. Norrænni nefnd, er hefur það verkefni að gera tillögur um úthlutun fjár frá Norræna menningarmálasjóðnum, til norræns samstarfs á sviði æskulýðsmála.
5. Stjórn Norrænu lýðfræðslustofnunarinnar í Kungälv í Svíþjóð.

## III. Athuganir og umsagnir varðandi ýmis æskulýðsmálefni sem berast ráðuneytinu.

## IV. Fundir um æskulýðsmál með sveitastjórnum, félögum og ýmsum samtökum.

Á kjörtímabilinu hefur æskulýðsfulltrúi flutt erindi á 34 slíkum fundum, þar sem einkum var fjallað um skipulag æskulýðsmála, samstarf félaga, skóla og sveitarstjórna í þessum málum og ýmsar tilraunir og nýjungar í æskulýðsstarfi.

## Helstu stefnumál Æskulýðsráðs ríkisins.

Auk þeirra atriða, er hér að framan greinir, varðandi nauðsyn á auknum fjárveitingum til ráðsins og eflingu leiðbeinendamenntunar, verða hér í lokakafla þessarar greinargerðar nefnd helstu stefnumál er æskulýðsráð telur rétt að höfð verði að leiðarljósi í æskulýðsmálum í náinni framtíð.

1. Æskulýðsráð ríkisins telur mjög brýnt að nánara samstarf megi takast með þeim aðilum, er að æskulýðsmálum vinna, og jafnframt að skýrari verkaskiptingu verði komið á í starfsemi þessara aðila þar sem því verður við komið.
2. Í skólum landsins skulu nemendur eiga þess kost að taka þátt í félagslegu starfi, og þar eiga þeir að hljóta sína fyrstu félagsmálafræðslu. Gera þarf skólanum kleift að rækja þetta hlutverk sitt svo vel að hann geti, í samvinnu við æskulýðssamtök, fullnægt félagslegri þörf barna og unglinga á skyldunámsaldri.
3. Skólinn á einnig að geta verið eins konar menningarmiðstöð í þeirri byggð þar sem hann stendur og standa öllum opinn, utan hins reglubundna námstíma, þannig að nýta megi húsnæði hans og aðra aðstöðu til félagsstarfa eldri og yngri.
4. Æskulýðsráð ríkisins telur að eigi hafi á það reynt að undanförnu hvort æskulýðssamtök séu þess umkomin að taka upp mun viðameira félagsstarf en þau hafa staðið fyrir til þessa, þar sem stuðningur opinberra aðila við þau hefur verið mjög naumur.
   Vill æskulýðsráð að stuðningur við þessi samtök verði stórefldur og er það sannfæring ráðsins að með auknu starfi félaganna muni miklu fleiri ungmenni finna sér ánægjuleg og þroskandi viðfangsefni í tómstundum en raunin hefur orðið til þessa.
5. Sveitastjórnir þurfa að styðja með öllum mætti það æskulýðsstarf er fram fer í félögum og skólum viðkomandi byggðarlags. Reynslan sýnir þó að einnig er nauðsylegt, einkum þó í þéttbýli, að huga að þeim sérstaklega, sem ekki fást til virkrar þátttöku í félagsstarfi skóla og æskulýðsfélaga, og er það meginhlutverk tómstundaráða, æskulýðsráða og nefnda, þar sem þau eru sett á stofn.

6. Þrátt fyrir allt félagsstarf með ungu fólki má það ekki gleymast að uppeldisskyldan hvílir fyrst og fremst á heimilunum og ber skólum, stofnunum, samtökum og einstaklingum, sem með börnum og ungmennum starfa, að hafa það hugfast og leitast við að styðja heimilin í þessu vandasama og þýðingarmikla starfi.
7. Þau atriði, sem hér að framan eru talin, eru engan veginn tæmandi upptalning þeirra verkefna í æskulýðs- og félagsmálum er vinna þarf að á næstunni, en þau eru meðal helstu viðfangsefna er Æskulýðsráð ríkisins hefur fjallað um á fundum sínum á þessu starfsári.

Önnur viðfangsefni hafa einnig verið ofarlega á baugi, svo sem nauðsyn á yfirgripsmiklu átaki í bindindismálum þjóðarinnar, og mætti telja það mál málanna í dag að öll þjóðin sameinaðist í þeirri baráttu, þar sem þeir hljóta að vera fáir, sem ekki gera sér grein fyrir því að rekja má upphaf flestra einstaklingsbundinna og félagslegra vandamála til misnotkunar áfengis.

## BARNAVERNDARRÁÐ ÍSLANDS

Barnaverndaráð hefur starfað frá 1. júlí 1932 og jafnan haft einhvern í þjónustu sinni. Fyrst dr. Símon Jóh. Ágústsson í tugi ára. Síðar var stofnuð skrifstofa sem opin er kl. 10—12 á virkum dögum.

Fundir ráðsins hafa verið um 30 árlega nú um skeið.

Margir tugir mála berast ráðinu á hverju ári.

Mörgum þeirra er þann veg háttað, að einn eða fleiri ráðsmenn verða að kynna sér heimili og aðstæður aðila af eigin sjón og ræða að sjálfsögðu jafnframt við aðstandendur. Flest þeirra varða deilur foreldra um yfirráð barna sinna, þegar skilnaður stendur fyrir dyrum, eða um óskilgetin börn er að ræða, og ekki bætir úr skák, ef móðir eða faðir eru erlendir ríkisborgarar. Lögmenn koma hér oft við sögu. Oftast hefur tekist að koma á sáttum, — að vísu ósjaldan eftir óæskilega langan tíma. Ef ekki, hefur reyndin orðið sú, að dómsmálaráðuneytið hefur að jafnaði staðfest álitsgjörð Barnaverndarráðs, ef til þess var leitað af hálfu aðstandenda.

Barnaverndarráð hefur umsjón með öllum barnaverndarnefndum landsins, einnig eftirlit með uppeldisstofnunum og barnaheimilum. Ráðið veitir stjórnarráðinu umsagnir um sumardvalarheimili og heimsækir þau árlega. Hefur það haft mikla þýðingu.

Heimtuð er skýrsla af öllum barnaverndarnefndum árlega og annað hvert ár gefur Barnaverndarráð út skýrslu af sinni hálfu.

Baranaverndarráð hefur að sjálfsögðu ætíð látið sig vandamál unglinga miklu varða. Til dæmis tvisvar staðið að fjölmennum ráðstefnum um ýmis barnaverndarmál.

Ennfremur leggur ráðið þeim mönnum lið, sem berjast gegn vín- og tóbaksnautn unglinga.

Formaður Barnaverndarráðs Íslands var skipaður formaður nefndar, sem menntamálaráðherra skipaði til að endurskoða barnaverndarlögin. Hún hefur nú lokið störfum.

### Skemmtanaskattur.

Á vegum ráðuneytisins hefur nefnd undir formennsku Björns tollstjóra Hermannssonar unnið að endurskoðun á núgildandi lögum um skemmtanaskatt. Nefndin hefur lokið störfum og samið frumvarp til nýrra laga um skemmtanaskatt. Frumvarpið hefur ekki enn verið lagt fram á Alþingi.

Ráðuneytið fjallar árlega um fjölmargar beiðnir um undanþágur frá greiðslu skemmtanaskatts.

Skemmtanaskattur er fyrst og fremst innheimtur af kvikmyndasýningum og dansleikjum. Hann rennur í félagsheimilasjóð, en 10% af honum til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Auk þess rennur sérstakt álagsgjald til menningarsjóðs. Skemmtanaskattstekjur á árinu 1977 voru rúmar 100 millj. kr.

## KVENFÉLAGASAMBAND ÍSLANDS.

Innan vébanda K. Í. eru rösklega 24 þúsund konur. Landsþing eru haldin annað hvert ár, formannafundir hitt árið. Ekki skulu taldar upp áskoranir og ályktanir, sem þessir fundir hafa sent til ýmissa aðila, fremur en þau tilmæli sem stjórn K. Í. beinir til yfirvalda og annarra. K. Í. er í fyrirsvari útávið fyrir kvenfélögin og fær því til umsagnar frumvörp, reglugerðir o. fl., en þeim umsögnum verður einnig sleppt í þessari skýrslu.

K. Í. er aðili að Húsmæðrasambandi Norðurlanda, skammst. N.H.F., sem í eru um 300 þúsund félagar, og Alþjóðasambandi sveitakvenna, skammst. A.C.W.W., sem í eru um 8 milljónir kvenna frá 76 löndum.

Leiðbeiningastöð húsmæðra hefur starfað óslitið á skrifstofu K. Í. þessi ár og veitt neytendum fræðslu um ýmislegt varðandi heimilishald, ekki síst innkaup á heimilistækjum. Ráðgjafarstarf þetta stendur öllum til boða endurgjaldslaust.

Tímaritið Húsfreyjan kemur út fjórum sinnum á ári og flytur margháttaðan fróðleik. Kaupendur eru tæp sex þúsund.

Fræðslurit, sem gefin hafa verið út á þessum árum, eru: Nútíma mataræði —, tvær útgáfur, Íslenskar útsaumsgerðir eftir Elsu E. Guðjónsson, Íslenskir þjóðbúningar — Upphlutur, í samvinnu við Þjóðbúninganefnd, Upphlutur telpna eftir Elsu E. Guðjónsson, Upphlutur nítjándu aldar eftir sömu. Í prentun er nú ritið Matur og hreinlæti.

Endurprentuð hafa verið: Frysting matvæla, Gerbakstur, Glóðarsteiking, Félagsmál og fundarstjórn, Námshringur í bókmenntum.

**1974:** Námskeið fyrir heimilisstofnendur haldið í Reykjavík. Þrjú námskeið í peysuprjóni í samvinnu við Verksmiðjuna Álafoss. 9 námskeið utan Reykjavíkur, sem ráðunautur Heimilisiðnaðarfélags Íslands hélt í samvinnu við K.Í., sem greiddi ferðakostnað í eitt sinn til hvers héraðssambands. Formaður K.Í. ritaði Norræna bréfið, sem er flutt í öllum aðildarfélögum N.H.F. Kosin undirbúningsnefnd fyrir hið alþjóðlega kvennaár í samvinnu við önnur kvennasamtök. K.Í. fékk fulltrúa í neytendamálanefnd viðskiptaráðuneytisins, en gengið var framhjá K.Í. í fyrstu við skipun nefndarinnar. Fulltrúi K.Í. er einnig í norrænu embættismannanefndinni um neytendamál og tengiliður íslensku nefndarinnar við hana. Samstarfsnefnd K.Í. og Búnaðarfélags Íslands til að fjalla um verðlagningu á heimaunnum prjónavörum var komið á fót. Óskað merkingar á íslenskri ull og á leirvörum sem geta verið hættulegar vegna blýinnihalds. Í samvinnu við Norræna húsið var farið með hluta af handíðasýningu Sama á 21 stað utan Reykjavíkur og hún sett upp á vegum kvenfélaga. Sendur fulltrúi á ráðstefnu í Noregi um stöðu kvenna í þróunarlöndunum. Þátttaka í þingi N.H.F. í Stokkhólmi.

**1975:** Fulltrúar sendir á þessar ráðstefnur: Um þátt almannasamtaka í fullorðinsfræðslu (Norræna menningarmálaskrifstofan), Danmörku. Um fullorðinsfræðslu (Danska menntamálaráðuneytið og Norræna menningarmálaskrifstofan), Danmörku. Stjórnarfundir N.H.F. og ráðstefna um stöðu húsmæðra á Norðurlöndum, í Osló. Ráðstefna með konum frá Vestur-Afríku, haldin á Höjstrupgård, Danmörku. Þá átti K.Í. 7 fulltrúa á námskeiði fyrir leiðbeinendur námshringa í Norræna húsinu. Undirbúin með öðrum hátíðahöld í tilefni hins alþjóðlega kvennaárs, — hátíðafundur, ráðstefna og sýningin Listiðja í dagsins önn, handíðasýning kvenna frá Grænlandi, Færeyjum, Álandseyjum, Íslandi og Sömum. Þetta var farandsýning og sá K.Í. um að setja hana upp á 4 stöðum utan Reykjavíkur og á tveimur stöðum á Grænlandi.

Formaður K.Í. var einn af fulltrúum ríkisstjórnarinnar á ráðstefnu S.Þ. í Mexíkó vegna kvennaársins. Menntamálaráðuneytið fól ráðunaut K.Í. að yfirfara allar teikningar af skólaeldhúsum, samkvæmt tilmælum K.Í. Námskeið voru haldin í Reykjavík í samvinnu við kaupmenn og verslunarmenn um meðferð ávaxta og grænmetis og fyrir afgreiðslufólk í vefnaðarvöruverslunum. Skipaður fulltrúi frá

K.Í. í nefndir til að endurskoða barnaverndarlögin og til að undirbúa teikningar af dagvistarstofnunum. Gerðar þýðingar á skýringum með skuggamyndaflokkum um alþjóðlega myndlist. Fulltrúi á Náttúruverndarþing. Formaður K.Í. hafði á hendi framkvæmdastjórn Kvennaheimilisins Hallveigarstaða árin 1974 og 1975.

1976: Tveir fulltrúar skipaðir í kvennaársnefnd. Sendir fulltrúar á þessar ráðstefnur: Í Finnlandi — um stöðu kvenna á Norðurlöndum í stefnumótandi stöðum, í Noregi — stjórnarfund N. H. F. og um verkefni Norðurlandadeildar A.C.W.W., í Danmörku — um áhrif byggðaþróunar á aðstöðu kvenna til mennta og starfa. Tekið skal fram, að allar þessar ferðir voru styrktar af erlendum aðilum. Fulltrúar sóttu námskeið um leiðsögn námshópa, sem Norska húsmæðrasambandið hélt í Kungälv í Svíþjóð.

Hafinn er undirbúningur að ritun og útgáfu sögu K.Í. og kvenfélaganna. Þing N.H.F. haldið í Reykjavík í fyrsta sinn. Umræðuefni: Matvælaauðlindir Norðurlanda og hagnýting þeirra. Röskl. 200 þátttakendur þar af 135 erlendir. K.Í. tók við formennsku í N.H.F. til fjögurra ára. Fulltrúi á Evrópuráðstefnu A.C.W.W. í London, var falið að flytja skýrslu frá fundinum í Noregi. Formaður hóf ferðir til sambandsfélaga til að stjórna félagsmálanámskeiðum og heldur því áfram síðan.

1977: Landsþing haldið að Laugum í Þingeyjarsýslu, hið fyrsta utan höfuðborgarsvæðisins. Þar var hafin umræða um stöðu barnsins í nútíma samfélagi, með hliðsjón af hinu alþjóðlega barnaári 1979. Rætt verður um sama málaflokk á þingi Evrópudeildar A.C.W.W. á Írlandi í vor og þingi N.H.F. í Noregi í haust. Fulltrúar í sumarorlof N.H.F. í Finnlandi. Tekið á móti 25 grænlenskum húsmæðrum, er dvöldu á Íslandi í viku á vegum félagskvenna K.Í. Heimsóknin verður endurgoldin á þessu sumri. Fulltrúi á alþjóðaþingi A.C.W.W. í Nairobi í Kenya, með styrk frá Aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Fulltrúi í nefnd Iðnþróunarstofnunarinnar til að gera staðlaðar merkingar á textílum.

1978: K.Í. tekur að sér rannsókn á endingu heimilistækja í samvinnu við Rannsóknarstofnun norska ríkisins um neytendamál. Könnunin send til þrjú þúsund heimila hérlendis og gerð samtímis á öllum Norðurlöndum. Komið upp með aðstoð Norræna hússins og fleiri sýningunni Börnin ug umhverfið, sem farið verður með út um land í vor.

Á þessum árum hafa ráðunautur og formaður K.Í. haldið um 20 erindi og sýnikennslu 40 sinnum og námskeið hjá félögum innan K.Í. Þar að auki hafa þær flutt erindi og tekið þátt í ráðstefnum fjölda annarra aðila sem fulltrúar K.Í.

Ráðunautur K.Í. er launaður eins og húsmæðrakennari, formaður fær 10 þúsund kr. á mánuði fyrir bókhald, bréfaskriftir og önnur störf á skrifstofu. Ríkisstyrkur til starfsemi K.Í. þessi ár hefur verið: 1974 1,7 millj., 1975 2.5 millj., 1976 2.5 millj., 1977 3 millj. og 1978 4 millj.

Tímaritið Húsfreyjan stendur undir kostnaði við afgreiðslu og innheimtu áskriftargjalda.

**Grunnskóli.**

Í skýrslu þeirri, sem menntamálaráðherra lagði fyrir Alþingi 12. apríl 1978 um framkvæmd grunnskólalaga og undirbúning undir níu ára skólaskyldu, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 63 frá 21. maí 1974, er gerð allítarleg grein fyrir þeim þætti í starfi menntamálaráðuneytisins og vísast til þeirrar skýrslu.

Eins og kunnugt er er það stefna ráðuneytisins að dreifa nokkuð verkefnum sínum varðandi grunnskóla til embætta fræðslustjóra, er stofnuð hafa verið í hverju hinna 8 kjördæma landsins. Hinsvegar hefur það valdið erfiðleikum, hve seint hefur gengið að fá fjárframlög til þess að gera embætti fræðslustjóra fær um að annast þau miklu viðfangsefni, sem grunnskólalög leggja þeim í hendur. Í grunnskólalögum er gert ráð fyrir skólafulltrúa á þéttbýlum stöðum, ef heimaaðilar æskja. Hafa ýmsir notfært sér þetta með góðum árangri.

Með grunnskólalöggjöfinni 1974 hefur verið mörkuð ný heildarstefna í skólamálum, sem endurmótun framhaldsskólastigsins, sem nú er unnið að, tekur mið af.

### Framhaldsskólastig.

Unnið hefur verið að því að undirbúa endurskipulagningu framhaldsskólastigsins. Hinn 21. nóv. 1974 skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að gera tillögur um breytta skipan náms á framhaldsskólastigi. Fyrir þann tíma höfðu lög og reglugerðir margra skóla verið tekin til endurskoðunar og ný löggjöf verið sett m. a. um viðskiptamenntun. Nefndir höfðu verið skipaðar til þess að fjalla um ýmsa þætti framhaldsskólans. Má þar nefna Verk- og tæknimenntunarnefnd sem skilaði í júlí 1971 ítarlegri greinargerð um verk- og tæknimenntun á Íslandi, Iðnfræðslulaganefnd sem skilaði tillögu um þróun verkmenntunar í desember 1975, nefnd sem endurskoðaði lög um hjúkrunarnám og skilaði tillögum í júlí 1976 og ýmsa starfshópa sem hafa undirbúið stofnun fjölbrautaskóla.

Með nefndarskipuninni 1974 var framhaldsskólastigið í heild tekið til endurskoðunar og var frumvarp til laga um framhaldsskóla kynnt á síðasta þingi jafnframt því sem það var sent fjölmörgum aðilum til umsagnar. Rúmlega 60 umsagnir hafa borist, sumar mjög ítarlegar og er nú búið að yfirfara og vinna úr öllum umsögnum. Jafnframt hafa verið haldnir fundir með ýmsum aðilum um málið. Hafa verið gerðar breytingar á frumvarpinu með hliðsjón af ábendingum sem þar koma fram. Í frumvarpinu er m.a. lagt til að komið verði á samræmdum framhaldsskóla og að sama regla gildi um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga án tillits til þess hver námsbrautin er. Frumvarpið hefur nú verið lagt fyrir Alþingi á ný.

## STÖRF AÐ SKÓLAÍÞRÓTTUM 1974—1978.

### Grunnskólar.

Um skólaíþróttir á þessu skólastigi vísast til kaflans skólaíþróttir bls. 75—76 í skýrslu menntamálaráðherra til Alþingis 1978 um framkvæmd grunnskólalaga.

Um bætta aðstöðu til íþróttaiðkana vísast til kaflans hér á eftir um íþróttasjóð þar sem greint er frá fjölda sundlauga og íþróttahúsa sem á tímabilinu voru tekin í noktun. Öll eru þessi mannvirki, nema íþróttahús Tennis- og Badmintonfélags Reykjavíkur, að öllu eða stórum hluta skólamannvirki.

Vert er að vekja athygli á tveimur sundlaugum sem verið hafa opnar en síðan yfirbyggðar. Önnur þessara er á Hellissandi og þar sem laugarsalur varð 10×20 m, var sett færanlegt gólf yfir laugarþróna, svo að unnt yrði að vetrarlagi að nota sundstaðinn sem leikfimihús. Er þetta 5. mannvirkið þessarar gerðar hérlendis. Hin sundlaugin er í Borgarnesi og var í ársbyrjun 1978 tekin í notkun yfirbyggð. Plastdúkslaugin sem starfrækt var í 6 ár við Flataskóla, Garðabæ, var flutt að íþróttahúsinu Ásgarður skömmu eftir að það tók til starfa og er notast við aðstöðu í íþróttahúsinu til fataskipta og baða. Í Búðardal var sett niður plastdúkslaug við félagsheimilið Dalabúð 1977 og notuð góð húsakynni í því til fataskipta og baða.

Um iðkun skólaíþrótta í félagsheimilum vísast til töflu um nýtingu félagsheimila í kaflanum hér á eftir um félagsheimilasjóð. Skólaíþróttir eru iðkaðar í 102 félagsheimilum (1977).

### Framhaldsskólar.

Taflan, sem birt er hér á eftir, á að greina frá ástandi því sem framhalds- og sérskólar búa við 1977 til iðkunar leikfimi og sunds.

|  |  | Leikfimi |  |  |  | Sund |  |  |  |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1976–'77: | Fj sk | Hafa sal | Leigja sal | Aðst laust | Ekki kennt (ófulln ) | Hafa laug | Leigja laug | Aðst laust | Ekki kennt (ófulln ) |
| Fjölbrautaskólar | 3 | 2 | 0 | 1 | 1 | 1 | 2 | 0 | 0 |
| Menntaskólar | 8 | 4 | 3 | 1 | 0(2) | 0 | 8 | 0 | 0(4) |
| Kennaraskólar | 3 | 2 | 0 | 1 | 1 | 0 | 2 | 1 | 1(2) |
| Sjómanna-, vélstjóra- og fiskvinnslusk | 9 | 0 | 4 | 5 | 5(9) | 0 | 4 | 5 | 0(9) |
| Bændaskólar | 3 | 2 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1(2) |
| Húsmæðraskólar | 9 | 0 | 4 | 5 | 5 | 1 | 6 | 2 | 2 |
| Iðn- og tækniskólar | 18 | 1 | 1 | 16 | 16 | 0 | 2 | 16 | 16 |
| Verslunarskólar | 2 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 |
| Skólar heilbrigðisstétta | 10 | 1 | 0 | 9 | 9 | 0 | 0 | 10 | 10 |
| Skólar afbrigðilegra barna | 8 | 2 | 0 | 6 | 6 | 3 | 3 | 2 | 2 |
| Myndlista- og handíðaskólar | 2 | 0 | 1 | 1 | 1(2) | 0 | 1 | 1 | 1(2) |
|  | 75 | 15 | 15 | 45 | 45(13) | 6 | 30 | 39 | 34(19) |

Í mars 1974 var gerð sams konar athugun.

Samanburður.

### I. Leikfimi.

1974 var leikfimi iðkuð í 33.3% skólanna.

1977 var leikfimi iðkuð í 40.0% skólanna en í 13 þeirra (af 30) var kennslustundafjöldi ófullnægjandi (ekki 3 á viku) eða nemendur fengu ekki leikfimi allir.

Athyglisvert er að aðeins 15 skólar af 75 hafa eigin sal. Hér er í flestum tilfellum um 100% ríkisskóla að ræða.

### II. Sund.

1974 var sund iðkað í 42.7% framhalds- og sérskóla.

1977 var sund iðkað í 36 skólum af 75 eða í 48%. Sunds nutu þó eigi allir nemendur í 19 þessara 36 skóla.

Af þessum yfirlitum má ljóst vera að ástandi íþróttaiðkana er mjög ábótavant og að hægt gengur að bæta aðstöðu þessara skóla.

Á þessu tímabili tóku 4 menntaskólanna að gefa nemendum tækifæri til þess að nema íþróttafræði sem valgrein. Menntaskólinn í Reykjavík hóf þessa kennslu 1973. Við kennsluna var stuðst við námsefni, sem fræðslunefnd ÍSÍ hafði látið semja.

Enn hefur eigi verið samin námskrá í íþróttum fyrir framhaldsskóla. Aðkallandi er nú þegar reynsla er að fást af námskrá í 4.—6. bekk grunnskóla að semja námskrá og kennsluleiðbeiningar fyrir framhaldsskóla.

Skíðaiðkanir framhaldsskólanna hafa eigi verið eins almennar og í grunnskólum. Þar eru skíðaiðkanir að verða almennar í 6.—9. bekk.

Í fjárlögum hefur verið veitt fé í þessu skyni en sú upphæð hefur hvorki fylgt verðlagsbreytingum né fjölgun iðkenda.

Styrkir til skíðakennslu í skólum í fjárlögum:

| | |
|---|---|
| 1974 | 500 þús kr |
| 1975 | 500 þús kr |
| 1976 | 700 þús kr |
| 1977 | 1 000 þús kr |
| 1978 | 1 000 þús kr |

Framkvæmd sundskyldu (varðar bæði skólastigin):

| | Heildarkostnaður bæjar og sveitarfélaga | Hlutdeild ríkissjóðs | % hlutdeildar | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|---|---|
| 1974 ........................ | 60,1 millj kr | 27,2 millj kr | 45,2 | 32 679 |
| 1975 ........................ | 82,4 millj kr | 34,3 millj kr | 41,6 | 31 212 |
| 1976 ........................ | 105,1 millj kr | 45,1 millj kr | 42,6 | 31 647 |
| 1977 er ekki að fullu uppgert | | | | |

Ofangreindur kostnaður varðar sundkennslu sem ekki fer fram í sundlaug sem er hluti skóla og kennsla innt af höndum af föstum kennurum viðkomandi skóla. Eigi hefur verið unnið yfirlit um kostnað tengdan þessari kennslu úr rekstrarkostnaði skólanna.

**Útgáfa leiðbeininga.**

Skokkbrautin (þýðandi Hilmar Björnsson) 1975.

Leiðbeiningar fyrir þá sem vilja skokka sér til heilsubótar (þýtt úr norsku af Birni Magnússyni) 1975.

Mælingar og próf (Jóhannes Sæmundsson) 1975.

Leikfimi fyrir 1.—4. bekk grunnskóla (Páll Ólafsson) 1975.

Líkamleg próf í skólum (þýðandi Jóhannes Sæmundsson) 1975.

Áætlanagerð íþróttakennslu (Jóhannes Sæmundsson) 1975.

Smáleikir fyrir 1.—4. bekk grunnskóla (Þórey Guðmundsdóttir) 1975.

Undirstöðuatriði í körfuknattleik (Anton Bjarnason) 1976.

Safn leiðbeininga um fimleika (Þorkell Steinar Ellertsson, Páll Ólafsson og Þórir Kjartansson) 1977.

Þjálffræði I (Fræðslunefnd ÍSÍ) 1977.

Þjálffræði II (Fræðslunefnd ÍSÍ) 1977.

Íþróttasálarfræði (Fræðslunefnd ÍSÍ) 1977.

Kennslufræði (Fræðslunefnd ÍSÍ) 1977.

Hreyfingafræði (Fræðslunefnd ÍSÍ) 1977.

Námsmat (aðalhöfundur dr. Ingimar Jónsson; starfshópur Guðrún Nielsen, Guðmundur Harðarson, Þórhallur Runólfsson, Þorsteinn Einarsson, Regína Guðlaugsd.) 1977.

Íþróttakennsla í 4.—6. bekk grunnskóla (kennsluleiðbeiningar) (starfshópur aðalhöfundur dr. Ingimar Jónsson) 1977.

Kennsluáætlanir í sundi ásamt skýringum fyrir 4., 5. og 6. bekk grunnskóla (Guðmundur Harðarson) 1977.

Handknattleikur (þýðandi Hilmar Björnsson) 1975.

Fimleikar í 1.—4. bekk grunnskóla (Páll Ólafsson og Þórir Kjartansson) 1975.

Fimleikar — stökk í 5.—9. bekk grunnskóla (Páll Ólafsson og Þórir Kjartansson) 1976.

Mælingar á líkamsfari skólanemenda (þýtt og staðfært úr norsku af Jóhannesi Sæmundssyni) 1975.

Niðurstöður könnunar á líkamsfari ísl. grunnskólanemenda 1976 (Jóhannes Sæmundsson 1978.

Frjálsar íþróttir í 1.—4. bekk grunnskóla (Guðm. Þórarinsson) 1975.

Körfuknattleikur í 4. bekk grunnskóla (Einar Ólafsson) 1975.

Um skipulagningu íþróttakennslu (dr. Ingimar Jónsson) 1975.

Kynning á Minna-Blaki (Guðm. Stefánsson og Júlíus Arnarson) 1975.

Sund í 1.—4. bekk grunnskóla — bringu-, bak-, kaf-, skrið- og bakskriðsund og stunga (Hörður Óskarsson og Guðm. Harðarson) 1975.

Leiðbeiningar um frjálsar íþróttir (Guðm. Þórarinsson) 1978.
Iðkun glímunnar (Þorsteinn Einarsson) 1977.
B-námsefni í skíðagöngu (þýtt úr norsku af Emil Björnssyni) 1977.
Um viðhald og endurbætur gras- og malarvalla (Þorsteinn Einarsson og Björn Kristófersson) 1973 og '75.
Gerð sundlauga (Þorsteinn Einarsson) 1976.
Gerð íþróttahúsa (Þorsteinn Einarsson) 1976.
Byrjunarkennsla í sundi (Leiðbeiningar um sundkennslu) (Guðmundur Harðarson) 1976.
Skautasvell (þýtt úr sænsku af Ritverk hf.) 1973.
Sundþjálfun, námsefni 1. stigs (Guðm. Harðarson) 1978.
Líffræði, lífeðlisfræði og slysahjálp (þýð. Karl Guðmundsson) 1978.
Endurskoðun námsefnis og kennslu í íþróttum í grunnskóla (nefndarálit) 1975.

## Íþróttakennaraskóli Íslands.

Íþróttakennaraskóli Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 65/1972.

Fastráðnir kennarar skólans hafa kennsluskyldu við hina fjóra ríkisskólana á Laugarvatni. Auk þessara kennara störfuðu nokkrir stundakennarar og námskeiðskennarar við skólann.

Aðsókn að skólanum hefur verið mikil og farið vaxandi. Rúmlega 70 umsóknir um skólavist bárust. En eigi var unnt að veita skólavist nema 14 stúlkum og 16 piltum. Er þetta annar nemendahópurinn, sem tekinn hefur verið í skólann eftir að hann var gerður að tveggja ára skóla. Nemendur eru aðeins teknir í skólann annað hvert ár.

Skipting nemenda á kjördæmi landsins var sem hér segir:

Skipting nemenda á kjördæmi landsins var sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 | nemendur |
| Reykjanes | 4 | — |
| Vesturland | 6 | — |
| Vestfirðir | 0 | — |
| Norðurland-vestra | 2 | — |
| Norðurland-eystra | 3 | — |
| Austurland | 2 | — |
| Suðurland | 3 | — |

Aðsókn að skólanum 1976 var meiri en nokkru sinni áður. Rösklega 100 umsóknir bárust. Skólavist hlutu 34 umsækjendur, 17 stúlkur og 17 piltar. 32 nemendur búa í heimavist skólans og 2 eiga heimili á Laugarvatni.

Skipting nemenda á kjördæmi landsins var sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | 9 | nemendur |
| Reykjanes | 2 | — |
| Vesturland | 2 | — |
| Vestfirðir | 3 | — |
| Norðurland-vestra | 4 | — |
| Norðurland-eystra | 2 | — |
| Austurland | 4 | — |
| Suðurland | 8 | — |

Árlega hefur verið efnt til námskeiða fyrir íþróttakennara í samvinnu við endurmenntunardeild KHÍ, Íþróttakennarafélag Íslands og íþróttafulltrúa ríkisins. Á námskeiðum þessum hefur hin nýja námskrá í íþróttum fyrir grunnskóla verið kynnt.

Á sumrin hefur Íþróttasamband Íslands starfrækt sumarbúðir fyrir íþróttafólk í húsakynnum skólans.

Á tímabilinu 1974—1978 hafa framkvæmdir á vegum ÍKÍ verið þær helstar, að hlaðið framan við heimavistarhús skólans hefur verið malbikað og íþróttavöllur 27×40 m. verið malbikaður og undir malbikið voru lögð plaströr, sem tengja má við hitakerfi staðarins svo snjó og ís á ekki að festa á vellinum.

Nokkuð hefur verið unnið við hönnun mannvirkja fyrir skólann, þ. e. a. s. íþróttahúss, sundlaugar, kennslustofubyggingar og íbúða fyrir kennara.

## Íþróttasjóður.

Íþróttanefnd ríkisins var 1974 þannig skipuð:

Valdimar Örnólfsson, formaður, Daníel Ágústínusson, gjaldkeri og Sveinn Björnsson, en í ársbyrjun 1975 var nefndin skipuð að nýju og kom þá frá UMFÍ inn Gunnar Sveinsson fyrir Daníel Ágústínusson.

Sjóðurinn hafði um lengri tíma búið við litlar fjárveitingar í fjárlögum. Árið 1972 var hagur sjóðsins sá að skuldir námu 82.2 millj.kr. Við gerð fjárlaga 1972 var samþykkt að féllust eigendur þeirra á að gefa eftir 20% af skuldum sjóðsins skyldu eftirstöðvar greiðast á 4 árum.

Á tímabilinu lauk sjóðurinn þessum greiðslum. Með samþykkt fjárlaga fyrir árið 1973 hófust nýir starfshættir sjóðsins í samræmi við breytingu á íþróttalögum nr. 34/1972. Voru þá samþykkt í fjárlög 32 íþróttamannvirki og veittar til þeirra 3.1 millj. kr., en hlutdeild sjóðsins greiðist á 4 árum eða 15.0 millj.kr. á ári. Til þessara mannvirkja voru veittar 18.0 millj.kr. í fjárlögum 1974 en samt nægði þessi upphæð eigi til þess að halda í við verðbólguna.

Í fjárlögum 1978 er fjöldi íþróttamannvirkja sem samþykkt hafa verið í fjárlögum:

| | |
|---|---|
| A fl (frá '73) ......... | 29 |
| B fl (frá '74) ......... | 47 |
| C fl (frá '75) ......... | 29 |
| D fl (frá '76) ......... | 59 |
| E fl (frá '77) ......... | 24 |
| F fl (frá '78) ......... | 32 ný mannvirki samþykkt í fyrsta sinn |
| Alls | 220 íþróttamannvirki |

Hagur sjóðsins gagnvart eigendum þessara 220 íþróttamannvirkja 1. janúar 1978:

| | Eftirstöðvar fyrir afgr fjárlaga '78 í des 1977 | Fjárveitingar 1978 | Skuldir 1/1 1978 | Fjöldi greiðslna eftir |
|---|---|---|---|---|
| A fl ................ | 80,4 millj kr | 50 001 þús kr | 30 399 þús kr | (1) |
| B fl ................ | 105,3 millj kr | 57 543 þús kr | 47 757 þús kr | (1) |
| C fl ................ | 139,2 millj kr | 47 577 þús kr | 91 623 þús kr | 1 |
| D fl ................ | 391,1 millj kr. | 71 942 þús. kr. | 319 158 þús. kr. | 2 |
| E fl ................ | 70,1 millj. kr. | 17 052 þús. kr. | 53 048 þús. kr. | 3 |
| F fl ................ | 144,8 millj. kr. | 3 525 þús. kr. | 141 275 þús. kr. | 4 |
| Samtals | 930,0 millj. kr. | 247 640 þús. kr. | 683 260 þús. kr. | |

Ætti að standa við ársgreiðslur í fjárlögum 1979 þyrfti fjárveiting að nema 382.1 millj.kr. miðað við verðlag í nóv. 1977.

Þar sem viðmiðunarreglur nr. 159/1969 eru þröngar hvað varðar stærðir íþróttahúsa við skóla, þá bíða 14 stór íþróttahús og ein sundlaug ákvarðana annaðhvort um hærri hlutdeild ríkissjóðs í þeim sem skóla- og miðsvæðishúsa eða hlutdeildar ríkissjóðs í þeim frá íþróttasjóði.

Á þessu tímabili hefur einkum verið sótt um styrki til golfvalla, skíðalyftna, snjótroðara, vallarhúsa, sundlauga úr mjúku plasti og stórra íþróttatækja (t. d. fimleikatækja, júdódýna). Ný íþróttamannvirki eru einnig þrekþjálfunarstöðvar með baðstofum og setlaugum — og bátanaust fyrir segl- og róðrabáta.

Á tímabilinu 1974—1978 fékk íþróttanefnd hingað sérfræðinga í gerð íþróttamannvirkja. Þeir voru: Odd Ingebrektssen frá Noregi vegna skipulags skíðasvæða og Eyvind Thorson frá Danmörku vegna lagningar grasvalla.

Íþróttafulltrúi sótti námskeið og sýningar á Norðurlöndum og Vestur-Þýskalandi um gerð íþróttamannvirkja.

Íþróttanefnd ríkisins lét gera að vor- og haustlagi rannsókn á ástandi grasvalla og á grundvelli þeirra gefa leiðbeiningar um hirðingu og endurbætur.

Íþróttanefnd hefur í samvinnu við ÍSÍ og UMFÍ starfrækt íþróttagetraunir. Reikningsárið 1973/1974:

| | | |
|---|---|---|
| Greiddir vinningar | kr 17 292 087 | |
| Greidd sölulaun | — 8 646 043 | (framtak íþróttafélaga) |
| Greitt héraðssamb | — 1 037 525 | |
| Greitt KSÍ | — 475 000 | |
| Greitt í varasjóð og afskriftir | — 280 703 | |
| Reksturskostnaður | — 6 092 490 | |
| Tekjuafgangur | — 1 001 485 | |
| Alls | kr 34 825 335 | |

Reikningsárið 1974/1975 varð tekjuafgangur kr. 1 082 314.

Þrátt fyrir hækkun söluverðs raða hélt sú hækkun eigi í við verðbólgu þannig að kostnaðarliðir hækkuðu svo að reikningsárið 1975/1976 varð slétt (tekjur og gjöld stóðu í járnum).

1976/1977 varð rekstrarhalli kr. 414 205.

Yfirstandandi reikningsár virðist ætla að gefa betri útkomu.

Starfræksla getrauna er fyrst og fremst til tekjuöflunar fyrir íþróttafélögin, sem annast sölu getraunaseðla af mikilli eljusemi og afla sér árlega 8.0—9.0 millj.kr. tekna. Á tímabilinu kom til athugunar starfræksla talnagetrauna og var í því sambandi leitað til Finna sem starfrækja slíkar slíkar ásamt íþróttagetraunum og hvort tveggja gefur góðar tekjur.

Á tímabilinu hafa bæst við íþróttamannvirki sem hér greinir:

| | | |
|---|---|---|
| Sundlaugar | 20 | |
| Íþróttahús | 18 | |
| Vallarhús | 4 | |
| Grasvellir | 4 | |
| Malarvellir | 20 | |
| Golfvellir | 6 | |
| Skíðaskálar | 4 | (tveir endurbyggðir) |
| Skíðatroðarar | 4 | |
| Skíðalyftur | 14 | |

Í sambandi við þessi mannvirki hafa komið til ýmis ný efni t. d. gerviefni á gólf í stað viðar, polyuritanblöndur með kvartskornum á gólf í búnings- og baðherbergjum í stað flísa — og í gerð íþróttahúsa svo þau henti betur almenningi og skólanemendum við iðkun knattleikja.

Við gerð íþróttavalla ryður sér til rúms notkun gervi- eða gúmmíefna á hlaupa- og stökkbrautir svo og á leikvelli við skóla. Ákveðið hefur verið að leggja gúmmí- og gerviefnablönduna Buktan á brautir nýja frjálsíþróttavallarins í Laugardal.

Gras er viðkvæmt fyrir sífelldu stappi og hlaupum íþróttaiðkenda og skaðaverkunum frosts og regns. Reynt er því að finna ráð til þess að viðhalda vaxtarmætti grass og vernda það gegn hitabreytingum eða mikilli vætu. Ráðin eru mörg. Eftir erlendri reynslu hafa verið lagðar hér hitaleiðslur (vatnshitun) í grassvörð vallar í Kópavogi og einnig komið fyrir plastábreiðu til verndar gegn skaðaverkunum frosts og regns.

Tilraunir hafa verið gerðar með plastábreiður án undirhitunar t. d. á Akureyri og hefur verið fylgt forsögnum frá Noregi. Ennfremur er fylgst vel með árangri af nýtingu gervigrasvalla í Tromsö í Noregi og Gautaborg í Svíþjóð. Án efa kemur að því að farið verður að nota slík gerviefni hér.

Á vegum menntamálaráðuneytisins og íþróttanefndar ríkisins hefur íþróttafulltrúi tekið þátt í þessum ráðstefnum:

Innan Evrópuráðsins, íþróttanefnd (CDS): 1974 (Þ. E.); 1975 og 1976 (Þ. E. ásamt Gísla Halldórssyni og Hafsteini Þorvaldssyni).

Á vegum menntamálaráðherra Norðurlanda var stofnuð íþróttanefnd 1977. Hún hefur haldið fundi sem Þ. E. hefur sótt: í okt. og des. 1977 (K.höfn), í febr. (Osló), í mars (Stokkhólmur). Fyrirhugaðir fundir í maí (Helsinki) og júní (Rvík).

Íþróttaþing Evrópuþjóða. Fyrst haldið í Vín 1973 (Þ. E. ásamt Hannesi Þ. Sigurðssyni og dr. Ingimar Jónssyni). 1975 í Dresden mætti Hannes Þ. Sigurðsson. 1977 í Kaupmannahöfn (Þ. E. ásamt Gísla Halldórssyni, Gunnl. J. Briem og Hannesi Þ. Sigurðssyni).

Námskeið og vörusýning IAKS í Köln: 1975 og 1977.

Norrænir fundir um íþróttamannvirki: 1974 í Oslo; 1975 í Reykjavík, 1976 í Kaupmannahöfn og Vejle og 1977 í Stokkhólmi í sambandi við Fritid '77 sem þar fór fram á vegum Sænska sveitarstjórnarsambandsins. (Þ. E., Ölvir Karlsson þátt. í öllum en Stefán Kristjánsson og Hermann Sigtryggsson með í Stokkhólmi).

Fundir íþróttafulltrúa Norðurlanda: 1977 í Osló. Þ. E. gat eigi sótt fund í K.höfn 1976. Árin 1975 og 1974 féllu fundir niður.

### Athugun á stöðu og þýðingu íþrótta.

Síðla árs 1974 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd, sem skyldi athuga stöðu og þýðingu íþrótta á Íslandi.

Í nefndina voru skipaðir: Þorsteinn Einarsson, formaður, Gísli Halldórsson, Jón Ásgeirsson, Hafsteinn Þorvaldsson og Magnús Guðjónsson.

Nefndin hefur haldið nokkra fundi og safnað hefur verið ýmsum upplýsingum. Forseti ÍSÍ, Gísli Halldórsson, hefur t. d. lagt fram safn gagna.

Er Jón Ásgeirsson hvarf að störfum til Kanada sagði hann sig úr nefndinni. Ekki hefur verið skipað í nefndina í hans stað.

Nefndin hefur eigi lokið störfum.

### Íþróttasamband Íslands.

Íþróttanefnd ríkisins hefur árlega veitt fé úr íþróttasjóði til styrktar íþróttakennslu í íþrótta- og ungmennafélögum og samtökum þeirra. Í samvinnu við ÍSÍ og UMFÍ hefur því verið unnið úr kennsluskýrslum félaganna og sérsambanda ÍSÍ.

## Fé það sem farið hefur frá íþróttasjóði til ÍSÍ á þessu tímabili er:

1974 — kr 2 250 000 upp í kostnað við kennslu 1973
1975 — kr 4 042 600 upp í kostnað við kennslu 1974
1976 — kr 5 676 000 upp í kostnað við kennslu 1975
1977 — kr 9 483 000 upp í kostnað við kennslu 1976
1978 — (er í vinnslu) 1977

**Iðkendafjöldi:**

1973 alls 48 375 eða 22,8% íbúanna
1976 alls 57 393 eða 26,0% íbúanna

1973 eru 15 861 utan kaupstaða eða 24,6% íbúanna
1976 eru 16 628 utan kaupstaða eða 27,4% íbúanna

1973 eru 32 514 í kaupstöðum eða 22,1% íbúanna
1976 eru 40 765 í kaupstöðum eða 26,5% íbúanna

## Af þessum tölum má sjá að um verulega aukningu er að ræða.

## Þær íþróttir sem iðkaðar eru á tímabilinu:

| | | 1973 | 1976 |
|---|---|---|---|
| 1 | Badminton | 2 655 | 2 936 |
| 2 | Blak | 855 | 1 974 |
| 3 | Borðtennis | 970 | 1 681 |
| 4 | Fimleikar | 2 068 | 3 151 |
| 5 | Frjálsar íþróttir | 5 198 | 6 331 |
| 6 | Glíma | 485 | 489 |
| 7 | Golf | 1 200 | 1 047 |
| 8 | Handknattleikur | 7 324 | 8 858 |
| 9 | Júdó | 562 | 687 |
| 10 | Kastíþróttir m/línu | 0 | 71 |
| 11 | Knattspyrna | 12 665 | 14 239 |
| 12 | Körfuknattleikur | 3 010 | 3 253 |
| 13 | Lyftingar | 489 | 440 |
| 14 | Róður | 44 | 151 |
| 15 | Siglingar | 48 | 208 |
| 16 | Skautaíþróttir | 476 | 661 |
| 17 | Skíðaíþróttir | 5 916 | 6 514 |
| 18 | Skotfimi | 531 | 546 |
| 19 | Sund | 3 889 | 4 128 |
| | Íþróttir sem ekki eru stöðugt iðkaðar | 0 | 28 |
| | | 48 375 | 57 393 |
| | Í stjórnum og nefndum | 2 308 | 3 682 |
| | | 50 683 | 61 075 |

## Framlögð vinna kennara, þjálfara og leiðbeinenda:

| Kennsludagsverk | 1973 | 1976 |
|---|---|---|
| Gefin | 10 871 | 16 786 |
| Keypt | 8 689 | 13 667 |
| Kennsludagsverk alls | 19 560 | 30 453 |

Kostnaður hins íþróttalega starfs:

| | 1973 millj. kr. | 1976 millj. kr. |
|---|---|---|
| Keypt kennsla | 16,2 | 57,1 |
| Gefin kennsla | 20,2 | 69,1 |
| Leiga og rekstur | 36,9 | 181,7 |
| Íþróttaleg viðskipti | 22,6 | 102,3 |
| Alls | 95,9 | 410,2 |

Fjárveitingar í fjárlögum:

| | | Til sérverkefna |
|---|---|---|
| 1973 | 7,1 millj. kr. | 0,05 millj. kr. |
| 1974 | 9,6 millj. kr. | 0,15 millj. kr. |
| 1975 | 16,7 millj. kr. | 1,3 millj. kr. |
| 1976 | 20,0 millj. kr. | 3,1 millj. kr. |
| 1977 | 32,6 millj. kr. | 3,35 millj. kr. |
| 1978 | 60,0 millj. kr. | 5,5 millj. kr. |

Innan Íþróttasambands Íslands eru 263 íþrótta- og ungmennafélög. Landinu er skipt í 28 íþróttahéruð og mynda félögin innan 27 þeirra héraðssambönd (íþróttabandalög). Íþróttalega eru félögin innan 15 sérsambanda, sem hvert vinnur að sinni íþróttagrein.

## Ný verkefni.

Á s. l. árum eru það einkum tvö ný verkefni, sem bæst hafa við allt það margþætta starf sem fyrir er:

1. Fræðslumál (leiðbeinendafræðsla).
2. Íþróttir fyrir fatlaða.

Fyrir fræðslumálin og leiðbeinendafræðsluna hefur verið gefið út námsefni, sem annars vegar er sameiginlegt fyrir allar greinar íþrótta og hins vegar sérhæft fyrir hlutaðeigandi íþróttagrein.

Með leiðbeinendafræðslunni er leitast við að mennta sem best þá sem taka að sér kennslu og þjálfun, en skortur á hæfum leiðbeinendum hefur staðið íþróttastarfinu mjög fyrir þrifum.

Fræðsla fer fram í formi námskeiða, sem efnt er til af ýmsum aðilum innan íþróttahreyfingarinnar, en auk þess er námsefnið kennt sem valgrein í nokkrum framhaldsskólum.

Fræðslumálum er stjórnað af þar til kjörinni nefnd. Sérstakur fræðslufulltrúi annast dagleg störf en aðeins hluta úr degi.

Auk fræðslustarfs þess sem hér var nefnt, starfrækir ÍSÍ útgáfu leikreglna og á vegum sambandsins er útgáfa Íþróttablaðsins.

Íþróttir fyrir fatlaða ná smátt og smátt meiri fótfestu, enda margir sem eru reiðubúnir að veita þessu nýja viðfangsefni stuðning.

Hingað til er það einkum fólk með lömun eða skerta hreyfigetu, sem hefur tileinkað sér íþróttir fatlaðra, en nýverið hefur verið ákveðið að starfið skuli einnig ná til þeirra sem eru þroskaheftir eða vangefnir. Hefur ÍSÍ í þessum efnum haft samstarf og samráð við landssamtökin Þroskahjálp.

Standa vonir til að innan tíðar verði stofnuð nokkur ný íþróttafélög til að annast um þetta sérhæfða verkefni.

Á síðastliðnu ári var hérlendis stofnað samband Norðurlanda um íþróttir fatlaðra. Þegar hafa íþróttamenn úr röðum fatlaðra keppt erlendis á íþróttamótum fatlaðra.

### Aukinn erindrekstur.

Lögð hefur verið aukin áhersla á erindrekstur úti um land í því skyni að afla stjórn ÍSÍ sem gleggstra upplýsinga um, hvernig starfsemin gengur, hvar vandamálin séu mest og hvernig leysa megi úr þeim í samstarfi við heimamenn.

Í þessu augnamiði fór erindreki á vegum ÍSÍ um allt Norðurland og heimsótti hvert einasta íþrótta- og ungmennafélag og ræddi auk þess við stjórnir einstakra héraðssambanda.

Upplýsingar af þessu tagi eru stjórn ÍSÍ mjög nauðsynlegar og því hefur verið ákveðið framhald á þessum erindrekstri í öðrum landsfjórðungum, eftir því sem aðstæður leyfa. Fyrir utan erindreksturinn sitja svo stjórnarmenn ÍSÍ ársþing sérsambanda og héraðssambanda og fylgjast þannig með starfseminni auk þess sem framkvæmdastjóri ÍSÍ boðar til formannafunda árlega.

### Norðurlandasamstarf. — Ferðamál.

Íþróttaleg samskipti og þá sérstaklega kostnaður við ferðalög sem þeim eru samfara er eitt erfiðasta vandamálið að ráða fram úr sökum sívaxandi kostnaðar. Á það bæði við um ferðalög innanlands og utan.

Í athugun, sem menntamálaráðuneytið (íþróttafulltrúi) lét gera s. l. haust, í samstarfi við íþróttahreyfinguna, á kostnaði á ferðalögum vegna íþróttalegra samskipta við Norðurlöndin árið 1976 og 1977 kom í ljós, að um helmingur allra erlendra íþróttasamskipta eru við Norðurlönd. Nam fjöldi flugferða einstaklinga til og frá Íslandi u. þ. b. 1000 hvort árið.

Miklar vegalengdir og þar af leiðandi mikill ferðakostnaður háir mjög öllum eðlilegum íþróttasamskiptum Íslands við önnur ríki og þarf því að finna leiðir til þess að auðvelda samskiptin.

Samhliða framangreindum aðgerðum standa yfir viðræður við Flugleiðir hf. um hvernig koma megi við sem mestri hagkvæmni í flugsamgöngum og þar með lægri ferðakostnaði.

### Afreksmannasjóður ÍSÍ.

Engum dylst að Íslendingar eiga fleiri og betri afreksmenn í hinum ýmsu íþróttagreinum en nokkru sinni áður. Frammistaða einstaklinga og flokka talar þar skýrustu máli.

Það vekur almenna ánægju og skapar heilbrigðan metnað meðal landsmanna þegar íþróttamenn okkar standa sig vel. Tilkoma afreksmannasjóðs ÍSÍ, sem var stofnaður með 3.0 millj. kr. aukafjárveitingu ríkisstjórnarinnar í ársbyrjun 1977, var því kærkominn stuðningur og mun Afreksmannasjóðurinn án efa stuðla að auknum framförum íþróttamanna okkar í framtíðinni.

### Stjórn og starfslið.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ heldur regluglega fundi einu sinni í viku og aðra fundi eftir þörfum. Hjá ÍSÍ vinna (1978) 4 starfsmenn, 2 karlmenn og 2 konur. Auk starfa fyrir íþróttasambandið annast starfsfólkið margs konar þjónustustörf fyrir hin ýmsu sérsambönd, en flest þeirra hafa engum eða takmörkuðum starfskrafti yfir að ráða. Hins vegar eru bækistöðvar sérsambandanna í Íþróttamiðstöð ÍSÍ í Laugardal, Reykjavík.

### Ungmennafélag Íslands (UMFÍ).

Ungmennafélagsskapurinn vinnur margþætt störf í þágu æskulýðs og fullorðinna. Meðal þessara verkefna eru íþróttir. Stjórnin hefur um árabil starfrækt skrifstofu.

Í þeirri skrifstofu vinnur framkvæmdastjóri og ein starfsstúlka. Annast skrifstofan margþætta þjónustu við ungmennafélög sérstaklega í dreifbýlinu.

Vegna þess íþróttastarfs sem UMFÍ annast, hefur íþróttanefnd ríkisins veitt úr íþróttasjóði árlega upphæð sem stjórn UMFÍ deilir út til sambandsfélaganna sem styrk upp í kostnað við íþróttaæfingar. Hefur nefndin við ákvörðun þessarar upphæðar stuðst við úrvinnslu kennsluskýrslna þeirra sem getur um í kaflanum um ÍSÍ.

Þessar fjárveitingar hafa verið á tímabilinu 1973—1977 sem hér greinir:

| | | |
|---|---|---|
| 1974 | 750 þús. kr. fyrir íþróttakennslu | 1973 |
| 1975 | 1 241 þús. kr. fyrir íþróttakennslu | 1974 |
| 1976 | 1 924 þús. kr. fyrir íþróttakennslu | 1975 |
| 1977 | 2 517 þús. kr. fyrir íþróttakennslu | 1976 |
| 1978 | ekki lokið úrvinnslu | 1977 |

Innan UMFÍ eru 186 ungmennafélög sem dreifast á 17 héraðssambönd (í 17 íþróttahéruðum) en svo eru 7 í íþróttahéruðum þar sem eigi eru héraðssambönd, sem eru innan UMFÍ (félögin alls 193).

Í fjárlögum hefur UMFÍ hlotið framlög til heildarstarfs síns, sem hér greinir:

| | |
|---|---|
| 1973 | 1,3 millj. kr. |
| 1974 | 2,2 millj. kr. |
| 1975 | 3,0 millj. kr. |
| 1976 | 4,6 millj. kr. |
| 1977 | 10,0 millj. kr. |
| 1978 | 18,0 millj. kr. |

Tengslum við sambandsaðila sína viðheldur stjórn UMFÍ með sambandsþingi (annað hvert ár), sambandsráðs- og formannafundum árlega og með heimsóknum á ársþing héraðssambandanna — og þá ekki síst með þjónustu frá skrifstofu sinni. Tímaritið Skinfaxi er gefið út 6 sinnum á ári af UMFÍ.

Viðskipti eru mikil af hálfu UMFÍ við hliðstæð samtök á Norðurlöndum. Sum eru íþróttalegs eðlis t. d. þátttaka í landsmótum (Danmörk) og gagnkvæmar heimsóknir ungmennafélaga. UMFÍ hefur nokkrum sinnum staðið fyrir norrænum unglingabúðum.

Veigamesti þáttur í íþróttalegu starfi UMFÍ eru Landsmót UMFÍ, sem frá 1940 hafa verið haldin með 2—4 ára millibili á ýmsum stöðum.

**Félagsheimilasjóður frá haustmánuðum 1974 til 1. maí 1978.**

Við upphaf þessa tímabils voru menntamálaráðherra til aðstoðar um stjórn félagsheimilasjóðs íþróttanefnd ríkisins, en hana skipuðu Valdimar Örnólfsson, formaður, Daníel Ágústínusson, gjaldkeri og Sveinn Björnsson, ritari, og svo fjórði maður varðandi málefni sjóðsins Indriði H. Þorláksson, deildarstjóri byggingadeildar. Framkvæmdastjóri íþróttafulltrúi ríkisins og gjaldkeri Árni Gunnarsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu.

Við lok tímabilsins varð sú breyting, er íþróttanefnd var skipuð að nýju að Gunnar Sveinsson, kaupfélagsstjóri í Kefalvík, tók sæti fulltrúa UMFÍ, Daníels Ágústínusar, sem starfað hafði að málefnum sjóðsins frá upphafi (1948).

**Tekjur sjóðsins af innheimtum skemmtanaskatti urðu á tímabilinu:**

| | Alls kr. | Til menningarsj. kr. | Til framkv. kr. |
|---|---|---|---|
| 1974 .............. | 38 753 652 | 3 875 365 | 34 878 287 |
| 1975 .............. | 52 594 299 | 5 259 430 | 47 334 869 |
| 1976 .............. | 72 324 025 | 7 232 403 | 65 091 622 |
| 1977 óuppgerður en úthlutað í des. ............... | | | 69 591 845 |

Í ársbyrjun 1974 námu innistæður félagsheimila sem lokið var við eða voru í smíðum 67.6 millj. kr.

Í árslok 1977 námu skuldir 131.0 millj. kr.

Í smíðum 1977 voru 40 félagsheimili.

Skuldir hafa því hækkað á tímabilinu um 63.4 millj. kr. en tekjur sjóðsins til ráðstöfunar til framkvæmda hækkað um 34.7 millj. kr.

Með breytingum á lögum um skemmtanaskatt 1970 fékk sjóðurinn 90% af nettótekjum innheimts skemmtanaskatts og skyldi sjóðurinn greiða innistæður þær sem félagsheimili áttu hjá sjóðnum í des. 1970 með ríkistryggðum skuldabréfum og beinum greiðslum á 4 árum. Þessum beinu greiðslum var lokið í des. 1974.

Kostnaður framkvæmda við félagsheimili á tímabilinu nam:

| | |
|---|---|
| 1974 | 92,0 millj. kr. |
| 1975 | 173,4 millj. kr. |
| 1976 | 215,0 millj. kr. |
| 1977 | 260,5 millj. kr. |

Á árinu 1977 voru félagsheimili í landinu sem hér greinir:

| Nöfn kjördæma | | | Almenn félagsheimili: Lokið | Í smíðum | Í undirb. | Ekkert alm. félagsh. | Séreign félaga | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjaneskjördæmi: | Kaupst. | 7 | 4 | | 1 | 2 | 6 | |
| | Sv.fél. | 8 | 5 | 1 | | 2 | | |
| | Alls | 15 | 9 | 1 | 1 | 4 | 6 | |
| Vesturlandskjörd.: | Kaupst. | 1 | | | | 1 | 2 | |
| | Sv.fél. | 38 | 20 | 6 | 2 | 10 | | 4 hr. um 2 hús (+2 hr.) |
| | Alls | 39 | 20 | 6 | 2 | 11 | 2 | |
| Vestfjarðakjördæmi: | Kaupst. | 2 | 2 | | | | 1 | |
| | Sv.fél. | 30 | 11 | 1 | | 18 | 1 | |
| | Alls | 32 | 13 | 1 | | 18 | 2 | |
| Norðurlandskjörd. vestra: | Kaupst. | 2 | 1 | | | 1 | 1 | |
| | Sv.fél. | 31 | 15 | 1 | | 15 | | 4 hr. um 2 hús (+2 hr.) |
| | Alls | 33 | 16 | 1 | | 16 | 1 | |

| Nöfn kjördæma | | | Almenn félagsheimili Lokið | Í smíðum | Í undirb. | Ekkert alm. félagsh. | Séreign félaga | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Norðurlandskjörd. | Kaupst. | 4 | 2 | | | 2 | 4 | |
| eystra: | Sv.fél. | 29 | 16 | 3 | 1 | 9 | | |
| | Alls | 33 | 18 | 3 | 1 | 11 | 4 | |
| Austurlandskjörd.: | Kaupst. | 3 | 3 | | | | | |
| | Sv.fél. | 31 | 17 | 1 | | 13 | | |
| | Alls | 34 | 20 | 1 | | 13 | | |
| Suðurlandskjörd.: | Kaupst. | 1 | 1 | | | | 1 | |
| | Sv.fél. | 36 | 20 | 2 | 3 | 11 | 2 | |
| | Alls | 37 | 21 | 2 | 3 | 11 | 3 | |
| Reykjavík: | Kaupst. | 1 | | | | 1 | 15 | |
| Samantekið: | Kaupst. | 21 | 13(61 9%) | | 1 | 7 | 30 | |
| | Sv.fél. | 203 | 104(51,2%)15 | | 6 | 78 | 3 | 8 hr. um 4 hús (+4 hr. = 203 hreppsfélög |
| | Alls | 224 | 117(52,2%)15 | | 7 | 85 | 33 | Fjöldi félagsh. 165÷4=161 |

Fjöldi bæjar- og sveitarfélaga (224) sem hafa almenn félagsheimili:
117 lokið
15 í smíðum
132 bæjar- og sveitarfélög af 224 = 58.9%.

Nokkuð ólík viðhorf hafa á tímabilinu komið fram til lausnar á aðstöðu fyrir félagsstörf almennings:
1) stærri félagsheimili en áður,
2) stækkun eldri félagsheimila (14 stækkuð á tímabilinu og 3 ums. liggja fyrir,
3) minni og ekki eins traust og vönduð,
4 )félagsaðstöðu komið fyrir í skólum.

Athuganir á nýtingu félagsheimila á tímabilinu sýndu (— miðað við fjölda klst. —):
að 14.0% varið til funda nefnda og stjórna — og alm. funda,
að 38.6% varið til dægrastyttinga, þar af 11.7% til dansleikja,
að 20.9% varið til æfinga,
að 23.1% varið til skólaafnota; þar af 21.7% til íþróttaæfinga,
að 3.3% varið til einkaafnota.
Meðalrekstursstundafjöldi 550.

**Um skólabyggingar 1971 til 1978.**

**I. Grunnskólar.**

Um byggingu grunnskóla á þessum árum vísast til skýrslu menntamálaráðherra um framkvæmd grunnskólalaganna. Kostnaður ríkissjóðs á þessum árum vegna grunnskólabygginga var sem hér greinir, bæði á verðlagi hvers árs og föstu verðlagi miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 159 stig í des. 1977.

| | 1971 | 1972 | 1973 | — Í þús. kr. — 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | Áætl. fjárl. 1978 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Á verðlagi hvers árs | 310 700 | 303 600 | 404 500 | 680 100 | 874 000 | 992 800 | 1 017 400 | 1 376 000 |
| Á föstu verðlagi miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 159 stig í desember 1977 | 1 828 200 | 1 399 400 | 1 492 800 | 1 659 500 | 1 460 700 | 1 423 900 | 1 170 400 | 1 067 200 |

## II. Héraðsskólar.

Stofnkostnaður héraðsskóla var sem hér segir:

| | 1971 | 1972 | 1973 | — Í þús. kr. — 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | Áætl. fjárl. 1978 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Á verðlagi hvers árs | 20 300 | 45 100 | 49 800 | 87 350 | 111 500 | 123 900 | 144 300 | 182 000 |
| Á föstu verðlagi miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 159 stig í desember 1977 | 119 400 | 207 900 | 183 800 | 213 200 | 186 600 | 177 700 | 166 000 | 141 200 |

Helstu framkvæmdir voru þær sem hér eru taldar, en auk þess taka tölurnar til búnaðarkaupa o. fl.

a) Lokið var byggingu heimavista í Reykholti og unnið að endurbyggingu gamla skólahússins.
b) Unnið var að endurbyggingu skólans að Núpi.
c) Lokið byggingu kennsluhúss að Reykjanesi og ný vatnslögn gerð.
d) Byggt kennsluhús að Reykjum og hafin endurbygging mötuneytis.
e) Unnið hefur verið að byggingu íþróttahúss að Laugum í S.-Þing.
f) Byggður var kennarabústaður að Eiðum, sundlaug endurbætt og unnið að endurbótum á íþróttasal. Bygging heimavista er í undirbúningi.

## III. Menntaskólar.

Framlög ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar menntaskóla hafa verið sem hér greinir:

| | 1971 | 1972 | 1973 | — Í þús. kr. — 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | Áætl. fjárl. 1978 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Á verðlagi hvers árs | 48 400 | 90 900 | 70 300 | 69 800 | 97 800 | 77 100 | 153 300 | 312 000 |
| Á föstu verðlagi miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 159 stig í desember 1977 | 284 800 | 419 000 | 259 400 | 170 300 | 163 700 | 110 600 | 176 300 | 242 000 |

Í tölum þessum er meðtalinn kostnaður við kaup á búnaði og tækjum, en meginhluti hans er þó vegna byggingaframkvæmda. Á tímabilinu 1974—1978 hefur verið unnið að þessum framkvæmdum.

a) Lokið var byggingu 2. áfanga Menntaskólans á Ísafirði. Framkvæmdir við 3. áfanga eru að hefjast.
b) Keyptar voru 3 íbúðir fyrir Menntaskólann á Ísafirði.
c) Lokið var byggingu kennsluhúss við Menntaskólann á Laugarvatni.
d) Byggðar voru 2 íbúðir við Menntaskólann á Laugarvatni.
e) Hafin var bygging 1. og 2. áfanga Menntaskóla á Austurlandi.
f) Veitt hefur verið fé til kaupa á lóðum fyrir Menntaskólann í Reykjavík.

g) Veitt hefur verið fé til undirbúnings á byggingu íþróttahúss fyrir Menntaskólann á Akureyri.
h) Aflað var húsnæðis fyrir Menntaskólann við Sund með kaupum á hluta af Vogaskóla. Kostnaður ekki meðtalinn í framangreindum tölum.
i) Húsnæði fyrir Menntaskólann í Kópavogi fengið í Kópavogsskóla. Kostnaður af byggingu álmu við skólann af þeim ástæðum er ekki meðtalinn en einnig voru keyptar lausar stofur fyrir skólann.
j) Lokið var viðbyggingu Menntaskólans við Hamrahlíð.

## IV. Fjölbrautaskólar.

Stofnkostnaðarframlög ríkissjóðs hafa verið þessi:

| | 1971 | 1972 | 1973 | — í þús. kr. — 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | Áætl. fjárl. 1978 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Á verðlagi hvers árs .......... | | | | 10 200 | 51 000 | 127 900 | 200 000 | 294 000 |
| Á föstu verðlagi miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 159 stig í desember 1977 ............ | | | | 24 900 | 85 300 | 183 400 | 230 000 | 228 000 |

Framlög þessi eru fyrst og fremst vegna Fjölbrautaskólans í Breiðholti en þar hefur verið byggður 1. áfangi kennsluhúss, búningsklefar og útisundlaug. Þá er í ár ætlað að hefja stækkun á skólahúsi Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

## V. Iðnskólar.

Stofnkostnaðarframlög ríkisins hafa verið þessi:

| | 1971 | 1972 | 1973 | — í þús. kr. — 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | Áætl. fjárl. 1978 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Á verðlagi hvers árs .......... | 16 600 | 16 400 | 23 100 | 30 100 | 26 900 | 39 900 | 36 200 | 63 000 |
| Á föstu verðlagi miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 159 stig í desember 1977 ............ | 97 700 | 75 600 | 85 300 | 73 500 | 45 000 | 57 200 | 41 600 | 48 900 |

Helstu framkvæmdir 1974—1978 hafa verið lúkning á iðnskólahúsi í Keflavík, nú hús fjölbrautaskólans þar, og lok á iðnskólahúsum í Reykjavík og á Akureyri. Að öðru leyti hefur verið um að ræða kaup á búnaði og endurbætur á eldri húsum.

## VI. Hússtjórnarskólar.

Framlög ríkissjóðs hafa verið þessi:

| | 1971 | 1972 | 1973 | — í þús. kr. — 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | Áætl. fjárl. 1978 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Á verðlagi hvers árs .......... | 8 700 | 6 200 | 3 100 | 2 600 | 2 800 | 2 700 | - | - |
| Á föstu verðlagi miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 159 stig í desember 1977 ............ | 51 200 | 28 600 | 11 400 | 6 300 | 4 700 | 3 900 | - | - |

Unnið var að lúkningu framkvæmda á Laugarvatni, að öðru leyti var um að ræða búnaðarkaup og endurbætur.

## VII. Ýmsir sérskólar.

Framlög ríkissjóðs hafa verið þessi:

| | 1971 | 1972 | 1973 | — Í þús. kr. — 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | Áætl. fjárl. 1978 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Á verðlagi hvers árs .......... | 8 100 | 18 500 | 48 900 | 77 700 | 130 700 | 99 100 | 83 400 | 128 200 |
| Á föstu verðlagi miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 159 stig í desember 1977 ............ | 47 700 | 85 300 | 180 500 | 189 600 | 218 700 | 142 200 | 95 900 | 99 400 |

Helstu framkvæmdir hafa verið lúkning nýbyggingar fyrir Vélskólann og Stýrimannaskólann og framkvæmdir við húsnæði sem tekið var á leigu fyrir Tækniskóla Íslands en Fósturskóli Íslands fékk húsnæði það sem T. Í. hafði áður haft í Skipholti 37. Þá var og tekið á leigu húsnæði fyrir Nýja hjúkrunarskólann. Endurbætur voru gerðar á Sjómannaskólahúsinu. Þá var lokið byggingu íþróttahúss Kennaraháskóla Íslands.

## VIII. Stofnanir fyrir þroskaheft börn.

Framlög ríkissjóðs hafa verið:

| | 1971 | 1972 | 1973 | — Í þús. kr. — 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | Áætl. fjárl. 1978 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Á verðlagi hvers árs .......... | 14 900 | 12 600 | 27 800 | 11 400 | 4 400 | 8 100 | 18 200 | 68 500 |
| Á föstu verðlagi miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 159 stig í desember 1977 ............ | 87 700 | 58 100 | 102 600 | 27 800 | 7 400 | 11 600 | 20 900 | 53 100 |

Helstu framkvæmdir hafa verið:

a) Breytingar og lagfæringar á Kjarvalshúsi vegna afnota fyrir fjölfötluð börn.
b) Bygging 1. áfanga Öskjuhlíðarskóla. Kostnaður vegna þeirra framkvæmda er talinn með grunnskólum.
c) Bygging við Hlíðaskóla í Reykjavík vegna sérdeildar við skólann.
d) Breytingar og endurbætur á Nesjaskóla í A.-Skaftafellssýslu vegna sérdeildar þar. Kostnaður talinn með grunnskólum.
e) Bygging kennslustofu og íbúðar við Þingborgarskóla í Árnessýslu vegna sérdeildar þar. Kostnaður talinn með grunnskólum.
f) Lokið var byggingarframkvæmdum við Heyrnleysingjaskólann.

Veitt hefur verið fé til byggingar annars áfanga Öskjuhlíðarskóla og byggingar kennsluhúss við Lyngásheimilið í Reykjavík og er ráðgert að framkvæmdir hefjist í ár.

## Heildaryfirlit yfir gjaldfærðan stofnkostnað vegna bygginga grunnskóla, framhaldsskóla og skóla fyrir þroskaheft börn.

### Heildaryfirlit yfir stofnkostnað ríkissjóðs. Á verðlagi hvers árs.

— Í þús. kr. —

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| I. Grunnskólar | 310 700 | 303 600 | 404 500 | 680 100 | 874 000 | 992 800 | 1 017 400 | 1 376 000 |
| II. til VII. Framhaldsskólar | 102 100 | 177 100 | 195 200 | 277 800 | 420 700 | 470 600 | 617 200 | 979 200 |
| VIII. Stofnanir fyrir þroskaheft börn | 14 900 | 12 600 | 27 800 | 11 400 | 4 400 | 8 100 | 18 200 | 68 500 |
| Samtals | 427 700 | 493 300 | 627 500 | 969 300 | 1 299 100 | 1 471 500 | 1 652 800 | 2 423 700 |

### Á föstu verðlagi miðað við vísitölu byggingarkostnaðar. (159 stig í des. 1977).

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| I. Grunnskólar | 1 828 200 | 1 399 400 | 1 492 800 | 1 659 500 | 1 460 700 | 1 423 900 | 1 170 400 | 1 067 200 |
| II. til VII. Framhaldsskólar | 600 800 | 816 400 | 720 400 | 677 800 | 704 000 | 675 000 | 709 800 | 759 500 |
| VIII. Stofnanir fyrir þroskaheft börn | 87 700 | 58 100 | 102 600 | 27 800 | 7 400 | 11 600 | 20 900 | 53 100 |
| Samtals | 2 516 700 | 2 273 900 | 2 315 800 | 2 365 100 | 2 172 100 | 2 110 500 | 1 901 100 | 1 879 800 |

## Fjármál.

Í maí 1971 gaf ráðuneytið í samvinnu við Efnahagsstofnunina út: **Tölur um menntamálaútgjöld hins opinbera og skólahald 1946—1971.** Þær töflur og tölulegu upplýsingar er hér fara á eftir ná til sömu málaflokka, þ. e. a. s. þeirra er undir menntamálaráðuneytið falla, annað hvort beint eða í samvinnu við sveitarfélög og aðrar stofnanir. Auk þess eru búnaðarskólar taldir þótt útgjöld til þeirra heyri undir annað ráðuneyti.

Vegna þeirra breytinga, sem átt hafa sér stað í menntamálum þjóðarinnar, er töflugerð þó nokkuð frábrugðin því sem var í áðurnefndu riti. Leitast hefur verið við að sameina í töflunum skyld verkefni þannig að nafnabreytingar, t. d. barnaskólar og gagnfræðaskólar samkvæmt eldra kerfi og grunnskólar og framhaldsdeildir þeirra samkvæmt núgildandi kerfi, hafi ekki truflandi áhrif við samanburð milli ára. Eftirfarandi töflur ná yfirleitt til áranna 1971—1976. Árið 1971 er hér tekið með, þar sem í fyrr nefndu riti voru tilfærðar fjárlagatölur þess árs, en rauntölur úr ríkisreikningi 1971 lágu þá ekki fyrir.

Til þess að fá nokkurn mælikvarða á raunbreytingar milli ára eru samtölur taflnanna færðar til verðlags 1976.

Nýttir voru eftirfarandi stuðlar sem teknir eru úr Tölfræðihandbók 1974 (Hagskýrslur Íslands II, 63) auk sérreiknings fyrir árið 1976:

| Ár: | Margfaldari: |
|---|---|
| 1971 | 4.07 |
| 1972 | 3.55 |
| 1973 | 2.85 |
| 1974 | 2.00 |
| 1975 | 1.33 |
| 1976 | 1.00 |

Jafnvel með slíkri tilfærslu til fasts verðlags er byggir á breytingu vísitölu vöru og þjónustu milli ára, eru óvissu mörk á öllum tölum tilfinnanleg.

Við þessa óvissu bætist önnur, sem sé sú, sem stafar af því að allar tiltækar kostnaðartölur eru á ársgrundvelli, þ. e. frá 1. jan. —31. des. hvert ár, en breytingar til hækkunar eða lækkunar í raunútgjöldum til flestra þessara málaflokka eiga sér stað milli skólaára, þ. e. frá hausti til hausts. Í hverju reikningsári er því seinni hluti skólaárs að viðbættum fyrra hluta nýs skólaárs, breytingar koma því frekar óljóst fram, nema þær taki til fleiri reikningsára í senn.

## Um töflurnar.

Hinar tilfærðu tölur ná til rekstrarútgjalda vegna starfsemi viðkomandi stofnana þannig er ekki talinn gjaldfærður stofnkostnaður, viðhald né sértekjur stofnana til frádráttar.

Til þess að auðvelda samanburð við ríkisreikninga og við fjárlög er tölum raðað að mestu í samræmi við flokkun ríkisbókhalds. Tölur eru tilfærðar í heilum þúsundum króna svo sem venja hefur verið undanfarin ár, bæði hvað viðvíkur ríkisreikningi og fjárlögum, nema í yfirlitstöflum þar sem fjárhæðir eru í milljónum króna.

## Tafla 1.

Taflan gefur heildaryfirlit yfir menntamálaútgjöld 1971—1976, að stofnfjárframlögum og viðhaldi fasteigna undanskildum.

Um raunverulega þróun þessara mála er aðeins neðri hluti töflunnar (Á verðlagi 1976) marktækur.

YFIRLIT

**Mál þau er undir menntamálaráðuneytið heyra má flokka á ýmsa vegu. Hér er flokkað þannig:**

| Allar tölur í m.kr. | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | |
| 1) Menntamálaráðuneytið* – yfirstj. menntam. | 62,0 | 72,9 | 98,2 | 151,3 | 190,7 | 206,9 |
| 2) Fræðslumál, skólar, lán og styrkir vegna náms o. fl. | 1 575,9 | 2 143,2 | 3 013,5 | 4 689,9 | 6 339,8 | 8 823,5 |
| 3) Menningarmálefni önnur en 1) og 2) | 200,8 | 282,3 | 362,0 | 616,0 | 835,1 | 1 104,2 |
| Alls | 1 838,7 | 2 498,4 | 3 473,8 | 5 457,3 | 7 365,6 | 10 134,6 |
| **Á verðlagi 1976** | | | | | | |
| 1) Menntamálaráðuneytið – yfirstj. menntamála | 252,4 | 258,9 | 280,0 | 302,7 | 253,7 | 206,9 |
| 2) Fræðslumál, skólar, lán og styrkir vegna náms o. fl. | 6 413,8 | 7 608,5 | 8 588,6 | 9 379,9 | 8 432,0 | 8 823,5 |
| 3) Menningarmálefni önnur en 1) og 2) | 817,4 | 1 002,0 | 1 031,7 | 1 232,0 | 1 110,7 | 1 104,2 |
| Alls | 7 483,7 | 8 869,4 | 9 900,3 | 10 914,6 | 9 796,3 | 10 134,6 |

*Fræðslumálaskrifstofa meðtalin 1971.

## Tafla 2.

Hér er tilfærð nánari sundurliðun á línu (2) í töflu 1, þ. e. upptalning þeirra málaflokka er falla undir „Fræðslumál, skólar o. s. frv.“

Í undirtöflum (2 a) til (2 í) er gerð grein fyrir þeim liðum ríkisreikninga er undir hvern málaflokk heyra.

## Rekstrarútgjöld ríkisins til fræðslumála o. fl.
Talið í þús. kr.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | |
| a) Barna- og gagnfræðaskólar* | 848 538 | 1 107 035 | 1 512 929 | 2 223 583 | 2 846 862 | 3 889 859 |
| b) Menntaskólar og fjölbrautaskólar | 123 159 | 166 222 | 224 524 | 352 277 | 501 406 | 727 753 |
| c) Héraðsskólar | 46 931 | 54 772 | 74 282 | 126 230 | 162 509 | 204 536 |
| d) Kennaraskólar og kennaramenntun | 49 422 | 58 008 | 73 577 | 115 215 | 158 783 | 205 477 |
| e) Ýmsir sérskólar | 182 446 | 252 891 | 345 617 | 555 932 | 828 325 | 1 116 572 |
| f) Háskólinn og stofnanir hans | 173 747 | 252 757 | 355 124 | 577 225 | 791 600 | 1 054 789 |
| g) Lán og styrkir til íslenskra námsmanna og framlög til fræðimanna | 107 507 | 203 082 | 340 098 | 517 294 | 745 609 | 1 270 597 |
| h) Vernd barna og ungmenna | 8 620 | 9 431 | 14 651 | 112 834 | 149 576 | 161 692 |
| i) Önnur útgjöld, ekki annarsstaðar tilfærð | 35 495 | 39 032 | 72 737 | 109 369 | 155 147 | 192 186 |
| Samtals | 1 575 865 | 2 143 230 | 3 013 539 | 4 689 959 | 6 339 817 | 8 823 461 |
| Á verðlagi 1976 | 6 413 770 | 7 608 466 | 8 588 586 | 9 379 918 | 8 431 956 | 8 823 461 |

*Frá og með ársbyrjun 1975, sbr. lög um grunnskóla, eru tilfærð útgjöld ríkisins til þeirra skóla.

2a

## Útgjöld ríkisins til rekstrar barna- og gagnfræðastigsskóla.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | |
| 02–700 Barna- og gagnfræðastigsskólar í Rvík | 295 648 | 376 033 | 497 496 | 722 378 | 895 664 | 1 171 693 |
| 02–710 Barna- og gagnfræðastigssk. í Kópavogi | 53 111 | 67 721 | 90 725 | 132 533 | 164 182 | 212 337 |
| 02–711 Barna- og gagnfræðast.sk. á Seltjarnarn. | – | – | – | – | 32 260 | 49 937 |
| 02–712 Barna- og gagnfræðastigssk. í Garðabæ | – | – | – | – | 69 251 | 92 860 |
| 02–714 Barna- og gagnfræðastigssk. í Hafnarf. | 41 625 | 56 374 | 83 187 | 124 966 | 152 193 | 184 017 |
| 02–722 Barna- og gagnfræðastigssk. í Keflavík | 23 371 | 30 560 | 40 724 | 64 030 | 77 476 | 100 952 |
| 02–723 Barna- og gagnfræðastigssk. í Grindavík | – | – | – | – | 17 477 | 26 829 |
| 02–724 Barna- og gagnfræðastigssk. í Njarðvík | – | – | – | – | – | 27 924 |
| 02–730 Barna- og gagnfræðastigssk. á Akranesi | 19 271 | 22 760 | 29 748 | 43 868 | 52 322 | 68 268 |
| 02–740 Barna- og gagnfræðastigssk. á Ísafirði | 10 264 | 15 278 | 21 757 | 30 228 | 39 169 | 50 438 |
| 02–741 Barna- og gagnfræðastigssk. í Bolungarv. | – | – | – | – | 11 207 | 14 088 |
| 02–751 Barna- og gagnfræðastigssk. á Sauðárkr. | 6 104 | 8 338 | 9 936 | 15 354 | 19 487 | 27 921 |
| 02–750 Barna- og gagnfræðastigssk. á Siglufirði | 8 998 | 11 648 | 13 723 | 20 405 | 23 302 | 33 393 |
| 02–762 Barna- og gagnfræðastigssk. á Ólafsfirði | 6 233 | 7 669 | 10 113 | 15 821 | 20 025 | 28 548 |
| 02–763 Barna- og gagnfræðastigsskólar á Dalvík | – | – | – | – | 15 469 | 24 398 |
| 02–760 Barna- og gagnfræðastigssk. á Akureyri | 41 322 | 49 954 | 68 699 | 103 982 | 131 402 | 174 864 |
| 02–761 Barna- og gagnfræðastigssk. á Húsavík | 8 442 | 10 326 | 13 937 | 22 217 | 28 211 | 38 680 |
| 02–770 Barna- og gagnfræðastigssk. á Seyðisfirði | 3 951 | 5 263 | 7 089 | 9 285 | 12 673 | 18 694 |
| 02–771 Barna- og gagnfræðastigssk. í Neskaupst. | 7 014 | 8 170 | 10 399 | 16 169 | 21 756 | 31 142 |
| 02–772 Barna- og gagnfræðastigssk. á Eskifirði | – | – | – | – | 11 638 | 16 612 |
| 02–780 Barna- og gagnfr.stigssk. í Vestmannaey. | 17 820 | 23 146 | 22 845 | 27 961 | 45 125 | 61 790 |
| 02–788 Barna- og gagnfræðastigssk. utan kaupst. | 304 976 | 413 795 | 554 626 | 842 173 | 952 119 | 1 292 613 |
| 02–798 Barna- og gagnfræðastigsskólar almennt | 388 | – | 16 925 | 27 083 | 52 780 | 141 861 |
| 02–799 Framlög til skólabygginga og íbúða skólastjóra (ósundurliðað) | – | – | 21 000 | 5 130 | 1 674 | – |
| Samtals | 848 538 | 1 107 035 | 1 512 929 | 2 223 583 | 2 846 862 | 3 889 859 |
| Á verðlagi 1976 | 3 453 549 | 3 929 974 | 4 311 847 | 4 447 170 | 3 786 326 | 3 889 859 |

Frá og með ársbyrjun 1975, sbr. lög um grunnskóla, eru tilfærð útgjöld ríkisins til þeirra skóla.

2b

## Útgjöld ríkisins til rekstrar menntaskóla og fjölbrautaskóla.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | |
| 02–301 Menntaskólinn í Reykjavík | 37 739 | 47 260 | 56 940 | 78 532 | 97 433 | 119 787 |
| 02–302 Menntaskólinn á Akureyri | 22 638 | 28 095 | 34 901 | 54 696 | 76 037 | 95 302 |
| 02–303 Menntaskólinn á Laugarvatni | 8 741 | 10 872 | 14 017 | 19 603 | 30 834 | 36 463 |
| 02–304 Menntaskólinn við Hamrahlíð | 33 461 | 42 655 | 53 284 | 85 397 | 115 293 | 150 677 |
| 02–305 Menntaskólinn við Tjörnina | 16 894 | 29 282 | 40 632 | 60 775 | 88 011 | 115 110 |
| 02–306 Menntaskólinn á Ísafirði | 3 686 | 6 258 | 11 862 | 22 166 | 29 345 | 43 139 |
| 02–315 Menntaskólinn í Kópavogi | – | – | 3 394 | 13 100 | 23 023 | 35 881 |
| 02–307 Menntaskólinn á Austurlandi | – | – | – | 595 | 255 | – |
| 02–308 Menntaskólar almennt | – | – | 2 963 | 4 036 | 1 438 | 2 344 |
| 02–309 Víghólaskóli, menntadeild | – | 712 | 1 536 | – | – | – |
| 02–311 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli | – | 649 | 2 896 | 9 941 | 25 827 | 45 327 |
| 02–312 Neskaupstaður, menntadeild | – | – | 272 | 577 | – | – |
| 02–313 Vörðuskóli (Austurb.sk.), menntadeild | – | 439 | 1 827 | 2 859 | 2 757 | 3 589 |
| 02–316 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | – | – | – | – | 11 103 | 64 930 |
| 02–317 Fjölbrautaskólinn í Keflavík | – | – | – | – | – | 15 204 |
| Samtals | 123 159 | 166 222 | 224 524 | 352 277 | 501 406 | 727 753 |
| Á verðlagi 1976 | 501 257 | 590 088 | 639 893 | 704 554 | 666 869 | 727 753 |

Auk hinna eldri menntaskóla eru hér meðtaldar menntadeildir og fjölbrautaskólar.

2c

## Útgjöld ríkisins til rekstrar héraðsskóla o. fl.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | |
| 02–601 Héraðsskólinn í Reykholti | 5 474 | 6 737 | 9 568 | 13 688 | 16 989 | 23 750 |
| 02–602 Héraðsskólinn á Núpi | 6 942 | 7 838 | 10 342 | 15 846 | 24 770 | 30 622 |
| 02–603 Héraðsskólinn í Reykjanesi | 4 518 | 5 466 | 7 216 | 11 224 | 15 517 | 17 545 |
| 02–604 Héraðsskólinn á Reykjum | 5 465 | 6 818 | 8 547 | 13 196 | 18 296 | 22 265 |
| 02–609 Héraðsskólinn á Laugum | 4 442 | – | 3 189 | 13 533 | 16 662 | 24 243 |
| 02–605 Alþýðuskólinn á Eiðum | 7 725 | 8 751 | 11 548 | 17 621 | 24 752 | 30 269 |
| 02–606 Héraðsskólinn í Skógum | 5 457 | 7 627 | 9 699 | 14 923 | 20 064 | 26 443 |
| 02–607 Héraðsskólinn á Laugarvatni | 5 280 | 5 819 | 7 080 | 10 345 | 15 500 | 18 948 |
| 02–679 Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni | 1 628 | 1 716 | 2 093 | 2 854 | 2 959 | 4 233 |
| 02–608 Héraðsskólar almennt | – | – | – | – | – | 1 218 |
| 02–621 Skálholtsskóli | – | 4 000 | 5 000 | 7 000 | 7 000 | 5 000 |
| Samtals | 46 931 | 54 772 | 74 282 | 126 230 | 162 509 | 204 536 |
| Á verðlagi 1976 | 191 009 | 194 440 | 211 703 | 252 460 | 216 136 | 204 536 |

2d

## Rekstrarútgjöld vegna kennaraskóla og kennaramenntunar.

| | | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Verðlag hvers árs | | | | | | | |
| 02–321 | Kennaraháskóli Íslanús og | | | | | | |
| 02–322 | Æfinga- og tilraunaskólinn | 44 552 | 50 694 | 64 952 | 101 572 | 141 740 | 185 418 |
| 02–331 | Íþróttakennaraskóli Íslands | 2 357 | 3 751 | 5 094 | 7 375 | 11 023 | 12 586 |
| 02–336 | Hússtjórnarkennaraskóli Íslands | 2 513 | 3 563 | 3 531 | 6 268 | 6 020 | 7 473 |
| | Samtals | 49 422 | 58 008 | 73 577 | 115 215 | 158 783 | 205 477 |
| | Á verðlagi 1976 | 201 147 | 205 928 | 209 694 | 230 430 | 211 181 | 205 477 |

2e

## Útgjöld ríkisins til rekstrar ýmissa sérskóla.

| | | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Verðlag hvers árs | | | | | | | |
| 02–514, 02–516 | Iðnskólar | 39 038 | 52 139 | 77 154 | 133 235 | 191 462 | 266 662 |
| 02–507, 02–582 | Stýrimannaskólar | 10 396 | 13 282 | 13 606 | 18 873 | 24 493 | 34 686 |
| 02–571 | Sjómannaskólahús, rekstur | 1 816 | 17 094 | 8 126 | 15 743 | 25 757 | 29 537 |
| 02–506 | Vélskóli Íslands | 18 798 | 22 947 | 26 853 | 42 353 | 59 440 | 81 515 |
| 02–501 | Tækniskóli Íslands | 15 614 | 20 303 | 27 771 | 43 534 | 66 620 | 93 908 |
| 02–518 | Fiskvinnsluskólinn | 413 | 2 606 | 6 017 | 9 957 | 12 762 | 20 719 |
| 02–517 | Hótel- og veitingaskóli Íslands | 3 844 | 4 541 | 8 441 | 14 850 | 18 248 | 26 934 |
| 02–541, 02–553 | Húsmæðraskólar (Hússtjórnarskólar) | 21 087 | 29 160 | 35 690 | 48 621 | 59 336 | 66 040 |
| 04–501, 04–503 | Búnaðarskólar og garðyrkjuskóli | 21 028 | 24 248 | 32 208 | 46 980 | 110 257 | 156 998 |
| 02–581 | Verslunarskólar | 13 167 | 18 000 | 29 842 | 38 306 | 67 954 | 83 881 |
| 02–521, 02–552 | Hjúkrunarskólar | 19 302 | 25 507 | 40 661 | 67 563 | 89 143 | 114 975 |
| 02–789 | Heyrnleysingjaskóli | 12 284 | 14 810 | 18 300 | 25 301 | 34 429 | 43 459 |
| 02–561, 02–982 | Myndlista- og handíðaskóli o. fl. | 5 389 | 6 960 | 13 332 | 23 577 | 32 326 | 41 826 |
| 02–800, 02–797 | Skólar fyrir fjölfötluð börn | – | 1 294 | 5 940 | 19 440 | 22 330 | 26 074 |
| 02–523 | Fóstruskóli Íslands | – | – | 1 676 | 7 599 | 9 292 | 12 812 |
| 02–562 | Leiklistarskóli Íslands | – | – | – | – | 4 476 | 16 546 |
| | Samtals | 182 446 | 252 891 | 345 617 | 555 932 | 828 325 | 1 116 572 |
| | Á verðlagi 1976 | 742 555 | 897 763 | 985 008 | 1 111 864 | 1 101 672 | 1 116 572 |

Hér eru meðtaldir búnaðar- og garðyrkjuskólar, þótt þeir heyri ekki undir menntamálaráðuneytið.

2f

## Rekstur Háskóla Íslands og stofnana hans.

| | | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Verðlag hvers árs | | | | | | | |
| 02–201 | Háskóli Íslands | 103 066 | 160 357 | 235 017 | 382 764 | 528 717 | 716 114 |
| 02–202 | Tilraunastöð Háskólans á Keldum | 21 745 | 26 163 | 37 512 | 49 304 | 69 137 | 94 387 |
| 02–203 | Raunvísindastofnun Háskólans | 16 821 | 23 613 | 34 104 | 56 603 | 79 091 | 112 331 |
| 02–205 | Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi | 5 473 | 10 905 | 12 558 | 26 242 | 25 422 | 41 222 |
| 02–206 | Orðabók Háskólans | 2 825 | 3 775 | 4 073 | 6 710 | 8 217 | 10 343 |
| 02–231 | Náttúrufræðistofnun Íslands (talin annars staðar) | | | | | | |
| 02–232 | Rannsóknarráð ríkisins | 9 862 | 11 039 | 18 140 | 15 411 | 18 516 | 27 802 |
| 02–271 | Reiknistofnun Háskólans | 1 467 | 3 405 | –[1] | – | – | – |
| 02–276 | Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna | 12 488 | 13 500 | 13 720 | 40 191 | 62 500 | 52 590 |
| | Samtals | 173 747 | 252 757 | 355 124 | 577 225 | 791 600 | 1 054 789 |
| | Á verðlagi 1976 | 707 150 | 897 287 | 1 012 103 | 1 154 450 | 1 052 828 | 1 054 789 |

[1]) Talin með Raunvísindastofnun H. Í.

2g

## Framlög ríkisins til lánasjóðs íslenskra námsmanna o. fl.

| | | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Verðlag hvers árs | | | | | | | |
| 02–872 | Lánasjóður íslenskra námsmanna | 93 588 | 190 439 | 325 112 | 489 800 | 723 902 | 1 245 869 |
| 02–881 | Náms- og fræðimenn, framlög | 13 919 | 12 643 | 14 986 | 27 494 | 21 707 | 24 728 |
| | Samtals | 107 507 | 203 082 | 340 098 | 517 294 | 745 609 | 1 270 597 |
| | Á verðlagi 1976 | 437 553 | 720 941 | 969 279 | 1 034 588 | 991 659 | 1 270 597 |

2h

## Útgjöld ríkisins vegna verndar barna og ungmenna o. fl.

| | | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Verðlag hvers árs | | | | | | | |
| 02–801 | Vistheimilið í Breiðavík | 4 261 | 4 053 | 4 866 | 10 464 | 11 979 | 18 398 |
| 02–802 | Vernd barna og ungmenna | 1 200 | 1 439 | 1 734 | 1 766 | 2 050 | 2 681 |
| 02–803 | Dagvistunarheimili | – | – | – | 79 577 | 112 434 | 82 031 |
| 02–804 | Öskjuhlíðarskóli | – | – | – | – | – | 36 111 |
| 02–805 | Sumardvöl afbrigðilegra barna | – | – | – | – | – | 4 834 |
| 02–871 | Upptökuheimilið í Kópavogi | 3 159 | 3 939 | 8 051 | 21 027 | 23 113 | 17 637 |
| | Samtals | 8 620 | 9 431 | 14 651 | 112 834 | 149 576 | 161 692 |
| | Á verðlagi 1976 | 35 083 | 33 480 | 41 755 | 225 668 | 198 936 | 161 692 |

## Ýmis útgjöld ekki annars staðar tilfærð.

| | | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Verðlag hvers árs | | | | | | | |
| 02–431 | Iðnfræðsluráð | 2 125 | 2 603 | 4 187 | 6 711 | 16 531 | 20 666 |
| 02–883 | Til lektora í íslensku við erlenda háskóla | 382 | 658 | 221 | 737 | 848 | 1 160 |
| 02–884 | Jöfnun námskostnaðar | 19 116 | 22 539 | 49 849 | 79 144 | 108 172 | 130 809 |
| 02–885 | Fullorðinsfræðsla | – | – | – | – | – | 2 631 |
| 02–988 | Æskulýðsmál | – | 3 111 | 3 457 | 6 540 | 8 201 | 11 330 |
| 02–999 | Ýmislegt | 13 872 | 10 121 | 15 023 | 16 237 | 21 395 | 25 590 |
| | Samtals | 35 495 | 39 032 | 72 737 | 109 369 | 155 147 | 192 186 |
| | Á verðlagi 1976 | 144 464 | 138 563 | 207 300 | 218 738 | 206 345 | 192 186 |

### Tafla 3.

Hér er — á sama hátt og í töflu 2 — tilfærð upptalning þeirra málaflokka er heyra undir línu (3) í töflu 1.

Í undirtöflum (3 a) til (3 ó) er gerð grein fyrir þeim liðum ríkisreikninga er undir hvern málaflokk heyra.

## Útgjöld ríkisins til menningarmála, annarra en yfirstjórnar og fræðslumála.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Verðlag hvers árs | | | | | | |
| a) Bókasöfn | 21 386 | 25 967 | 30 940 | 48 267 | 57 938 | 61 497 |
| b) Þjóðminjasafn | 8 618 | 11 162 | 14 867 | 22 783 | 37 488 | 44 921 |
| c) Listasöfn o. fl. | 14 089 | 21 790 | 21 474 | 45 860 | 58 815 | 90 622 |
| d) Náttúrugripasöfn o. fl. | 7 716 | 9 905 | 10 943 | 16 981 | 23 380 | 29 483 |
| e) Leiklist | 31 546 | 49 701 | 72 842 | 162 459 | 192 363 | 216 478 |
| f) Tónlistarmál | 29 060 | 39 155 | 47 796 | 83 175 | 104 255 | 159 404 |
| g) Náttúruverndarráð o. fl. | 644 | 2 952 | 6 254 | 14 039 | 23 641 | 31 236 |
| h) Menningarsjóður | 3 761 | 5 645 | 7 947 | 10 841 | 14 158 | 18 325 |
| i) Íþróttamál | 10 425 | 22 047 | 29 061 | 55 040 | 86 921 | 120 390 |
| j) Félagsheimilasjóður | 15 686 | 21 012 | 29 310 | 42 849 | 58 516 | 73 510 |
| k) Norræn samvinna | 3 873 | 3 747 | 4 348 | 7 273 | 9 343 | 12 236 |
| l) Vísindasjóður o. fl. | 1 833 | 2 354 | 4 360 | 5 383 | 1 364 | 14 335 |
| m) Ríkisútvarp, sjónvarp | 24 043 | 24 657 | 34 659 | 34 164 | 72 397 | 87 806 |
| n) Ríkisútgáfa námsbóka og fræðslumyndasafn | 26 006 | 39 544 | 40 589 | 63 490 | 89 768 | 134 443 |
| o) Þjóðarbókhlaða, Viðeyjarstofa o. fl. | 2 160 | 2 616 | 6 622 | 3 406 | 4 747 | 9 550 |
| Samtals | 200 846 | 282 254 | 362 012 | 616 010 | 835 094 | 1 104 236 |
| Á verðlagi 1976 | 817 443 | 1 002 001 | 1 031 734 | 1 232 020 | 1 110 675 | 1 104 236 |

3a

## Útgjöld ríkisins til bókasafna.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | |
| 02–901 Landsbókasafn | 8 436 | 10 494 | 14 344 | 23 797 | 26 704 | 33 520 |
| 02–903 Þjóðskjalasafn | 4 026 | 5 379 | 7 773 | 11 634 | 15 160 | 17 273 |
| 02–904 Safnahúsið | 1 376 | 1 911 | 1 971 | 3 615 | 5 416 | 6 304 |
| 02–981 Almenningsbókasöfn | 7 548 | 8 183 | 6 852 | 9 221 | 10 658 | 4 400 |
| Samtals | 21 386 | 25 967 | 30 940 | 48 267 | 57 938 | 61 497 |
| Á verðlagi 1976 | 87 041 | 92 182 | 88 179 | 96 534 | 77 057 | 61 497 |

3b

## Útgjöld ríkisins til Þjóðminjasafns.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | |
| 02–902 Rekstrarkostnaður Þjóðminjasafns | 8 618 | 11 162 | 14 867 | 22 783 | 37 488 | 44 921 |
| Á verðlagi 1976 | 35 075 | 39 625 | 42 370 | 45 566 | 49 859 | 44 921 |

3c

## Útgjöld ríkisins til listasafna o. fl.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | |
| 02–905 Listasafn Ásgríms Jónssonar | 422 | 508 | 872 | 1 178 | 1 505 | 1 910 |
| 02–906 Listasafn Einars Jónssonar | 677 | 852 | 998 | 1 418 | 1 736 | 1 446 |
| 02–907 Listasafn Íslands | 2 975 | 3 714 | 5 302 | 6 877 | 9 645 | 14 737 |
| 02–982 Listir, framlög | 10 015 | 16 716 | 14 302 | 36 387 | 45 929 | 72 529 |
| Samtals | 14 089 | 21 790 | 21 474 | 45 860 | 58 815 | 90 622 |
| Á verðlagi 1976 | 57 342 | 77 354 | 61 200 | 91 720 | 78 223 | 90 622 |

3d

## Útgjöld ríkisins til náttúrufræði og til náttúrugripasafna.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | |
| 02–231 Náttúrufræðistofnun Íslands | 7 141 | 9 205 | 10 288 | 14 247 | 19 700 | 25 283 |
| 02–999 Önnur náttúrugripasöfn | 575 | 700 | 655 | 2 734 | 3 680 | 4 200 |
| Samtals | 7 716 | 9 905 | 10 943 | 16 981 | 23 380 | 29 483 |
| Á verðlagi 1976 | 31 404 | 35 162 | 31 187 | 33 962 | 31 095 | 29 483 |

3e

## Útgjöld ríkisins til leiklistar.

| | | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | | |
| 02–973 | Þjóðleikhús | 30 151 | 46 251 | 65 195 | 149 420 | 176 910 | 199 059 |
| 02–982 | Önnur leiklistarstarfsemi | 1 395 | 3 450 | 7 647 | 13 039 | 15 453 | 17 419 |
| | Samtals | 31 546 | 49 701 | 72 842 | 162 459 | 192 363 | 216 478 |
| | Á verðlagi 1976 | 128 392 | 176 438 | 207 599 | 324 918 | 255 842 | 216 478 |

3f

## Útgjöld ríkisins vegna tónlistarmála.

| | | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | | |
| 02–102 | Tónlistarskólinn í Reykjavík | – | – | 5 628 | 7 835 | 9 904 | 7 914 |
| 02–103 | Aðrir tónlistarskólar | – | – | 17 275 | 23 391 | 39 701 | 76 579 |
| 02–104 | Barnamúsikskólinn | 531 | 818 | 1 066 | 2 335 | 2 846 | 8 218 |
| 02–105 | Styrkir til tónlistarstarfsemi | 2 056 | 2 160 | 1 716 | 1 819 | 2 417 | 1 480 |
| 02–974 | Sinfóníuhljómsveit Íslands | 15 324 | 20 018 | 22 111 | 47 795 | 49 387 | 65 213 |
| 02–982 | Tónlistarskólar | 11 149 | 16 159 | – | – | – | |
| | Samtals | 29 060 | 39 155 | 47 796 | 83 175 | 104 255 | 159 404 |
| | Á verðlagi 1976 | 118 274 | 139 000 | 136 218 | 166 350 | 138 659 | 159 404 |

3g

## Útgjöld ríkisins til náttúruverndarráðs og þjóðgarða.

| | | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | | |
| 02–931 | Náttúruverndarráð | 550 | 2 479 | 6 254 | 14 039 | 23 641 | 31 236 |
| 02–931 | Þjóðgarðurinn í Skaftafelli | 94 | 473 | –[1] | – | – | – |
| | Samtals | 644 | 2 952 | 6 254 | 14 039 | 23 641 | 31 236 |
| | Á verðlagi 1976 | 2 621 | 10 479 | 17 823 | 28 078 | 31 442 | 31 236 |

1) Þjóðgarðar ekki tilgreindir

3h

## Framlög ríkisins til menningarsjóðs.

| | | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | | |
| 02–976 | Menningarsjóður | 3 761 | 5 645 | 7 947 | 10 841 | 14 158 | 18 325 |
| | Á verðlagi 1976 | 15 307 | 20 039 | 22 648 | 21 682 | 18 830 | 18 325 |

3i

## Útgjöld ríkisins til íþróttamála.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | |
| 02–989 Íþróttasjóður | 5 000 | 13 000 | 21 608 | 44 000 | 69 821 | 94 895 |
| 02–989 Íþróttasamband Íslands | 5 093 | 6 819 | 6 887 | 9 393 | 14 880 | 20 818 |
| 02–989 Annað | 332 | 2 228[1]) | 566 | 1 647 | 2 220 | 4 677 |
| Samtals | 10 425 | 22 047 | 29 061 | 55 040 | 86 921 | 120 390 |
| Á verðlagi 1976 | 42 429 | 78 266 | 82 823 | 110 080 | 115 604 | 120 390 |

1) Styrkur vegna þátttöku í Ólympíuleikum meðtalinn.

3j

## Útgjöld ríkisins til félagsheimilasjóðs.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | |
| 02–985 Félagsheimilasjóður | 15 686 | 21 012 | 29 310 | 42 849 | 58 516 | 73 510 |
| Á verðlagi 1976 | 63 842 | 74 598 | 83 533 | 85 698 | 77 826 | 73 510 |

3k

## Útgjöld ríkisins vegna norrænnar samvinnu.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | |
| 02–984 Norræn samvinna | 3 873 | 3 747 | 4 348 | 7 273 | 9 343 | 12 236 |
| Á verðlagi 1976 | 15 763 | 13 301 | 12 391 | 14 546 | 12 426 | 12 236 |

3l

## Framlög ríkisins til Vísindasjóðs og ýmissar vísindalegrar starfsemi.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | |
| 02–975 Framlag úr ríkissjóði til Vísindasjóðs | 540 | – | 1 400 | 3 400 | – | 9 750 |
| 02–983 Ýmis vísindaleg starfsemi | 1 293 | 2 354 | 2 960 | 1 983 | 1 364 | 4 585 |
| Samtals | 1 833 | 2 354 | 4 360 | 5 383 | 1 364 | 14 335 |
| Á verðlagi 1976 | 7 460 | 8 356 | 12 426 | 10 766 | 1 814 | 14 335 |

3m

## Ríkisútvarp, sjónvarp.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | |
| 02–972 Aðflutningsgjöld yfirfærð | 24 043 | 24 657 | 34 659 | 34 164 | 72 397 | 87 806 |
| Á verðlagi 1976 | 97 855 | 87 532 | 98 778 | 68 328 | 96 288 | 87 806 |

3n

## Útgjöld ríkisins til Ríkisútgáfu námsbóka og Fræðslumyndasafns.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | |
| 02–421 Fræðslumyndasafn | 3 278 | 4 173 | 4 353 | 5 584 | 8 581 | 9 558 |
| 02–422 Ríkisútgáfa námsbóka | 22 728 | 35 371 | 36 236 | 57 906 | 81 187 | 124 885 |
| Samtals | 26 006 | 39 544 | 40 589 | 63 490 | 89 768 | 134 443 |
| Á verðlagi 1976 | 105 844 | 140 381 | 115 678 | 126 980 | 119 391 | 134 443 |

3o

## Framlög ríkisins til Byggingarsjóðs Þjóðarbókhlöðu og Viðeyjarstofu o. fl.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs** | | | | | | |
| 02–908 Kjarvalshús | – | 110 | 438 | 625 | 547 | – |
| 02–977 Byggingarsjóður Þjóðarbókhlöðu | 600 | 2 450 | 6 000 | 2 662 | 4 023 | 4 913 |
| 02–987 Endurbætur á Viðeyjarstofu | 1 560 | 56 | 184 | 119 | 177 | 521 |
| 02–991 Húsafriðunarsjóður | – | – | – | – | – | 4 116 |
| Samtals | 2 160 | 2 616 | 6 622 | 3 406 | 4 747 | 9 550 |
| Á verðlagi 1976 | 8 791 | 9 286 | 18 872 | 6 812 | 6 313 | 9 550 |

## Framhaldsdeildir

Samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 84/1969 og síðan lögum nr. 21/1970 og reglugerð nr. 99/1970 um heimild til að stofna eins til tveggja ára framhaldsdeildir við gagnfræðaskóla tóku fyrstu deildirnar til starfa haustið 1969.

Til þessara deilda var stofnað vegna þess, að eftirspurn eftir framhaldsnámi var orðin heldur meiri en þeir framhaldsskólar, er fyrir voru, gætu annað.

Jafnframt var það álit ýmissa forsvarsmanna sérskólanna, að æskilegt væri að væntanlegir nemendur hefðu meiri almenna menntun og betri undirstöðu áður en nám við sérskóla yrði hafið.

Fyrsta árið störfuðu þessar deildir á fjórum stöðum, þ. e. Reykjavík, Akranesi, Akureyri og Neskaupstað með um 170 nemendur, en af þeim luku öllum prófum 135. Skiptust þeir á fjögur kjörsvið sem voru: uppeldis-, hjúkrunar-, tækni- og viðskiptakjörsvið.

Síðan hefur framhaldsdeildum fjölgað jafnt og þétt og á þessu skólaári eru framhaldsdeildir við 31 skóla með um 1450 nemendur. Fjölmennustu hóparnir eru á viðskiptakjörsviði, uppeldis- og hjúkrunarkjörsviði.

Framhaldsdeildirnar hafa á þessum árum sem þær hafa starfað skapað sér ákveðinn og fastan sess í skólakerfinu. Þær eru orðnar hluti af framhaldsskólanum og tengiliður milli grunnskólans og ýmissa sérskóla svo sem hjúkrunarskóla og fósturskóla. Benda má á að vaxandi fjöldi nemenda stundar 2ja ára viðskiptanám til undirbúnings starfs í atvinnulífinu og með þeim hætti hafa framhaldsdeildirnar bætt úr brýnni þörf á viðskiptamenntun í landinu.

Það hefur háð starfi framhaldsdeilda að náms- og kennslugögn hafa verið ófullkomin og að ekki hefur fengist nægur mannafli eða fjármagn til þess að skipuleggja starfið nægilega vel og taka saman og gefa út nýtt kennsluefni, heldur hefur orðið að notast við eldra efni sem betur hefði verið lagt til hliðar.

Framhaldsdeildir starfa nú við eftirtalda skóla:

**Reykjavík:**

Ármúlaskóla, Hagaskóla, Kvennaskólann, Laugalækjarskólann, Vörðuskóla.

**Kópavogur:**

Víghólaskóla, Þinghólsskóla.

**Annars staðar á landinu:**

Valhúsaskóla, Seltjarnarnesi, Gagnfræðaskóla Garðabæjar, Grunnskólann Borgarnesi, Héraðsskólann Reykholti, Grunnskólann Stykkishólmi, Grunnskólann Ólafsvík, Héraðsskólann Núpi, Héraðsskólann Reykjum, Grunnskólann Blönduósi, Gagnfræðaskólann Sauðárkróki, Gagnfræðaskólann Siglufirði, Gagnfræðaskólann Ólafsfirði, Gagnfræðaskólann Akureyri, Héraðsskólann Laugum, Gagnfræðaskólann á Húsavík, Miðskólann Egilsstöðum. Alþýðuskólann Eiðum, Grunnskólann Seyðisfirði, Gagnfræðaskólann á Neskaupstað, Heppuskóla, Höfn í Hornafirði. Héraðskólann Skógum, Gagnfræðaskólann á Selfossi, Gagnfræðaskólann Hveragerði, Gagnfræðaskólann Vestmannaeyjum.

## Héraðsskólar

Eftir að lög um gagnfræðanám voru sett 1946 breyttist starf héraðsskólanna í landinu frá því sem áður var á þann veg að þeir gengdu hlutverki gagnfræðaskóla einvörðungu og kenndu í 1.—4. bekk.

Með byggingu margra nýrra skóla víðsvegar um landið og margir þeirra með heimavistir samfara fækkun fólks í dreifbýli hefur aðsókn að héraðsskólum farið minnkandi, og það svo mjög að þeir hafa ekki allir verið fullsetnir síðustu árin þrátt fyrir það að þeir hafa leitað nýrra verkefna á framhaldsskólastigi. Mestu munar þó um það að 4. bekkur gagnfræðastigs fellur niður við tilkomu grunnskólalaga.

Ekki gildir hið sama um þá alla og fer það eftir skólaskipulagi þess byggðarlags sem þeir eru í að hve miklu leyti þeir eigi að þjóna því, t. d. að nemendur í 8. og 9. bekk grunnskóla skuli sækja þangað nám.

Tafla sú sem hér fer á eftir sýnir nemendafjölda sem skólinn rúmar, nemendafjölda skólaárið 1977—78 og hvernig hann skiptist milli grunnskóla og framhaldsskóla:

| | Nemarými í skólanum | Nem.fj. 1977/78 | Grunnsk. nem. | Framh. deildir | Nýting í % |
|---|---|---|---|---|---|
| Héraðsskólinn Reykholti | 132 | 132 | 71 | 61 | 100 |
| Héraðsskólinn Núpi | 120 | 79 | 69 | 10 | 66 |
| Héraðsskólinn Reykjanesi | 90 | 48 | 48 | | 53 |
| Héraðsskólinn Reykjum | 130 | 130 | 111 | 19 | 100 |
| Héraðsskólinn Laugum | 120 | 107 | 75 | 32 | 89 |
| Alþýðuskólinn Eiðum | 120 | 119 | 80 | 39 | 100 |
| Héraðsskólinn Skógum | 120 | 102 | 90 | 12 | 84 |
| Héraðsskólinn Laugarvatni | 120 | 56 | 56 | | 47 |
| | 952 | 773 | 600 | 173 | 81 |

Taflan sýnir nemendafjölda í skólunum fyrri hluta skólaársins. Þess skal getið að nemendafjöldi sem kom inn í framhaldsskóla s.l. haust er um það bil einn og hálfur aldursárgangur sem er vegna síðasta hóps gagnfræðinga sem lauk námi vorið 1977.

Því miður bendir ýmislegt til þess að aðsókn að héraðsskólum aukist ekki á næstunni heldur fari minnkandi og það svo mjög að vart verði unnt að halda öllum skólunum starfandi. Munar þar mestu um að sífellt fleiri skólahverfi vilja fá að hafa 8. og 9. bekk grunnskólans heima hjá sér. Með auknu námsframboði á framhaldsskólastigi hafa skólarnir reynt að hamla gegn nemendaflokkun og með þeim hætti að reyna að nýta húsnæði og kennslukrafta eftir föngum.

Ráðuneytið hefur haft frumkvæði að fundum með skólastjórum, kennurum og forsvarsmönnum sveitarstjórna og sýslunefnda til að finna héraðsskólunum eðlileg verkefni sem einkum miðuðust við þarfir þeirra landshluta þar sem skólarnir starfa.

Ráðuneytið skipaði 16. febrúar s.l. sérstaka nefnd til þess að gera tillögur um skólahald á Laugarvatni og hlutdeild Laugarvatns í framhaldsskólakerfi Suðurlands. Nefndin hefur nú skilað tillögum um skólahald á Laugarvatni næsta ár. Miða tillögurnar að því að allir skólarnir á staðnum taki upp samvinnu um námsskipulag og kennslu með þeim hætti að nýta kennsluaðstöðu og kennslukrafta sem best jafnframt því að geta boðið fram fjölbreyttara nám.

Nefndin setti fram tillögur um nýjar námsbrautir sem hún taldi æskilegt að reyndar yrðu og lagði til breytingar á öðrum.

Ákveðið hefur verið að gera þessar tilraunir og sjá til hvort aðsókn að Laugarvatni ykist við það. En aðsókn að héraðsskólanum og húsmæðraskólanum hefur farið ört minnkandi og því nauðsynlegt að gera tilraun til að auka aðsóknina aftur.

Að því er varðar ýmsa aðra héraðsskóla þarf að athuga stöðu þeirra á sama hátt og var gert með Laugarvatn.

## Iðnskólar.

Iðnskólar starfa samkvæmt lögum nr. 68/1966 og reglugerð um iðnfræðslu frá 1975. Löggiltar iðngreinar eru nú 67 og skráðir nemar á námssamningi eru í 44 greinum, samtals um 2550.

Hlutfallsleg skipting þeirra á fræðsluumdæmi er sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vesturland | 7% | Suðurland | 2% |
| Vestfirðir | 1% | Vestmannaeyjar | 3% |
| Norðurland vestra | 4% | Hafnarfjörður | 5% |
| Norðurland eystra | 12% | Reykjanes | 15% |
| Austurland | 4% | Reykjavík | 47% |

Sé fjöldi nema á einstakar iðngreinar athugaður sést að nemendafjöldi er misjafn.

Í 24 iðngreinum eru frá 1– 25 nemar
Í 10 iðngreinum eru frá 26– 50 nemar
Í 4 iðngreinum eru frá 51–100 nemar
Í 6 iðngreinum eru frá 100 nemar

Eftir greinaflokkum verður skiptingin þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Bókagerðargreinar | 88 nemar eða | 3% |
| Bygginga- og tréiðngreinar | 1 143 nemar eða | 46% |
| Fata-, skinn- og leðuriðngreinar | 10 nemar eða | 0,4% |
| Matvælaiðngreinar | 158 nemar eða | 6% |
| Málmiðngreinar | 776 nemar eða | 30% |
| Rafiðngreinar | 282 nemar eða | 11% |
| Þjónustuiðngreinar | 95 nemar eða | 4% |

Ekki þurfa allir iðnnemar að vera á námssamningi heldur geta þeir nú stundað iðnnám í verknámsskólum til sveinsprófs í 18 iðngreinum. Fer þetta ósamningsbundna iðnnám fram í 6 skólum á landinu: Iðnskólanum í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri. Ennfremur í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þá eru örfáir í iðnnámi í Héraðsskólanum á Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu.

Verknámsskólar greinast þannig:

Verknámsskóli í tréiðnaði, Framhaldsdeild í húsgagnasmíði, Framhaldsdeild í húsasmíði, Verknámsskóli í rafiðnum, Framhaldsdeild I og II í rafvirkjun, Framhaldsdeild I og II í útvarpsvirkjun, Verknámsskóli í háriðnum, Verknámsskóli í fataiðn, Verknámsskóli í bókagerð.

Alls eru við nám í þessum skólum 811 nemendur skólaárið 1977/78.

Þeir skiptast eftir iðngreinum:

| | Fj. | % |
|---|---|---|
| Bókiðngreinar | 21 | 3 |
| Bygginga- og tréiðngreinar | 192 | 24 |
| Fataiðngreinar | 21 | 3 |
| Málmiðngreinar | 291 | 35 |
| Rafiðngreinar | 208 | 25 |
| Háriðngreinar | 78 | 10 |
| | 811 | 100 |

Samanlagður fjöldi í verknámsskólum og samningsbundnu iðnnámi er u. þ. b. 3350, sem skiptist þá á milli iðngreinaflokka:

| | Fj. | % |
|---|---|---|
| Bókaiðnir | 109 | 3 |
| Bygginga- og tréiðnir | 1 335 | 39 |
| Fata-, skinna-, leðuriðngreinar | 31 | 1 |
| Matvælaiðngreinar | 158 | 5 |
| Málmiðngreinar | 1 057 | 32 |
| Rafiðngreinar | 490 | 15 |
| Þjónustugreinar | 173 | 5 |
| Alls | 3 353 | 100 |

Á landinu eru starfandi 12 iðnskólar, en auk þess er iðnbraut við 5 skóla sem hafa framhaldsdeildir og þar er kennt námsefni 1. námsáfanga iðnnáms og í hluta skólanna 2. áfanga.

Tveir iðnskólar hafa horfið inn í fjölbrautaskóla, þ. e. Iðnskólinn í Keflavík og Iðnskólinn á Akranesi.

## IÐNFRÆÐSLURÁÐ.

Iðnfræðsluráð er skipað 9 mönnum. Það fer með mál er varða framkvæmd á iðnfræðslu samkvæmt lögum nr. 68/1966. Formaður ráðsins er Óskar Hallgrímsson, en framkvæmdastjóri þess er Óskar Guðmundsson. Skrifstofa Iðnfræðsluráðs er á Suðurlandsbraut 6 í leiguhúsnæði sem er um það bil 200 m$^2$, en þangað flutti Iðnfræðsluráð í maí 1975. Fimm starfsmenn vinna á skrifstofunni og lausráðið fólk við einstök verkefni.

Skrifstofa Iðnfræðsluráðs annast skráningu og staðfestingu námssamninga, færslu spjaldskrár yfir iðnnema, afgreiðslu mála er upp koma vegna kvartana eða slita á námssamningi, skipun prófnefnda, fræðslunefnda einstakra iðngreina og mörg önnur mál er snerta framkvæmd iðnfræðslulaga. Umfangsmesta verkefni Iðnfræðsluráðs síðustu þrjú árin hefur þó verið við námskrárgerð fyrir iðnskóla og verknámsdeildir fjölbrautaskóla.

### Ný áfangaskipting í iðnnámi.

Þegar lög um skólakerfi og lög um grunnskóla voru samþykkt á árinu 1974, var þegar ljóst að taka yrði ákvarðanir um breytt fyrirkomulag í iðnskólum. Einnig lá fyrir úttekt Kristrúnar Ísaksdóttur á kennslu í iðnskólunum, en samkvæmt þeirri úttekt þurfti margt að bæta. Vorið 1975 var ákveðið nýtt áfangakerfi fyrir iðnskólana, og tók sú ákvörðun mið af hvernig áætlað var að þeir nemendur yrðu í stakk búnir er lykju prófi með einkunnum til inngöngu í framhaldsskóla. Gert var ráð fyrir 3ja áfanga kerfi, og skyldu nemendur sem hefðu próf og einkunnir til inngöngu í framhaldsskóla sleppa við 1. áfanga, en 1. áfangi var samræmdur fyrir alla iðnnema.

Samkvæmt þessari ákvörðun var unnið vorið og sumarið 1975 og unnar út námskrár í almennum greinum (íslensku, dönsku, ensku, stærðfræði, efnafræði, eðlisfræði, bókfærslu, félagsfræði), sérgreinum (grunnteikningu, hjálp í viðlögum) og fyrir 20 iðngreinar.

Þá var gengið frá reglugerð um iðnfræðslu sem endurspeglaði þessa ákvörðun (reglugerð um iðnfræðslu nr. 554/1975, þ. 1. 10. 1975.)

### Námskrárgerð.

Frá árinu 1975 hefur Iðnfræðsluráð haft umsjón með námskrárgerð fyrir iðnfræðsluna. Það er umfangsmikið verkefni og aðkallandi að leysa, en fjármagn takmarkar hve hratt þetta verk verður unnið. Stuðst hefur verið við erlendar námskrár í ýmsum faggreinum sem svipaðar eru að eðli og viðfangsefnum því sem er hér eins og t. d. bifvélavirkjun og fleiri tæknigreinum. Af viðfangsefnum sem unnið hefur verið að má nefna:

#### 1. Málmiðnir.

Árið 1975 var samin námskrá fyrir grunnnám í málmiðnum og hún endurskoðuð á seinasta ári, verkefnum fjölgað og þau endurbætt. Einnig var samin rammanámskrá fyrir framhaldsdeild á seinasta ári og hefur hún verið notuð við Iðnskólann í Reykjavík og Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Undirbúningsvinnu er ýmist lokið eða hún langt komin fyrir blikksmíði, rennismíði, vélvirkjun.

### 2. Húsgagnasmíði/tréiðnir.

Árið 1975 var gerð námskrá fyrir verknámsskóla tréiðna og hún endurskoðuð á seinasta ári og samin með henni verkefni. Undirbúningsvinnu að námskrá fyrir framhaldsnám í húsgagnasmíði, þ. e. a. s. framhaldsdeild verknáms og samningsbundið iðnnám er lokið. Stefnt er að því að ljúka gerð hennar á þessu ári.

### 3. Bílgreinar.

Á seinasta ári var unnin undirbúningsvinna við námskrárgerð í bifvélavirkjun og bifreiðasmíði og stefnt að því að ljúka gerð þeirra á þessu ári.

### 4. Rafiðnir.

Á síðastliðnu ári var samin námskrá fyrir grunnnám í rafiðnum og fer fram tilraunakennsla samkvæmt henni í verknámsskólum. Unnið hefur verið að samningu námsgagna í vetur, en tveir kennarar við Iðnskólann í Reykjavík fengu skerta kennsluskyldu til þeirra starfa.

#### Sterkstraumur.

Gagnasöfnun og undirbúningsvinna unnin á árunum 1975 og '77. Gerð námsskrár og námsgagna verður haldið áfram á þessu ári.

#### Veikstraumur.

Menntamálaráðuneytið skipaði árið 1976 nefnd til þess að gera tillögur um nám og réttindi þeirra er vinna við smástraumstæki. Nefndin hefur skilað ítarlegu áliti ásamt mannaflaspá og tillögum um framtíðarskipulag. Nefndin leggur til samræmt nám í veikstraumsgreinum og námslokum með starfsheitinu rafeindavirki — sérhæfing í einstökum sviðum verði þó á síðari hluta námstímans.

### 5. Byggingariðnaður.

Gerð námskrár fyrir húsasmíði er verulega á veg komin. Tveir menn vinna auk þess að gerð námsgagna fyrir byggingariðngreinar í samvinnu við fræðslunefndir.

Undirbúningur er hafinn að gerð námskrár í múrun.

Hugmyndir um byggingariðnskóla hafa verið í athugun allra fræðslunefnda, sem hlut eiga að því máli.

### 6. Bókagerð.

Að undangenginni ítarlegri könnun á störfum í bókagerðargreinum, var gerð tillaga að námsskrá fyrir grunnskóla í bókagerð, og hefur verið kennt samkvæmt henni við bókagerðardeildina við Iðnskólann í Reykjavík.

Samkomulag hefur orðið á milli aðila vinnumarkaðarins um skipulag náms í þessum greinum að loknu grunnnámi og er það nú í athugun hjá Iðnfræðsluráði. Að þeirri athugun lokinni verður hafist handa við gerð framhaldsnámskrár.

### 7. Fataiðnaður.

Gerð var á vegum menntamálaráðuneytisins könnun á menntunarþörf fataiðnaðarins árið 1975.

Samin hefur verið námskrártillaga á grundvelli þeirrar könnunar og verður tilraunakennsla samkvæmt henni í fataiðndeild Iðnskólans í Reykjavík. Undirbúningur er þegar hafinn að skipulagningu framhaldsnáms á þessu sviði og námsskrárgerð fyrir það.

### 8. Hársnyrtiiðnir.

Gagnasöfnun og undirbúningsvinna hefur verið unnin og gerðar tillögur um framtíðarskipan menntunar í þessum greinum. Bráðabirgðanámskrá hefur verið í notkun síðan 1975, en vinna hefst við nýja ítarlegri námskrá, strax og ofangreindar tillögur hafa verið afgreiddar, en í þeim er gert ráð fyrir sameiginlegu grunnnámi beggja iðngreina, hárgreiðslu og hárskurðar, jafn löngu námi í þeim báðum, með samfléttun verknáms í skóla og á vinnustað.

## IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Þetta er langstærsti iðnskóli landsins með hátt í 15. hundrað nemenda í föstu námi og námskeið að auki. Fjöldi kennslustunda skólaárið 1977—78 er á fjórða þúsund á viku.

Húsakostur sá sem skólinn hefur til ráðstöfunar er orðinn allmikill og sæmilega búinn kennslugögnum. Hann hefur verið í byggingu undanfarin ár og snemma skólaárs 1974—75 „afhenti" byggingarnefnd skólans 2. áfanga skólabyggingarinnar formlega til afnota fyrir verknámsdeildir. Húsnæðið er um 1000 m$^2$ viðbygging á þrem hæðum og lenging á svonefndri miðálmu o. fl., alls um 4400 gólfferm.

Þar eru til húsa:

Tréiðnadeildir, málmiðnadeildir, bifvélavirkjadeild, hluti rafiðnaðadeilda og útvarpsvirkjadeild, prentskóli auk samkomusalar, sem tekur nokkur hundruð manns í sæti, en skiptist í 4 til 5 kennslu- og fyrirlestrastofur meðan kennsla í skólanum stendur yfir. Við afhendingu þessa húsnæðis hafði hluti þess þá þegar verið tekinn í notkun en innréttingar héldu áfram allt fram á árið 1977 og útvegun véla og tækja í deildirnar sömuleiðis.

Vegna hinnar hröðu þróunar og rýmisþarfar verkmenntunar svo og skipulagsbreytinga í iðnfræðslu, aukinnar aðsóknar nemenda í ósamningsbundið verklegt nám o. fl. var byggingaráfanga 2 fullráðstafað jafnóðum og húsnæðið varð nothæft. Varð því að leita nýrra úrræða. Með samkomulagi við skólayfirvöld Rvíkurborgar fékkst hluti verknámsálmu Ármúlaskóla til nota fyrir framhaldsdeild verknámsskóla málmiðnaðarins haustið 1976 og haustið 1977 allt húsnæði Vörðuskóla fyrir 1. áfanga iðnnáms, nám og faggreinar í 2. og 3. áfanga sem eru nær eingöngu bóklegar og annast kennarar þess skóla þá fræðslu.

Auk þess sem skólinn veitir samningsbundnum iðnnemum kennslu og gengst fyrir námskeiðum fyrir sveina og meistara, rekur hann sérstakan skóla fyrir iðnmeistara og verknámsskóla fyrir ósamningsbundna iðnnema í málm-, tré- og rafiðnum, bókagerð og hársnyrtingu. Þessir verknámsskólar hafa verið að þróast síðustu árin og greinast í ýmsar framhaldsdeildir sem eru:

**Bifvélavirkjadeild** sem tók til starfa fyrst árið 1972, fyrri hluti, en á árunum 1975—76 fengust vélar og tæki fyrir framhaldsdeild, reglulegt bílaverkstæði, þar sem heilir bílar eru teknir til meðferðar og tók hún til starfa í ársbyrjun 1976. Starfar deildin nú í þrem námsönnum í framhaldi 9 mánaða náms í almennri málmiðnadeild.

**Rafiðnadeild** er í stöðugri uppbyggingu. Á fyrstu árum deildarinnar voru eingöngu teknir í hana nemar sem lokið höfðu prófi frá verknámsskóla málmiðnaðarins (9 mánuðum) og þá starfrækt undir nafninu framhaldsdeild rafiðna, bæði í sterk- og veikstraumsgreinum, en fyrir upphaf skólaárs haustið 1977 var stofnuð svokölluð „grunndeild rafiðna". Nemendur me* fullgilt grunnskólapróf, eða að loknu prófi úr 1. áfanga iðnnáms geta innritast í deildina án þess að fara fyrst í almenna málmiðnadeild. Eftir fyrsta skólaárið skiptast nemendur aðallega í tvær námsbrautir, rafvirkja- og rafvélavirkjabraut og veikstraumsgreinabraut, (útvarp,

sjónvarp o. fl.) Alls taka námsbrautirnar þá 3 skólaár, 6 annir, að viðbættum þjálfunartíma í atvinnulífinu og lýkur með stuttu námskeiði í skóla fyrir sveinspróf. Umtalsverðir fjármunir hafa verið lagðir í áhalda- og tækjakaup, breytingar á húsnæði og námsgagnagerð á vegum skólans fyrir þessa nýju námsbraut.

**Hársnyrtiiðnir.** Haustið 1975 varð talsverð aukning í rekstri hársnyrtideildar með auknu húsnæði og fjölgun nemenda, en sumarið 1977 varð búið í haginn fyrir reglulegan verknámsskóla fyrir þessar iðngreinar. Tók hann formlega til starfa haustið 1977 með 47 nemendum, eftir að verulegt átak hafði verið gert í útvegun tækja og búnaðar og húsnæði aukið og endurbætt. Deildin starfar nú sem eins árs sameiginlegur verknámsskóli fyrir báðar greinarnar, hárskurð karla og hárgreiðslu, síðan gert ráð fyrir þjálfun nemenda í atvinnulífinu. Ráðgert er að þeir komi svo síðar í sérgreint verknám í skóla í eina önn og loks í verklegt námskeið fyrir sveinspróf.

Endanlegar ákvarðanir eru þó ekki enn fengnar um skipulag námsins eftir fyrsta skólaárið, en málið er til meðferðar hjá Iðnfræðsluráði.

**Fataiðndeild** tók fyrst til starfa, sem sérstök námsbraut, haustið 1977 með 20 nemendum. Var lagt undir deildina um 160 ferm. húsnæði í eldri hluta hússins, samin námskrá fyrir fyrsta skólaárið og keyptar vélar og tæki til viðbótar við fáeinar saumavélar sem til voru. Námsbrautin er ekki fullmótuð enn, en umræður hníga í þá átt að alls verði um 4 annir í skóla að ræða auk tveggja 6—7 mánaða þjálfunarskeiða í atvinnulífinu áður en kæmi til lokanámskeiðs fyrir sveinspróf. Rætt er um möguleika þess að deildin taki upp námskeið í sérhæfum saumaaðferðum, en þróun þessa þáttar er óljós.

**Bókiðnadeild.** Upp úr hinum svokallaða prentskóla sem starfað hefir síðan 1956 hefur nú þróast „Bókiðnadeild", sem tók formlega til starfa haustið 1977, sem fastur sameiginlegur verknámsskóli fyrir allar löggiltar iðngreinar í bókiðnagreinum. Undir deildina hafa verið lagðir um 350 ferm. húsnæðis, keypt áhöld til bókbands og offsetvélar ásamt öðrum búnaði, til viðbótar því, sem til var.

**Húsgagnasmíði.** Framhaldsdeild, eftir hið hefðbundna verknámsskólaár í tréiðnum, hófst haustið 1976 og eru fyrstu nemendur deildarinnar nú í 12 mánaða verkþjálfun í atvinnulífinu. Þeir koma síðan í 2.—3. vikna námskeið í skólanum áður en þeir gangast undir sveinspróf. Námsbrautin er þá 4 annir, eða 2 skólaár í skóla, verknámi og faglegu bóknámi, eitt ár í verkþjálfun auk námskeiðs.

**Vélvirkjun.** Haustið 1976 tók til starfa eins árs framhaldsdeild fyrir vélvirkja og rennismiði, með svipuðu fyrirkomulagi og námsbrautin fyrir húsgagnasmiði, nema að verkþjálfun í atvinnulífinu er ráðgerð lengri eða 18 mánuðir.

**Tækniteiknaraskóli.** Veturinn 1974 til 1975 voru gerðar verulegar endurbætur á búnaði tækniteiknideildar til þess að hægt verði að framkvæma námskrá sem samin var en húsnæðismál deildarinnar teljast varla hafa verið leyst fyrr en Barnamúsikskólinn flutti úr skólahúsinu. Hófst kennsla svo í endurbættum húsakosti um haustið 1977.

**Gull- og silfursmíði.** Á skólaárinu 1975—76 var innréttað húsnæði í þakhæð Vitastígsálmu til verknámskennslu fyrir þessa iðngrein og tæki keypt nokkru síðar. Verklegir kennsluþættir hófust síðan fyrir þessa iðngrein, sem „ívaf" iðnnáms skólaárið 1976—77.

## Nemendafjöldi í einstökum deildum skólaárin 1974—1978.

| Deildanöfn | 1974–75 | 1975–76 | 1976–77 | 1977–78 |
|---|---|---|---|---|
| **Gamla kerfið** | | | | |
| 1. bekkur iðnskóla | 206 | | | |
| 2. bekkur iðnskóla | 194 | 172 | | |
| 3. bekkur iðnskóla | 255 | 306 | 225 | |
| 4. bekkur iðnskóla | 217 | 221 | 210 | 144 |
| 2. bekkur iðnskóla C. Háriðnir | | 16 | | |
| **Nýtt kerfi** | | | | |
| I. áfangi iðnnáms | | 100 | 98 | NB. 270 |
| II. áfangi iðnnáms | | 95 | 251 | 196 |
| III. áfangi iðnnáms | | | 76 | 239 |
| **Verknámsdeildir** | | | | |
| Tréiðnir (1. ár) | 76 | 56 | 45 | 72 |
| Málmiðnir | 277 | 221 | 197 | 159 |
| Háriðnir | | | 22 | 47 |
| Rafiðnir | | | | 64 |
| Bókiðnir | | | | 21 |
| Fataiðnir | | | | 21 |
| **Framhaldsverknámsdeildir** | | | | |
| Bifvélavirkjun | 18 | 17 | 29 | 37 |
| Rafvirkjun | 49 | 59 | 59 | 61 |
| Útvarpsvirkjun og sjónvarpsvirkjun | 54 | 45 | 52 | 40 |
| Húsgagnasmíði | | | 7 | 10 |
| Vélvirkjun og rennismíði | | | 11 | 15 |
| Tækniteiknun | 87 | 83 | 61 | 50 |
| Meistaraskóli | 50 | 50 | 35 | 36 |
| Rafsuðunemar | 12 | 10 | | |
| Samtals | 1 495 | 1 451 | 1 378 | 1 482 |

NB. í Vörðuskóla

Námskeið eru ekki meðtalin.

## IÐNSKÓLAR UTAN REYKJAVÍKUR

Skólarnir starfa í samræmi við iðnfræðslulög nr. 68/1966 með síðari breytingum svo og reglugerð sem sett er með heimild í lögunum.

Reglugerðin hefur verið endurskoðuð nokkrum sinnum og er síðasta útgáfa frá 1. október 1975, nr. 264.

Iðnskólanámsefninu hefur verið um allmörg ár skipt niður í fjóra bekki eða áfanga og mun það hafa verið nauðsynlegt þegar skólarnir voru að öllu leyti eða að hluta kvöldskólar. Nú er kvöldskólafyrirkomulagið fyrir mörgum árum niðurlagt og aðstreymi ungmenna með töluverða almenna menntun, gagnfræða- eða landspróf og nú síðast grunnskólapróf, hefur aukist stórlega.

Að þessu athuguðu þótti rétt að breyta skipulagi skólanna og var námsáföngunum fækkað úr fjórum í þrjá og námsefnið þannig fært til að í fyrsta áfanga er eingöngu almennt námsefni, í öðrum áfanga álíka mikið af hvoru og í þriðja áfanga eru nær eingöngu kenndar faglegar greinar.

Þetta hefur þann kost að nemendur með góðan undirbúning (landspróf, gagnfræðapróf eða gott grunnskólapróf) geta nú sest beint í annan bekk (áfanga) og

losna þar með að mestu við að endurtaka efni er þeir höfðu þegar lært í öðrum skólum.

Iðnskólar hafa víða verið stofnaðir, oft í tengslum við gömlu gagnfræðaskólana og í sumum tilfellum voru það sömu aðilar er veittu þeim forstöðu.

Fjöldi iðnskóla mun hafa orðið um 17 talsins og voru þeir mjög misjafnir, en hafa þó allir leitast við að sinna þeim þörfum, er voru á viðkomandi stöðum, og hafa þar af leiðandi verið til mikils hagræðis fyrir fólk út um landsbyggðina. Skólarnir sinntu og sinna enn yfirleitt fáum iðngreinum, en höfða þó yfirleitt til þess atvinnulífs er fyrirfinnst á viðkomandi stað.

Nú þegar hafa sumir þessara litlu iðnskóla verið felldir inn í nýstofnaða fjölbrautaskóla og auðsjáanlega mun svo fara um fleiri þeirra, og er það án efa rétt stefna, því við það fást sterkari stofnanir, sem verða færari að takast á við fleiri og margbreytilegri verkefni. Iðnskólar og iðnbrautir við aðra framhaldsskóla eru nú starfræktar á rúmlega tuttugu stöðum.

## HJÚKRUNARSKÓLAR.

Hjúkrunarskóli Íslands starfar samkvæmt lögum frá 18. apríl 1962, nr. 35/1962 og reglugerð er sett var árið 1966 samkvæmt lögunum (nr. 279/1966).

Námstíminn er þrjú ár og fer um það bil einn þriðji hluti tímans í bóklegt nám í skólanum sjálfum en hinn hlutinn er vinnustaðanám er fer fram á sjúkrahúsum og ýmsum heilbrigðisstofnunum, aðallega hér á höfuðborgarsvæðinu.

Inntökuskilyrði í skólann er m. a., að umsækjandi hafi lokið landsprófi miðskóla, gagnfræðaprófi eða hlotið hliðstæða menntun. Umsækjendur sem hlotið hafa frekari menntun, skulu ganga fyrir að öðru jöfnu.

Mikil aðsókn hefur verið að skólanum og ekki mögulegt að veita öllum skólavist er um hafa sótt. Meðal umsækjenda undanfarin ár hefur verið mikill fjöldi einstaklinga með töluvert mikla undirbúningsmenntun, m. a. stór hluti sem hefur lokið stúdentsprófi og er nú svo komið að ekki er mögulegt að komast í skólann með minna en tveggja vetra nám úr framhaldsskóla, sem lokið hefur verið með sæmilega góðum árangri.

Skortur á fagkennurum hefur töluvert háð starfsemi skólans. Úr því hefur verið reynt að bæta með því að styrkja hjúkrunarkonur til framhaldsnáms erlendis, en árangur af því ekki eins mikill og í fyrstu var vonast eftir. Á síðastliðnu hausti var tekin upp ný stefna til þess að ráða bót á umræddum kennaraskorti með því að skipuleggja framhaldsnám við Kennaraháskóla Íslands fyrir hjúkrunarfræðinga sem síðan er vonast eftir að vilji leggja fyrir sig kennslu. Í fyrrnefndu námi eru nú um 30 hjúkrunarfræðingar og munu þeir væntanlega ljúka því vorið 1979 og fá þá fullkomin kennsluréttindi.

Inntaka nemenda í skólann hefur verið um 75—100 einstaklingar á ári, sem hefur þótt of fámennur hópur miðað við álit heilbrigðisyfirvalda. Með tilliti til þessa hefur ráðuneytið látið athuga hvernig auka megi afköst skólans og hefur þegar áunnist nokkuð í þeim efnum. Inntaka nemenda fer nú orðið fram tvisvar á ári og ákveðnu skipulagi hefur verið komið á verklegt og bóklegt nám í skólanum og ákveðnar reglur settar um vinnuþjálfunina, sem fer fram á heilbrigðisstofnunum eins og áður greinir, hefur verið komið á, sem gerir það að verkum að nú er hægt að taka inn um 60 nemendur á hálfs árs fresti, eða 120 á ári. Með auknum og betri kennslukröftum svo og aukinni skipulagningu er vonast til þess að hægt verði að auka nemendastreymi skólans meira.

Þá má geta þess að verið er að athuga tengsl skólans við aðra skóla, m. a. námsbraut í hjúkrunarfræðum við Háskóla Íslands.

**Nýi hjúkrunarskólinn** var stofnaður árið 1972 með heimild í lögum nr. 81/1972. Hann var fyrst til húsa í Grensásdeild Borgarspítalans, en fluttist síðar í leiguhús-

næði að Suðurlandsbraut 18. Húsnæðið rúmar allt að sextíu nemendur. Fyrsti hópurinn sem stundaði nám í skólanum voru 23 ljósmæður.

Annar hópur ljósmæðra, 21 að tölu, auk tveggja þroskaþjálfa, hóf nám í skólanum sumarið 1975 og luku 20 prófi í desember s. l. (1977). Þriðji hópur nemenda, tuttugu að tölu hóf almennt hjúkrunarfræðinám í skólanum í janúar 1976, og af þeim eru enn við nám fjórtán, og munu væntanlega ljúka námi í janúarbyrjun 1979.

Nýi hjúkrunarskólinn átti upphaflega að starfa á svipuðum grundvelli og Hjúkrunarskóli Íslands og samkvæmt sömu reglugerð. Brátt kom þó í ljós, að mikil eftirspurn og ákveðnar óskir komu frá hjúkrunarfræðingum um, að þessi skóli yrði fremur rekinn sem framhaldsskóli fyrir hjúkrunarfræðinga en venjulegur hjúkrunarskóli.

Með hliðsjón af þessu heimilaði ráðuneytið að veitt yrði framhaldsnám í ýmsum sérgreinum hjúkrunarfræða.

Fyrsta framhaldsnámið sem skólinn skipulagði var nám í geðhjúkrun. Það stóð yfir í 15 mánuði og því luku 22 hjúkrunarfræðingar í byrjun janúar 1977. Fyrir voru starfandi 7 geðhjúkrunarfræðingar, er allir höfðu numið erlendis.

Annað sérfræðinám, sem skólinn hefur séð um, er hjúkrun sjúklinga á handlækninga- og lyflækningadeildum, 12 mánaða nám í skurðhjúkrun, sem einnig er 12 mánaða nám og svæfingarhjúkrun, tveggja ára nám. Allar þessar námsbrautir eru skipulagðar í náinni samvinnu við hjúkrunarfræðinga og lækna þeirra sjúkrahúsa, er sjá nemendum fyrir verknámsstöðum.

Í marsbyrjun 1978 hófst framhaldsnám í ýmsum greinum, umsækjendur voru 26. Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að gefa þriðja hópi ljósmæðra kost á hjúkrunarfræðinámi um áramót 1978—1979.

Við nám í Nýja hjúkrunarskólanum eru:

| | | |
|---|---|---|
| I | Framhaldsnám í hjúkrun sjúklinga á hand- og lyflækningadeildum | 8 hjúkrunarfræðingar |
| | Svæfingahjúkrun | 7 hjúkrunarfræðingar |
| | Skurðhjúkrun | 4 hjúkrunarfræðingar |
| | Gjörgæslu | 1 hjúkrunarfræðingur |
| | Geðhjúkrun | 11 hjúkrunarfræðingar |
| | Samtals | 31 hjúkrunarfræðingur |
| II | Almennt hjúkrunarfræðinám | 14 nemar |

## HÚSSTJÓRNARSKÓLAR

Á undanförnum árum hefur aðsókn að hússtjórnarskólunum farið stöðugt minnkandi. Skýring á þessari þróun fæst ef athugað er hve miklum breytingum atvinnuhættir og öll þjóðfélagsbyggingin hefur tekið hin síðari ár.

Þróun þessi virðist halda áfram og virðist því ekki um annað að ræða, en að breyta starfsemi skólanna allverulega frá því sem hefur tíðkast til þessa, eða ef til vill öllu fremur reyna að bjóða námsefni í hússtjórnarfræðum sem valgrein innan samræmds framhaldsskóla og jafnframt tryggja þeim er þetta námsefni taka rétt til frekara framhaldsnáms, sem síðar veitir fullkomin starfsréttindi á einu eða öðru sviði.

Af hússtjórnarskólunum sem voru orðnir tíu að tölu, hafa þrír hætt starfsemi, þ. e. Staðarfell, Húsmæðraskólinn að Laugalandi í Eyjafirði og Kvennaskólinn á Blönduósi. Þá er rétt að upplýsa að nokkrir skólanna hafa tekið að sér að kenna námsefni grunnskóla í hússtjórnarfræðum. Margir hafa breytt starfseminni á þá lund að fyrri hluta vetrar hafa verið haldin stutt námskeið, en síðari hluta vetrar hefur verið samfelld kennsla.

Vorið 1975 samþykkti Alþingi ný lög um hússtjórnarskóla, þ. e. lög nr. 53/1975, en samkvæmt þeim skulu umræddir skólar verða ríkisskólar og kostaðir að fullu úr ríkissjóði. Lög þessi koma þó ekki til framkvæmda að því er varðar þá húsmæðraskóla, sem nú eru starfandi, fyrr en samið hefur verið um yfirtöku ríkissjóðs á eignum þeirra og skuldum, en til þess að svo megi verða þurfa viðkomandi sameignaraðilar ríkissjóðs að skólunum að óska eftir því.

Fjórir aðilar hafa óskað eftir yfirtöku, þ. e. Reykjavík vegna Húsmæðraskóla Reykjavíkur, sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórn Dalvíkur vegna Húsmæðraskólans að Laugalandi, Austfirðingar vegna Húsmæðraskólans á Hallormsstað og sýslunefndir Mýra- og Borgarfjarðarsýslna vegna Húsmæðraskólans að Varmalandi.

Samningum um eignayfirtöku er lokið vegna skólans í Reykjavík og á Hallormsstað, en unnið er að samningagerð um hina tvo.

Einn húsmæðraskóli hefur ávallt verið í ríkiseign, en það er skólinn að Staðarfelli, sem ekki er nú starfræktur, eins og áður segir, þá er rétt að geta þess að húsmæðraskólinn að Löngumýri í Skagafirði tilheyrir Þjóðkirkjunni, en um rekstrarhliðina hefur menntamálaráðuneytið séð að nokkru.

## VERSLUNARSKÓLAR, viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Skólar þeir sem veita viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi eru: Verslunarskóli Íslands, Samvinnuskólinn, fjölbrautaskólar og framhaldsdeildir við ýmsa grunnskóla.

Verslunarskóli Íslands og Samvinnuskólinn voru og eru að nokkru leyti enn einkaskólar, en frá 1976 starfa þeir í samræmi við lög nr. 51/1976 og eru að mestu kostaðir af ríkissjóði.

Báðir skólarnir hafa nú framhaldsdeildir, sem útskrifa stúdenta. Unnið er að því að ganga frá námsskrá fyrir viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi og er gert ráð fyrir að námstími verði þrjú ár.

Við Verslunarskóla Íslands sem er fjögra ára skóli stunda nú nám 673 nemendur, þar af eru 461 nemandi í verslunardeild, en fyrstu tvö námsárin teljast til þeirrar deildar. Þeir sem ljúka prófi með sæmilegum árangri frá verslunardeildum geta síðan haldið námi áfram og lokið stúdentsprófi, að öllu jöfnu, eftir tveggja ára viðbótarnám, í þeirri deild eru nú 212 nemendur.

Samvinnuskólinn að Bifröst er tveggja ára skóli.

Framhaldsdeild skólans er í leiguhúsnæði í Reykjavík og útskrifar sú deild stúdenta.

Í viðskiptanámi í fjölbrautaskólum og framhaldsdeildum eru nú við nám um 750 nemendur.

## HÓTEL- OG VEITINGASKÓLI ÍSLANDS

Skólinn starfar samkvæmt lögum nr. 6/1971. Hann er til húsa á tveim stöðum, þ. e. í Hótel Esju, þar sem hann hefur á leigu nokkrar kennslustofur og aðstöðu til sýnikennslu í matreiðslu, og í Sjómannaskólanum, en þar fer aðallega fram hið verklega matreiðslu- og framreiðslunám. Þetta húsnæði er ekki til frambúðar og þarf að finna lausn á því máli áður en langt um líður.

Sérstök nefnd var skipuð 14. september 1977 til þess að gera tillögur til ráðuneytisins um starfssvið og skipulag skólans. Nefndin á sérstaklega að taka til athugunar tengsl skólans við aðrar menntastofnanir á framhaldsskólastigi, sem annast menntun á hliðstæðum náms- og starfssviðum svo sem fjölbrautaskóla og hússtjórnarskóla. Þá var nefndinni jafnframt falið að athuga eðlileg tengsl skólans við atvinnulífið, einkum er snertir hótel- og veitingarekstur, mötuneyti sjúkrahúsa, skóla og vinnustaða og fyrirtækja í matvælaiðnaði.

Nefndin hefur ekki ennþá lokið störfum, en viðræður eru hafnar um samræmingu á námsskipulagi hans við hússtjórnarsvið fjölbrautaskóla og hússtjórnarskóla.

Skólinn tekur matreiðslu- og framreiðslunema 3×4 mánuði og býr þá undir sveinspróf.

Þá veitir skólinn þeim fræðslu, sem ætla að gerast brytar á farþega- og flutningaskipum.

## STÝRIMANNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Skólinn starfar samkvæmt lögum frá 3. maí 1972, nr. 22/1972 og reglugerð nr. 259/1974 frá 27. ágúst 1974.

Aðsókn að skólanum hefur staðið í stað nokkur undanfarandi ár, sem talin er óæskileg þróun. Ýmsum getgátum hefur verið haldið á lofti viðvíkjandi því hvað veldur.

Þó virðist mega álykta með nokkrum rökum, að sérskóli sem menntar á nokkuð þröngu sviði hafi ekki sama aðdráttarafl og áður var. Þá hefur verið bent á, að tveggja ára siglingatími, sem er skilyrði fyrir inngöngu í skólann kunni að stuðla að því að færri en skyldi sæktu um vist í skólanum.

Auðsætt er að málefni skólans þurfa að skoðast með tilliti til nýrra aðstæðna og breyttra þjóðfélags- og atvinnuhátta og er forsvarsmönnum, skólanefnd og öðrum velunnurum skólans það vel ljóst.

## VÉLSKÓLI ÍSLANDS

Skólinn starfar samkvæmt lögum frá 10. maí 1966, nr. 67/1966 og reglugerð nr. 200/1974, sem er sett samkvæmt lögunum.

Aðsókn að skólanum hefur farið vaxandi og á síðastliðnum vetri stunduðu um 430 nemendur nám við skólann í 18 bekkjardeildum. Auk þess hefur vélstjórakennsla farið fram utan Reykjavíkur á nokkrum stöðum, þ. e. Vestmannaeyjum, Keflavík, Ísafirði, Siglufirði og Akureyri. Þessi kennsla hefur farið fram í tengslum við Vélskóla Íslands og á sumum stöðunum sem deild úr honum. Kennsla þessi hefur tekið til 1. og 2. stigs vélstjóranáms og á Ísafirði var heimilað á síðastliðnu hausti að kenna námsefni 3. bekkjar svo að á þessu vori ljúka þar fyrstu nemendurnir þriðja stigs vélstjóraprófi. Deildin er í umsjá Iðnskólans á Ísafirði.

Á þessu sviði er um að ræða jákvæða þróun, sem eykur möguleika ungmenna til að afla sér tæknimenntunar til hagsbóta fyrir atvinnulíf viðkomandi staða.

Í vélstjóranám hefur sótt fólk með mismunandi undirbúningsmenntun og hin síðari árin nokkrir stúdentar. Til þess að forðast skörun í námi fólks sem kemur með allmikla menntun inn í vélstjóranám þyrfti að vera unnt fyrir þá að ljúka náminu af á skemmri tíma en nú er.

## FISKVINNSLUSKÓLINN.

Lög um Fiskvinnsluskóla eru nr. 55/1971.

Skólinn tók til starfa haustið 1971. Fyrstu fiskiðnaðarmennirnir útskrifuðust þaðan vorið 1974 og fyrstu fisktæknarnir vorið 1976.

Frá byrjun hefur skólinn sífellt verið í mótun og margar breytingar gerðar á kennsluefni og kennslutilhögun.

Á síðastliðnu hausti gerði skólinn tilraun til þess að aðlaga námið í skólanum að samræmdum skóla (fjölbrautaskólakerfi) með því að gera Fiskvinnsluskólann að hreinum fagskóla en láta aðra framhaldsskóla um hinar almennu námsgreinar.

Með tilliti til þessa var allt námið endurskipulagt og til frekari upplýsinga skal vísað á námsvísi skólans.

Eftir umræddar breytingar munu nemendur utan höfuðborgarsvæðisins geta lokið hluta heildarnámsins heima, ef framhaldsskólar eru þar til staðar, og einnig munu nemendur geta valið mismunandi námsleiðir gegnum skólann. Þá er stúdentum frá stærðfræðideildum menntaskóla boðið upp á tiltölulega stutta námsleið gegnum skólann.

## MYNDLISTA- OG HANDÍÐASKÓLI ÍSLANDS.

1. Myndlista- og handíðaskóli Íslands starfar nú samkvæmt lögum nr. 38 frá 11. maí 1965 og rekstraraðilar eru ríkissjóður og Reykjavíkurborg að hluta.

   Lög um skólann hafa verið lengi í endurskoðun, eða rúm sjö ár, og hefur nefnd er menntamálaráðherra skipaði á sínum tíma unnið umrætt starf. Nefndin hefur nú nýlega lokið við að semja frumvarp til nýrra laga um skólann og stöðu hans í skólakerfinu. Frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Í því er lagt til að skólinn skiptist í eftirtaldar fjórar deildir:

   1. Myndlistadeild.
   2. Listiðna- og iðnhönnunardeild.
   3. Myndmenntadeild.
   4. Listfræðsludeild.

   Þá er gert ráð fyrir að skólinn verði hreinn ríkisskóli.

2. Undanfarin fjögur til fimm ár hefur starfsemin verið svipuð og lítið breytt frá ári til árs nema að stofnuð hefur verið deild við skólann fyrir frjálsa myndlist og hefur aðsókn að henni farið vaxandi (málm- og nýlistardeild).

   Skólinn er í leiguhúsnæði og hefur það verið aukið lítillega ($100^2$) á síðustu árum. Þess má geta, að aðsókn að skólanum hefur verið miklum mun meiri en hægt hefur verið að sinna. Í skólann hafa verið teknir inn árlega um sextíu nýir nemendur.

## LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR.

Safnið er eign ríkisins og samkvæmt ákvæðum í erfðaskrá Einars Jónssonar, myndhöggvara og frú Önnu konu hans, hefur fimm manna nefnd stjórn safnsins með höndum. Formaður hennar er sr. Jón Auðuns, fv. dómprófastur.

Fjöldi sýningargesta á ári 1976—1977 hefur verið milli 3—4 þúsund.

## NÁMSFLOKKAR, BRÉFASKÓLAR OG ÖNNUR FRÆÐSLUSTARFSEMI.

Námsflokkar hafa verið starfræktir víðsvegar um landið og yfirleitt fyrir forgöngu og á ábyrgð viðkomandi sveitarfélaga. Mest hefur þó borið á Námsflokkum Reykjavíkur, sem eru nú orðin nokkuð sterk og öflug stofnun, og sem virðist njóta aukinna vinsælda bæði hjá ungu og fullorðnu fólki.

Framlag ríkisins hefur rýrnað mjög mikið að verðmæti hin síðari ár og er auðsætt að taka þarf þáttöku ríkisins til endurskoðunar sem fyrst. Þá þarf að athuga að hve miklu leyti hinn almenni framhaldsskóli, háskólar, sjónvarp og útvarp geta stuðlað að aukinni fullorðinsfræðslu.

Samband íslenskra samvinnufélaga, Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kvenfélagasamband Íslands hafa rekið að undanförnu í sameiningu bréfaskóla og hefur sú starfsemi notið nokkurs ríkisstyrks.

Menntamálaráðuneytið skipaði á árinu 1971 nefnd til þess að gera tillögur um hvernig skipulegga skuli fræðslustarfsemi fyrir fullorðna. Nefndin samdi frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu ásamt greinargerð, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi en hefur ekki til þessa fengið þar afgreiðslu.

Þá má geta þess að starfandi er nefnd sem fengið var það verkefni að gera tillögur um það, á hvern hátt hægt væri að nýta útvarp og sjónvarp til kennslu. Nefndin hefur ekki skilað áliti til þessa, en það mun vera væntanlegt.

## DAGVISTARHEIMILI.

Fyrstu lög um dagvistarheimili voru samþykkt á Alþingi í apríl 1973 (lög nr. 29/1973). Með þeim var ákveðið að ríkið skyldi taka þátt í byggingu og rekstri dagvistarheimila. Þegar fjárlög ársins 1976 voru afgreidd var gerð breyting á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og var þá gerð bráðabirgðabreyting á lögum nr. 29/1973.

Voru nokkrir útgjaldaliðir ríkissjóðs færðir yfir á sveitarsjóði gegn aukinni hlutdeild sveitarsjóða í söluskattstekjum. Einn þessara liða var hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði dagvistarheimila fyrir börn. Með breyttri greiðslutilhögun var stefnt að því að flytja ákveðin verkefni til sveitarfélaga en ekki að draga úr framlagi til verkefnanna.

Lög um dagvistarheimili nr. 112/1976 voru samþykkt á Alþingi í desember 1976 og staðfest 31. desember.

Reglugerð um dagvistarheimili, sem sett hafði verið í samræmi við lög nr. 29/1973 hefur einnig verið endurskoðað í samræmi við hin nýju lög nr. 112/1976.

Reglugerð um dagvistarheimili er nr. 149/1977.

Athygli sveitarstjórnarmanna og annarra, sem reka eða hyggjast stofna dagvistarheimili, skal sérstaklega vakin á eftirfarandi ákvæðum hinna nýju laga:

1. Að samþykki menntamálaráðuneytisins þarf til að stofnsetja og reka dagvistarheimili (2. grein).
2. Að ríkið greiðir sem áður 50% af stofnkostnaði dagvistarheimila (3. grein).
3. Rekstrarstyrkir ríkisins hafa verið felldir niður, en sveitarfélag greiðir rekstrarkostnað sem hér segir:
   Til dagheimila og skóladagheimila allt að 60% og til leikskóla allt að 40% (8. grein).

### Um rekstur dagvistarheimila fyrir börn 1977.

Dagvistarheimili eru rekin í 41 sveitarfélagi.

Í desember 1977 voru rekin hér á landi 8 skóladagheimili og 39 dagheimili fyrir 1799 börn og 59 leikskólar fyrir 3922 börn. Í töflu I er skrá yfir þá staði þar sem dagvistarheimili störfuðu og fjölda barna á heimilunum.

# TAFLA I.
## Fjöldi barna á dagvistarheimilum des. 1977.

| | Fjöldi heimila | Fjöldi barna: Skóladagheimili | Dagheimili | Leikskólar | Börn alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Akranes | 2 | | 36 | 37 | 73 |
| Akureyri | 4 | 23 | 49 | 135 | 207 |
| Akureyri, Fjórðungssjúkrahús | 1 | | 44 | | 44 |
| Blönduós | 1 | | | 46 | 46 |
| Bolungarvík | 1 | | | 20 | 20 |
| Borgarnes | 1 | | | 80 | 80 |
| Dalvík | 1 | | 19 | | 19 |
| Egilsstaðir | 1 | | | 23 | 23 |
| Eskifjörður | 1 | | | 41 | 41 |
| *Flateyri | 1 | | | 30 | 30 |
| Garðabær | 2 | | | 70 | 70 |
| Garðabær, Vífilsstaðir | 1 | | 28 | | 28 |
| Hafnarfjörður | 3 | | 114 | 74 | 188 |
| Hafnarfjörður, St. Jósepssystur | 1 | | | 120 | 120 |
| Hella | 1 | | | 27 | 27 |
| Hellissandur | 1 | | | 34 | 34 |
| Húsavík | 2 | | 25 | 60 | 85 |
| *Hvammstangi | 1 | | | 20 | 20 |
| Hveragerði | 1 | | | 44 | 44 |
| *Hvolsvöllur | 1 | | | 42 | 42 |
| Höfn, Hornafirði | 1 | | | 39 | 39 |
| Ísafjörður | 1 | | | 70 | 70 |
| Keflavík | 2 | | 62 | 62 | 124 |
| Kópavogur | 3 | | 38 | 192 | 230 |
| Mosfellssveit | 1 | | | 72 | 72 |
| Mosfellssveit, Reykjalundur | 1 | | 12 | | 12 |
| Neskaupstaður | 1 | | 37 | 40 | 77 |
| Ólafsfjörður | 1 | | | 42 | 42 |
| Ólafsvík | 1 | | | 40 | 40 |
| Reyðarfjörður | 1 | | | 22 | 22 |
| Reykjavíkurborg | 35 | 92 | 775 | 1 707 | 2 574 |
| Reykjavík, Borgarspítali | 2 | | 96 | | 96 |
| Reykjavík, KFUM & K | 1 | | | 60 | 60 |
| Reykjavík, Hagkaup | 1 | | 12 | | 12 |
| Reykjavík, Hálsakot | 1 | | 12 | | 12 |
| Reykjavík, Kleppsspítali | 2 | 13 | 34 | | 47 |
| Reykjavík, Króasel | 1 | | 20 | | 20 |
| Reykjavík, Landakot | 2 | 15 | 20 | | 35 |
| Reykjavík, Landsspítali | 2 | 17 | 64 | | 81 |
| Reykjavík, Ós | 1 | | 20 | | 20 |
| Reykjavík, Ösp | 1 | | 17 | 40 | 57 |
| Sauðárkrókur | 1 | | | 72 | 72 |
| Selfoss | 1 | | | 71 | 71 |
| Seltjarnarnes | 1 | | | 59 | 59 |
| Seyðisfjörður | 1 | | | 52 | 52 |
| Siglufjörður | 1 | | 15 | 49 | 64 |
| Skagaströnd | 1 | | | 40 | 40 |
| Skútustaðahreppur | 1 | | | 30 | 30 |
| *Stykkishólmur | 1 | | | 75 | 75 |
| *Suðureyri | 1 | | | 27 | 27 |
| Vestmannaeyjar | 3 | | 90 | 80 | 170 |
| Vík | 1 | | | 14 | 14 |
| Vogar, Vatnsleysuströnd | 1 | | | 17 | 17 |
| Vopnafjörður | 1 | | | 20 | 20 |
| Þorlákshöfn | 1 | | | 27 | 27 |
| Samtals | 106 | 160 | 1 639 | 3 922 | 5 721 |

* Heimili sem eru rekin hluta úr ári.

Í töflu II er gefið yfirlit yfir fjölda dagvistarheimila og barna fyrir árin 1973 og 1977.

TAFLA II.

Dagvistarheimili 1973 og 1977.

| | Dagheimili og skóladagheimili | Leikskólar | Dagvistarh. samtals |
|---|---|---|---|
| Fjöldi heimila 1973 | 30 | 40 | 70 |
| Fjöldi heimila 1977 | 47 | 58 | 106 |
| Aukning | 17 | 19 | 36 |
| Fjöldi barna 1973 | 1 270 | 2 745 | 4 015 |
| Fjöldi barna 1977 | 1 799 | 3 922 | 5 721 |
| Aukning | 529 | 1 177 | 1 706 |

## Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar dagvistarheimila.

Fjárveiting ríkisins til stofnkostnaðar dagvistarheimila 1973—1978 er sýnd í töflu III.

TAFLA III.

| | Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar dagvistarheimila á verðlagi hvers árs millj. kr. | Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar dagvistarheimila á föstu verðlagi miðað við vísitölu bygg.kostn. 159 stig í desember 1977 millj. kr. |
|---|---|---|
| 1973 | 10,0 | 36,9 |
| 1974 | 40,0 | 97,6 |
| 1975 | 60,1 | 100,6 |
| 1976 | 68,4 | 98,1 |
| 1977 | 110,7 | 127,3 |
| 1978 | 180,0 | 139,6 |

**Í töflu IV er sýnt til hve margra heimila stofnkostnaðarframlag hefur verið greitt og til hve margra kaupstaða og kauptúna.**

TAFLA IV.

| | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi heimila sem fá greitt stofnframlag | 19 | 39 | 28 | 43 | 43 |
| Fjöldi sveitarfélaga þar sem heimilin eru | 11 | 18 | 17 | 26 | 27 |

## Teikningar af dagvistarheimilum.

**Í 11. gr. laga um dagvistarheimili nr. 112/1976 segir: „ráðuneytið skal láta gera staðlaðar teikningar af dagvistarheimilum, sem byggjendur dagvistarheimila eiga kost á að fá gegn sanngjörnu gjaldi“.**

Menntamálaráðherra skipaði nefnd til þess ásamt Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt að vinna að gerð þessara teikninga.

Ráðherra skipaði formann hönnunarnefndarinnar og eftirtaldir aðilar tilnefndu fulltrúa í nefndina:

Barnavinafélagið Sumargjöf,
Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar,
Fóstrufélag Íslands,
Kvenfélagasamband Íslands.

Unnar hafa verið 18 gerðir af teikningum, sem eru með einni til fimm deildum. Hver hópur hefur sína deild með sérinngangi, fataherbergi, snyrtiherbergi, hvíldar- og leikherbergjum auk sameiginlegs rýmis. Minnsta húsið er 115 m² og stærsta húsið 850 m². Teikningunum er hagað þannig að mögulegt er að vera með blandaða aldurshópa jafnt og hefbundna aldursskiptingu í deildum. Engin sérstök vöggustofudeild er í húsunum en hægt er að koma henni þar fyrir ef rekstraraðili óskar þess, en ákvörðun þarf að taka um þetta atriði áður en innréttingar og hreinlætistæki eru sett upp.

Teikningarnar geta uppfyllt þarfir sveitarfélaga af ýmsum stærðum. Forsenda fyrir teikningunum er að auðvelt á að vera að byggja húsin í áföngum, stækka þau með viðbótaráfanga. Þau gögn sem hönnunarnefndin hefur unnið eftir eru til í ráðuneytinu til afnota fyrir þá sem þess óska.

### Könnun á þörf fyrir dagvistarheimili.

Menntamálaráðuneytið taldi nauðsynlegt að fram færi heildarathugun á þörfinni fyrir dagvistarheimili í landinu. Leitað var samstarfs við Samband íslenskra sveitarfélaga um slíka athugun og var þeirri málaleitan svarað játandi.

Jafnframt spurðist ráðuneytið fyrir um hvort hugsanlegt væri að nemendur í félagsvísindadeild Háskóla Íslands myndu reiðubúnir að takast þetta könnunarverkefni á hendur undir stjórn kennara sinna og í samráði við ráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á fundi félagsvísindadeildar hinn 19. október 1976 var ákveðið að svara þessari málaleitan játandi. Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Þorbirni Broddasyni var falið að annast málið. Starfsmenn könnunarinnar voru Róbert T. Árnason fyrstu vikurnar, en síðan Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, þjóðfélagsnemi.

Ákveðið var að gera könnunina á tveim stöðum í upphafi og yrði það forkönnun. Á grundvelli hennar yrði endanlega ákveðið um framhaldið. Fyrir valinu urðu Fáskrúðsfjörður og Selfoss. Þessir staðir eru um margt ólíkir svo sem um landfræðilega legu, atvinnuhætti, íbúðafjölda og sögu, en á báðum stöðunum ríkti áhugi meðal opinberra aðila á dagvistarmálum.

Ýmsar aðferðir koma til álita við söfnun upplýsinga um viðhorf og áhugamál almennings. Að þessu sinni varð fyrir valinu póstsending skriflegra spurningalista sem viðtakendur voru beðnir að fylla út og endursenda síðan í pósti í árituðum og frímerktum umslögum sem fylgdu spurningalistunum. Kostir þessarar aðferðar umfram aðrar sem til greina koma, eru þeir, að hún er tiltölulega ódýr, hagkvæm og ekki þarf til hennar mikið af sérhæfðu starfsliði.

Dagvistarmál snerta alla íbúa byggðarlaga með einum eða öðrum hætti; foreldra, launafólk, atvinnurekendur, sveitarstjórnarmenn og skattgreiðendur almennt. Í þessari könnun var sá kostur tekinn að leita fyrst og fremst til þess fólks sem talið var, að hefði mesta vitund um hagsmuni sína í þessum efnum, þ. e. mæður ungra barna. Jafnframt voru þó tekin óformleg viðtöl við nokkra atvinnurekendur og sveitarstjórnarmenn.

Í þessari könnun var öllum mæðrum á Fáskrúðsfirði og Selfossi sem eiga börn undir ellefu ára aldri, send spurningaskrá í júlí 1977. Nöfn þeirra voru fundin eftir nýjustu íbúaskrám, en þær koma út 1. desember ár hvert og voru því ½ árs gamlar,

þegar könnunin fór fram. Aðstandendum könnunarinnar þótti áríðandi, að allar mæður með börn á þessum aldri fengju spurningaskrá, þ. e. einnig þær sem væru nýaðfluttar, svo og þær sem hefðu eignast börn eftir 1. desember síðastliðinn. Var því farið á áðurnefnda staði og þar gerðar breytingar og leiðréttingar á nafnalistum með aðstoð heimamanna.

Eftirfarandi tafla sýnir heimturnar á spurningaskrám.

| | Fáskrúðsfjörður | Selfoss |
|---|---|---|
| Fjöldi sem fékk sendar spurningaskrár | 96 | 408 |
| Fjöldi sem svaraði | 68 | 298 |
| Svarshlutfall | 71% | 73% |

Á grundvelli svaranna frá þessum konum telst þörfin fyrir dagvistarrými á Fáskrúðsfirði og Selfossi vera með eftirfarandi hætti:

| | Fáskrúðsfjörður | Selfoss |
|---|---|---|
| Þörf fyrir dagvist hluta úr degi | 61 barn | 129 börn |
| Þörf fyrir dagvist allan daginn | 12 börn | 18 börn |
| Þörf fyrir dagvist ótiltekinn tíma á dag | | 20 börn |
| Nú þegar á leikskóla | | 46 börn |
| Þörf samtals | 73 börn | 121 barn |

Nokkur munur virðist vera á þörfinni fyrir dagvistarrými í þessum byggðarlögum:

| | Fáskrúðsfjörður | Selfoss |
|---|---|---|
| Hlutfallsleg þörf barna yngri en 2 ára | 79% | 43% |
| Hlutfallsleg þörf 2–5 ára barna | 75% | 53% |
| Hlutfallsleg þörf 6–10 ára barna | 33% | 12% |

Þessi mismunur stafar sjálfsagt að einhverju leyti af mismunandi atvinnuþátttöku mæðra á Fáskrúðsfirði og Selfossi:

| | Fáskrúðsfjörður | Selfoss |
|---|---|---|
| Sinna húsmóðurstörfum eingöngu og nefna ekki atvinnuleysi | 54% | 37% |
| Sinna húsmóðurstörfum eingöngu, en segjast vera atvinnulausar | | 5% |
| Vinna hluta úr degi utan heimilis | 16% | 26% |
| Vinna hluta úr ári utan heimilis | 15% | 11% |
| Vinna fulla vinnu utan heimilis | 13% | 18% |
| Taka vinnu heim | 2% | 3% |
| | 100% | 100% |
| Fjöldi | 68 konur | 298 konur |

Á meðan ekki hefur verið bætt úr skortinum á dagvistarrýmum er vandinn leystur með ýmsum hætti:

| | Fáskrúðsfjörður | Selfoss |
|---|---|---|
| Eingöngu í gæslu foreldra eða systkina | 80% | 71% |
| Í gæslu annarra ættingja á heimili barnsins | 7% | 3% |
| Í gæslu annarra ættingja á heimili þeirra | 5% | 5% |
| Í gæslu vandalauss skólabarns (barnapíu) | 5% | 7% |
| Í gæslu fullorðinna vandalausra á heimili þeirra | 3% | 5% |
| Í leikskóla | | 9% |
| | 100% | 100% |
| Fjöldi | 124 börn | 509 börn |

Skipting kostnaðar við dagvistarheimili hefur verið umdeilt atriði á undanförnum árum. Eftirfarandi tafla sýnir viðhorf mæðra á Fáskrúðsfirði og Selfossi til þessara mála:

| | Fáskrúðsfjörður | Selfoss |
|---|---|---|
| Foreldrar ættu að greiða allan kostnað | 6% | 11% |
| Foreldrar ættu að greiða mismunandi mikið eftir efnahag | 4% | 20% |
| Foreldrar ættu að greiða fast hlutfall af kostnaði eins og nú tíðkast | 38% | 51% |
| Atvinnurekendur ættu að greiða allan kostnað | 2% | |
| Atvinnurekendur ættu að greiða hluta kostnaðar | 22% | 3% |
| Opinberir aðilar ættu að greiða allan kostnað | 12% | 4% |
| Önnur svör | 6% | 2% |
| Ósvarað | 10% | 9% |
| | 100% | 100% |
| Fjöldi | 68 konur | 298 konur |

## KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS.

Með lögum nr. 38/1971 var Kennaraskóla Íslands breytt í Kennaraháskóla Íslands. Sú færsla kennaranámsins af menntaskólastigi á háskólastig sem þar með var kveðið á um hafði í för með sér gagngera breytingu á gerð skólans og starfsemi. Fyrst um sinn hélst þó að hluta starfræksla sumra deilda sem voru leifar frá fyrri skipan, þar á meðal svonefndra aðfararnámsdeilda og menntadeildar, en þessar deildir hafa nú verið lagðar niður við skólann. Á því árabili sem hér er einkum fjallað um, tók heildarfjöldi nemenda ekki miklum breytingum, var nálega hinn sami í árslok 1977 og í ársbyrjun 1974, eða um 390 nemendur, en var mestallt tímabilið um 325 nemendur. En þrátt fyrir þessar smávægilegu breytingar á heildartölunni hefur mikil breyting orðið á samsetningu nemendahópsins. Í ársbyrjun 1974 var að fjara út hin mikla bylgja nemenda sem skollið hafði á skólanum á sjöunda tugnum og náði hámarki um 1970. Ný bylgja byrjar svo raunar að rísa haustið 1974 þegar nýstúdentum í kennaranámi fjölgaði úr 27 árið áður í 66. Sú þróun hefur haldið áfram síðan, og á liðnu hausti voru nýstúdentar 164. Skólaárið 1973—74 var skólinn að stærstum hluta menntaskóli þar sem aðeins 62 nemendur af 390 voru í eiginlegu kennaranámi, en allir 390 nemendurnir í árslok 1977 eru í kennaranámi á háskólastigi.

Svo sem við mátti búast dró í fyrstu mjög úr aðsókn að hinu almenna kennaranámi þegar það var flutt á háskólastig. Þróunin hefur hins vegar snúist við á síðustu árum, eins og áður var sagt, og kemur það glöggt fram í eftirfarandi töflu um fjölda nemenda í B.Ed.-námi, þ. e. hinu almenna kennaranámi eftir nýrri skipan:

**Fjöldi námsmanna í B.Ed.-námi árin 1971—1978.**

| | 1971–2 | 1972–3 | 1973–4 | 1974–5 | 1975–6 | 1976–7 | 1977–8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| I. ár | 9 | 30 | 27 | 66 | 98 | 105 | 164 |
| II. ár | | 9 | 27 | 22 | 57 | 86 | 87 |
| III. ár | | | 8 | 28 | 20 | 56 | 85 |
| Samtals | 9 | 39 | 62 | 116 | 175 | 247 | 336 |

Við Kennaraháskóla Íslands eru nú tvær prófessorsstöður í uppeldisfræðum og ein í raungreinum. Lektorsstöður eru 23, og 3 til viðbótar hafa nýlega verið auglýstar lausar til umsóknar, en þær koma í staðinn fyrir þrjár kennarastöður eftir eldri skipan.

Auk hins almenna kennaranáms til B.Ed.-prófs hefur flest ár tímabilsins verið starfrækt framhaldsdeild, þ. e. deild fyrir starfandi kennara, og hefur aðalverkefni hennar verið menntun kennara afbrigðilegra barna. Þetta nám sækja veturinn 1977—78 23 kennarar en alls hafa rúmlega 200 manns stundað vetrarlangt nám í framhaldsdeild skólans frá 1971. Nú í vetur er og starfrækt námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga sem ætla að gerast kennarar í hjúkrunarfræðum við hjúkrunarskóla. Gert hefur verið ráð fyrir að þetta nám taki tvö ár, og það sækja 29 nemendur. Árin 1975—76 var haldið á vegum Kennaraháskólans námskeið í uppeldis- og kennslufræðum, sérstaklega ætlað kennurum við ýmsa starfsnámsskóla á framhaldsskólastigi. S.l. haust var komið á skipulögðu samstarfi við Hússtjórnarkennaraskólann á þann veg að hússtjórnarfræði var tekin upp sem valgrein til kennaraprófs frá Kennaraháskóla Íslands, en nemendur njóta kennslu í hússtjórnargreinum í Hússtjórnarkennaraskólanum.

Árið 1974 tók Kennaraháskólinn við skipulagningu og umsjón með framkvæmd endurmenntunarnámskeiða fyrir kennara, einkum á grunnskólastigi. Er hér um að ræða mjög umfangsmikla starfsemi eins og marka má af því, að sumarið 1977 voru haldin á vegum skólans 29 slík námskeið í 15 greinum, og sóttu þau samtals 942 kennarar. Auk þess voru haldnir styttri fræðslufundir og vinnunámskeið með 461 þátttakanda. — Auk þeirra námskeiða sem Kennaraháskólinn stendur að hafa undanfarið verið haldin nokkur endurmenntunarnámskeið árlega fyrir kennara á menntaskólastigi í samstarfi við Félag menntaskólakennara. Þá er og þess að geta, að nú í sumar fer fram síðari hluti námskeiðs í uppeldis- og kennslufræðum fyrir háskólamenntaða kennara, haldið á vegum félagsvísindadeildar Háskóla Íslands.

**Æfinga- og tilraunaskóli** Kennaraháskóla Íslands hefur fengið aukið verksvið á því tímabili sem hér um ræðir. Haustið 1975 hófst kennsla 5 ára barna við skólann. Kennsla á unglingastigi hófst haustið 1974, og nú kennir skólinn nemendum allt til grunnskólaprófs. Skólinn hefur sinnt ýmsum tilraunum með nýbreytni í kennsluháttum, m. a. á sviði lestrarkennslu og stuðningskennslu, svo og í ráðgjafarþjónustu. Er nánar frá því greint í skýrslu skólans 1975—77 sem út kom í vetur. Unnið hefur verið að uppbyggingu skólasafns, þ. e. bóka- og kennslutækjasafns, við skólann og starfa þar nú tveir skólasafnverðir í hálfu starfi hvor. Í janúar s. l. var gefið út erindisbréf fyrir æfingakennara við Æfinga- og tilraunaskólann, þar sem fjölþættum verkefnum þeirra eru gerð ýtarleg skil.

Kennarahsákóli Íslands býr við mikil húsnæðisþrengsli, enda er hús skólans við Stakkahlíð einungis fyrsti áfangi fyrirhugaðrar byggingar fyrir starfsemi hans. Íþróttahús á lóð skólans var tekið í notkun árið 1975, en framkvæmdir við aðalbygginguna hafa legið niðri um árabil. Árið 1975 var ákveðið að hefja að nýju hönnunarvinnu til undirbúnings næsta byggingaráfanga, og í fjárlögum 1978 eru veittar 57,5 mkr. til greiðslu stofnkostnaðar við skólann. Er vonast til að framkvæmdir við nýbygginguna geti hafist á þessu sumri. Í þeim áfanga skólahússins sem nú er á döfinni

verður m. a. rými fyrir handavinnukennslu sem nú fer fram við örðugar aðstæður í gamla skólahúsinu við Laufásveg.

Í lögunum frá 1971 um Kennaraháskóla Íslands var ákvæði um endurskoðun þeirra eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku. Haustið 1972 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til að annast þessa endurskoðun. Nefndin skilaði áliti vorið 1976, og var frumvarp til nýrra laga um Kennaraháskóla Íslands, reist á tillögum nefndarinnar, lagt fram á Alþingi vorið 1977, en ekki stefnt að afgreiðslu á því þingi. Að lokinni víðtækri umsagnarmeðferð var endurskoðuð gerð frumvarpsins lögð fyrir Alþingi er nú situr. Með frumvarpinu er stefnt að því að efla Kennaraháskóla Íslands sem miðstöð rannsókna og kennslu á sviði uppeldis- og kennslufræða hér á landi og að treysta grundvöll kennaranámsins samfara sveigjanleika í námsvali.

TÆKNISKÓLI ÍSLANDS.

Ný reglugerð um Tækniskóla Íslands tók gildi 15. júní 1977. Meðal breytinga sem hún fól í sér var nokkur rýmkun inngönguskilyrða fyrir tækninám og breytt námsskipan á þá lund að tekið var upp áfangakerfi.

Við skólann starfar svonefnd frumgreinadeild sem einkum býr nemendur undir nám í sérgreinadeildum Tækniskólans, en lokapróf úr deildinni veitir einnig rétt til inngöngu í verkfræðinám við Háskóla Íslands. Sérgreinadeildar eru: Byggingadeild, rafmagnsdeild, véladeild, meinatæknadeild og útgerðardeild. Í byggingadeild er kennt til tæknaprófs og tæknifræðiprófs. Í rafmagnsdeild og véladeild er unnt að ljúka tæknaprófi og fyrsta hluta tæknifræðináms. Útgerðardeildin tók til starfa haustið 1976 og fyrstu útgerðartæknarnir voru brautskráðir vorið 1977. Þessi námsbraut, þar sem saman er tengt nám er lýtur að rekstrarfræði og tækni í sjávarútvegi fyrir menn sem hlotið hafa nokkra reynslu af sjómennsku, er nýjung í íslensku skólakerfi, og eru miklar vonir bundnar við starfsemi deildarinnar.

Frumgreinadeildir eru einnig starfræktar við iðnskólana á Akureyri og Ísafirði í samráði við Tækniskóla Íslands.

Árin 1974—1977 voru brautskráðir nemendur úr sérgreinadeildum Tækniskóla Íslands sem hér segir: 62 byggingatæknifræðingar, 5 byggingatæknar, 30 raftæknar, 14 véltæknar, 47 meinatæknar og 9 útgerðartæknar. 49 nemendur úr véladeild og rafmagnsdeild fóru til Danmerkur til að ljúka þar tveimur síðustu námsárunum til tæknifræðiprófs. 93 nemendur luku „raungreinadeildarprófi“ (lokaprófi frumgreinadeildar), þar af 19 á Akureyri og 6 á Ísafirði. 30 tæknifræðingar og verkfræðingar sóttu námskeið sem haldið var við skólann í brotlínufræðum fyrir burðarvirki. Nemendafjöldi í skólanum skólaárið 1977—78 er um 270.

Haustið 1975 fluttist Tækniskólinn í nýtt og rúmgott leiguhúsnæði að Höfðabakka 9, en ónóg og dreifð húsnæðisaðstaða hafði áður gert skólanum örðugt um vik.

Í febrúar 1973 skipaði þáverandi menntamálaráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 62/1972, um Tækniskóla Íslands, sbr. einnig lög nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, að því er verkfræðinám varðar, með áorðnum breytingum. Skyldi nefndin semja frumvarp að nýjum lögum um verk- og tæknimenntun á háskólastigi og taka m. a. til athugunar í því sambandi, hvort ráðlegt væri, að stofnaður yrði innan vébanda Háskóla Íslands sérstakur tækniháskóli, er tæki við öllu tæknifræðinámi sem nú fer fram í Tækniskóla Íslands og verkfræðinámi Háskóla Íslands. Ennfremur skyldi nefndin semja frumvarp til laga um tæknaskóla, er veiti tæknimenntun á framhaldsskólastigi. Skyldi hún við gerð frumvarpanna taka mið af meginstefnu álitsgerðar verk- og tæknimenntunarnefndar frá 1971. Þá var nefndinni falið að rannsaka ýtarlega, hvort tiltækilegt væri, að fyrrgreindar menntastofnanir, önnur hvor eða báðar, yrðu starfræktar á Akureyri, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands.

Nefnd þessi skilaði áliti til menntamálaráðuneytisins í mars s. l. Meirihluti nefndarinnar leggur til að mörkuð verði sú stefna, að kennsla í tæknifræði skuli

flytjast til Háskóla Íslands, og verði tæknifræði þar í boði sem námsbraut samhliða námsbraut í verkfræði. Áður en til flutnings komi verði þó vinnunefnd kennara í verkfræði og tæknifræði falið að undirbúa hann með endurskoðun á skipan náms og gerð tillagna um breytingu á báðum námsbrautum. Jafnframt er gert ráð fyrir að Tækniskóli Íslands starfi áfram og að helstu námsbrautir hans verði framhaldsmenntun iðnaðarmanna til tæknaprófs og til meistaraprófs, menntun til tæknaprófs á ýmsum sviðum sem ekki byggja á löggiltum iðngreinum og almenn menntun til undirbúnings námi í tæknifræði og verkfræði. Varðandi staðsetningu er talið, að kennsla í verkfræði og tæknifræði sé betur sett í nábýli við aðrar greinar í Háskóla Íslands en í sérstökum tækniháskóla á Akureyri og einnig að höfuðstöðvar Tækniskóla Íslands ættu að vera á höfuðborgarsvæðinu. Vel komi hins vegar til greina að kenna ýmsa áfanga einnig á Akureyri, Ísafirði og víðar í tengslum við menntastofnanir þar, og sérhæfða áfanga ætti að kenna þar sem aðstæður eru bestar, t. d. með tilliti til atvinnureksturs. — Minnihluti nefndarinnar telur varhugavert að taka að svo stöddu ákvörðun um að menntun í verkfræði og tæknifræði skuli veitt hlið við hlið í sömu stofnun á tveimur námsbrautum er séu aðskildar frá grunni. Leggur minnihlutinn til að nefnd, skipaðri kennurum frá Háskóla Íslands og Tækniskóla Íslands að meginhluta, verði falið að rannsaka og skila áliti um hugsanlega tengingu kennslu í verkfræði og tæknifræði, miðað við mismunandi kosti um stofnunarlegt skipulag. Verði ráðstafanir til lagabreytinga ekki gerðar fyrr en nefnd þessi hafi lokið störfum. Að öðru leyti er að mestu ágreiningslaust með meirihluta og minnihluta.

Menntamálaráðuneytið hefur fyrir nokkru sent nefndarálitið allmörgum aðilum til umsagnar.

## MENNTASKÓLAR.

Núgildandi lög um menntaskóla voru sett árið 1970 og hafa ekki sætt breytingum á þeim tíma sem síðan er liðinn. Reglugerð samkvæmt lögunum var sett 1971 en síðan breytt að nokkru og ný reglugerð gefin út 1974. Þær breytingar á námsskipan og starfsháttum skólanna sem löggjöfin 1970 hafði í för með sér lutu m. a. að aukinni fjölbreytni í námsefni með því að fjölgað var kostum um deildir eða kjörsvið og teknar upp frjálsar valgreinar að nokkru marki. Svo sem ráð var fyrir gert hefur það orðið nokkuð mismunandi í reynd, hvaða kjörsvið eru í boði í hverjum einstökum skóla. Sameiginleg námsskrá hefur ekki enn verið sett fyrir menntaskólana og má raunar segja að umræður hafi á síðustu árum hnigið meira að þörf á gerð námsskrár fyrir framhaldsskólastigið í heild.

Sú breyting hefur hin síðari ár orðið á starfsháttum sumra menntaskólanna, einkum á Reykjavíkursvæðinu, að kennsla hefst nú fyrr að haustinu og lýkur fyrr á vorin en áður tíðkaðist. Þeir skólar sem þetta á við hefja störf í byrjun september og ljúka prófum að fullu í maílok, en störfuðu áður frá septemberlokum eða októberbyrjun fram í júní. Sá háttur er enn hafður á í skólanum á Akureyri og Laugarvatni. Í flestum skólunum er skólaárinu skipt í tvær annir.

Árið 1972 var tekin upp ný kennsluskipan í Menntaskólanum við Hamrahlíð, svonefnt áfangakerfi í stað hins hefðbundna bekkjakerfis. Var þetta nýmæli heimilað af menntamálaráðuneytinu í reynsluskyni, og verður nánar vikið að því síðar. Áfangakerfi hefur síðan verið tekið upp í hinum nýju fjölbrautaskólum og í Tækniskóla Íslands. Reynslan af þessari tilhögun í Menntaskólanum við Hamrahlíð er nú orðin það löng, að tímabært er orðið að gera fræðilega úttekt á kostum hennar og göllum í samanburði við hefðbundið bekkjakerfi. Slík athugun er vandasamt verk en nauðsynlegt og þarf að taka í senn til kennslufræðilegra, félagslegra og fjárhagslegra atriða.

Árið 1972 var komið á fót við Menntaskólann við Hamrahlíð svonefndri „öldungadeild", þ. e. kvöldskóla fyrir fólk sem komið var af venjulegum skólaaldri en hafði hug á að nema til stúdentsprófs án reglulegrar setu í menntaskóla. Aðsóknin reynd-

ist frá upphafi mjög mikil og sýndi glöggt, að ærin þörf var fyrir fullorðinsfræðslu af þessu tæi. Fyrstu stúdentarnir úr öldungadeild brautskráðust skólaárið 1974—75, og alls hafa nú 190 lokið stúdentsprófi úr deildinni. Haustið 1975 tók hliðstæð deild til starfa við Menntaskólann á Akureyri og brautskráðust fyrstu stúdentarnir þaðan vorið 1977. Þriðja öldungadeildin starfar við Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík.

Starfandi menntaskólar eru nú sjö talsins. Yngstur þeirra er Menntaskólinn í Kópavogi sem var stofnaður 1973 og brautskráði fyrstu stúdentana vorið 1976. Í undirbúningi er starfsemi menntaskóla á Austurlandi, sem valinn hefur verið staður á Egilsstöðum. Framkvæmdir við smíði fyrsta áfanga byggingar fyrir skólann hófust haustið 1975. Er nú lokið uppsteypu húss fyrir mötuneyti og hafin smíði heimavistarhúss fyrir 70 nemendur, en ráðgert er að í mötuneytishúsnæðinu verði einnig í fyrstu innréttað kennslurými. Að því er stefnt, að skólinn geti tekið til starfa haustið 1979, og hefur staða skólameistara nýlega verið auglýst laus til umsóknar. Gert er ráð fyrir að skólinn á Egilsstöðum starfi með fjölbrautasniði og verði hluti af samræmdri námsskipan á framhaldsskólastigi á Austurlandi.

Námsbrautir hliðstæðar þeim sem menntaskólar bjóða er nú að finna í ýmsum fleiri skólastofnunum en menntaskólunum sjálfum. Er þar bæði um að ræða fjölbrautaskólana og að nokkru framhaldsdeildir þær sem starfa í tengslum við grunnskóla. Við Kennaraháskóla Íslands voru um skeið svonefndar aðfararnámsdeildir þar sem nemendur voru búnir undir próf jafngilt stúdentsprófi. Þessi kennsla var fyrir fáum árum flutt í Lindargötuskóla í Reykjavík og þaðan í Ármúlaskóla. Þá er þess að geta, að úr frumgreinadeild Tækniskóla Íslands ljúka nemendur prófi sem veitir aðgang að ákveðnu námi á háskólastigi og loks eru bæði við Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann námsleiðir sem lýkur með stúdentsprófi. Samvinnuskólinn brautskráði stúdenta í fyrsta sinn vorið 1977 á grundvelli laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi sem sett voru 1976 en tóku gildi 1. janúar 1977. Áður höfðu tveir árgangar nemenda úr framhaldsdeild Samvinnuskólans verið brautskráðir með stúdentsprófi á vegum Menntaskólans við Hamrahlíð.

Á tímabilinu 1974—1978 hefur heildarfjöldi nemenda í menntaskólunum sjö (að öldungadeildum frátöldum) verið sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Skólaárið | 1974—75 | 3.348 |
| — | 1975—76 | 3.499 |
| — | 1976—77 | 3.543 |
| — | 1977—78 | 3.613 |

Svo sem kunnugt er var landsprófið svonefnda aðalviðmiðunin við inntöku nemenda í menntaskóla síðustu þrjá áratugi. Samkvæmt menntaskólalögunum frá 1970 var þó heimilt að taka inn nemendur á grundvelli annars undirbúningsnáms og var þeirri heimild beitt eftir ákveðnum reglum að því er varðaði m. a. gagnfræðapróf og próf úr framhaldsdeildum gagnfræðaskóla. Vorið 1977 voru nemendur í fyrsta sinn brautskráðir úr 9. bekk, þ. e. efsta bekk grunnskólans með grunnskólaprófi og jafnframt voru þá í síðasta skipti brautskráðir nemendur úr 10. bekk með gagnfræðaprófi. Þannig hlutu samtímis óvenjumargir nemendur réttindi til inngöngu í framhaldsskóla þetta tiltekna ár. Jafnframt var inngönguskilyrðum í framhaldsskóla breytt með tilliti til nýrra prófhátta við lok grunnskólans, og fól breytingin m. a. í sér, að sömu einkunnamörk giltu til inngöngu í menntaskóla og aðra skóla á framhaldsskólastigi. Nokkuð mun hafa gætt þeirrar skoðunar að þessar breytingar kynnu að leiða til verulegrar aukningar á aðsókn að menntaskólum, en sú virðist ekki hafa orðið raunin, ef miðað er við hlutfall af heildarfjölda nemenda og þannig tekið tillit til óvenjulegrar stærðar árgangsins eins og áður getur. Til þess að stuðla að raunhæfu vali nemenda gaf menntamálaráðuneytið út upplýsingarit um nám að loknum grunnskóla þar sem gerð var grein fyrir námsleiðum sem standa til boða á framhaldsskólastigi, og var riti þessu dreift til allra grunnskóla. Endurskoðuð útgáfa kom út á þessu vori.

Til þess að unnt væri sem fyrr að verða við umsóknum um menntaskólanám frá öllum sem fullnægðu inngönguskilyrðum hafa menntaskólarnir haft samstarf um framkvæmd inntöku, einkum á Reykjavíkursvæðinu.

Forstöðumenn sumra menntaskólanna hafa lýst áhyggjum af því að fleiri nemendur en áður hafi ófullnægjandi undirbúning eða reynist menntaskólanámið torsótt af öðrum sökum og nái því slökum árangri. Sjálfsagt er að gefa fullan gaum að slíkum ábendingum en margs þarf að gæta í þessum efnum. Margháttaðar breytingar hafa á síðustu árum orðið á námsefni og kennsluháttum í grunnskóla, og er því ljóst að sá nemendahópur sem í framhaldsskólana kemur hefur annars konar undirbúning en þeir skólar eiga að venjast. Er ekki ólíklegt, að af því þurfi að leiða nokkrar breytingar á námsháttum í framhaldsskólunum sjálfum, án þess að með því sé stefnt að vægari kröfum.

Fjöldi þeirra sem lokið hafa stúdentsprófi (að meðtöldu lokaprófi aðfararnáms Kennaraháskóla Íslands) síðan 1965 er sem hér segir:

**STÚDENTSPRÓF[1])**

| Skólaár | MR | MA | ML | MH | MS | MÍ | MK | VÍ | KÍ/ KHÍ | Flens-borg | Samv.-skólinn | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1964–65 ........... | 165 | 92 | 29 | | | | | 24 | | | | 310 |
| 1965–66 ........... | 190 | 109 | 23 | | | | | 28 | | | | 350 |
| 1966–67 ........... | 239 | 106 | 23 | | | | | 35 | 28 | | | 431 |
| 1967–68 ........... | 234 | 122 | 26 | | | | | 31 | 28 | | | 441 |
| 1968–69 ........... | 272 | 107 | 35 | | | | | 40 | 44 | | | 498 |
| 1969–70 ........... | 186 | 125 | 42 | 120 | | | | 38 | 45 | | | 556 |
| 1970–71 ........... | 192 | 113 | 31 | 146 | | | | 35 | 69 | | | 586 |
| 1971–72 ........... | 301 | 122 | 24 | 146 | | | | 57 | 96 | | | 746 |
| 1972–73 ........... | 188 | 120 | 41 | 129 | 159 | | | 57 | 71 | | | 765 |
| 1973–74 ........... | 207 | 109 | 25 | 198 14 | 151 | 30 | | 100 | 132 | | | 966 |
| 1974–75 ........... | 201 | 112 | 45 | 70 3[2]) | 153 | 30 | | 102 | 45 | 30 | 6[3]) | |
| | | | | 102 32 | | | | | | | | 931 |
| 1975–76 ........... | 185 | 86 | 48 | 78 22 | 160 | 35 | 53 | 77 | 37 | 31 | 7[3]) | 945 |
| | | | | 86 40 | | | | | | | | |
| 1976–77 ........... | 182 | 112 7 | 31 | 76 15 | 191 | 34 | 44 | 95 | 92 | 46 | 13 | 1 104 |
| | | | | 115 51 | | | | | | | | |

1) Taflan sýnir fjölda þeirra sem lokið hafa stúdentsprófi eða lokaprófi aðfararnáms Kennaraháskóla Íslands, sem jafngildir stúdentsprófi.

2) Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur síðan 1975 brautskráð stúdenta tvisvar á ári, þ. e. í lok hvorrar annar. Efri tölurnar eiga við brautskráningu um miðjan vetur og aftari tölurnar við stúdenta úr öldungadeild.

3) Brautskráðir á vegum Menntaskólans við Hamrahlíð.

Um áramótin 1977/78 brautskráðust 72 stúdentar frá Menntaskólanum við Hamrahlíð, þar af 13 úr öldungadeild. Gert er ráð fyrir að vorið 1978 ljúki rúmlega 900 nemendur stúdentsprófi, og verður þá heildarfjöldi stúdenta skólaárið 1977/78 um 970 (lokapróf aðfararnáms meðtalið). Hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi af hverjum aldursárgangi hefur hin síðustu ár verið 20—23%. (Þá er miðað við nemendur í reglulegu skólanámi, en til viðbótar koma þeir sem ljúka prófi úr öldungadeildum).

Hér á eftir verður vikið stuttlega að starfsemi hvers einstaks menntaskóla síðustu árin.

### Menntaskólinn í Reykjavík.

Í skólanum eru eftirtaldar deildir (kjörsvið): Máladeild, sem tvö síðari námsárin greinist í nýmáladeild og fornmáladeild, og stærðfræðideild, sem greinist með sama hætti í eðlisfræðideild og náttúrufræðideild.

Þrengsli voru orðin mikil í skólanum fyrir nokkrum árum, þegar nemendatalan komst hæst upp undir 1100, en stefnt hefur verið að því að skólinn rúmaði til fram-

búðar um 600 nemendur. Hefur nokkuð miðað í þá átt á tímabilinu eins og sést af eftirfarandi töflu um fjölda nemenda og kennara:

| Skólaár | Nemendur Alls | Nemendur Þar af í fyrsta bekk | Kennarar Fastir | Kennarar Stundak. | Kennarar Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| 1973–74 | 882 | 218 | 40 | 31 | 71 |
| 1974–75 | 804 | 189 | 40 | 31 | 71 |
| 1975–76 | 768 | 199 | 41 | 25 | 66 |
| 1976–77 | 717 | 193 | 37 | 21 | 58 |
| 1977–78 | 751 | 272 | 39 | 20 | 59 |

Tölur um nemendafjölda miðast við skráða nemendur í upphafi skólaárs, en síðan verður jafnan nokkur fækkun, einkum í fyrsta bekk. Telur rektor vaxandi brögð að því hin síðustu ár, en þessu mun raunar svipað farið í flestum menntaskólanna.

Húsnæði skólans hefur verið óbreytt á tímabilinu. Í fjárlögum 1978 er veitt heimild til lántöku til kaupa á húseignum í nágrenni skólans til að tryggja rými fyrir nauðsynlega viðbótaraðstöðu.

## Menntaskólinn á Akureyri.

Í skólanum eru 5 kjörsvið: Nýmálasvið (með latínu), félagsfræðisvið, náttúrufræðisvið og eðlisfræðisvið auk tónlistarkjörsviðs sem starfrækt hefur verið í samvinnu við Tónlistarskólann á Akureyri.

Frá hausti 1975 hefur verið starfrækt öldungadeild við skólann. Þar er kennt á tveimur sviðum: málasviði og náttúrufræðisviði. Þar er áfangakerfi, en bekkjakerfi í skólanum sjálfum.

Nemendafjöldi hefur verið svipaður undanfarin ár og skiptist þannig eftir skólaárum:

| | Stúlkur | Öld. | Piltar | Öld. | Nemendur alls | Með öld. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1973–74 | 213 | | 270 | | 483 | |
| 1974–75 | 221 | | 283 | | 504 | |
| 1975–76 | 232 | 62 | 260 | 29 | 492 | 583 |
| 1976–77 | 258 | 56 | 265 | 21 | 523 | 600 |
| 1977–78 | 248 | 49 | 262 | 14 | 510 | 573 |

Nemendur frá Akureyri hafa verið um 40% þessi ár en hlutur þeirra hefur heldur farið vaxandi. Jafnframt hefur nemendum í heimavist heldur fækkað.

Fastráðnir kennarar hafa verið um 30 og stundakennarar um 10 talsins öll þessi ár.

Skólameistari kveðst hafa áhyggjur af því að árangur nemenda virðist lélegri en áður. Merki þess sé m. a. hækkandi hundraðstala þeirra nemenda í tveimur neðstu bekkjum skólans sem ekki standast próf, sbr. eftirfarandi töflu:

| Skólaár | 1. bekkur | 2. bekkur |
|---|---|---|
| 1973—74 | 12.62% | 8.00% |
| 1974—75 | 15.86% | 13.04% |
| 1975—76 | 19.86% | 20.42% |
| 1976—77 | 28.67% | 21.99% |

Fall nemenda í tveimur efri bekkjunum hefur hins vegar lítið aukist þessi ár.

Samkvæmt upplýsingum skólameistara má af athugunum ráða, að innan við 60% þeirra nemenda sem byrjað hafa nám við Menntaskólann á Akureyri undanfarin ár ljúki stúdentsprófi. Fyrsta árið hverfa frá námi (falla og hætta) um 25%, annað árið um 20%, þriðja árið um 5% og síðasta árið um 1%. Eru þetta mun meiri afföll en áður. Hins vegar hefur ekki orðið verulegt frávik frá meðaleinkunn á stúdentsprófi þessi ár:

| | |
|---|---|
| 1973 | 6.69 |
| 1974 | 7.14 |
| 1975 | 7.03 |
| 1976 | 7.03 |
| 1977 | 6.73 |

Brýnasta verkefni í skipulags- og byggingarmálum skólans nú telur skólameistari vera að reisa íþrótta- og samkomusal til að búa félags- og tómstundastarfi nemenda betri aðstöðu, og er undirbúningur þeirra framkvæmda nú að hefjast.

### Menntaskólinn að Laugarvatni.

Í skólanum er um að velja þrjú kjörsvið: málasvið, náttúrusvið og eðlissvið. Með notkun valþátta er nemendum sem þess óska gert kleift að leggja verulega stund á latínu og félagsfræðigreinar.

Nemendafjöldi (í upphafi skólaárs):

| | |
|---|---|
| 1973—74 | 172 |
| 1974—75 | 184 |
| 1975—76 | 182 |
| 1976—77 | 180 |
| 1977—78 | 193 |

Tala fastra kennara hefur allt frá 1972 verið 9, en stundakennarar hafa verið 3—4.

Hundraðstala nemenda sem ekki stóðust próf í lok fyrsta námsárs:

| | |
|---|---|
| 1974 | 4,4% |
| 1975 | 15.2% |
| 1976 | 4.2% |
| 1977 | 10.4% |

Skólameistari telur horfur á að hlutfallið á þessu vori reynist mun hærra en áður.

Nýbygging með 6 kennslustofum og fyrirlestrarsal var tekin í notkun að fullu haustið 1973. Hefur síðan smátt og smátt verið aukið við kennslutækjakost í raungreinum. Kennarabústaður með tveimur litlum íbúðum var fullgerður 1976. Heimavistarrými er fyrir 174 nemendur.

### Menntaskólinn við Hamrahlíð.

Vorið 1974 voru í dagskólanum 846 nemendur, 445 piltar og 371 stúlka. Þessi fjöldi breyttist ekki að ráði á þeim árum sem hér um ræðir, jókst þó frekar og hefur verið á bilinu 860—890. Hlutur kvenþjóðarinnar hefur aukist lítillega: Á haustönn 1977 voru 449 piltar en 411 stúlkur. Við tilkomu nýrra skóla úti á landi hefur utanborgarnemum fækkað hlutfallslega, þó minna en vænta mætti, þeir eru enn um 10—15% af nemendum skólans.

Í öldungadeild voru skráðir 304 nemendur á vorönn 1974. Þessi fjöldi jókst í 527 um haustið og hefur síðan verið nálægt 600 hverja haustönn, en nokkru færri á vor-

önn, sökum þess að færri nýnemar eru teknir inn um áramót og alltaf heltast einhverjir úr lestinni. Hlutur kvenþjóðarinnar hefur farið vaxandi og eru konur í miklum meirihluta í deildinni. Jafnframt hefur meðalaldur nemenda farið lækkandi.

Nokkrar breytingar verða á kennaraliði ár hvert án þess að heildarfjöldi kennara breytist að nokkru ráði. Við skólann eru rúmlega 40 fastráðnir kennarar, en stundakennarar álíka margir eða aðeins fleiri. Þannig er heildarfjöldi kennara nú 92.

Nám í skólanum er skipulagt eftir svonefndu áfangakerfi. Um þá tilhögun farast rektor þannig orð:

„Árið 1972 fékk skólinn leyfi til að gera tilraun um nýtt kerfi — áfangakerfi — en unnið hafði verið að undirbúningi þess um skeið. Var að sjálfsögðu leitað erlendra fyrirmynda, en að miklu leyti var kerfið þó heimasmíðað. Síðan hefur þetta kerfi verið notað í skólanum. Rætt hefur verið um að gera samanburð á áfangakerfi og bekkjakerfi, en ekki orðið af framkvæmdum enn. Áfangakerfið er til mikilla muna sveigjanlegra en bekkjakerfi, en jafnframt viðameira og nokkru dýrara í stjórnun, enda veitir það hverjum nemanda meiri þjónustu. Athugun á 317 fyrstu stúdentunum úr áfangakerfi leiddi í ljós 3,65 ára meðalnámstíma, þetta svarar til rúmlega 10% afkastaaukningar og vegur því kostnaðaraukann væntanlega upp og vel það. Agavandamálum hefur greinilega fækkað með kerfisbreytingunni, og ég hygg að fáir kennarar skólans gætu hugsað sér að hverfa aftur til bekkjakerfis. Nemendur virðast einnig ánægðari en áður.

Tilkoma áfangakerfis knúði menn til nánari greiningar og athugunar á námsefni skólans, inihaldi þess og markmiðum, og hefur einnig átt sinn þátt í að breyta kennsluháttum.

Samvinna kennara hefur aukist og er nú mikil, bæði um kennsluna sjálfa, en líka um prófagerð og úrvinnslu prófa.“

Menntaskólinn við Hamrahlíð er nú fjölmennasti menntaskóli landsins og nemendur talsvert fleiri en hús skólans miðaðist við þegar það var reist. Veldur þetta nokkrum örðugleikum, einkum að því er varðar vinnuaðstöðu kennara. Þá er og brýnt að lausn fáist á þeim vanda skólans að aðstöðu fyrir íþróttakennslu skortir.

### Menntaskólinn við Sund.

Skólinn var stofnaður 1969. Var hann fyrst til húsa í byggingu þeirri sem kennd er við Miðbæjarskólann í Reykjavík og nefndur Menntaskólinn við Tjörnina. Fyrirhugað var að byggja hús yfir skólann og fengið fyrirheit um lóð við Suðurlandsbraut. Vorið 1974 var hins vegar gert samkomulag við Reykjavíkurborg um að skólinn fengi til afnota verulegan hluta húsnæðis Vogaskólans við Gnoðarvog, enda hafði nemendafjöldi á barna- og gagnfræðastigi í þeim hluta borgarinnar þá breyst á þá lund að þessari ráðstöfun varð við komið með hentugum hætti. Á tímabilinu 1974—1976 fór flutningur skólans fram í áföngum, og frá 1. júlí 1977 var nafni hans breytt í Menntaskólinn við Sund.

Þótt húsnæði það sem skólinn er nú fluttur í sé að ýmsu leyti heppilegt, skortir nokkuð á að það sé fullnægjandi miðað við núverandi nemendafjölda. M. a. vantar í bili samkomuaðstöðu og aukið rými fyrir nemendur utan kennslustunda.

Námsskipan í skólanum er með þeim hætti, að 2. bekkur greinist í máladeild og stærfræðideild, en í 3. bekk skiptist máladeild í tvær skorir, málaskor og félagsskor, og stærðfræðideild skiptist í þrjár skorir, eðlisfræðiskor, hagfræðaskor og náttúrufræðaskor.

Fjöldi nemenda og kennara:

| Skólaár | Nemendur | Kennarar Fastir | Kennarar Stundak. |
|---|---|---|---|
| 1974—75 | 748 | 34 | 31 |
| 1975—76 | 824 | 36 | 30 |
| 1976—77 | 821 | 36 | 18 |
| 1977—78 | 845 | 40 | 23 |

## Menntaskólinn á Ísafirði.

Í skólanum er kennt til stúdentsprófs á þremur kjörsviðum: Eðlis- og náttúrufræðisviði og félagsfræðasviði.

Nemendafjöldi hefur undanfarin ár verið sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Skólaárið 1973—74 | 149 | nemendur |
| Skólaárið 1974—75 | 151 | — |
| Skólaárið 1975—76 | 165 | — |
| Skólaárið 1976—77 | 148 | — |
| Skólaárið 1977—78 | 163 | — |

Fyrstu stúdentarnir voru brautskráðir frá skólanum vorið 1974.

Fjöldi og skipting stúdenta hefur verið sem hér segir:

| Ár | Alls | Piltar | Stúlkur | Fél.-svið | Raungr.-svið | Ísfirðingar | Aðrir Vestfirðingar | Aðrir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1974 | 30 | 24 | 6 | 15 | 15 | 13 | 8 | 9 |
| 1975 | 29 | 13 | 16 | 19 | 10 | 13 | 12 | 4 |
| 1976 | 35 | 20 | 15 | 15 | 20 | 15 | 9 | 11 |
| 1977 | 34 | 15 | 19 | 17 | 17 | 8 | 13 | 13 |
| Alls | 128 | 72 | 56 | 66 | 62 | 49 | 42 | 37 |
| % | 100 | 56,3 | 43,7 | 51,6 | 48,4 | 38,3 | 32,8 | 28,9 |

Kennsla fer fram í leiguhúsnæði. Af fyrirhuguðum byggingum fyrir starfsemi skólans er risinn fyrsti áfangi, þ. e. heimavist og mötuneyti. Heimavistarrými er þar fyrir 80 nemendur, en í mötuneyti eru um 100 nemendur. Auk þess voru árið 1976 keyptar 3 íbúðir sem leigðar eru kennurum skólans. Í næsta áfanga skólahússins er fyrirhugað kennsluhúsnæði fyrir 250 nemendur, en byggingaráætlun hefur seinkað vegna fjárskorts.

## Menntaskólinn í Kópavogi.

Skólinn var stofnaður árið 1973, en veturinn áður hafði 1. bekkur menntaskólanáms verið starfræktur í tengslum við Víghólaskóla (gagnfræðaskóla) í Kópavogi. Undirbúningur að framtíðarskipulagi skólans hefur miðast við að starfsemi hans yrði með fjölbrautasniði.

Í skólanum eru nú eftirtalin kjörsvið: Málasvið og raungreinasvið, sem greinist í eðlisfræðisvið og náttúrufræðisvið.

Fjöldi nemenda og kennara:

| Skólaár | Nemendur | Kennarar Fastir | Kennarar Stundak. |
|---|---|---|---|
| 1973—74 | 109 | 7 | 5 |
| 1974—75 | 178 | 11 | 6 |
| 1975—76 | 245 | 13 | 12 |
| 1976—77 | 263 | 12 | 6 |
| 1977—78 | 300 | 13 | 2 |

Skólinn hefur til bráðabirgða húsnæðisaðstöðu í einum barnaskóla Kópavogs (Kópavogsskóla) og lausum kennslustofum sem komið hefur verið fyrir þar á skólalóðinni. Unnið er að undirbúningi byggingar fyrir skólann, og hefur skólahúsinu verið ákveðinn staður á miðbæjarsvæði Kópavogs. Byggingarnefnd var skipuð vorið 1974 og fól menntamálaráðuneytið henni að gera tillögur um framtíðarskipulag skól-

ans. Þeim tillögum skilaði nefndin í desember 1977. Við umfjöllun tillagnanna verður m. a. haft samráð við nefnd sem bæjarstjórn Kópavogs hefur nýlega kosið til að huga að skipan framhaldsskólanáms í Kópavogi. Allmikil hönnunarvinna hefur þegar farið fram.

## FJÖLBRAUTASKÓLAR

Vorið 1973 voru samþykkt á Alþingi lög um heimild til að stofna fjölbrautaskóla. Lögin miðuðust einkum við að veita menntamálaráðuneytinu heimild til að gera samning við Reykjavíkurborg um stofnun og rekstur slíks skóla í tilraunaskyni og eftir tilteknum reglum um skipting kostnaðar, en jafnframt var í lögunum heimild til hliðstæðrar samvinnu við önnur sveitarfélög. Á vegum fræðsluráðs Reykjavíkur hafði verið unnið mikið starf að tillögugerð um framhaldsskóla þar sem ýmsar námsbrautir, bóklegar og verklegar, væru sameinaðar í einni skólastofnun. Þessari skólategund var síðan valið heitið fjölbrautaskóli. Eftir frekari undirbúning starfsnefnda með fulltrúum fræðsluráðs og menntamálaráðuneytisins var samningur um stofnun Fjölbrautaskólans í Breiðholti undirritaður hinn 16. október 1973. Skólameistari var skipaður frá 1. október 1974, en skólinn tók til starfa haustið 1975, og var þá fyrsti áfangi skólahúss risinn af grunni.

Vorið 1975 var undirritaður samningur milli menntamálaráðuneytisins og Hafnarfjarðarkaupstaðar um að Flensborgarskólinn í Hafnarfirði skyldi starfa sem fjölbrautaskóli. Ári síðar, vorið 1976, var þriðji fjölbrautaskólinn stofnaður, en þá var gerður samningur milli menntamálaráðuneytisins og allra sveitarfélaganna á Suðurnesjum sunnan Hafnarfjarðar, sjö að tölu, um stofnun Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík og tók hann til starfa þá um haustið. Loks var vorið 1977 stofnaður fjölbrautaskóli á Akranesi með samningi milli menntamálaráðuneytisins og Akraneskaupstaðar, og tók skólinn til starfa s.l. haust.

Fjölbrautaskólarnir fjórir, sem tekið hafa til starfa, eru nokkuð hver með sínu móti að því er tekur til námssviða og starfshátta, enda grundvöllur og aðdragandi mismunandi: Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er allsendis ný skólastofnun, byggð upp frá rótum á eigin grunni. Hinir skólarnir hafa allir að nokkru leyst af hólmi skóla eða deildir sem fyrir voru. Flensborgarskóli tók við framhaldsdeild og menntadeild sem reknar voru í tengslum við gagnfræðaskólann í Flensborg, Fjölbrautaskóli Suðurnesja var stofnaður með sameiningu hliðstæðra deilda við Gagnfræðaskólann í Keflavík og Iðnskóla Keflavíkur, og Fjölbrautaskólinn á Akranesi tók með sama hætti við starfsemi framhalds- og menntadeildar gagnfræðaskólans þar og iðnskólans. Jafnframt hefur nýjum námsleiðum verið aukið við í fjölbrautaskólunum.

Vorið 1977 var samþykkt á Alþingi breyting á lögunum um fjölbrautaskóla frá 1973. Breytingarnar fólu í sér frekari ákvæði um tilhögun kostnaðarskiptingar milli aðila að stofnun fjölbrautaskóla, svo og ákvæði til að tryggja réttindi þeirra er hljóta iðnmenntun í fjölbrautaskólum.

Hér á eftir verður vikið nánar að hverjum einstökum fjölbrautaskóla.

### Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.

Skólinn tók til starfa haustið 1975 og er starfsemi hans enn mjög í mótun. Í skólanum eru sjö námssvið, en á hverju námssviði eru svo fleiri eða færri brautir:

1. **Almennt bóknámssvið—menntaskólasvið.**

Á menntaskólasviði (almennu bóknámssviði) eru nú þrjár aðalbrautir: Eðlisfræðibraut, náttúrufræðibraut og tungumálabraut. Þá eru nú ýmist starfræktar eða í undirbúningi þrjár „blandaðar brautir" (myndaðar með samsetningu valgreina): Félagsfræðibraut, tónlistarbraut og tæknibraut.

2. **Heilbrigðissvið.**

Á heilbrigðissviði eru nú starfræktar þrjár brautir: Heilsugæslubraut (grunnnámsbraut heilbrigðissviðsins sem gefur nemendum kost á sjúkraliðanámi), framhaldsbraut heilsugæslu og snyrtibraut.

3. **Hússtjórnarsvið.**

Á hússtjórnarsviði eru brautirnar tvær: Grunnnámsbraut hússtjórnarfræða (er samsvarar í meginatriðum hefðbundnu námi í hússtjórnarskólum landsins) og framhaldsbraut hússtjórnarfræða.

4. **Listasvið.**

Á listasviði eru nú tvær brautir: Fornámsbraut myndlistar- og handíða (er samsvarar í meginatriðum tveggja ára fornámi í Myndlista- og handíðaskólanum) og framhaldsbraut nytjalistar.

5. **Tæknisvið.**

Á tæknisviði eru nú starfræktar þrjár grunnnámsbrautir iðnfræðslu: Málmiðnabraut, rafiðnabraut og tréiðnabraut (eins árs brautir). Þá eru einnig starfræktar þrjár framhaldsbrautir iðnfræðslu: Húsasmiðabraut, rafvirkjabraut og vélsmiðabraut (tveggja ára framhaldsbrautir).

6. **Uppeldissvið.**

Kennsla á sérstöku uppeldissviði hófst haustið 1977, og er ekki ennþá um brautaskiptingu á sviðinu að ræða.

7. **Viðskiptasvið.**

Á viðskiptasviði eru nú starfræktar þrjár grunnnámsbrautir eða tveggja ára brautir er stefna að almennu verslunarprófi: Samskipta- og málabraut, skrifstofu- og stjórnunarbraut og loks verslunar- og sölufræðibraut. Þá hófst s. l. haust kennsla á þrem framhaldsbrautum er stefna að sérhæfðu verslunarprófi eftir tveggja anna (eins vetrar) nám.

Nemendafjöldi hefur verið sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Skólaárið 1975/76 | 220 | nemendur |
| — 1976/77 | 430 | — |
| — 1977/78 | 730 | — |

Skólaárið 1977/78 skiptast nemendur þannig á námssvið (miðað er við upphaf haustannar):

| | | |
|---|---|---|
| Almennt bóknámssvið | 140 | nemendur |
| Heilbrigðissvið | 132 | — |
| Hússtjórnarsvið | 43 | — |
| Listasvið | 36 | — |
| Tæknisvið | 129 | — |
| Uppeldissvið | 75 | — |
| Viðskiptasvið | 175 | — |

Fastir kennarar eru nú 52 talsins og stundakennarar 32.

Vorið 1977 voru fyrstu nemendurnir brautskráðir með prófi frá skólanum, en það voru 12 nemendur er lokið höfðu almennu verslunarprófi á viðskiptasviði. Í desember 1977 voru brautskráðir þrír nemendahópar. Voru það 18 nemendur af heilbrigðissviði, sem lokið höfðu bóklegum þætti sjúkraliðanáms, 6 nemendur af listasviði, sem lokið höfðu grunnnámi myndlistar og handíða, og 13 nemendur af viðskiptasviði.

Húsnæði fyrir skólann hefur verið byggt sem hér segir:

Árið 1975 var reist ein af útálmum aðalskólahússins, svokölluð C-álma, með 19 kennslustofum auk stjórnunaraðstöðu.

Árið 1976 var byggð hin fyrsta af þrem áætluðum skólasmiðjum, 1100 m² grunnflötur á einni hæð. Þar er nú aðstaða fyrir kennslu í tréiðnum, málmiðnum og að hluta til í rafiðnum.

Árið 1976 var lokið við fyrsta áfanga sundlaugarbyggingar skólans, og lítil kennslulaug tekin til afnota í árslok 1976.

Árið 1977 var hafin smíði annarrar útálmu aðalskólahússins, D-álmu. Fyrsta hæðin var tekin til afnota í september 1977 og bættust skólanum þar 10 kennslustofur auk rúmgóðrar lesstofu. Áætlað er að ljúka við þessa álmu skólans fyrir haustið 1978.

**Flensborgarskólinn í Hafnarfirði.**

Flensborgarskóli hefur á síðustu árum verið að breyta um eðli til samræmis við nýtt hlutverk sem hann hefur fengið í skólakerfinu. Skólinn var um langan aldur (frá 1882) gagnfræðaskóli, en 1970 var framhaldsdeild bætt við skólann og 1971 menntadeild. Nemendur fyrstu menntadeildarinnar fengu að ljúka námi sínu til fulls við skólann og óx deildin því um einn árgang á ári, uns hún var orðin að fjögurra ára menntaskóla skólaárið 1974—75. Þann sama vetur, 22. apríl 1975, var undirritaður samningur milli menntamálaráðuneytisins og Hafnarfjarðarkaupstaðar um að breyta skólanum í fjölbrautaskóla á framhaldsskólastigi, en þó skyldu efstu árgangar grunnskólans verða þar áfram um sinn. Þá um vorið, 1975, brautskráði skólinn fyrstu stúdentana, en alls hafa 107 stúdentar brautskráðst frá skólanum á 3 árum.

Nemendafjöldi í skólanum á framhaldsskólastigi hefur undanfarin ár verið sem hér segir miðað við haustönn ár hvert:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skólaárið | 1974—75 | 202 | nemendur |
| — | 1975—76 | 299 | — |
| — | 1976—77 | 350 | — |
| — | 1977—78 | 477 | — |

Framhaldsdeildin og menntadeildin störfuðu í upphafi eftir hefðbundnu bekkjarkerfi, en 31. ágúst 1976 var skólanum sett reglugerð, og var þar gert ráð fyrir að taka upp áfangakerfi. Það var gert það sama haust og látið ná til 1. og 2. árs á framhaldsskólastigi, en bekkjarkerfinu var haldið hjá nemendum á 3. og 4. ári og hjá grunnskólanemendum.

Nemendur áfangakerfis hafa skipst á námsbrautir sem hér segir:

| | Haustið 1976 | Haustið 1977 |
|---|---|---|
| Eðlisfræðibraut | 37 | 51 |
| Félagsfræðibraut | 49 | 67 |
| Heilsugæslubraut | 35 | 44 |
| Málabraut | 38 | 40 |
| Náttúrufræðibraut | 69 | 88 |
| Uppeldisbraut | — | 55 |
| Viðskiptabraut | 26 | 75 |
| Fiskvinnslubraut | — | 11 |
| Fornám og óákv. braut | 6 | 7 |

Fjórar ofantaldra námsbrauta (E, F, M og N) eru framhald menntadeildarinnar gömlu, en þrjár (H, U og V) koma í stað framhaldsdeildanna. Fiskvinnslubrautin var tekin upp s. l. haust í samvinnu við Fiskvinnsluskólann og á henni eru kenndir bóklegir þættir fiskvinnslunáms, en Fiskvinnsluskólinn sér áfram um verklega og faglega kennslu. Iðnbrautir eru engar við Flensborgarskólann, enda starfar sérstakur iðnskóli í Hafnarfirði frá fornu fari.

Fastir kennarar skólaárið 1977—78 eru 27 og stundakennarar 3.

Flensborgarskólinn bjó lengi við mikil húsnæðisþrengsli, en úr þeim rættist með nýbyggingu sem var að fullu tekin í notkun á árinu 1975. Í framhaldi af þeirri byggingu hafa verið gerðar ýmsar breytingar á gamla skólahúsinu og er því verki enn ekki lokið að fullu. Húsnæði skólans er hins vegar þrátt fyrir mikla aukningu fullnýtt með þeim nemendafjölda sem í skólanum er og fyrirsjáanleg þrengsli á næstu árum. Því hefur skólanefnd Hafnarfjarðar nýlega samþykkt að skólinn fái til afnota húsnæði í húsi Dvergs hf., sem um nokkurra ára skeið hefur verið notað sem kennsluhúsnæði, nú síðast fyrir Víðistaðaskóla. Er ráðgert að koma þar upp sérkennslustofum fyrir kennslu á viðskiptabraut.

**Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Keflavík.**

Að rekstri skólans standa eftirtalin sveitarfélög ásamt ríkinu: Keflavíkurkaupstaður, Grindavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Miðneshreppur og Gerðahreppur. Stofnsamningur var gerður 11. júní 1976 og skólinn tók til starfa um haustið sama ár. Í skólanum eru eftirtaldar námsbrautir:

1. Almennar bóknámsbrautir (menntaskólanám): eðlisfræðibraut, félagsfræðibraut, náttúrufræðibraut og nýmálabraut.
2. Fiskvinnslubraut (til undirbúnings framhaldsnámi í Fiskvinnsluskólanum).
3. Flugliðabraut.
4. Heilsugæslubraut.
5. Iðnbraut, þ. á m. verkskóli á hársnyrtibraut, málmiðnabraut og tréiðnabraut.
6. Uppeldisbraut.
7. Vélstjórabraut (1. stig vélstjóranáms).
8. Viðskiptabraut.

Flugliðabraut, sem er nýjung í hinu almenna skólakerfi, tók til starfa í janúar 1978. Er þar í samráði við flugmálastjórn veitt bókleg kennsla til atvinnuflugmannsprófs.

Í tengslum við skólann er rekin öldungadeild fyrir menntaskólanám.

Skólinn starfar eftir áfangakerfi.

Nemendafjöldi skólans (auk öldungadeildar) var skólaárið 1976—77 um 220, en í upphafi skólaársins 1977—78 var heildarfjöldi nemenda 421 og skiptist þannig á brautir:

| | | |
|---|---|---|
| Almennar bóknámsbrautir | 97 | nemendur |
| Fiskvinnslubraut | 2 | — |
| Heilsugæslubraut | 38 | — |
| Iðnbrautir | 160 | — |
| Uppeldisbraut | 45 | — |
| Vélstjórabraut | 17 | — |
| Viðskiptabraut | 62 | — |

Á flugliðabraut eru 33 nemendur.

Fastir kennarar við skólann eru nú 29, en stundakennarar 7.

Skólinn hefur til afnota fyrrverandi húsnæði Iðnskólans í Keflavík og leigir hluta af húsnæði grunnskólans (gagnfræðaskólans), en auk þess fer kennsla fram í leiguhúsnæði á fleiri stöðum í Keflavík og Njarðvík. Byggingarframkvæmdir eru í undirbúningi, og í fjárlögum 1978 eru veittar 35 m.kr. til greiðslu stofnkostnaðar.

**Fjölbrautaskólinn á Akranesi.**

Skólinn var stofnaður með samningi menntamálaráðuneytisins og bæjarstjórnar Akraness 23. júní 1978 og settur í fyrsta sinn 12. september s. l.

Fjölbrautaskólinn starfar á 5 námssviðum: Bóknámssviði, heilbrigðissviði, uppeldis- og samfélagssviði, iðn- og tæknisviði og viðskiptasviði. Notað er áfangakerfi.

Á bóknámssviði eru eftirtaldar námsbrautir: Eðlisfræði-, náttúrufræði- og tungumálabraut, auk tónlistarbrautar sem starfar í samvinnu við Tónlistarskólann á Akranesi.

Á heilbrigðissviði eru skipulagðar tvær námsbrautir: Heilsugæslubraut I, þar sem nemendur leggja stund á fræðilegan hluta sjúkraliðanáms, og heilsugæslubraut II, sem stefnir að stúdentsprófi með heilbrigðisgreinar sem valgreinar en námið tengist náttúrufræðibraut bóknámssviðs.

Á uppeldis- og samfélagssviði eru ráðgerðar þrjár námsbrautir: Uppeldisbraut I, tveggja vetra námsbraut með kosti á framhaldsnámi á uppeldisbraut II sem leiðir til stúdentsprófs. Þá er samfélagsbraut sem leiðir til stúdentsprófs. Á uppeldis- og samfélagssviði er einnig unnið að undirbúningi styttri námsbrauta.

Á iðn- og tæknisviði eru í undirbúningi verknámsbrautir í tré-, málm- og rafiðnaði. Auk þess fer fram lögboðin kennsla samningsbundinna iðnnema á þessu sviði. Í undirbúningi er einnig tenging iðn- og tæknisviðs við bóknámssviðið, einkum með tilliti til þeirra nemenda er vilja hverfa úr iðnnámi í tækniskóla. Þá býður skólinn upp á undirbúningsnám fyrir fiskiðnaðar- og fisktækninám.

Í tengslum við iðn- og tæknisvið starfar vélstjórabraut (1. stig vélstjóranáms) í samvinnu við Vélskóla Íslands.

Á viðskiptasviði eru fyrirhugaðar þrjár námsbrautir: Verslunarbraut I lýkur með verslunarprófi, og tekur námið tvö ár að meðaltali. Með valgreinum er unnt fyrir nemendur að sérhæfa sig nokkuð í námi. Verslunarbraut II lýkur eftir u. þ. b. þriggja vetra nám og geta nemendur þá haldið áfram á hagfræðibraut og lokið stúdentsprófi.

Skólaárið 1977—78 er fjöldi nemenda 185. Fastir kennarar eru 12 og stundakennarar 18.

Skólinn hefur verið í nánu sambandi við framhaldsdeildir grunnskólanna á Vesturlandi og hefur þegar í vetur komist á samstarf við framhaldsdeildir grunnskólanna í Ólafsvík og Stykkishólmi.

## NÁMSKYNNING.

Veturinn 1970—71 gerði menntamálaráðuneytið ráðstafanir til að koma á laggirnar skipulegri námskynningu, er einkum var ætluð nemendum í efri bekkjum menntaskólanna og öðru skólafólki er hugði á framhaldsnám. Frá 1976 hefur þessi starfsemi verið á vegum ráðuneytisins sjálfs í höndum sérstaks námsráðgjafa sem ráðinn var til að annast hana í hlutastarfi.

Námsráðgjafinn veitir almennar upplýsingar um nám við erlenda háskóla og aðrar menntastofnanir og hefur til þess fasta viðtalstíma. Hann sér um að safna og varðveita gögn varðandi nám og kennslu við erlendar menntastofnanir og veitir aðstoð við umsóknir um skólavist.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur nokkur undanfarin ár staðið fyrir kynningu á námi á háskólastigi fyrir nemendur menntaskóla og notið til þess fjárstuðnings frá menntamálaráðuneytinu og Háskóla Íslands.

Annars staðar í skýrslu þessari er vikið að upplýsingariti ráðuneytisins um nám að loknum grunnskóla.

## LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA.

Á árinu 1976 voru sett ný lög um námslán og námsstyrki, nr. 57 frá 28. maí 1976, og í kjölfar þeirra var sett ný reglugerð um sama efni, nr. 402 frá 26. september 1976.

Samkvæmt 1. gr. laganna er meginhlutverk Lánasjóðsins að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð til náms á háskólastigi, en ráðherra er veitt heimild til að ákveða með reglugerð að nemendur tiltekinna skóla eða einstakir árgangar þeirra skuli njóta námsaðstoðar samkvæmt lögunum enda sé slíkri fjárþörf mætt

með sérstakri fjárveitingu. Heimild þessi hefur verið notuð til að gefa námsmönnum í eftirtöldum skólum kost á námsaðstoð:

Fiskvinnsluskólinn, 3. og 4. ár.
Fósturskóli Íslands, 3. ár.
Hússtjórnarkennaraskóli Íslands, 2. og 3. ár.
Iðnskólar, framhaldsdeildir, 3. ár.
Íþróttakennaraskóli Íslands.
Leiklistarskóli Íslands, 3. og 4. ár.
Myndlista- og handíðaskóli Íslands, 3. og 4. ár.
Stýrimannaskólar.
Tónlistarskólar: 2 síðustu námsár kennaradeilda Tónlistarskólans í Reykjavík, svo og tónlistarnemar á 7. og 8. námsstigi skv. námsstigakerfi Tónlistarskólans í Reykjavík.
Tækniskóli Íslands, raungreinadeild og tækninám, annað en meinatækni.
Vélskólar.
Þroskaþjálfaskóli Íslands, 3. ár.

Nám á tæknifræðistigi og meinatækninám við Tækniskóla Íslands, svo og nám í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri, telst aðstoðarhæft skv. 1. gr.

Á árunum 1974 og 1975 beitti menntamálaráðherra sér fyrir því að Alþingi veitti sérstaka fjárveitingu til þess að unnt væri að veita hluta þessa hóps lán, svo nefnd K-lán, en áður voru það aðeins nemendur við erlenda háskóla, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Stýrimannaskólann, Vélskólann, framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri og þeir, er stunduðu tækifræði- eða tækninám við Tækniskóla Íslands, sem heimilt var að veita námslán. Hópur þessi hefur síðan stækkað ár frá ári.

Auk þeirra námsmanna sem hér hafa verið taldir getur Lánasjóður veitt fjárhagsaðstoð þeim er náð hafa a. m. k. 20 ára aldri og stunda sérnám, enda geti þeir ekki haldið áfram námi án slíkrar aðstoðar.

Með lögunum nr. 57/1976 var lánskjörum Lánasjóðs íslenskra námsmanna gjörbreytt. Nú eru öll lán úr sjóðnum verðtryggð en vaxtalaus. Verðtrygging er miðuð við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar. Lánin á að endurgreiða á 20 árum og er fyrsta afborgun 3 árum eftir námslok. Afborgun skal þó aldrei nema meira en 10% vergra tekna til skatts. Sjóðstjórninni er nú heimilað að veita þeim er stunda nám á fyrsta námsári erlendis víxillán til bráðabirgða. Heimilt er að veita námsmönnum hérlendis slík lán, ef sérstaklega stendur á.

Með hinum nýju ákvæðum eru reglur um námsárangur hertar. Í nýjum úthlutunarreglum sem settar voru haustið 1976 eru nákvæmar reglur um eðlilega námsframvindu og námslengd. Hefur eftirlit með námsframvindu einnig verið aukið.

Nýjar reglur hafa verið settar um umsóknarfresti og afgreiðslutíma þannig að umsóknir eru nú afgreiddar á ákveðnum fyrirfram auglýstum degi. Hefur nú tekist að afgreiða lánin án dráttar.

Unnið er að athugun á möguleikum á mánaðarlegum útborgunum. Verður reynt að koma slíku skipulagi á hið fyrsta.

**Fjöldi umsókna og upphæð lána námsárin 1974—75, 1975—76, 1976—77.**

| | Umsóknir | Veitt lán | Heildarlán | Meðallán | Lánshlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| 1974-75 | | | | | |
| Ísland | 2 072 | 1 942 | 340 256 000 | 175 000 | |
| Erlendis | 1 110 | 995 | 313 543 000 | 315 000 | |
| | 3 182 | 2 937 | 653 799 000 | 222 000 | 83,7% |
| 1975-76 | | | | | |
| Ísland | 2 595 | 1 988 | 477 628 000 | 240 000 | |
| Erlendis | 1 214 | 1 037 | 442 607 000 | 427 000 | |
| | 3 809 | 3 025 | 920 235 000 | 304 000 | 82,4% |
| 1976-77 | | | | | |
| Ísland | 2 030 | 1 716 | 552 036 000 | 322 000 | |
| Erlendis | 1 321 | 1 201 | 509 631 000 | 424 000 | |
| | 3 351 | 2 917 | 1 061 667 000 | 363 000 | 85,0% |

Á fjárlögum ársins 1978 eru veittar 1 408 135 000 kr. til Lánasjóðsins, þar af eru ætlaðar 1 261 231 000 kr. til útlána. Auk þess er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast allt að 270 000 000 kr. lán fyrir Lánasjóðinn.

Menntamálaráðherra skipar stjórn Lánasjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu annarra námsmanna hérlendis, sem undir lögin falla, einn samkvæmt tilnefningu SÍNE, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins og tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar.

## STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR Á ÍSLANDI

Meginþátturinn í starfi Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi er að búa til prentunar þau ritverk sem varðveitt eru í íslenskum handritum, bæði fornum og ungum. Í inngangi er gerð grein fyrir öllum handritum verksins, og einnig er þar að jafnaði rannsókn á ritverkinu sjálfu, stöðu þess sem bókmenntaverks eða sem heimildar um íslenska sögu eða tungu. Ef slík rannsókn er svo yfirgripsmikil að hún rúmist trauðlega í formála eða þyki ekki eiga þar heima af öðrum ástæðum, þá er sá vandi leystur með því að birta rannsóknina sem sjálfstæða bók. En stuttir textar eða afmarkaðar rannsóknir eru hinsvegar birtar í ársriti stofnunarinnar (Griplu).

Í annan stað gefur Árnastofnun út ljósprentanir handrita, þ. e. nákvæmar eftirmyndir handritanna sjálfra. Í inngangi fylgir að jafnaði ítarleg greinargerð um sögu handritanna, stafsetningu og önnur einkenni.

Á árunum 1974—1977 hefur stofnunin gefið út tíu bækur prentaðar og eina ljósprentun, þ. e. hina miklu ljósprentun allra Landnámuhandrita í minningu ellefu alda byggðar á Íslandi árið 1974.

Fram hefur farið allmikil söfnun þjóðfræða á þessu tímabili. Haustið 1977 var haldið á vegum Árnastofnunar og heimspekideildar Háskóla Íslands námskeið í þjóðfræðum fyrir stúdenta.

Handritasýning er opin í stofnuninni þrjá daga í viku um þriggja mánaða skeið að sumrinu. Aðsókn að sýningunni hefur verið góð. Að vetrinum er sýningin opnuð fyrir skólafólki eftir óskum, og koma þá bekkir í fylgd með kennurum.

Handritaskiptanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um breyting á skipulagsskrá Stofnunar Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn, er nú langt komin með starf sitt. Nefndarmenn hafa rætt og tekið afstöðu til nær allra handrita í Árnasafni og Konungsbókhlöðu í Kaupmannahöfn. Nú er aðeins eftir að afgreiða þau handrit sem nefndarmenn eru ekki einhuga um.

Handritin berast jafnt og þétt frá Danmörku, og eru nú komin heim hátt á sjöunda hundrað handrit.

## STYRKIR TIL ERLENDRA NÁMSMANNA.

Síðan 1949 hefur menntamálaráðuneytið árlega boðið fram nokkra styrki handa erlendum námsmönnum til náms í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands. Styrktímabilið er frá 1. október—30. apríl. Einstöku sinnum hafa verið veittir styrkir til náms í öðrum greinum, einkum á sviði jarðvísinda. Hér á eftir fer yfirlit um styrkveitingar ráðuneytisins til erlendra námsmanna s. l. fjögur háskólaár.

Skólaárið 1974—75 voru átján erlendir námsmenn við nám í H. Í. með styrk frá ráðuneytinu. Þar af nutu sex styrks hálfan veturinn. Námsmennirnir voru frá þessum löndum: Ástralíu, Bretlandi, Bandaríkjunum, Danmörku (tveir), Frakklandi, Færeyjum, Japan, Kanada, Noregi, Póllandi, Ítalíu, Sambandslýðveldinu Þýskalandi (tveir), Sviss (tveir) og Svíþjóð. Allir voru styrkþegarnir við íslenskunám nema sá bandaríski sem lagði stund á jarðfræði. Tveimur styrkþegum var einnig veittur styrkur í maí 1975 og einn styrkþeganna, sá bandaríski, naut styrks allt sumarið. Heildarfjárhæð styrkgreiðslna nam um kr. 2 622 000 (163 þús. til hvers námsmanns miðað við 7 mánaða styrktímabil).

Skólaárið 1975—76 voru hinir erlendu styrkþegar fjórtán talsins. Þar af nutu tveir styrks hálft skólaárið. Styrkþegarnir voru frá eftirgreindum löndum: Bandaríkjunum (tveir), Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi (tveir), Grænlandi, Kanada (tveir), Noregi, Svíþjóð, Tékkóslóvakíu og Japan. Átta styrkþegar fengu framlengdan styrk fyrir maí 1976. Það sumar var tveimur erlendum vísindamönnum, frá Júgóslavíu og Tékkóslavíu, veittur 40 þús. kr. styrkur hvorum til eins mánaðar dvalar hér á landi. Þá hafði ungverskri konu verið veittur 95 þús. kr. styrkur til námsdvalar hér við háskólann á vormisseri 1976. Heildarstyrkgreiðslur þetta skólaár námu um kr. 2 937 000 (195 þús. kr. til hvers styrkþega fyrir 7 mánaða styrktímabil).

Skólaárið 1976—77 voru hér 11 styrkþegar. Þar af nutu þrír styrks hálft árið. Námsmennirnir voru frá eftirgreindum löndum: Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku (tveir), Finnlandi, Frakklandi, Kanada, Noregi (tveir), Svíþjóð og Sovétríkjunum. Sjö styrkþegar fengu og styrk í maímánuði 1977. Heildarstyrkgreiðsla nam rúmlega 3.2 millj. króna (280 þús. kr. fyrir styrktímabilið).

Skólaárið 1977—78 eru erlendir styrkþegar tíu talsins frá eftirgreindum löndum (einn frá hverju landi nema annað sé tekið fram): Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku (tveir), Færeyjum, Kanada, Noregi, Sambandslýðveldinu Þýskalandi, Spáni og Svíþjóð. Spænski námsmaðurinn var hér einungis til áramóta. Þá hefur tveimur tékkneskum jarðvísindamönnum verið veittur styrkur til eins til tveggja mánaða dvalar hér á landi í sumar. Heildarupphæð styrkgreiðslna á þessu skólaári verður um 4 millj. króna.

## ERLENDIR NÁMSSTYRKIR.

Á hverju ári berast nokkur boð frá erlendum stjórnvöldum um styrki handa íslenskum námsmönnum til náms í viðkomandi löndum. Er oftast um að ræða styrki til háskólanáms, boðna fram til eins skólaárs í senn og miðaða við að nægja fyrir brýnustu nauðsynjum. Oftast er aðeins einn styrkur í boði frá hverju landi, en stundum þó tveir eða jafnvel fleiri. Menntamálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum, þegar styrkboð berst, og gerir tillögu um styrkþega.

Hér á eftir fer yfirlit um erlenda námsstyrki sem menntamálaráðuneytið hefur haft milligöngu um á árunum 1974—1978 með þeim hætti er að framan greinir. Þess ber að geta, að yfirlitið tekur ekki til styrkja sem Íslendingum hafa verið veittir til náms í Bandaríkjunum, en slíkir styrkir eru m. a. veittir á grundvelli Fulbright-samningsins svonefnda, um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarsamskiptum.

**Skólaárið 1974—75.**

**Bretland** veitti þremur Íslendingum styrki til framhaldsnáms við háskóla þar í landi.

**Danmörk** veitti fjóra styrki til háskólanáms. Einum styrkjanna var skipt milli tveggja námsmanna og einn styrkjanna var veittur kennara til náms við Kennaraháskóla Danmerkur. Þá veittu Danir fjóra styrki, sem skipt var milli sex námsmanna, til náms við iðnfræðslustofnanir í Danmörku. Eru styrkir þessir framlag Dana til hinna svokölluðu norrænu iðnfræðslustyrkja sem Íslendingum hafa verið veittir undanfarin ár til sérhæfðs starfsnáms á Norðurlöndum.

**Finnland** veitti einn háskólastyrk og auk þess þrjá iðnfræðslustyrki sem skipt var milli fimm námsmanna.

**Frakkland** veitti tíu styrki til háskólanáms.

**Írland** veitti einn styrk til háskólanáms.

**Ítalía** veitti fjórum Íslendingum styrki til þriggja mánaða námsdvalar hverjum og tveimur Íslendingum styrki til tveggja mánaða námsdvalar hvorum.

**Noregur** veitti fimm iðnfræðslustyrki sem skipt var milli sex námsmanna.

**Rúmenía** veitti tvo styrki til háskólanáms.

**Sovétríkin** veittu einn styrk til háskólanáms.

**Svíþjóð** veitti einn háskólastyrk og fjóra iðnfræðslustyrki.

**Sviss** veitti tvo háskólastyrki.

**Sambandslýðveldið Þýskaland** veitti þrjá styrki til háskólanáms. Kölnarháskóli veitti og einn styrk til náms þar við háskólann.

Dr. Bo Åkerrén, læknir í Svíþjóð, og kona hans hafa um langt árabil veitt árlegan ferðastyrk til Íslendings sem ætlað hefur til náms á Norðurlöndum. Styrkurinn árið 1974 var veittur námsmanni sem fór til Noregs.

Menntamálaráðuneytið úthlutar árlega fé því sem kemur í hlut Íslendinga til ráðstöfunar til vísindastyrkja á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO Science Fellowships). Árið 1974 var fjárhæð þessi um ein millj. króna og var úthlutað styrkjum til 14 umsækjenda. Styrkfjárhæð var 30—100 þús. kr.

**Skólaárið 1975—76.**

**Bretland** veitti þrjá styrki til háskólanáms.

**Danmörk** veitti fjóra háskólastyrki. Eins og áður var einn styrkjanna veittur kennara til náms við Kennaraháskóla Danmerkur. Einum styrkjanna var skipt milli tveggja námsmanna. Veittir voru fjórir styrkir til náms við iðnfræðslustofnanir sem skipt var á milli sex námsmanna.

**Finnland** veitti einn styrk til háskólanáms. Þrír iðnfræðslustyrkir voru veittir fjórum námsmönnum.

**Frakkland** veitti sjö styrki til háskólanáms.

**Holland** veitti einn styrk sem ráðstafað var til náms við listaskóla.

**Írland** veitti einn háskólastyrk.

**Ítalía** veitti einn styrk til sex mánaða námsdvalar, tvo styrki til þriggja mánaða dvalar og tvo styrki til tveggja mánaða dvalar.

**Alþýðulýðveldið Kína** veitti tvo styrki til háskólanáms.

**Noregur** veitti einn háskólastyrk og var styrknum skipt á milli tveggja námsmanna. Þá veittu Norðmenn fimm iðnfræðslustyrki sem skipt var á milli sjö námsmanna. Þá var tveimur íslenskum ungmennum veittur styrkur til náms við menntaskóla eða lýðháskóla í Noregi.

**Sambandslýðveldið Þýskaland** veitti þrjá háskólastyrki. Þá var þremur íslenskum stúdentum veittur styrkur til að sækja tveggja mánaða þýskunámskeið þar í landi og loks voru þremur íslenskum vísindamönnum veittir styrkir til tveggja til þriggja mánaða dvalar til að sinna rannsóknastörfum.

**Sovétríkin** veittu tvo styrki til háskólanáms.

**Sviss** veitti einn styrk til háskólanáms.

**Svíþjóð** veitti einn háskólastyrk og auk þess fjóra styrki til vísindalegs sérnáms þar í landi. Voru síðarnefndu styrkirnir veittir í tilefni 1100 ára afmælis byggðar á Íslandi árið 1974. Þessum styrkjum var skipt á milli sex námsmanna. Þá veittu Svíar og fimm styrki til iðnfræðslunáms.

**Þýska alþýðulýðveldið** veitti tvo styrki til háskólanáms.

Åkerrén-ferðastyrkurinn 1975 var veittur kennara til sérnáms í Noregi.

Í hlut Íslendinga til vísindastyrkja Atlantshafsbandalagsins árið 1975 komu um tvær millj. króna og var úthlutað 9 styrkjum að fjárhæð 55—250 þús. krónur.

**Skólaárið 1976—77.**

**Bretland** veitti einn háskólastyrk.

**Danmörk** veitti fjóra styrki til háskólanáms. Þar af var einn styrkur veittur kennara til náms við Kennaraháskóla Danmerkur. Fjórir iðnfræðslustyrkir voru veittir fimm námsmönnum.

**Finnland** veitti tvo háskólastyrki. Þrír iðnfræðslustyrkir voru veittir fjórum námsmönnum.

**Frakkland** veitti fimm háskólastyrki.

**Holland** veitti einn styrk til náms við tónlistarháskóla.

**Ítalía** veitti einn styrk til sex mánaða námsdvalar.

**Japan** veitti einn háskólastyrk.

**Alþýðulýðveldið Kína** veitti tvo háskólastyrki.

**Noregur** veitti einn háskólastyrk. Norðmenn veittu og fimm iðnfræðslustyrki sem úthlutað var til sex námsmanna.

**Sovétríkin** veittu tvo styrki til háskólanáms.

**Sviss** veitti einn styrk til háskólanáms.

**Svíþjóð** veitti einn styrk til háskólanáms og auk þess fjóra styrki til vísindalegs sérnáms. Þeim styrkjum var skipt á milli sex námsmanna. Svíar veittu og fimm iðnfræðslustyrki til sex námsmanna.

**Sambandslýðveldið Þýskaland** veitti þrjá styrki til háskólanáms.

Åkerrén-ferðastyrkurinn 1976 var veittur kennara til sérnáms í Noregi.

Í hlut Íslendinga til vísindastyrkja Atlantshafsbandalagsins árið 1976 komu um 2.2 millj. króna og var úthlutað sex styrkjum. Styrkfjárhæð var 200—500 þús. krónur.

**Skólaárið 1977—78.**

**Bretland** veitti einn háskólastyrk.

**Danmörk** veitti fjóra háskólastyrki. Þar af einn til kennara til náms við Kennaraháskóla Danmerkur. Fjórir iðnfræðslustyrkir voru veittir og þeim skipt á milli sex námsmanna.

**Finnland** veitti einn styrk til háskólanáms. Einnig veittu Finnar þrjá iðnfræðslustyrki jafnmörgum námsmönnum.

**Frakkland** veitti sex háskólastyrki.

**Ítalía** veitti tvo styrki til þriggja mánaða dvalar og einn styrk til tveggja mánaða námsdvalar.

**Noregur** veitti einn háskólastyrk sem skipt var á milli tveggja námsmanna. Fimm iðnfræðslustyrkir voru veittir sex námsmönnum. Þá veittu Norðmenn fjóra styrki til sérhæfðs starfsnáms í Noregi á vormisseri 1978, og var þeim skipt á milli fimm námsmanna.

**Sovétríkin** veittu einn háskólastyrk.

**Svíþjóð** veitti einn styrk til háskólanáms og að auki fjóra styrki til vísindalegs sérnáms. Þeim styrkjum var skipt á milli sex námsmanna. Fjórir iðnfræðslustyrkir voru og veittir jafnmörgum námsmönnum.

**Sambandslýðveldið Þýskaland** veitti þrjá háskólastyrki.

Åkerrén-ferðastyrkurinn 1977 var veittur námsmanni í félagsráðgjöf í Noregi.

Í hlut Íslendinga til vísindastyrkja Atlantshafsbandalagsins árið 1977 komu um 2.7 millj. króna. Var úthlutað sex styrkjum að fjárhæð 300—500 þús. krónur.

## NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS.

Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 48/1965 um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands. Hlutverk hennar er þríþætt: Að vinna að almennum náttúrurannsóknum, þ. e. undirstöðurannsóknum í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði; að koma upp sem fullkomnustu vísindalegu safni náttúrugripa, og þá fyrst og fremst íslenskra; í þriðja lagi að koma upp sýningarsafni fyrir almenning til fræðslu um náttúru Íslands.

Starfslið stofnunarinnar árin 1974—1977 hefur verið tveir náttúrufræðingar í hverri hinna þriggja deilda hennar, tveir aðstoðarmenn og einn hamskeri, eða alls níu manns. Auk þess hafa lausráðnir aðstoðarmenn verið ráðnir sumarmánuðina og við stofnunina starfar lausráðinn vörslumaður í sýningarsal og ræstingarfólk.

Náttúrufræðingar stofnunarinnar birtu í ýmsum tímaritum og skýrslum niðurstöður rannsókna sinna. Út komu þrjú hefti af riti Náttúrufræðistofnunar, Acta Naturalia Islandica.

**Í dýrafræðideild** var einkum unnið að rannsóknum á fuglum, aðallega á rjúpu- og fálkastofnum landsins, og á ýmsum flækingsfuglum sem hingað komu. Einnig var unnið að fuglamerkingum og fuglatalningu hér á landi og skipulagt starf áhugamanna á því sviði. Þá var unnið að söfnun nýrra eintaka í hin vísindalegu söfn deildarinnar og skráningu þeirra.

**Í grasafræðideild** var unnið að rannsóknum á útbreiðslu blómplantna, byrkninga og mosa og kortlagningu hennar og ritverki um mosaflóru landsins. Einnig var unnið að rannsóknum á hæðamörkum þessara plantna á ýmsum stöðum á landinu og á landnámi plantna á jökulskerjum í Vatnajökli og í Surtsey. Unnið var að rannsóknum á flóru og gróðri láglendissvæða meðfram Lagarfljóti og höfð umsjón með víðtækari rannsóknum þar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins; unnið að rannsóknum á flóru og gróðri Grundartanga og nágrenni við Hvalfjörð fyrir Líffræðistofnun Háskólans, að rannsóknum á mosum á Eyjabakkasvæðinu fyrir Orkustofnun, að rannsóknum á gróðri í og við landgræðslugirðingar fyrir Landgræðslu ríkisins og að ýmsum rannsóknum fyrir Náttúruverndarráð. Þátttaka var í samstarfi evrópskra grasafræðinga um útgáfu Flóru Evrópu og Útbreiðslukorta Evrópuflóru. Þá var unnið að söfnun nýrra eintaka í hin vísindalegu söfn deildarinnar og skráningu þeirra; einnig var safnað nýjum eintökum um 400 íslenskra plöntutegunda og þeim komið fyrir í sýningarrömmum í sýningarsal. Lokið var skrá um íslenska mosa í safni deildarinnar.

**Í jarðfræðideild** var unnið að rannsóknum á bergfræði nútímahrauna á landinu, einkum í austurgosbeltinu og á Reykjanesskaga, og lokið við gerð jarðfræðikorts af svæðinu frá Vestmannaeyjum til Vatnajökuls. Unnið var að rannsóknum á myndun móbergs í Surtsey, og Grímsneshraun voru aldursgreind. Þá var unnið að gerð jarðfræðikorts af Norðausturlandi og það gefið út og að rannsóknum í V.-Skaftafellssýslu til undirbúnings endurútgáfu jarðfræðikorts af Miðsuðurlandi og einnig að undirbúningi endurútgáfu jarðfræðikorts af Suðvesturlandi. Unnið var að söfnun nýrra eintaka í hin vísindalegu söfn deildarinnar, einkum hraunasýna og steingervinga, botnsýnishorna af landgrunninu og holufyllinga af Hvalfjarðarsvæðinu og frá

Austfjörðum. Lokið var við röðun og skrásetningu sýnishorna og gerðar spjaldskrár yfir þau.

**Sýningarsalur** stofnunarinnar var opinn almenningi fjóra daga í viku. Áhugafólk um náttúru landsins og náttúrufræðinemar leita mikið til stofnunarinnar vegna ýmiss konar fyrirgreiðslu, fær lánuð tímarit og bækur, fær greindar plöntur, dýr og steina og fær að skoða sýnishorn í vísindalegu söfnunum sem ekki er hægt að hafa til sýnis fyrir almenning vegna rúmleysis. Þá reynir stofnunin eftir föngum að svara þeim fjölda fyrirspurna varðandi náttúru landsins, sem henni berst stöðugt frá erlendum stofnunum og einstaklingum. Einnig lánar stofnunin erlendum rannsóknarstofnunum árlega sýnishorn úr vísindalegum söfnum sínum vegna rannsókna sem þar er unnið að.

## RANNSÓKNARÁÐ RÍKISINS.

Rannsóknaráð ríkisins starfar á grundvelli laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Starfsemin á tímabilinu 1974—77 var í meginatriðum þríþætt: 1. Efling og samræming hagnýtra rannsókna. 2. Athuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins. 3. Fjölþjóðlegt samstarf. Verður nú vikið nánar að þessum þáttum.

### 1. Efling hagnýtra rannsókna.

Unnið var að athugun á fjármagni og starfsliði rannsókna- og þróunarstarfsemi á Íslandi. Þessar athuganir eru unnar í samvinnu við Efnahags- og framfarastofnunina í París (OECD) og samstarfsnefnd norrænna rannsóknaráða á sviði hagnýttra rannsókna (NORDFORSK). Niðurstöður könnunar fyrir árið 1975 lágu fyrir um mitt ár 1977.

Snemma á árinu 1974 var hafist handa um mörkun heildarstefnu á sviði vísinda og í því skyni settir á fót starfshópar á sviði byggingarstarfsemi, iðnaðar, landbúnaðar, sjávarútvegs og fiskiðnaðar. Allir þessir hópar skiluðu á árunum 1975—76 þróunarskýrslum, sem lýstu ástandinu í viðkomandi atvinnuvegi og þróunarhorfum þeirra. Voru síðan haldnar ráðstefnur til kynningar á niðurstöðum starfshópanna og til að fá álit manna í viðkomandi atvinnuvegum.

Þegar þróunarskýrslurnar lágu fyrir var hafist handa um skilgreiningu á helstu markmiðum þjóðfélagsins. Í því skyni var leitað umsagnar margra forsvarsmanna atvinnulífs, verkalýðssamtaka og opinberra stofnana. Með hliðsjón af horfum um þróun atvinnuveganna og þjóðfélagsmarkmiða var hugað að verkefnavali rannsóknastarfseminnar. Reynt var að skilgreina á hvaða svið bæri helst að leggja áherslu og verkefnum raðað í forgangsröð. Þetta verk var unnið í náinni samvinnu við rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Niðurstaða þessarar starfsemi var gerð **áætlunar um heildarþróun rannsóknastarfseminnar** á tímabilinu 1976—1981. Sú skýrsla færir í tölulegan búning tillögur um ráðstöfun mannafla og fjármagns til hinna ýmsu sviða rannsókna og þróunarstarfsemi á tímabilinu. Það er ætlun Rannsóknaráðs að hún verði höfð til hliðsjónar við umfjöllun um málefni rannsóknastofnananna á næstu árum.

Starfshópur á vegum Rannsóknaráðs um **skipulag upplýsingamála** skilaði ýtarlegri álitsgerð á árinu 1976. Var þar komist að þeirri niðurstöðu að setja bæri á fót upplýsingaþjónustu í tækni- og raunvísindum. Stofnað var til kynningar á tæknilegri upplýsingaþjónustu fyrir atvinnuvegina og rannsóknastarfsemina og í því sambandi settur upp tölvubúnaður sem tengdist tölvumiðstöðvum erlendis, svo að kynna mætti betur möguleika slíkrar þjónustu. Í fjárlögum 1978 eru veittar 5,7 m. kr. til að koma á fót upplýsingaþjónustu hér á landi.

Meðal annarra starfhópa sem unnið hafa að sérstökum verkefnum á vegum Rannsóknaráðs og skilað um þau álitsgerðum má nefna nefndir um notkun fjar-

könnunarmynda, snjóflóðarannsóknir og hafísrannsóknir. Landgrunnsnefnd skilaði skýrslu sem birt var haustið 1976.

Udirbúin hefur verið könnun á því, hvernig Rannsóknaráð geti stuðlað að aukinni eftirmenntun starfsfólks rannsóknastofnana og er ráðgert að vinna að því verkefni á þessu ári.

Áfram var unnið að skipulagningu Keldnaholtssvæðisins. Helsta framkvæmdin á Keldnaholti var bygging skrifstofuálmu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, sem afhent var formlega í febrúar 1977. Á árinu 1977 var einnig unnið að viðgerð á Rannsóknastofnun landbúnaðarins og við undirbúning á innréttingu álmu II í byggingu Rannsóknastofnunar ladbúnaðarins.

### 2. Athugun á nýtingu náttúruauðlinda landsins.

Umfangsmesta verkefnið í þessum málaflokki laut að ylrækt. Settur hafði verið á fót samstarfshópur til athugunar á notkun jarðhita til ræktunar í gróðurhúsum. Þessi hópur skilaði skýrslu 1974. Hafnar voru tilraunir hjá Garðyrkjuskóla ríkisins í Hveragerði í samvinnu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins um rannsóknir á áhrifum gervilýsingar á vaxtarhraða, ásamt hagkvæmni slíkrar lýsingar. Til þessara rannsókna fékkst að hluta erlent fjármagn frá Tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna.

Meðal annarra verkefna sem unnið var að einkum á fyrra hluta þess tímabils sem hér um ræðir, má nefna heyþurrkun við jarðhita, skýrslu um magnesíumvinnslu, könnun á notkun leirs í nágrenni Búðardals, athugun á títanvinnslu úr jarðefnum og kjúklingarækt.

### 3. Fjölþjóðlegt samstarf.

Rannsóknaráð hefur tekið virkan þátt í samvinnu á vegum NORDFORSK (samstarfsnefndar norrænna rannsóknaráða á sviði hagnýttra rannsókna) og átti m. a. hlut að útgáfu skýrslu um fjárframlög til rannsókna og starfslið rannsókna á Norðurlöndum 1973. Samstarfið við NORDFORSK beindist að öðru leyti að verkefnum á sviði tæknilegrar upplýsingaþjónustu, efnatækni, umhverfistækni og tölvutækni.

Framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs hefur verið fulltrúi Íslands í vísindanefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

Rannsóknaráð ríkisins annast í umboði menntamálaráðuneytisins og í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og aðrar vísindastofnanir veiting leyfa handa erlendum aðilum til náttúrurannsókna hér á landi.

### Endurskoðun laga.

Í september 1977 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til að endurskoða gildandi lagaákvæði um Rannsóknaráð ríkisins. Í nefndinni eiga sæti Steingrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, formaður, dr. Ásbjörn Einarsson, sérfræðingur við Rannsóknastofnun iðnaðarins, dr. Björn Dagbjartsson, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Ellert B. Schram, alþingismaður, og Sveinbjörn Björnsson, prófessor, formaður stjórnar Raunvísindastofnunar Háskólans. Nefndinni var falið að hafa samráð við nefnd þá er skipuð var um sömu mundir til að endurskoða lög um Vísindasjóð. Gert er ráð fyrir að nefndirnar verði beðnar að fjalla í sameiningu um tillögur sem fyrir liggja um stofnun sérstaks rannsóknaráðs á sviði læknisfræði.

## VÍSINDASJÓÐUR

Lög um Vísindasjóð eru að stofni til frá 1957. Tekjur sínar fær sjóðurinn annars vegar af árlegri fjárveitingu í fjárlögum en hins vegar með framlagi frá Seðlabanka Íslands samkvæmt lögum um bankann frá 1961. Hefur það um langt árabil verið megintekjulind sjóðsins, en mjög skortir á að umráðafé hans hafi aukist í samræmi

við fjárþörf. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, hugvísindadeild og raunvísindadeild. Styrkveitingar úr sjóðnum árin 1974—1977 voru sem hér segir:

| Ár | Hugvísindadeild | | Raunvísindadeild | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi styrkja | Heildarfjárhæð | Fjöldi styrkja | Heildarfjárhæð |
| 1974 | 28 | 5 100 þús. kr. | 43 | 9 260 þús. kr. |
| 1975 | 29 | 7 550 þús. kr. | 49 | 14 460 þús. kr. |
| 1976 | 24 | 7 850 þús. kr. | 35 | 16 905 þús. kr. |
| 1977 | 25 | 8 150 þús. kr. | 44 | 23 200 þús. kr. |

Í árslok 1974 afhentu hjónin Egill Hallgrímsson, fyrrum kennari, og Elín Pálsdóttir Vísindasjóði gjafabréf fyrir húseign sinni Bárugötu 3 í Reykjavík ásamt eignarlóð og nokkrum húsbúnaði, en Egill Hallgrímsson hafði einna fyrstur manna hreyft hugmyndinni um stofnun Vísindasjóðs á sínum tíma.

Í september 1977 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til að endurskoða lög um Vísindasjóð. Í nefndinni eiga sæti dr. Ólafur Bjarnason, prófessor, formaður stjórnar Vísindasjóðs, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar, Guðlaugur Þorvaldsson, háskólarektor, dr. Guðmundur Pálmason, jarðeðlisfræðingur, þáverandi formaður stjórnar raunvísindadeildar Vísindasjóðs, dr. Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, formaður stjórnar hugvísindadeildar, dr. Jónas Kristjánsson, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, og dr. Sigmundur Guðbjarnason prófessor, formaður framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins. Gert er ráð fyrir, að endurskoðunin beinist að fjárhagsgrundvelli sjóðsins og verksviði, svo og skipulagi hans, stjórn og starfsháttum. Nefndinni var falið að hafa samstarf og samráð við nefnd þá er skipuð var um sömu mundir til að endurskoða lagaákvæði um Rannsóknaráð ríkisins.

## NORRÆNT MENNINGARMÁLASAMSTARF.

Skipulagsgrundvöllur þess menningarmálasamstarfs sem fram fer á vegum ríkisstjórna Norðurlanda er nú norræni menningarmálasamningurinn svonefndi sem gerður var 1971. Samningurinn tekur til samstarfs á sviði fræðslumála, vísindarannsókna, lista og annarra menningarmála. Yfirstjórn á framkvæmd samningsins er í höndum Ráðherranefndar Norðurlanda (menntamálaráðherranna), en henni til aðstoðar er embættismannanefnd með fulltrúum menntamálaráðuneytanna og þrjár ráðgjafanefndir, ein fyrir hvert meginsvið menningarmálasamningsins. Samkvæmt samningnum var sett á stofn sameiginleg skrifstofa, Norræna menningarmálaskrifstofan, sem tók til starfa 1. janúar 1972 og hefur aðsetur í Kaupmannahöfn. Starfsmenn menningarmálaskrifstofunnar eru nú um 30 talsins, meðal þeirra tveir Íslendingar.

Gerð er árlega sameiginleg fjárhagsáætlun fyrir menningarsamstarfið, hin svonefndu „norrænu menningarfjárlög". Eru þar ákveðnar fjárveitingar til sameiginlegra stofnana og ýmissa samstarfsverkefna á sviði menningarmála. Fjárhagsáætlunin er undirbúin í samráði við menningarmálanefnd Norðurlandaráðs. Greiðsluhlutdeild ríkjanna fer eftir þeirri reglu sem gildir á hverjum tíma um skipting samnorrænna útgjalda samkvæmt ákvörðun Ráðherranefndar Norðurlanda (samstarfsráðherranna) og miðast við hlutfallstölur verðmætis vergrar þjóðarframleiðslu (leiðréttar með nokkurra ára bili). Samkvæmt þeirri reglu sem nú er í gildi er greiðsluhlutur Íslands 0,9%. Framlög einstakra ríkja samkvæmt fjárhagsáætluninni og framangreindri skiptireglu eru háð staðfestingu í fjárlögum hvers lands. Niðurstöðutölur „norrænu menningarfjárlaganna" hafa frá upphafi verið sem hér segir (áætlun um kostnaðarauka vegna samningsbundinna launahækkana starfsmanna ekki meðtalin):

| | | |
|---|---|---|
| 1973 | 32 136 900 | danskar krónur |
| 1974 | 33 700 000 | — — |
| 1975 | 38 656 000 | — — |
| 1976 | 45 263 000 | — — |
| 1977 | 52 000 000 | — — |
| 1978 | 61 140 000 | — — |

Hér á eftir fer yfirlit um fjárveitingar samkvæmt „norrænu menningarfjárlögunum" 1978:

NORRÆNT MENNINGARMÁLASAMSTARF
SAMNORRÆN FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ 1978

| | Starfssvið | Heildarframlag (í dönskum kr.) |
|---|---|---|
| 01 | Fræðslumál | 8 608 000 |
| 02 | Vísindamálefni | 22 755 000 |
| 03 | Almenn menningarmál | 10 722 000 |
| 04 | Ráðherranefnd Norðurlanda, ráðstöfunarfjárveiting | 5 500 000 |
| 05 | Menningarsjóður Norðurlanda | 8 000 000 |
| 06 | Norræna menningarmálaskrifstofan | 5 555 000 |
| | Samtals | 61 140 000 |

Sundurliðun eftir viðfangsefnum

| | | |
|---|---|---|
| **01** | **Fræðslumál** | |
| 1.1 | Lýðfræðslustofnun Norðurlanda, Kungälv | 2 422 000 |
| 1.2 | Norrænt samstarf á sviði skólamála | 1 510 000 |
| 1.3 | Norræn blaðamannanámskeið | 550 000 |
| 1.4 | Norræn stofnun um skipulagsfræði | 2 676 000 |
| | Styrkir: | |
| 1.6 | Norræna læknakennslusambandið | 360 000 |
| 1.7 | Norræn námskeið á sviði menntamála | 1 090 000 |
| | Samtals | 8 608 000 |
| **02** | **Vísindamálefni** | |
| 2.1 | Norræna sjólíffræðinefndin | 498 000 |
| 2.2 | Atómvísindastofnun Norðurlanda (NORDITA) | 7 665 000 |
| 2.3 | Þjóðfræðastofnun Norðurlanda | 571 000 |
| 2.4 | Sjóréttarstofnun Norðurlanda | 1 043 000 |
| 2.5 | Norrænar jarð- og landfræðinámsferðir til Íslands | 305 000 |
| 2.6 | Norræna vistfræðinefndin | 443 000 |
| 2.7 | Norræn stofnun um Asíufræði | 2 113 000 |
| 2.8 | Norræna hafeðlisfræðinefndin | 600 000 |
| 2.9 | Norræn samstarfsnefnd um heilbrigðisrannsóknir á norðurslóðum | 573 000 |
| 2.10 | Norræn samstarfsnefnd um rannsóknir á sviði alþjóðamála | 764 000 |
| 2.11 | Norræn samstarfsnefnd um gagnamiðlun og vísindabókasöfn (NORDINFO) | 2 197 000 |
| 2.12 | Norræn vísindamannanámskeið | 2 300 000 |
| 2.13 | Norræna eldfjallastöðin í Reykjavík | 1 611 000 |
| 2.14 | Norræn samstarfsnefnd um hraðalrannsóknir | 342 000 |
| 2.15 | Norrænt samstarf um fjölmiðlarannsóknir | 400 000 |
| 2.16 | Norræn málstöð | 220 000 |
| | Styrkur: | |
| 2.17 | Norræni sumarháskólinn | 1 110 000 |
| | Samtals | 22 755 000 |

| Starfssvið | | Heildarframlag (í dönskum kr.) |
|---|---|---|
| 03 | **Almenn menningarmál** | |
| 3.1 | Norræna húsið í Reykjavík | 2 230 000 |
| 3.2 | Norrænt leiklistarsamstarf (framhaldsmenntun og gestaleikir) | 290 000 |
| 3.2 | Norrænt leiklistarsamstarf | 290 000 |
| | (framhaldsmenntun og gestaleikir) | 1 260 000 |
| 3.3 | Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs | 210 000 |
| 3.4 | Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs | 135 000 |
| 3.5 | Norrænt tónlistarsamstarf | 1 235 000 |
| 3.6 | Norræn Sama-stofnun | 2 442 000 |
| 3.7 | Norrænt æskulýðssamstarf | 1 450 000 |
| 3.8 | Styrkir til þýðingar á grannlandabókmenntum | 1 050 000 |
| | Styrkur: | |
| 3.9 | Norræna listabandalagið | 420 000 |
| | Samtals | 10 722 000 |

Greiðsluhlutur Íslands: 0,9%, þ. e. af heildarfjárveitingu samkvæmt fjárhagsáætluninni 550 260 danskar krónur (að frátöldum kostnaðarauka vegna samningsbundinna launahækkana).

Yfirlitið gefur allgóða hugmynd um þá starfsemi sem samvinnan beinist að um þessar mundir. Þar eru taldar ýmsar samnorrænar stofnanir á sviði menningarmála, þ. á m. þær tvær sem aðsetur hafa hér á landi, þ. e. Norræna húsið í Reykjavík og Norræna eldfjallastöðin. Norræna húsið tók til starfa 1968 og fjölbreytileg starfsemi þess er löngu orðin markverður þáttur í íslensku menningarlífi. Norræna eldfjallastöðin hóf störf 1973 og stendur fyrir margþættum vísindarannsóknum á fræðasviði sínu. Stofnunin starfar í náinni samvinnu við Háskóla Íslands og nýtur húsnæðisaðstöðu á vegum hans.

Meðal nýrra samstarfsverkefna sem ekki koma fram í „norrænu menningarfjárlögunum" 1978 má nefna bygging Norræna hússins í Þórshöfn í Færeyjum, en til hennar er veitt fé sérstaklega í fjárlögum hvers lands, og Norræna listmiðstöð á Sveaborg við Helsingfors. Sú stofnun mun taka til starfa á miðju þessu ári og er ætlað að greiða fyrir samstarfi á sviði myndlistar og listiðna.

Þá ber og að nefna það viðfangsefni sem um þessar mundir er eitt viðamesta verkefnið á sviði norrænnar menningarsamvinnu, þ. e. könnun á norrænu sjónvarpi og hljóðvarpi um gervitungl. Norræn ráðuneytisstjóranefnd skilaði um það mál skýrslu sem lögð var fram á fundi Ráðherranefndar Norðurlanda (menntamálaráðherranna) á Húsavík í júní 1977. Var þar komist að þeirri niðurstöðu að tæknilegar og fjárhagslegar forsendur væru fyrir hendi til að dreifa sjónvarps- og hljóðvarpsdagskrám um öll Norðurlönd með notkun tveggja gervihnatta. Skýrslan hefur síðan sætt umfangsmikilli umsagnarmeðferð og á sameiginlegum fundi menntamálaráðherra og samgönguráðherra Norðurlanda 13. mars s. l. í Kaupmannahöfn var ákveðið að efna til víðtækrar framhaldskönnunar á ýmsum þáttum málsins. Er til þess ætlast að niðurstöður þeirrar könnunar liggi fyrir sumarið 1979.

Eins og fram kemur í yfirlitinu um „norrænu menningarfjárlögin" er gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu sem ráðherranefndin hefur til ráðstöfunar. Þetta fé er notað til að greiða kostnað við ýmis samstarfsverkefni sem ekki eru komin á svo fastan grundvöll að tímabært sé að ætla þeim sérstakan lið í „menningarfjárlögunum" og ekki síst kostnað af ýmiss konar nefndarstörfum og öðrum könnunum á nýjum samstarfsþáttum. Meðal slíkra kannana sem nú er unnið að í samnorrænni nefnd er athugun varðandi fjárstuðning við norræn íþróttasamskipti.

Norræna menningarmálaskrifstofan í Kaupmannahöfn annast skrifstofustörf fyrir Menningarsjóð Norðurlanda. Sjóðurinn hefur starfað síðan 1966, en fé til starfsemi

hans er nú veitt í „norrænu menningarfjárlögunum". Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn sem í eiga sæti tveir fulltrúar frá hverju Norðurlandaríki, annar tilnefndur af Ráðherranefnd Norðurlanda (fulltrúi ríkisstjórnar), hinn af Norðurlandaráði úr hópi þingmanna. Menningarsjóður Norðurlanda veitir styrki til samstarfs á öllum sviðum menningarmála, og hafa margir íslenskir aðilar notið stuðnings frá sjóðnum á liðnum árum.

Ekki verða hér rakin frekar einstök viðfangsefni í hinu umfangsmikla samstarfi sem fram fer á grundvelli norræna menningarmálasamningsins, en benda má á að allýtarleg greinargerð um þessa samvinnu er hluti af árlegri skýrslu Ráðherranefndar Norðurlanda til Norðurlandaráðs.

Virk þátttaka af íslenskri hálfu í því samstarfi sem hér um ræðir hefur mjög aukist með tilkomu menningarmálasamningsins og þeirra samstarfshátta sem til hans eiga rætur að rekja. Ýmis starfsemi á þessu sviði er nú kostuð úr sameiginlegum sjóði samkvæmt „norrænu menningarfjárlögunum" og verður aðild Íslendinga þar með fjárhagslega auðveldari. Óhjákvæmilega eru íslenskri þátttöku í starfi sem fram fer erlendis þó skorður settar, bæði fjárhagslegar og mannaflalegar. Oft er t. d. svo í sambandi við norræn námskeið að einungis sjálft námskeiðshaldið er greitt að nokkru eða fullu af samnorrænu fé, en ekki ferða- og dvalarkostnaður einstakra þátttakenda. Menntamálaráðuneytið ver á ári hverju nokkru fé til aðstoðar við þátttöku í norrænu samstarfi af þessu tæi, en því fer að sjálfsögðu fjarri að unnt sé að fullnægja öllum þörfum í því efni.

Aðild menntamálaráðuneytisins að menningarlegum samskiptum við hin Norðurlandaríkin er hvergi nærri einskorðuð við það starf sem beinlínis er tengt norræna menningarmálasamningnum. Beint samband er milli menntamálaráðuneytanna um ýmis erindi og gagnkvæm skipti á upplýsingum. Þá er og vert að geta námsstyrkja sem Norðurlandaríkin veita íslenskum námsmönnum og fyrirgreiðslu um námsvist í ýmsum greinum sem ekki er unnt að nema hér á landi. Ráðuneytið veitir einnig árlega a. m. k. einum námsmanni frá hverri hinna Norðurlandaþjóðanna styrk til náms í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands og þar eru að jafnaði nokkrir norrænir stúdentar við nám í öðrum greinum, aðallega læknisfræði. Yfirlit um veiting námsstyrkja undanfarin ár er að finna annars staðar í þessari skýrslu.

## EVRÓPURÁÐIÐ.

Ísland gerðist aðili að menningarsáttmála Evrópuráðsins árið 1956, og hefur menntamálaráðuneytið síðan tekið þátt í menningarmálastarfi þess.

Um þessar mundir standa yfir miklar breytingar á skipulagi Evrópuráðsins. Þær fela m. a. í sér, að aðeins verður um eina fastanefnd að ræða á sviði menningarmála, menningarmálaráðið (Council for Cultural Co-operation). Því er ætlað að skipuleggja allt starf Evrópuráðsins á menningarmálasviðinu. Ríki þau, 22 að tölu, er undirritað hafa menningarsáttmála Evrópuráðsins greiða árleg framlög í menningarsjóð Evrópuráðsins sem er undir stjórn menningarmálaráðsins og er ætlað að standa undir kostnaði við þetta starf. Menningarmálaráðið er stjórnunarlega og fjárhagslega sjálfstætt innan þeirra marka, er menningarsáttmálinn setur. Þó hefur sérhver aðili Evrópuráðsins og framkvæmdastjóri þess heimild til að vísa ákvörðunum menningarmálaráðsins til utanríkisráðherranefndarinnar, ef þær teljast ekki samrýmast markmiðum Evrópuráðsins.

Á síðasta fundi menningarmálaráðsins var gerð áætlun um 6 aðalverkefni sem unnið verður að á næstunni. Þau eru:

1. **Undirbúningur fyrir lífið:** Þetta verkefni varðar menntun á framhaldsskólastigi, sem á að auðvelda unglingum félagslega aðlögun og þátttöku í atvinnulífi.
2. **Umbætur og þróun á sviði háskólamenntunar:** Áformað er að gera samanburð á athyglisverðum nýjungum í háskólakennslu í nokkrum löndum.

3. **Þróun fullorðinsfræðslu:** Ályktanir verða gerðar varðandi fyrirkomulag, kennsluefni og aðferðir við fullorðinsfræðslu, er skipulögð sé sem þáttur í ævimenntun.
4. **Nútímatungumál:** Tilgangurinn er að ýta undir nám í nútímatungumálum með því að auðvelda nemendum aðgang að sveigjanlegu kerfi, er sé sniðið fyrir þarfir og markmið hvers einstaklings.
5. **Áætlanir um menningarmál:** Aðalmarkmiðið er að aðstoða yfirvöld byggðalaga við mótun menningarstefnu sem geri öllum borgurum kleift að taka þátt í skapandi starfi af margvíslegu tæi.
6. **Menning og fjölmiðlun:** Nýjustu tilraunir á sviði fjölmiðlunar verða metnar í því skyni að efla menningarhlutverk fjölmiðla.

Menntamálaráðuneytið tekur þátt í starfi Evrópuráðsins á fleiri sviðum en þeim er heyra undir menningarmálaráðið. Má þar m. a. nefna náttúruvernd, dýravernd og íþróttamál.

## GEYSISSVÆÐIÐ Í HAUKADAL.

Geysir í Haukadal er frægastur goshvera. Eftir honum eru slíkir hverir kallaðir „geysers“ á enskri tungu. Um hríð, eða frá 1894 til 1935, var Geysir í eigu erlendra manna, uns Sigurður Jónasson, forstjóri, hlutaðist til um að íslenska ríkið eignaðist hverinn, ásamt nokkurri landspildu umhverfis hann, svo og hverina Strokk, Blesa og Litla-Geysi, en greiddi sjálfur kaupverðið og gaf ríkissjóði.

Árið 1953 skipaði forsætisráðuneytið nefnd til þess að gera tillögur um endurbætur við Geysi og stýra þeim framkvæmdum. Nefndin heyrir nú undir menntamálaráðuneytið. Alþingi hefur árlega að undanförnu veitt fé til umbóta við Geysi og hefur það gert nefndinni kleift að láta girða hverasvæðið mjög vandaðri girðingu, koma fyrir hringsjá, leggja veg meðfram girðingunni og gera stórt bifreiðastæði til þess að beina bifreiðaumferð út af sjálfu hverasvæðinu, leggja gangstíga um svæðið og afmarka og merkja staði, sem hættulegir geta verið umferðar. Innan girðingarinnar eru 15.3 ha lands. Ingólfur Davíðsson, grasafræðingur, athugaði gróðurfar svæðisins í júlí 1960 til þess að unnt væri að fylgjast með hvaða breytingum það kynni að taka við friðunina. Hefur hann framkvæmt slíkar athuganir við og við síðan á vegum nefndarinnar. Þá hefur birki verið gróðursett í Laugarfelli innan girðingarinnar.

Síðsumars 1963 lét Geysisnefnd í samráði við dr. Gunnar Böðvarsson, yfirverkfræðing, bora 40 metra djúpa holu niður úr botni Strokks með þeim árangri að hverinn tók að gjósa á ný. Strokkur var áður fyrr mesti goshver í Haukadal, næst á eftir Geysi, og er gosum hans lýst í sumum hinna eldri ferðabóka. Á seinni hluta 19. aldar urðu gos hans treg, uns nýtt líf færðist í hann við jarðskjálftana miklu á Suðurlandi árið 1896. Eftir aldamótin dró aftur úr gosunum, uns þau hættu alveg upp úr 1915 eða um líkt leyti og gos Geysis. Við borunina 1963 jókst uppstreymi heits vatns, vatnið steig upp í hina fornu skál, sem er svipuð Geysisskálinni, og hverinn tók að gjósa á ný og hefur haldið því áfram síðan. Gosin eru mishá. Sum hafa mælst 35 metrar.

Geysir gýs mjög sjaldan nú orðið. Á tímabilinu 1915—1935 lá hann að mestu í dvala eins og Strokkur, en þá örvuðu þeir dr. Trausti Einarsson, Jón Jónsson frá Laug og Guðmundur Gíslason, læknir, gosmátt hans á ný með því að höggva rauf í skálarbarminn og létta þannig nokkru af vatnsbunganum af hvernum, en svipuð aðferð hafði verið reynd með góðum árangri við Ystahver í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu laust fyrir 1918. Hafði þetta mjög örvandi áhrif á gostíðni Geysis um tveggja áratuga skeið, þótt síðan hafi sótt í sama horf og áður og eru Geysisgos nú orðin fátíð. Er svæðið að jafnaði opið frá kl. 8 til 22 og er gangandi fólki frjáls umferð um það. Óheimilt er að aka bifreiðum inn á svæðið, nema með sérstöku leyfi umsjónarmanns.

Sigurður Greipsson, bóndi í Haukadal, annast daglega umsjón Geysissvæðisins, og hefur gert langa hríð,

## RISNUKOSTNAÐUR MENNTAMÁLARÁÐUNEYTISINS TÍMABILIÐ 1974—1977.

Hér er aðallega um að ræða matar- eða kaffiboð fyrir innlend félög eða landsamtök og erlenda gesti, sem sitja hér ráðstefnur, stundum á vegum ráðuneytisins eða á starfssviði þess.

Fer hér á eftir risnukostnaðurinn ofangreint tímabil:

| | | |
|---|---|---|
| Árið 1974 | kr. | 4 618 813 |
| Árið 1975 | — | 4 474 210 |
| Árið 1976 | — | 9 138 015 |
| Árið 1977 | — | 14 119 983 |

Í tíð núverandi menntamálaráðherra hafa eigi verið veittir áfengir drykkir í boðum, sem menntamálaráðuneytið efnir til.

## ÍSLENSK STAFSETNING.

Hinn 3. maí 1974 gaf menntamálaráðuneytið út auglýsingu nr. 132/1974 um íslenska stafsetningu og sama dag auglýsingu nr. 133/1974 um greinarmerkjasetningu. Áður hafði ráðuneytið gefið út auglýsingu nr. 272/1973 um afnám z. Þær reglur voru síðan endurskoðaðar og felldar inn í áðurgreinda auglýsingu frá 3. maí 1974. Loks gaf ráðuneytið út auglýsingu nr. 261/1977 um breyting á auglýsingu nr. 132/1974 um íslenska stafsetningu. Sú breyting var eingöngu um, hvar rita ætti stóran og lítinn staf.

Þess má geta í þessu sambandi að tvívegis áður á þessari öld hafa verið birtar stjórnvaldaauglýsingar um stafsetningu. Hin fyrri er frá 27. mars 1918, um eina og sömu stafsetningu í skólum og á skólabókum, og hin síðari frá 25. febrúar 1929, um íslenska stafsetningu.

Menntamálaráðherra hefur borið fram á Alþingi frumvarp til laga um setningu reglna um íslenska stafsetningu, en það hefur ekki orðið útrætt. Með því frumvarpi er stefnt að því að setja ákveðin fyrirmæli um hvernig standa skuli að því að setja reglur um íslenska stafsetningu.

Ráðuneytið gekkst fyrir ráðstefnu um íslenska stafsetningu að Hótel Sögu 30. október 1976. Sátu þá ráðstefnu rúmlega 50 manns. — Ræður, sem fluttar voru á ráðstefnunni, voru síðan fjölritaðar og m. a. sendar öllum alþingismönnum.

### Lagafrumvörp er lögð hafa verið fyrir Alþingi 1974—1978 að tilhlutan menntamálaráðherra og afgreiðsla þeirra.

#### 1974—1975.

(96. löggjafarþing).

1) Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. — Frumvarpið fjallaði m. a. um embætti kennslustjóra og stofnun námsbrauta. — Afgreitt sem lög (nr. 3/1975).
2) Frumvarp til laga um Launasjóð rithöfunda. — Efni frumvarpsins var að breyta um form á stuðningi við rithöfunda og auka hann. — Afgreitt sem lög (nr. 29/1975).
3) Frumvarp til laga um Leiklistarskóla Íslands. — Efni frumvarpsins var að koma fastari skipan á skólahald fyrir leiklistarnema. — Afgreitt sem lög (nr. 37/1975).
4) Frumvarp til laga um breyting á þjóðminjalögum nr. 52/1969. — Efni frumvarpsins var að stofna húsafriðunarsjóð og ákveða honum tekjur og verksvið. — Afgreitt sem lög (nr. 42/1975.

5) Frumvarp til laga um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands. — Afgreitt sem lög (nr. 26/1975).
6) Frumvarp til laga um hússtjórnarskóla. — Efni frumvarpsins var m. a. að afla heimildar til að ríkissjóður tæki við eignum og rekstri húsmæðraskólanna. — Afgreitt sem lög (nr. 53/1975).
7) Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu. — Efni frumvarpsins var skipulag og fjárhagslegur stuðningur við fullorðinsfræðslu. — Ekki útrætt.
8) Frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. — Frumvarpið fjallaði um skipulag og greiðslu kostnaðar við viðskiptamenntun, þ. á m. voru ákvæði um Verslunarskólann og Samvinnuskólann. — Ekki útrætt.
9) Frumvarp til laga um Námsgagnastofnun. — Frumvarpið fól í sér nýtt skipulag á Ríkisútgáfu námsbóka og sameiningu hennar og Fræðslumyndasafns. — Ekki útrætt.
10) Frumvarp til laga um Þjóðleikhús. — Frumvarpið fól í sér ýmsar breytingar á gildandi lögum um Þjóðleikhús, m. a. um tímabundna skipan þjóðleikhúsráðs og ráðning þjóðleikhússtjóra til ákveðins árafjölda. — Ekki útrætt.
11) Frumvarp til laga um almenningsbókasöfn. — Frumvarpið fól í sér að sveitarfélög tækju meiri þátt í rekstri almenningsbókasafna en áður. — Ekki útrætt.
12) Frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. — Frumvarpið fól í sér aukinn fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og m. a. ákvæði um lífeyrissjóðsréttindi til handa tónlistarkennurum.—Afgreitt sem lög (nr. 22/1975).
13) Frumvarp til laga um breyting á útvarpslögum nr. 19/1971. — Frumvarpið fjallaði um breytta skipan útvarpsráðs. — Afgreitt sem lög (nr. 8/1975).
14) Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 6/1971, um Hótel- og veitingaskóla Íslands. — Frumvarpið fjallaði um breytta skipan skólanefndar. — Afgreitt sem lög (nr. 109/1974).

1975—76 (97. löggjafarþing).

15) Frumvarp til laga um sálfræðinga. — Frumvarpið fól í sér ákvæði um að leyfi menntamálaráðuneytisins þurfi til þess að nota starfsheitið sálfræðingur og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að öðlast slíkt leyfi. — Afgreitt sem lög (nr. 40/1976).
16) Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. — Frumvarpið fjallaði m. a. um kosningu háskólarektors, stofnun félagsvísindadeildar og breytingu á prófdómendatilhögun. — Afgreitt sem lög (nr. 45/1976).
17) Frumvarp til laga um almenningsbókasöfn. — Afgreitt sem lög (nr. 50/1976).
18) Frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. — Afgreitt sem lög (nr. 51/1976).
19) Frumvarp til laga um námslán og námsstyrki. Frumvarpið fól í sér endurskipulagningu námslána- og námsstyrkjakerfisins. — Afgreitt sem lög (nr. 57/1976).
20) Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu. — Ekki útrætt.
21) Frumvarp til laga um Þjóðleikhús. — Ekki útrætt.
22) Frumvarp til leiklistarlaga. Frumvarpið fól m. a. í sér ákvæði um leiklistarráð. — Ekki útrætt.
23) Frumvarp til laga um dagvistunarheimili. — Ekki útrætt.
24) Frumvarp til laga um Námsgagnastofnun. — Ekki útrætt.
25) Frumvarp til laga um skylduskil til safna. — Ekki útrætt.
26) Frumvarp til laga um íslenska stafsetningu. — Frumvarpið felur í sér hvernig skuli unnið að setningu stafsetningarregla. — Ekki útrætt.
27) Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla. — Frumvarpið fól m. a. í sér ákvæði um gerð námsskrár

iðnbrauta og að um atvinnuréttindi iðnnema frá fjölbrautaskóla gildi sömu ákvæði og um aðra iðnnema. — Ekki útrætt.

28) Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki, sbr. lög nr. 39/1972, um breyting á þeim lögum. — Frumvarpið fól í sér bráðabirgðaákvæði um afgreiðslu lána á vormisseri 1976. — Afgreitt sem lög (nr. 7/1976).

29) Frumvarp til laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn. — Afgreitt sem lög (nr. 112/1976).

30) Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla. — Afgreitt sem lög (nr. 21/1977).

### 1976—77 (98. löggjafarþing).

31) Frumvarp til laga um skylduskil til safna. — Afgreitt sem lög (nr. 43/1977).

32) Frumvarp til laga um Skálholtsskóla. — Frumvarpið fól m. a. í sér lögfestingu á lýðháskólastarfsemi sem fram hafði farið í Skálholti með ríkisstyrk og ákvæði um greiðslur til skólans af ríkisfé. — Afgreitt sem lög (nr. 31/1977).

33) Frumvarp til laga um Þjóðleikhús. — Ekki útrætt.

34) Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu. — Ekki útrætt.

35) Frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands. — Frumvarpið fól m. a. í sér að öll kennsla í uppeldisfræðum skyldi fara fram í Kennaraháskólanum. — Ekki útrætt.

36) Frumvarp til laga um Námsgagnastofnun. — Ekki útrætt.

37) Frumvarp til laga um framhaldsskóla. — Frumvarpið felur í sér hugmyndir um heildarskipan mála á framhaldsskólastigi. — Ekki útrætt.

### 1977—78 (99. löggjafarþing).

38) Frumvarp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands. — Frumvarpið felur m. a. í sér ákvæði um fjárframlög til hljómsveitarinnar og hámarksstærð hennar. — Ekki útrætt.

39) Frumvarp til laga um tannsmiði. — Frumvarpið felur í sér ákvæði um menntun tannsmiða. — Ekki útrætt.

40) Frumvarp til laga um Myndlista- og handíðaskóla Íslands. — Frumvarpið felur m. a. í sér að skólinn annist framhaldsmenntun á myndlistasviði til viðbótar þeirri grunnmenntun sem hann hefur veitt. — Ekki útrætt.

41) Frumvarp til laga um Þjóðleikhús. — Afgreitt sem lög.

42) Frumvarp til laga um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð. — Frumvarpið felur í sér stofnun kvikmyndasafns og myndun sjóðs til stuðnings kvikmyndagerð. — Afgreitt sem lög.

43) Frumvarp til laga um embættisgengi kennara og skólastjóra. — Frumvarpið felur í sér ákvæði um hvaða skilyrðum þarf að fullnægja til skipunar í kennara- og skólastjórastöður, svo og ákvæði um möguleika þeirra til réttindaöflunar, er stundað hafa kennslu um hríð, en skortir á um full kennsluréttindi. — Afgreitt sem lög.

44) Frumvarp til laga um framhaldsskóla. — Frumvarpið felur í sér ýmsar breytingar frá fyrri gerð. Lagt fram til kynningar. — Ekki útrætt.

45) Frumvarp til laga um breyt. á lögum nr. 13 31. mars 1962 um heyrnleysingjaskóla. — Frumvarpið felur í sér stofnun framhaldsdeildar við skólann til þess að veita heyrnleysingjum undirbúning og aðstoð við að afla sér frekari menntunar og þjálfunar. — Afgreitt sem lög.

46) Frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun. — Frumvarpinu er ætlað að koma í stað gildandi laga nr. 33/1966 um þetta efni. Frumvarpið gerir m. a. ráð fyrir breyttri skipan fuglafriðunarnefndar. — Ekki útrætt.